# Gjörðabók bæjarstjórnar 1908-1912

Aðfnr. 4624 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók bæjarstjórnar

1908 - 1912

.077.5:025.26 - .075.1

Aðfnr. 4624 A
4624 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
4624A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bók þessi inniheldur fundargjörðir bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 15. júlí 1908 - 25. nóvember 1912.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bók þessi, sem er 400 - fjögur hundruð tölusettar blaðsíður og gegnumdregin og innsigluð með innsigli stjórnarráðsins, löggildist hér með til að vera:

Gjörðabók

bæjarstjórnar Reykjavíkur

Í stjórnarráði Íslands 15. júlí 1908.

F. h. r.

e. u.

Jón Hermannsson.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 16. júlí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 4. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

2. Niðurjöfnunarnefnd sendi svör upp á fyrirspurnir bæjarstjórnar út af ýmsum útsvarskvörtunum. Bæjarstjórnin samþykkti:
að taka ekki til greina kvörtun Odds Bjarnasonar frá Brautarholti, og heldur ekki Þórðar Gíslasonar Njálsgötu 34.
að færa útsvar verzlunar C. Lárussonar & Co. niður í 20 kr.
að lækka útsvar Kjartans Ólafssonar rakara fyrir 1907 um helming, verði 8 kr. og fella burtu útsvar Ólafs Jónssonar, Laugavegi 24 B, fyrir árið 1907.

3. Ákveðið að leita umsagnar niðurjöfnunarnefndar um úsvars niðurfærzlubeiðnir Þorkels Halldórssonar, Njálsgötu 30, Guðjóns Rögnvaldssonar, Hverfisgötu 25 og Árna Helgasonar Bergstaðastræti 22.

4. Gísli Einarsson tilkynnir að hann ætli að selja Gunnari Einarssyni erfðafestuland sitt (Andersenstún) fyrir 21000 kr. Bæjarstjórn ákvað að nota ekki forkaupsrétt sinn.

5. Erindi frá Páli Bergssyni um 50 - 100 dagsláttur lands til ræktunar í Fossvogi vildi bæjarstjórnin ekki taka til greina.

6. Beiðni frá Guðmundi Helgasyni um að breyta í byggingarlóð spildu úr erfðafestulandi við Laufásveg var vísað til byggingarnefndar.

7. Eftir umsókn frá formanni skógræktarfélags Reykjavíkur veitti bæjarstjórn nefndu félagi 200 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár eins og að undanförnu.

8. Eftir tillögum Elliðaárnefndar hafnaði bæjarstjórn tilboði eigenda Gufuness um leigu í sumar á laxveiðirétti fyrir landi jarðarinnar fyrir 300 kr., en samþykkt var að borga 50 kr. fyrir afnot laxveiði fyrir landi Knútskots sumarið 1908. Nefndinni var falið að taka til íhugunar, að hve miklu leyti mundi nauðsynlegt framvegis, að leigja laxveiði fyrir ströndum jarða þeirra er næstar liggja Elliðaánum.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| a. Íshús Th. Jensens við Tjarnargötu, samkvæmt tillögum eftirlitsmanna bæjarstjórnarinnar | 40558.kr. |
| b. Húseign Sigurjóns Ólafssonar, Hverfisgötu | 8000.- |
| c. - Jóns Eyjólfssonar (skúr) Laugavegi 19 | 264/? |
| d. - Jóns Sveinssonar, Laugavegi 61 | 11435.- |

10. Samþykkt að borga fyrir ræsting herbergis í barnaskólanum vegna bólusetningar árin 1898 - 1906 incl. 40 kr.

Allir á fundi nema Klemens Jónsson, Lárus Bjarnason og Guðrún Björnsdóttir, Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Magnús Blöndahl. Þ. Jónassen. Jón Jensson. Kristín Magnússon. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Jónsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson. Þ. J. Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 6. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

Hinn nýkjörni borgarstjóri Páll Einarsson stýrði fundinum í bæjarstjórninnií fysta sinn og kvaddi bæjarstjórn með nokkrum orðum.

1. Sigurður Guðmundsson Selalæk býður bæjarstjórn forkaupsrétt á Frostastaðabletti (erfðafestuland) fyrir kr. 37.250.- - málinu var vísað til veganefndar.

2. Frú Sophia Thorsteinsson býður forkaupsrétt á erfðafestulandinu Norðurgarði fyrir 1800 kr. Bæjarstjórn vildi ekki nota forkaupsrétt. Og erindi frá Jóni Þórarinssyni skólastjóra um að breyta erfðafestulandinu Norðurgarði , er hann ætlar að kaupa fyrir 1800 kr. í byggingarlóð samþykkti bæjarstjórnin með þeim venjulegu skilyrðum, að 1/5 hluti kaupverðsins borgist í bæjarsjóð og bærinn haldi rétti sínum óskertum til ókeypis vegarstæðis, þar sem þurfa kann að leggja veg yfir erfðafestuland þetta.

3. Erindi frá Páli Bergssyni um land til ræktunar var vísað til veganefndar.

4. Eftir ósk prófessors Þórhalls Bjarnasonar samþykkti bæjarstjórn að breyta 210 ferálnum af erfðafestulandi hans í byggingarlóð, og sem hann ætlar að selja séra Guðm. Helgasyni fyrir 1. kr. feralin, með þeim venjulegu skilyrðum, að 1/5 kaupverðs greiðist í bæjarsjóð og bærinn haldi rétti sínum til ókeypis vegarstæðis yfir hið selda land óskertum.

5. Erindi frá Vilhjálmi Bjarnasyni um að veita sér til erfðafestu 3 - 4 dagsláttur land var vísað til veganefndar.

6. Erindi frá sama um að breyta í byggingarlóð 150 ferálnum af erfðafestulandi hans var vísað til byggingarnefndar.

7. Byggingarnefndargjörðir frá 21. júlí voru lesnar upp og samþykktar, með þeirri breytingu við 2. lið, að bæjarstjórnin leyfði einnig sem lóðareigandi næstu lóðar fyrir sitt leyti undanþáguna úr því að kvöð um byggingu eldvarnargarðs, er krafist verður, skal þinglýsast og hvíla á lóðinni - og með þeirri breytingu að frestað var að samþykkja 9. lið, en vísar málinu aftur til byggingarnefndar til útvegunar teikninga af svæði þessu og upplýsinga um hve mikið af lóð þessari þurfi að taka til væntanlegrar breikkunar Lindargötu og Frakkastígs.

8. Byggingarnefndargerðir frá 3. ágúst lesnar upp og samþykktar.

9. Tilkynnt 2 bréf stjórnarráðssins dags. 22. f.m., þar sem stjórnarráðið staðfestir mat byggingarnefndar og bæjarstjórnar á lóðarræmum, er taka þurfti til vega af Landakotstúni og lóð Árna Árnasonar á Bakkastíg.

10. Samþykkt að ávísa reikning Þorsteins Sveinssonar kr. 772.oo fyrir 1544 ferálna lóð, er taka þarf til Mýrargötu.

11. Til umræðu var vatnsveitumálið, sérstaklega gröftur fyrir pípur um götur bæjarins. Verkið hafði verið boðið út í 4 köflum. Tilboð þau, er fram höfðu komið voru lögð fram, og réði vatnsveitunefndin til, að taka ekki neinu þeirra, með því að ekkert þeirra virtist henni hæfilegt að öllu leyti. Hún réði því til, að bærinn tæki sjálfur að sér verkið og léti vinna það í daglaunum fyrir eigin reikning.
Málinu frestað til næsta miðvikudags,12. þ.m.

12. Undirskrifað 100.000 kr. skuldabréf af vatnsveituláninu.

13. Kosnir í yfirkjörstjórn við alþingiskosningar:
Sighvatur Bjarnason, bæjarfulltrúiog Eggert Briem, skrifstofustj.
og til vara:
Klemens Jónsson, bæjarfulltrúi, Jón Hermannson, skrifstofustjóri.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Kosnir í kjörstjórn við kosning niðurjöfnunarnefndar:
Halldór Jónsson, bæjarfulltrúi,
Knud Zimsen, bæjarfulltrúi.

15. Samkvæmt kröfu frá Gísla Einarssyni fyrr í Sauðagerði, nú bóndi á Nesi í Selvogi var samþykkt að endurborga honum úr bæjarsjóði hálft aukaútsvar hans 1908, 25 kr., með því að hann flutti burt héðan í fardögum 1908, en hafði áður greitt í bæjarsjóð allt aukaútsvar sitt fyrir 1908 með 50 kr.

16. Erindi frá Ámundi Árnasyni kaupmanni um að meiga halda slátrunarleyfi sínu þ.á. var vísað til heilbrigðisnefndar.

17. Erindi frá Bergi Einarssyni sútara, um leigu á lóðarblett i umhverfis Móakotslind var vísað til veganefndar.

18. Erindi um skemmtigarð við Tjörnina frá Kn. Zimsen og Tr. Kjarboe ásamt uppdráttum.
Kosin í nefnd til að íhuga það mál:
Þórunn Jónassen - Kn. Zimsen. - Halldór Jónsson.

19. Tilkynnt að upphæð sú, sem úthlutað verður úr alþýðustyrktarsjóði bæjarins 1908 nemi 370 krónum.

20. Brunabótavirðing samþykkt:
Kennaraskólinn við Laufásveg - 25968.00.

21. Erindi frá Ungmennafélagi Reykjavíkur um skíðabraut í Øskjuhlíð var vísað til veganefndar.

22. Erindi frá Guðmundi Egilssyni um lenging eignarréttar á óbyggðri nýútmældrár lóðar var vísað til byggingarnefndar.

23. Vakið var athyggli á, að eftirlit þyrfti að hafa með accetylinljósum hér í bænum.
Málinu var vísað til borgarstjóra.

24. Ákveðið var að skrifstofa borgarstjóra skyldi vera opin fyrst um sinn frá 10 - 3 og bæjargjaldkeraskrifstofan frá 11 - 3 og 5 - 7.

25. Kosnir í nefnd til að undirbúa breytingu á samþykkt um bæjarmálefni kaupstaðarins, ásamt borgarstjóranum:
Kristján Jónsson,
Jón Jensson,
Lárus Bjarnason,
Sighvatur Bjarnason.

Allir á fundi nema Klemens Jónsson, Magnús Blöndahl, Katrín Magnússon, Guðrún Björnsdóttir og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson. Lárus Bjarnason. Þ. Thoroddsen. Sighvatur Bjarnason. Þórunn Jónassen. Kristján Jónsson. K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, miðvikudaginn 12. ágúst, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Vatnsveitumálið. Gröftur um bæinn var til umræðu.

Tillaga um að fresta málinu í þeim tilgangi að láta skólppípnalangnungu verða samferða vatnspípulagningunni var felld með 6:2. Bæjarfulltrúi L.H.Bjarnason L.H.Bjarnason vill láta þess sérstaklega getið, að hann hafi greitt atkvæði með frestun málsins.

Tillaga vatnsveitunefndar um, að henni verði falið, að fá verkið að greftri fyrir vatnspípum innanbæjar unnið fyrir reikning bæjarsjóðs - var samþykkt með þeirri viðbót, að bæjarstjórn gengur út frá því sem sjálfsögðu, að vatnsveitunefndin láti vinna þá kafla í akkorðum, sem hæfilegt tilboð fæst í.

Tillögur L.H.B. um að taka tilboðum þessum:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jóns Eir. Jónasar Jóns | í I. kafla - | - 2080 | | |
| Sig. Jóns og Pj. Jóns | -III. - | - - | 6000 | |
| Tóm. Tómass. | - IV. - | - | 13800 | |
| Do. | - II. - | - | 30800 | - 52680 |
| eða: | | | | |
| Jóns Eir. elc. .- | - I. - | - | 2080 | |
| Sig. Jóns. - | -III. - | - | 6000 | |
| Tóm. Tómass. | - IV - | - | 13000 | |
| Bærinn láti vinna | II. - | - | 30000 | 51080 |

komu því ekki til atkvæða.

2. Formaður bæjarstjórnar skýrði frá, að vatnsveitunefnd hefði ákveðið að bjóða út pípur, krana o.fl. til innlagningar í hús, og ákveðið að byggja(hús) skúr á stakkstæðinu í Hafnarstr. til geymslu á pípum, krönum o.fl. tilheyrandi vatnsveitunni.

3. Samþykkt var að kjósa 3 kjördeildir til þingmannakosningar 10. n.m.

Kosnir í 1. deild:
Kn. Zimsen
Eggert Claesen
Sigurður Briem.

Kosnir í 2. deild:
Þórður Thoroddsen
Hannes Thorsteinsson
Morten Hansen.

Kosnir í 3. deild:
Kristján Þorgrímsson
Ásgeir Sigurðsson
Oddur Gíslason.

4. Erindi frá Einari Ólafssyni um slægjur í Bakaragröfunum var vísað til veganefndar til úrslita.

5. Samþykkt að ávísa af óvissu fé 320 kr. til veizluhalds fyrir officera og kadetta á æfingarskipinu "Islands Falk" og "Heimdahl" með 6 samhl. atkv.

Allir á fundi nema Kl. Jónsson, Katrín Magnússon, Magnús Blöndahl, Guðrún Björnsdóttir, Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Sveinn Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Þ.Thoroddsen. L.H.Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason. Þ. Jónassen. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 20. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Var þetta fyrir tekið:

1. Ámunda kaupmanni Árnasyni synjað um að mega halda áfram slátrunarleyfi sínu (sbr. fund 6. þ.m. tölul. 16), með því að slíkt leyfi kæmi nú í bága við 38. gr. heilbrigðissamþykktarinnar.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 15. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar að því er tölulið 2 - 7 og 9 - 19 incl. snertir í einu hljóði, en tölul. 8, um kaup á lóð og húseign Árna Árnasonar og Ólafs Björnssonar með 5 atkv. gegn 3. Tölul. 20 um að framlengja notkunarfrest á lóð Guðmundar Egilssonar var einnig samþykktur með samhljóða atkvæðum. Erindi Steindórs Guðmundssonar tölul. 1 var vísað til byggingarnefndar á ný til frekari athugunar.

3. Beiðni Guðmundar Egilssonar um að mega breyta 400 al. úr erfðafestulandi við Grettisgötu í byggingarlóð - vísað til byggingarnefndar til álita.

4. Bæjarstjórn afsalar sér forkaupsrétt að svokallaðri Frostastaðaeign hér í bænum (sbr. fund 6. þ.m. tölul. 1).

5. Ungmennafélagi Reykjavíkur leyft að gjöra skíðabraut í Öskjuhlíð norðanverðri að norðanverðu við Hafnarfjarðarveginn og breyta jarðveginum þar svo, að hann verði hæfilegur til skíðaferða samkvæmt uppdrætti frá skíðafélaginu er beiðni þessari fylgir.

6. Samþykkt að leigja Bergi sútara Einarssyni lóðarblett þann, sem liggur umhverfis Móakotsland í Skuggahverfi, með þeim skilyrðum að hann gjaldi í leigu 40 kr. á ári eftir lóðina frá því er hann tekur lóðina á leigu og um óákveðinn tíma, en skyldur skal hann að rýma burt af lóðinni þegar bæjarstjórnin krefst þess, þó með 1/2 árs uppsagnarfresti.

7. Birni Símonarsyni leyft að endurbæta og lengja gangstétt fyrir framan húseignina í Vallarstræti nr. 4.

8. Erindi frá J. W. Heilmann um að gjört verði við í svokallaðri Norðurmýri - vísað til veganefndar.

9. Erindi frá Thor Jensen um makaskipti á lóðarspildu meðfram Tjörninni vísað til byggingarnefndar til umsagnar.

10. Ályktað að óheimillt væri með öllu að nota accetylinlampa lausa (sbr. fund 6. þ.m. tölul. 23) með því að slík notkun kemur í bága við reglugjörð 30. des. 1903 um útbúning og notkun accetylingerðarstöðva, en jafnframt var brunamálanefnd falið að athuga hvort unnt væri eður æskilegt að fá breytingu á reglugjörð þessari.

11. Erindi frá Jóhannesi Kr. Jóhannessyni um leyfi til að mega nota gaslýsingu (accetylingas)í hús sitt nr. 17 við Laugaveg vísað til brunamálanefndar.

12. Felldar burtu 9 kr. af aukaútsvari Sigurðar Kristjánssonar bæjarfógetaskrifara í Hafnarfirði fyrir árið 1908.

13. Samþykkt að endurgreiða Rósu Einarsdóttur á Akureyri helming af greiddu aukaútsvari hennar fyrir árið 1908 ef vissa er fyrir því, að hún eigi flytji aftur til Reykjavíkur á þessu ári.

14. Aukaútsvar Þorsteins sál. Jóhannessonar trésmiðs, 16 kr. fellt burtu. Gjaldið er fyrir 1908.

15. Erindi Ólafs Árnasonar(um aukaútsvar) Laugavegi 51 um eftirgjöf á aukaútsvari vísað til niðurjöfnunarnefndar til álita.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Erindi Eiríks Bjarnasonar um húsaleigustyrk handa Lúðrafélaginu vísað til fjárhagsnefndar til álita.

17. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Húseign Gunnars kaupm. Þorbjarnarsonar í Veltusundi | 49283.oo |
| 2. | - Sláturfél. Suðurlands á Frostastaðalóð (viðbót) | 27903.oo |
| 3. | Skúr Gísla Eyjólfssonar, Vitastíg nr. 15 | 925.oo |

18. Erindi bæjargjaldkerans um að fá telefón á kostnað bæjarsjóðs vísað til fjárhagsnefndar til álita.

19. Út af erindi bæjargjaldkera viðvíkjandi greiðslu á bæjargjaldi Ólafs kaupmanns Árnasonar (aukaútsvari og lóðargjaldi) var borgarstjóra falið að leggja fyrir bæjargjaldkera að framfylgja innheimtu á gjaldi þessu á venjulegan hátt.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sighvatur Bjarnason. Þ.J.Thoroddsen. Kristján Jónsson. Magnús Blöndahl. Sveinn Jónsson. K. Zimsen. Katrín Magnússon. Þórunn Jónassen. Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 3. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 31. f.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót, að bæjarstjórn áskilur sér rétt sinn óskertan til ókeypis vegarstæðis yfir lóðir þær, er Vilhjálmur Bjarnason og Guðmundur Egilsson fengu breytt úr erfðafestulöndum í byggingarlóðir.

2. Fjárhagsnefndin tilkynnir, að bæjargjaldkerinn hafi sett veð fyrir starfi sínu, er nefndin hefði tekið gilt, samtals 4668 kr. Sama nefnd mælti með að bæjargjaldkerinn fengi talsíma á skrifstofu sína, en bæjarstjórnin felldi það með 6 atkv. gegn 3. Sama nefnd lagði til að húsaleigustyrkur til Lúðrafélagsins yrði aukinn úr 5 kr. upp í 10 kr. á mánuði frá 1. apríl að reikna til ársloka þ.á. Bæjarstjórnin samþykkti þá tillögu með 7 atkv. gegn 3. Sama nefnd lagði loks til að bæjarstjórninni væri falið að hafa á hendi fjárhald vatnsveitunnar, sem bæjarfulltrúi Kn. Zimsen hefur haft um tíma. Bæjarstjórn samþykkti það.

3. Erindi frá Sesselju Ólafsdóttur um sömu laun sem aðrar ljósmæður frá 1. október næstkomandi. Málinu frestað til að upplýsa um álit landlæknis og héraðslæknis um nauðsyn fjölgunar yfirsetukvenna í bænum.

4. Aukaútsvar Steindórs Jónssonar snikkara fyrir yfirstandandi ár fellt burtu sakir sjúkleika hans.

5/ Sturla Jónsson kaupmaður býður bænum forkaupsrétt á erfðafestulandi tilheyrandi Sauðagerðiseigninni, er hann hefur keypt af Gísla Einarssyni fyrir 5000 kr. Það er um 4 vallardagsláttur. Málinu var vísað til veganefndar til umsagnar.

Allir á fundi nema Sighvatur Bjarnason, Klemens Jónsson, Lárus Bjarnason, Guðrún Björnsdóttir og Kristján Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson.
K. Zimsen. Magnús Blöndahl. Þ.J.Thoroddsen. Sveinn Jónsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Þ.Jónassen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 17. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 12. þ.m. lesnar upp og samþykktar. Bæjarstjórnin samþykkti sérstaklega að mæla með því, að Steingr. Guðmundsson snikkari fái undanþágu frá ákvæðum byggingarnefndar að því er snertir vegghæð nýs húss, (Kvennaskólahúss), er hann byggir fyrir sunnan Fríkirkjuna. Einnig samþykkti bæjarstjórn sérstaklega, að heimila Þórhalli prófessor Bjarnasyni, að breyta í byggingarlóð og selja séra Guðmundi Helgasyni 73 1/4 ferálnir af erfðafestulandi sínu gegn því að 1/5 hluti kaupverðsins borgist í bæjarsjóð og bærinn haldi rétti sínum óskertum til ókeypis vegarstæðis af landi þessu, ef til kynni að koma.

2. Eftir tillögum veganefndar lýsti bæjarstjórn yfir, að hún vildi ekki nota forkaupsrétt sinn til að kaupa erfðafestuland Sauðagerðis, er Gísli Einarsson selur Sturlu Jónssyni kaupmanni fyrir 5000 kr.

3. Veganefnd skýrði frá, að formaður hennar hefði útvegað tilboð Akureyrarkaupstaðar (bæjarstjórn) um að leigja bænum botnhreinsunarvél (Moddermaskine) er Akureyrarkaupstaður á, til þess að hreinsa botn Tjarnarinnar hér í bænum. Akureyrarkaupstaður vill leigja vél þessa með öllu tilheyrandi fyrir 1600 kr. (með öllu tilheyrandi) í 6 mánuði, frá 1. apríl til 1. október.
Málinu frestað til næsta fundar og verkfræðingi bæjarins falið að gjöra tillögur um, á hvern hátt hentugast væri að hreinsa Tjörnina.

4. Veganefnd tilkynnti einnig, að bæjarverkfræðing væri falið, að gera hallamæling og áætlanir um hækkun á Bergstaðastræti og Laufásvegi.

5. Brunamálanefnd hefur samþykkt að skipa Kn. Zimsen verkfræðing sem eftirlitsmann með accetylingasstöðvum í bænum, og sama nefnd leggur til, að Jóh. Kr. Jóhannessyni verði leyft, að hafa (accetylinlýsingu) accetylingaslýsingu í húsinu nr. 17 við Laugaveg með því skilyrði að hann fullnægi þeim ákvörðunum um það, er settar eru í reglugjörð 30. des. 1903, og hlýði í því efni fyrirmælum eftirlitsmanns.
Bæjarstjórnin samþykkti þetta.

6. Eftir tillögum sömu nefndar var Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður skipaður vara sveitarhöfðingi við slökkviliðið í stað Rostgaards, sem farinn er af landi burt, og Kjær verkfræðingur skipaður sveitarhöfðingi yfir vatnsburðarliðinu.

7. Rafurnagnsnefndin hafði fengið beiðni frá mönnum þeim, sem hafa gert samning við bæjarstjórn um rafurmagns- og gasstöð í bænum þess efnis, að fá ýmsar breytingar á samningnum; sömu nefnd hafði og borizt tilboð frá firma Carls Francke í Bremen um gasstöð. Skjöl þessu viðvíkjandi voru lögð fyrir bæjarstjórnina. Málið var nokkuð rætt og síðan frestað.
Í nefndina var bætt borgarstjóranum og Kristjáni Jónssyni.

8. Beiðni Sesselju Ólafsdóttur yfirsetukonu um framhaldsstyrk var frestað þar til álit héraðslæknis fengist.

9. Beiðni Páls Halldórssonar um erfðafestuland var vísað til veganefndar.

10. Beiðni Karitas Ólafsdóttur um breyting erfðafestulands í byggingarlóð var vísað til byggingarnefndar.

11. Erindi Samúels Ólafssonar um kaup á lóðarræmu undir breikkun Laugavegs var vísað til sömu nefndar.

12. Eftir tillögum brunamálastjórans voru Hjörtur Hjartarson og Sigvaldi Bjarnason snikkarar skipaðir reglulegir virðingamenn



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til brunabóta fyrir árið 1. október 1908 til 1. okt. 1909.

13. Jóhannes Lárusson, Guðjón Gamalíelsson og Guðmundur Jakobsson afsala sér grjótlandi áður leyfðu í Øskjuhlíð.

14. Beiðni Sæmundar Guðmundssonar um lækkun aukaútsvars hans 1908 var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

15. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Þorv. Krabbe við Tjarnargötu | 15056.kr. |
| b. | - Vilhj. Bjarnasonar við Rauðará | 21482.- |
| c. | - Péturs Þórðarsonar Klapparstíg | 4770.- |
| d. | - Diechmanns við Lindargötu | 1833.- |
| e. | - Jónatans Þorsteinssonar, Laugavegi | 57774.- |
| f. | - Ingvars Sveinssonar Grettisgötu | 5915.- |
| g. | - (skúr) Ólafs Jónssonar, Lindargötu | 360.- |

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Magnús Blöndahl. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Sveinn Jónsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson. Jónasen, Þórunn. Guðrún Björnsdóttir. Sighvatur Bjarnason. Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 1. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 30. f.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeim athugasemdum:
að bærinn á lóð þá, er Jón Felixson byggir bráðabirgðaskúr á, (3. liður).
að 12. liður var ekki samþykktur, en vísað til nefndarinnar aftur til nákvæmari íhugunar - og með þeirri breytingu, að í stað 17. töluliðs var þessi breytingartillaga samþykkt:
Bæjarstjórn samþykkir að heimila eigendum Félagstúns, að selja franska konsúlnum sem fulltrúa spítalafélags í Dunkerque 12000 ferálnir af nefndu erfðafestulandi til byggingar niður við væntanlegan veg meðfram sjónum og þannig að ekki komi í bága við þvergötu frá Laugavegi niður túnið og með þeim venjulegu skilyrðum, að 1/5 hluti kaupverðsins, sem er ákveðið 10000 frankar, renni í bæjarsjóð. Jafnframt er byggingarnefnd falið að koma sér saman við seljendur og kaupanda um, hvar lóð þessi skuli nákvæmar ákveðin.

2. Veganefnd upplýsti, að ekki mundi tiltök að sinna nú tilboði(Akureyrar) bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar um leigu á botnhreinsunarvélinni, sakir erfiðleika á flutningi hennar hingað..

3. Eftir bendingum niðurjöfnunarnefndar samþykkti bæjarstjórn:
a. að lækka útsvar Þorkels Halldórssonar, Njálsgötu 20 úr 10 kr. niður í 4 kr. (1908).
b. að lækka útsvar Árna Helgasonar, Bergstaðastræti 22 (á skránni Njálsgötu 47) úr 10 kr. niður í 6 kr.
c. að lækka útsvar Guðjóns Rögnvaldssonar Hverfisgötu 25, (á skránni á Frakkastíg) 1907 og 1908 úr 16 kr. niður í 8 kr. hvort árið.
d. að lækka útsvar Ólafs Árnasonar, Laugavegi 51, (í skránni talinn frá Skálholtskoti, Vatnsstíg) úr 8 kr. niður í 4 kr. (1908).
e. að lækka útsvar Sæmundar Guðmundssonar, Þingholtsstræti úr 18 kr. niður í 10 kr.
f. að lækka útsvar sr. Magnúsar Helgasonar skólastjóra úr 60 kr. niður í 30 kr. (1908), með því hann flutti ekki hingað alfarið fyrri en í lok septembermánaðar.

4. Fellt var burtu aukaútsvar Magnúsar Jónssonar, skipstjóra (1908), er drukknaði af skipinu Keflavík í sumar.

5. Samþykkt að veita Sesselju Ólafsdóttur yfirsetukonu 100 kr. styrk, eins og að undanförnu, frá 1. okt. þ.á. til 30. sept. 1909.

6. Árni Jónsson, bóhaldari í Völundi, var kosinn fátækrafulltrúi í stað Gísla Jónssonar kaupmanns, er flytur burt úr bænum.

7. Beiðni frá Hjálpræðishernum um erfðafestuland í Vatnsmýrinni var vísað til veganefndar.

8. Beiðni Jóns Guðmundssonar Laugalandi um aukning á erfðafestulandi var vísað til sömu nefndar.

9. Dregið út nr. 15 af skuldabréfum Laugarneslánsins.

10. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| a. Húseign séra Jóns Helgasonar, Tjarnargötu | 16225.kr. |
| b. - Lúðvíks Hafliðasonar, Vesturgötu 11 | 5083.- |
| c. - Guðmundar Egilssonar Laugavegi 42 | 4535.- |
| d. - Bjarna Matthíassonar, Garðastræti | 6526.- |
| e. - Guðmundar Ingimundarsonar, Bergstaðastræti | 12376.- |
| f. - Pals O. Lárussonar, Skólavörðustíg | 3587.- |
| g. - Steindórs Ólafssonar , Grettisgötu 56 | 7329.- |
| h. - Sigurjóns Ólafssonar, Hverfisgötu | 11567.- |
| i. - Jóhann Hafliðason, Njálsgötu 13 | 4721.- |
| j. - Thor Jensen, Fríkirkjuvegi | 94486.- |
| k. Mótor í húsi Diechmanns við Lindargötu | 10000.- |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason og Magnús Blöndahl.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Sighvatur Bjarnason.
Sveinn Jónsson. Kl. Jónsson. Guðrún Björnsdóttir. Kristján
Jónsson. Þ. Jónassen. Þ. J. Thoroddsen. K. Zimsen.
Kristján Þorgrímsson. Katrín Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 15. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 9. þ.m. lesnar upp og samþykktar með þeirri nákvæmari ákvörðun um, að bæjarstjórn samþykki fyrir sitt leyti að mæla með undanþágu frá ákvörðunum byggingarsamþykktar fyr skólabygging á Landakotstúni og að til að nota forkaupsrétt að 500 ferálnum af erfðafestulandinu Nýjabæjarblettur, þarf að sjálfsögðu eigi að greiða nema 4/5 kaupverðsins.

2. Veganefnd ræður frá því að útmæla Hjálpræðishernum land til ræktunar sunnan við Tjörnina, eins og stjórn hans hefur farið fram á í bréfi dags. 16. f.m. samþykkt að fresta ákvörðun um málið unz ákvörðun verður tekin um samskonar beiðnir.

3. Samþykkt var sú framkvæmd borgarstjóra, er veganefnd mælti með, að upplýsa svæðið í kring um barnaskólann með 2 luxljósum og verja til þess 400 kr. úr bæjarsjóði.

4. Tilboði Jóns Jakobssonar bókavarðar, um ókeypis vegarstæði til framhalds Þingholtsstrætis var vísað til veganefndar.

5. Tilboði frá Axel Malm um, að setja Axcetylingasljós á götur bæjarins var vísað til gas- og rafurmagnsnefndarinnar.

6. Erindi frá Eiríki Bjarnasyni um að fá heimild til að breyta í byggingarlóð og selja 1000 ferálnir af erfðafestulandi hans, Skothúsbletti, fyrir 1 kr. feralin. Málinu vísað til byggingarnefndar.

7. Beiðni frá Birni Jónssyni um að fá á leigu Þingholtsblett næsta ár, var synjað um samþykki að svo komnu.

8. Beiðni frá Benjamín Sveinssyni um, að fá leigða jörðina Stórasel næsta fardagaár var vísað til fjárhagsnefndar.

9. Beiðni frá Matth. Matthíassyni kaupmanni um að breyta í byggingarlóð og selja Guðna Símonarsyni lóðarræmu af erfðafestulandi hans fyrir 200 kr. var vísað til byggingarnefndar.

10. Erindi frá P.J.Thorsteinsen og Co. um að meiga setja upp bátabryggju í Kleppslandi var vísað til hafnarnefndar til úrslita.

11. Úthlutað styrk úr alþýðustyrktarsjóði samkvæmt tillögum fátækranefndar 37 styrksækendum, 36 kvenmönnum og 1 karlmanni, 10 krónum hvejum, sbr. skrá síðar í bókinni.

12. Beiðni frá Íþróttafélagi Reykjavíkur, Ungmennafélagi Reykjavíkur og Ungmennafélaginu Iðunn um notkun leikfimishúss barnaskólans var vísað til skólanefndar til álita.

13. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Þorv. Krabbe í Tjarnargötu | 17185.- |
| b. | - Skúla Thoroddsen í Vonarstræti | 42092.- |
| c. | - Sigurðar Jónssonar Laugavegi 77 | 2280.- |
| d. | - Landsjóðs (Kennaraskólinn) við Laufásveg | 34128.- |
| e. | - Halldórs Briems, Laufásvegi 6 | 11904.- |
| f. | - Guðm. Guðmundssonar, Laugavegi | 3792.- |
| g. | - Jónasar Guðmundssonar, Hverfisgötu | 7652.- |
| h. | - Jóns Sveinssonar, Laugavegi 61 | 23829.- |
| i. | - Jóns Þórðarsonar, Þingholtsstræti 8 A. | 4830.- |
| j. | - - - - 8 B. | 6395.- |
| k. | - Gísla Þorbjarnarsonar, Bergstaðastræti | 9585.- |

14. Undirskrifað skuldabréf fyrir 50.000 kr. fyrir vatnsveitu láni frá Livsforsikringsselskabet "Hafnia".



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Beiðni frá Eiríki Bjarnasyni frá Þúfu, Sigurjóni Sigurðssyni, Einari Björnssyni Ráðagerði um lækkun aukaútsvars 1908 var vísað til niðurjöfnunarnefndar til umsagnar.

16. Fellt burtu skólagjald Önnu Þorkelsdóttur síðastliðið skólaár, sakir sjúkdóms gat hún ekki notað skólakennsluna.

17. Fyrirspurn Lárusar bæjarfulltrúa Bjarnasonar um starfsmenn vatnsveitunnar svaraði borgarstjórinn, og sömuleiðis fyrirspurn frá sama um, hvort sú breyting sé komin á, að borgarstjóri sé orðinn formaður í fátækranefnd.

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl, og Sveinn Jónsson.
Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kl. Jónsson. Kristján Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Lárus Bjarnason. Jón Jensson. Þ. J. Thoroddsen. Þ. Jónassen. Guðrún Björnsdóttir. K. Zimsen. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason. Katrín Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S K R Á

YFIR MENN ER NUTU STYRKS ÚR ALÞÝÐUSTYRKTARSJÓÐI SAMKVÆMT 11. LIÐ Í FUNDARGJÖRÐ 15. OKT. 1908.

1. Halldóra Ólafsdóttir Miðdal, Bræðraborgarstíg.
2. Kristbjörg Jónsdóttir, Grjótagötu 10.
3. Jóhanna Jónsdóttir, Spítalastíg 4.
4. Herdís Magnúsdóttir, Njálsgötu 50.
5. Ragnheiður Björnsdóttir, Nýlendugötu 16.
6. Ólöf Halldórsdóttir, Hábæ eystri (Vegamót).
7. Kristjana L. Kristjánsdóttir, Bergstaðastræti 12.
8. Guðrún Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 13.
9. Sigríður Guðmundsdóttir, Vesturgötu 51.
10. Elín Magnúsdóttir, Grjótagötu 9.
11. Kristbjörg Hinriksdóttir, Helgastöðum.
12. Elín Björnsdóttir, Grettisgötu 19 B.
13. Helga Nikulásdóttir, Hverfisgötu 22.
14. Margrét Erlendsdóttir, Klöpp við Brekkustíg.
15. Anna Ásmundsdóttir, Skólavörðustíg 17 A.
16. Sigurlaug Guðmundsdóttir, Laugavegi 27
17. Rannveig Jónsdóttir, Gíslaholti við Vesturgötu.
18. Þjóðbjörg Þórðardóttir, Laufásvegi 10.
19. Salgerður Magnúsdóttir, Garðastræti (Frú M.Finsen).
20. Emerentiana Þorkelsdóttir, Skólavörðustíg 3.
21. Ingibjörg Eyjólfsdóttir, Halldórshúsi, Hlíðarhúsum.
22. Ingibjörg Eyjólfsdóttir, Doktorshúsi, Vesturgötu.
23. Ragnheiður Þorleifsdóttir, Vegamótum.
24. Marta Lárusdóttir, Tjarnargötu 6.
25. Margrét Einarsdóttir, Melkoti.
26. Friðrikka Friðfinnsdóttir, Laugavegi 27 B.
27. Guðrún Gísladóttir, Laugavegi 55.
28. Sigríður Björnsdóttir, ~~Njálsgötu 19~~.Nýlendugötu 19.
29. Guðrún Sæmundsdóttir, Bjarnaborg.
30. Guðrún Sigurðardóttir Mjóstræti.
31. Guðleif Pálsdóttir, Litlabæ, Grímsstaðaholti.
32. Margrét Einarsdóttir, Klapparstíg 3.
33. Halldóra Magnúsdóttir, Hverfisgötu 22.
34. Eyvör Magnúsdóttir, Laugaveg 66.
35. Margrét Einarsdóttir, Barónsstíg 16.
36. Tunis Pétursson, Steinsstöðum.
37. Þóra Jónsdóttir (hjá skrifstofust. Jóni Magnússyni).

(Rétt innfært )
(vottar)
(Páll Einarsson).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 5. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1909 og rædd við fyrri umræðu.
Hún hafði verið prentuð og útbýtt meðal fulltrúanna.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 31. október lesnar upp og samþykktar, með þeirri viðbót:
að bæjarstjórn samþykkti sérstaklega að breyta í byggingarlóð 322 ferálnum af erfðafestulandi Matth. Matthíassonar kaupmanns, með þeim venjulegu skilyrðum, að 1/5 hluti kaupverðs renni í bæjarsjóð og bærinn haldi rétti sínum til ókeypis vegarstæðis ef þörf krefur.
að óskað var eftir nefndaráliti um skemmtigarð í kring um T/ Tjörnina.

3. Samkvæmt tillögum niðurjöfnunarnefndar samþykkti bæjarstjórn:
að fella eigi burt né létta útsvar Einars Björnssonar.
að útsvar Sigurjóns Sigurðssonar lækki niður í 50 kr.
að útsvar Eiríks Bjarnasonar frá Þverá falli burt.
að útsvar Arndísar Þorsteinsdóttur ekkju gefist eftir.
að útsvar Sigurðar Oddssonar 1907 ~~1907~~ lækki niður í 15 kr.
að útsvar Sigríðar Hansdóttur ekkju lækki niður í 10 kr.

4. Skólanefnd kom með tillögur sínar um lán á leikfimishúsi barnaskólans. Bæjarstjórn samþykkti að lána húsið til afnota 2 klukkutíma í viku eftir kl. 8: Íþróttafélagi Reykjavíkur, Ungmennafélagi Reykjavíkur og félaginu "Iðunni" eftir samráði við skólastjórann, með því skilyrði:
að þau greiði fyrir það 10 kr. á mánuði hvert og leggi sjálf til ræsting, ljós og hita.
Húsið var og heimilað til leikfimi fyrir börn í skóla Ásgeirs Magnússonar á skólaskyldualdri, að svo miklu leyti sem skólanefnd áliti mögulegt vegna barnaskóla bæjarins.
Hinsvegar var synjun um lán á húsinu fyrir stúlkur þær, er sækja barnaskólann í vetur og sömuleiðis var kennendum daufdumbra synjað um lán á húsinu fyrir nemendurna.

5. Kosnir til aðstoðar kjörstjórninni við kosningar niðurjöfnunarnefndar nú í þessum mánuði: Bæjarfulltrúarnir : Klemens Jónsson, Sighvatur Bjarnason, Jón Jensson, Lárus Bjarnason, Kristján Jónsson, Kristján Þorgrímsson og borgara~~r~~: Eggert Briem skrifstofustjóri, Eggert Claessen, Karl Nikulásson, Árni Thorsteinsson, Oddur Gíslason, Ólafur Rósinkranz, Pálmi Pálsson, Ari Jónsson, Sveinn Björnsson, Magnús Guðmundsson skrifari, cand. jur. Guðmundur Sveinbjörnsson og Jes Zimsen.

6. Eftir tillögum veganefndar samþykkti bæjarstjórn að leigja Jóni Guðmundssyni í Laugalandi til ræktunar nes það, eða ræmu, sem hann biður um í bréfi dags. 26. sept. þ.á. gegn því, að árgjald hans(túngjald) hækki sakir þessa um 5 kr.

7. Erindi frá Eiríki Ingimundarsyni og Páli Jónssyni um útmæling kálgarðs til leigu var vísað til veganefndar.

8. Eftir beiðni Karitas Tómasdóttur gaf bæjarstjórn eftir, að hún þurfi ekki að selja nú sem stendur neitt af erfðafestubletti sínum, en sem bæjarstjórnin hafði ákveðið að nota forkaupsrétt að.

9. Til að íhuga tilboð um sölu á lóð við Vonarstræti voru kosnir í nefnd: Borgarstjórinn, Klemens Jónsson, og Lárus H. Bjarnason.

10. Tilboði um kaup á bryggju Björns Kristjánssonar og Th. Thorsteinsen var vísað til hafnarnefndar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Skautafélagi Reykjavíkur heimilað svæði af Tjörninni til afnota í vetur eftir samráði við veganefndina.

12. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Jóh. Kr. Jóhannessonar, Laugavegi | 9923.kr. |
| b. | - Guðm. Helgasonar, Laufásvegi | 12340.- |
| c. | - Skúla Thoroddsen, Vonarstræti | 50092.- |

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Lárus H. Bjarnason. Guðrún Björnsdóttir. Þórunn Jónassen. Katrín Magnússon. K. Zimsen. Kristján Þorgrímsson. Kl. Jónsson. Sveinn Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Jón Jensson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 19. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld kaupstaðarins árið 1909 var til 2. umr.
Eftir alllangar umræður var umr. frestað til aukafundar í næstu viku.

2. Byggingarnefndargerðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar og samþykkti bæjarstjórn sérstaklega að mæla með undanþágu frá byggingarsamþykkt um eldsvarnarvegg hjá Sigurjóni Ólafssyni, eins og byggingarnefnd ræður til.

3. Eftir tillögum veganefndar samþykkti bæjarstjórn að leigja Eiríki Ingimundarsyni og Páli Jónssyni á Bræðraborgarstíg 35, kálgarðsstæði 50 álnir á kant, með þeim skilmálum að bærinn geti fengið garðinn aftur endurgjaldslaust, þegar þess verður krafizt, en leigendur eru gjaldfríir 2 fyrstu árin en svar síðan 6 króna gjaldi.

4. Ákvörðun um tilboð stjórnarráðsins um að láta af hendi ókeypis lóð undir breikkun Laugavegs, gegn því að hlaðinn verði sæmilegur garður við veginn - var frestað.

5. Eftir tillögum skólanefndar var samþykkt: að heimila leikfimishús barnaskólans stúlkum kennaraskólans og börnum á daufdumbra skólanum til leikfimisæfinga, svo og kvennaskóla Reykjavíkur - allt undir umsjón leikfimiskennara barnaskólans, Ingibjargar Brands. Ennfremur skýrði skólanefnd frá, að hún hefði gefið skóla Ásgríms Magnússonar kost á notkun leikfimishússins 2 stundir í viku, eftir að kennslustundum í barnaskóla bæjarins er lokið, - en þó með því skilyrði, að börnunum frá Ásgrímsskóla kenni leikfimi einhver sá kennari, er skólanefndin tekur gilda.

Ennfremur ákvað bæjarstjórn að svara 16 kennurum, er sækja um aukaborgun fyrir leiðréttingar heima á ritæfingum - að hún gæti eigi tekið umsóknina til greina.

6. Tilboði Axels Malm um, að selja accetulingasljós á götur bæjarins var frestað.

7. Beiðni frá Sveini Jónssyni á Vatnsenda um girðingu á landamerkjum milli Árbæjar og Vatnsenda var vísað til veganefndar.

8. Erindi frá Guðm. Guðmundssyni um lóðarkaup var vísað til byggingarnefndar.

9. Alþýðulestrarfélagi bæjarins var veittur 150 kr. styrkur þ.á. eins og að undanförnu.

10. Borgarstjóra heimilað að láta endurborga Birni Sigurðssyni 1/2 aukaútsvar hans 1908, er hann sannar fyrir honum að hann hafi flutt löglegum búferlum til Hafnarfjarðar 14. maí þ.á. og að hann hafi greitt allt þ.á. útsvar í bæjarsjóð.

11. Erindi frá Þórði Jónssyni hafnsögumanni um lausn frá starfi sínu og hæfileg eftirlaun, var vísað til hafnarnefndar.

12. Eftir tillögum fjárhagsnefndar var samþykkt að bjóða stóraselstún til leigu á uppboðsþingi í næstu 5 ár.

13. Tala niðurjöfnununarnefndarmanna var ákveðin 15.

14. Brunabótavirðing samþykkt:

| | |
|---|---|
| Húseign Margrétar Arason, Suðurgötu | 17307.kr. |

15. Erindi frá Ólafi Jónssyni um lóð við Kárastíg var vísað til bygginganefndar.

16. Ákvörðun út af tillögum skemmtigarðsnefndarinnar var frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Vatnsveitunefndin svaraði framkominni áskorun frá verkmannafélaginu "Dagsbrún" um að taka í vinnu við vatnsveituna, sérstaklega fjölskyldumenn, á þann hátt, að hún hafi fr á upphafi haft þetta í huga, og vilji haga vinnunni svo, að svo miklu leyti sem unnt er.. Bæjarstjórn tjáði sig samþykka þessu svari.

Sama nefnd hafði haft til umsagnar kæruskjal frá mörgum bæjarbúum, þar sem þeir kvarta yfir að vatnsveituverkinu sé illa hagað og eftirlitið óhæfilega dýrt.

Sömuleiðis hafði nefndin haft til umsagnar áskoranir frá borgarafundi, er haldinn var í bænum 8.þ.m.

Öllum þessum umkvörtunum og áskorunum svaraði nefndin í fundargerð sinni 9. þ.m. er lesið var upp á bæjarstjórnarfundinum.

Bæjarstjórnin tjáði sig samþykka svörum nefndarinnar.

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl og Sveinn Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson, Halldór Jónsson. Lárus Bjarnason. Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Katrín Magnússon. Guðrún Björnsdóttir. Sighvatur Bjarnason. Þ.Jónassen. Þ.J.Thoroddsen. K.Zimsen. Kl.Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, föstudaginn 27. nóvember var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Frumvarp til fjárhagsáætlunar fyrir 1909 var til frh. 2. umræðu og atkvæðagreiðslu.

Á hinu prentaða frumvarpi voru þessar breytingar gerðar:

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum var ákveðin 80382.55
Lántaka var ákveðin 24000.oo
Í stað 10. gjaldaliðs var samþykkt:
10, Til Bæjarverkfræðings og heilbrigðisfulltrúa allt að 2700.-
A. eftir 14. lið komi:
15. Til slökkvitóla og slökkviliðs, þar í laun slökkviliðsstjóra 1200.-
20. liður (Vextir og afborganir lána) var ákveðinn 35000.oo

2. Í stað Kn. Zimsen var kosinn í kjörstjórn við niðurjöfnunarnefndarkosningu 28. þ.m.:
Klemens Jónsson bæjarfulltrúi - og til aðstoðar bæjarstjórninni við kosninguna:
Frú Þórunn Jónassen bæjarfulltrúi.

Allir á fundi nema Sighvatur Bjarnason, Magnús Blöndahl, Sveinn Jónsson og Guðrún Björnsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kl. Jónsson. Lárus Bjarnason. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Katrín Magnússon. Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson. K.Zimsen. Þ.J.Thoroddsen. Þ.Jónassen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## TEKJUR.

| | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|
| 1. Tíund af fasteign og lausafé | | 270.00 |
| 2. Gjald af byggðri og óbyggðri lóð | | 11000.00 |
| 3. Landskuld af jörðum | | 907.00 |
| 4. Leiga af erfðafestulöndum | | 2400.00 |
| 5. Leiga af húsum og lóðum m.m. | | 1000.00 |
| 6. Tekjur af laxveiðinni í Elliðaánum | | 7300.00 |
| 7. Árgjald félagsins Málmur | | 500.00 |
| 8. Hagatollur | | 1000.00 |
| 9. Laugatollur | | 40.00 |
| 10. Seglfestugjald | | 100.00 |
| 11. Tekjur af lóðasölu | | 2000.00 |
| 12 20% af seldum erfðafestulöndum | | 2500.00 |
| 13. Tekjur eftir byggingarsamþykkt | | 1500.00 |
| 14. Sótaragjöld | | 2500.00 |
| 15. Hundaskattur | | 100.00 |
| 16. Endurgoldin lán og styrkir af innansveitarmönnum | | 600.00 |
| 17. Endurgoldinn fátækrastyrkur frá öðrum sveitum | | 1000.00 |
| 18. Styrkur frá landssjóði og Thorkilliisjóði til barnaskólans | | 4000.00 |
| 19. Óvissar tekjur bæjarsjóðs | | 3000.00 |
| 20. Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, jafnað niður með 5 - 10% umfram | | 80382.55 |
| 21. Lán | | 24000.00 |
| Samtals kr. | | 146099.55 |

## GJÖLD

| | kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|
| 1. Skattar og gjöld til hins opinbera af eignum kaupstaðarins | | 125.00 |
| 2. Árgjald til Helgafellsprestakalls fyrir Hlíðarhús og Ánanaust. | | 204.55 |
| 3. Stjórn kaupstaðarins: | | |
| a. Kostnaður við bæjarstjórn, nefndir o.fl. | 1000.00 | |
| b. Laun og skrifstofufé borgarstjóra | 6000.00 | |
| c. Laun bæjargjaldkera | 2500.00 | 9500.00 |
| 4. Til löggæzlu: | | |
| a. Laun lögregluþjóna | 4000.00 | |
| b. Laun 4 næturvarða | 3300.00 | |
| c. Önnur útgjöld | 300.00 | 7600.00 |
| 5. Laun sótara: | | |
| a. Laun Kristjáns Sæmundssonar | 900.00 | |
| b. Jóns Sveinssonar | 800.00 | 1700.00 |
| 6. Eftirlaun | | 2120.00 |
| 7. Umsjón og varzla kaupstaðarlandsins | | 800.00 |
| 8. Manntalskostnaður eftir reikningi | | 500.00 |
| 9. Til heilbrigðisráðstafana: | | |
| a. Laun og persónuleg launaviðbót ljósmæðra | 700.00 | |
| b. Styrkur til Baðhúss Reykjavíkur | 1000.00 | |
| c. Önnur útgjöld | 150.00 | 1850.00 |
| 10. Til bæjarverkfræðings og heilbrigðisfulltrúa allt að | | 2700.00 |
| 11. Til vegagerðar, holræsa 16000 kr. er verði varið þannig: | | |
| 1. Til holræsis í Spítalastíg og lögun á honum | 1500.00 | |
| 2. Til gangstéttar á Laugavegi frá Vitastíg og lögun vegarins | 1300.00 | |
| 3. Til holræsis í Vesturgötu frá Brunnstíg að Bræðraborgarstíg og gangstétt frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg | 1500.00 | |

Flutt



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# G J O L D.

| | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|
| Flutt # | | |
| 11. 5. Til steinlagningar í Pósthússtræti frá Hafnarbryggjunni að Austurstræti | 2700.00 | |
| 5. Til framlengingar á Þingholtsstræti frá Skálholtsstíg á Laufásveg, þar af 200 kr. til kaupa á lóð St. Jónssonar | 2200.00 | |
| 6. Til lögunar á Smiðjustíg og holræsi í efri hluta hans | 500.00 | |
| 7. Til kaupa á lóðarræmu af Stjórnarráðsgarðinum og breikkun Bankastrætis | 1500.00 | |
| 8. Lögun á vegi með sjónum fyrir vestan Norðurstíg | 300.00 | |
| 9. Til viðhalds gatna og ofaníburðar | 4500.00 | 16000.00 |
| 12. Til þrifnaðar, snjómoksturs klakahöggs og renna | | 4000.00 |
| 13. Til götulýsingar | | 2200.00 |
| 14. Til vatnsbóla | | 500.00 |
| 15. Til slökkvitóla og slökkviliðs, þar í laun slökkviliðsstjóra | | 1200.00 |
| 16. Til aukninga og endurbóta á fasteign kaupstaðarins | | 3000.00 |
| 17. Til áhalda og aðgerða á þeim | | 1000.00 |
| 18. Til fátækraframfæris: | | |
| a. Til ómaga undir 16 ára | 3000.00 | |
| b. Til þurfamanna eldri en 16 ára | 17000.00 | |
| c. Greftrunarkostnaður þurfamanna | 150.00 | |
| d. Lögflutningur þurfamanna | 100.00 | |
| e. Ønnur útgjöld | 350ø.00 | 20600.00 |
| 19. Lán til annara sveita | | 1500.00 |
| 20. Gjöld til barnaskólans: | | |
| a. Laun fastra kennara | | 2500.00 |
| b. Til aukakennslu | | 21000.00 |
| c. Til héraðslæknis fyrir heilbrigðiseftirlit í skólanum | | 25.00 |
| d. Til áhaldakaupa | | 700.00 |
| e. Til eldiviðar og ljósa | | 1800.00 |
| f. Til viðhalds húsa og skólalóðarinnar | | 1000.00 |
| g. Brunabótagjald og kirkjugjald | | 300.00 |
| h. Ýms útgjöld skólans, ræsting o.fl. | | 1675.00 |
| 21. Vextir og afborganir af lánum | | 35000.00 |
| 22. Óvænt og óviss útgjöld | | 5000.00 |
| Samtals kr. | | 146099.55 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 3. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Gas- og rafurmagnsmálið var til umræðu og hafði prentuðu áliti nefndarinnar verið útbýtt um 20. nóvember; svo hafði og verið útbýtt prentuðum breytingartillögum, er einkaleyfishafar núverandi, E. Claessen og Thor Jenssen fara fram á að gerðar verði á(samningnum) einkaleyfissamningnum, og loks hafði verið útbýtt tilboði frá Carl Francke um stofnun og starfrækslu gas- og rafurmagnsstöðva í Reykjavík.
Eftir alllangar umræður var málinu frestað til næsta fundar.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 2. þ.m. lesnar upp og samþykktar og sérstaklega var samþykkt, að gefa Guðmundi Guðmundssyni ~~Kost/á~~, Laugavegi, kost á, að kaupa 125 ferálnir af lóð, sem viðbót við baklóð hjá húsinu nr. 34 við Grettisgötu á 50 a. feral.

3. Erindi frá Skautafélagi Reykjavíkur um 200 kr. styrk til þess, að geta veitt börnum undir 15 ára aldri tækifæri til skautaferðar á hreinsuðu og girtu skautasvelli í vetur - frestað.

4. Útnefndur Gísli Þorbjörnsson búfræðingur til að mæla jarðabætur bæjarmanna fyrir jarðabótafélag bæjarins.

5. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Guðrúnar Jónsdóttur, Brekkustíg | 2371.kr. |
| b. | - | Steindórs Guðmundssonar, Sellandsvegi | 1945.- |
| c. | - | Jóns Jónssonar, Bráðræðisholti | 1288.- |
| d. | - | Fiskveiðafél. Íslands, Kirkjusandi | 7630.- |

Allir á fundi nema Sighvatur Bjarnason, Sveinn Jónsson, Magnús Blöndahl og Kn. Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Kl.Jónsson.
Lárus Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Þ.J.Thoroddsen.
Þ.Jónassen. Jón Jensson. Katrín Magnússon. Guðrún Björnsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, fimmtudaginn 17. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Gas- og rafmagnsmálið var til umræðu og endanlegrar atkvæðagreiðslu.
Breytingatillögur þær, er eigendur einkaleyfissamningsins höfðu farið fram á að bæjarstjórn vildi gjöra á samningnum, sbr. fund 17. september 7. mál, voru allar felldar í einu hljóði.
Eftir alllangar umræður samþykkti bæjarstjórn að ganga til atkvæða um málið. Sömuleiðis var fyrst samþykkt með 9 : 3 að bærinn léti byggja gasstöð fyrir sinn reykning.
Var þá gengið til atkvæða um tilboð Carl Frankes:
Br. við 1.gr. að gasstöðin koati ekki meira en 350 þús. kr. var feld með nafnakalli með 9 : 5.
1. gr. sþ. með 10 shl. atkv.
2. gr. - - meirihluta atkv.
Bætt við í byrjun 8. gr.: "Ef bæjarstjórn óskar þess".
8. gr. sérst. sþ. svo og 9. gr. og 10. gr.
Viðbót við samningstilboðið þannig hljóðandi var samþykkt í einu hljóði. Samþykkið er bundið því skilyrði, að leyfishafar samkvæmt samningi 17. júlí 1907 um stofnun og starfrækslu gas- og rafurmagnsstöðvar í Reykjavík, gefi eftir rétt sinn, þannig að skilja, að þessi samningur fellur úr gildi jafnskjótt og byggingarsamningur sá, sem 1. gr. í tilboði Carl Frankes ræðir um, er undirskrifaður af báðum málsaðilum og bærinn hefur fengið að geymslu tryggingarfé það, er þar um ræðir.- En farist það fyrir að byggingarsamningur þessi verði gjörður á tilætluðum tíma, af hvaða orsökum sem er, stendur einkaleyfissamningurinn frá 17. júlí 1907 að sjálfsögðu í fullu gildi, og tryggingarfé það, er 22. gr. þess samnings ræðir um, fellur þá til bæjarins ef gas- og rafurmagnsstöðvarnar eru ekki teknar til starfa í síðasta lagi 1. október 1909.
Loks var samningurinn allur samþykktur með 9 atkb. gegn 3.

2. Samþykkt með litlum orðabreytingum frumvarp til samþykktar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, er nefnd úr bæjarstjórn hafði samið. Verður það leiðrétt og innfært síðar í gerðabók þessa.

3. Byggingarnefndargerðir frá 12. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

4. Eftir tillögum skólanefndar veitti bæjarstjórn 6 börnum ókeypis kennslu í barnaskólanum yfirstandandi skólaár að öllu leyti og 3 börnum að hálfu leyti. Nöfn þeirra verða síðar færð inn í gjörðabókina.

5. Skólanefnd tilkynnti að Sigfús Einarsson söngkennari hefði fallið frá kröfu sinni um launahækkun.

6. Krafa Guðlaugs Halldórssonar um að útsvar hans 1908 verði burtu fellt var vísað til borgarstjóra til athugunar og svara.

7. Erindi frá Geir Zöega um endurborgun á byggingarleyfisgjaldi var vísað til byggingarnefndar.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Th. Thorsteinsen, Vesturgötu 3 | 35194.kr. |
| b. | - Jóh. Kr. Jóhannessyni, Laugavegi | 10717.- |

9. Skólanefnd hafði beiðst samþykkis bæjarstjórnar til að hækka laun skólastjóra Morten Hansens um 500 kr. á ári frá næstu áramótum. Hann hafði farið fram á launahækkun.
Bæjarstjórn veitti hið umbeðna samþykki.

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Þ.Jónassen. Briet Bjarnhéðinsdóttir. K.Zimsen. Þ.J.Thoroddsen. Sighvatur Bjarnason. Katrín Magnússon. Kristján Jónsson. Jón Jensson. Guðrún Björnsdóttir. Sveinn Jónsson. Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Börn þau, sem fengu eftirgjöf á skólagjaldi samkv. 4. gr. í framanskráðri fundargjörð voru þesso:

Gjaldið eftirgefið að fullu:

Haraldi Ólafssyni

Ingunni Sigr. Tómasdóttur

Guðmundi N. Hannessyni

Lovísu Stefánsdóttur

Sveini Th. Gunnarssyni

Barn Runólfs Þórðarsonar

og eftirgjöf á hálfu kennslukaupi þessum:

Guðmundi Eyjólfssyni

Hjálmari A. Jónssyni

Guðrúnu Hafliðadóttur.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SAMÞYKKT UM STJÓRN BÆJARMÁLEFNA Í REYKJAVÍK.

I.

Um stjórn og framkvæmdir á bæjarmálefnum.

1gr. Bæjarstjórn kaupsta arins er skipuð 15 kjörnum fulltrúum auk borgarstjóra, sem er oddviti hennar.

2.gr. Sérstökum málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum, sem bæjarstjórnin kýs. Þessar nefndir eru:

1. Fjárhagsnefnd
2. Fasteignanefnd
3. Fátækranefnd
4. Byggingarnefnd
5. Veganefnd
6. Brunamálanefnd
7. Hafnarnefnd
8. Vatnsnefnd

Ennfremur kýs bæjarstjórn 5 menn í skólanefnd, 2 menn í skattanefnd, 1 mann í heilbrigðisnefnd og 1 mann í stjórn Fiskimannasjóðsins.

Þeir sem kosnir eru í nefndirnar, fara frá annað hvort ár, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, en þá má endurkjósa þá. Kosning skólanefndarmanna gildir um ~~ø~~ 3 ár.

Fái einhver hinna kosnu nefndarmanna þau forföll, að hann geti eigi gengt starfi sínu, kýs bæjarstjórnin annan í hans stað, ef henni þykir þess þurfa, og gegnir sá starfi hins, unz kjörtíminn er á enda.

Bæjarstjórnin getur tekið sérhvert mál til meðferðar og úrskurðar, þótt falið sé fastri nefnd, og er það mál þá gengið úr höndum þeirrar nefndar. Svo getur bæjarstjórnin og skipað sérstakar nefndir fyrir einstök mál þegar svo þykir henta, eða falið einum úr sínum flokki framkvæmd þeirra.

3. gr.

Í fjárhagsnefnd er borgarstjóri formaður, en auk hans eiga í henni sæti 2 af bæjarfulltrúunum. Nefnd þessi veitir forstöðu fjárhag bæjarins, býr undir áætlun, semur árlega skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, sér um stjórn féhirðis á bæjarsjóði, að hann hegði sér eftir erindisbréfi sínu, riti rétt og reglulega bækur sínar, byrji skattakröfur allar og ljúki þeim á réttum tíma, svo sem fyrir er skipað. Hún hefur eftirlit með því að tekjurnar séu goldnar á réttum tíma og að gengið sé eftir óloknum gjöldum, og það fé sett á vöxtu, er umfram kann að vera gjöldunum. Nefndin hlutast til um, að samin sé skrá yfir gjöld þau er greiða skal af föstum lögboðnum tekjustofnum t.d. lóðargjöldum , og skal skrá þessi vera bæjarbúum til sýnis ásamt niðurjöfnunarskránni.

Nefndin skipar fyrir um, hvernig reikningsbækur gjaldkera eða annara, er hafa kunna umráð yfir fé bæjarins, skuli vera lagaðar, leiðbeinir þeim, er hlut eiga að máli í því efni og gæta þess, að reglum þeim sé hlýtt, sem um það efni eru settar.

Svo ber og nefndinni að hafa eftirlit á öllum fjárbirgðum hjá gjaldkera og hverjum öðrum, er hafa kunna fé bæjarins ~~ð~~ undir höndum.

Alla reikninga til bæjarsjóðs skal senda borgarstjóra. Rannsakar hann þá, sér um að þeirséu nægilega vottaðir, að réttir séu, hafi áætlunar heimild eða hafi gilt atkvæði bæjarstjórnar við að styðjast, og ávísar því síðan til greiðslu.

Í ávísunarbók skal rita allt það, sem ávísað er, og skulu í bók þessari vera greindir allir aðaldálkar og liðir áætlunarinnar hver sér. Á ávísanirnar skal ávallt rita, til hvers dálks og liðar gjaldið skuli telja.

Gjaldkeri má ekki greiða neitt fé úr bæjarsjóði nema löglega ávísað sé.

4. gr.

Fasteignanefnd er skipuð borgarstjóra, sem er formaður hennar, og 2 bæjarfulltrúum. Nefndin hefur á hendi umsjón með fast-


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eignum bæjarins, svo sem húsum og jörðum , túnum, veiðiafnotum, slægjum, mótaki,grjotnámi o.s.frv. að svo miklu leyti sem það er ekki öðrum sérstaklega á hendur falið.-

5. gr.

Borgarstjóri er formaður fátækranefndarinnar, en auk hans eiga sæti í henni 4 bæjarfulltrúar.

Nefnd þessi hefur á hendi alla stjórn fátækramála. Hún sér fyrir öllum sveitarómögum , annast greftrun þeirra og lögfluttning, allar bréfaskriftir um fátækramálefni og viðskipti við önnur sveitafélög. Nefndin ráðstafar fé því, sem veitt er til ómaga og þurfamanna. Hún semur um meðgjafir með ómögum og önnur útgjöld til fátækra.

Nefndin ráðstafar styrk þeim, sem veittur verður fátækum börnum úr Thorkilliisjóði, og semur skýrzlur allar er að því lúta. Þegar rætt er eða þegar ákvörðun er tekin um þessi mál hefur dómkirkjupresturinn sæti og atkvæði á fundum nefndarinnar.

Til aðstoðar nefndinni má bæjarstjórnin kjósa fátækrastjóra (fátækrafulltrúa) svo marga, sem þyrfa þykir, og eiga þeir meðal annars að hafa sérstaklega umsjón með sveitarómögum og þurfamönnum, einkum hver í sínu hverfi, hafa nákvæmar gætur á högum þeirra, heimilisástæðum og háttalagi, og stuðla að því að þurfamenn noti efni sín með sparsemi og forsjá, leiti sér atvinnu eftir megni og kosti kapps um að bjarga sér og sínum sem mest af rammleik sjálfs sín. Styrkbeiðni þurfamanns verður að jafnaði eigi til greina tekin, nema fátækrastjórnin í hans hverfi styðji hana, og má ávísa honum styrknum til ráðstöfunar fyrir þurfamanninn ef ástæða þykir til. Fátækrastjórarnir skulu gjöra sér far um að afla sér nákvæmra skýrzlna um aðkomna þurfamenn, er orðið hafa öðrum sveitum til þyngsla, eða hætt er við að eigi geti haft ofan af fyrir sér í kaupstaðnum.

Fátækrastjórarnir koma á fund fátækranefndarinnar svo oft, sem hún óskar þess, og skulu þeir ávallt vera á fundi, þá er sveitarómagar eru skrifaðir upp, eða rætt um að koma þeim fyrir, en eigi ber þeim atkvæði.

6. gr.

Borgarstjóri er formaður byggingarnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni slökkviliðsstjóri og 4 menn, er bæjarstjórnin kýs, og skulu að minnsta kosti 2 þeirra vera úr tölu bæjarfulltrúa. Slökkviliðsstjóri hefur atkvæði á fundum nefndarinnar.

Nefnd þessi annast byggingarmálefni kaupstaðarins samkvæmt því, sem fyrir er mælt í byggingarlögum og byggingarsamþykkt bæjarins.

7. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn úr sínum flokki í veganefnd auk borgarstjóra, sem er formaður nefndarinnar. Veganefnd hefur á hendi alla umsjón með og framkvæmdir á vegagerðum, endurbótum og hirðingu á vegum, holræsum, rennum og götulýsingu, allt eftir ákvæðum bæjarstjórnarinnar.

Áður en frumvarp til fjárhagsáætlunar er samið, sendir veganefnd fjárhagsnefnd tillögur um, hve miklu fé skuli verja til vegabóta næsta ár, og hvernig því skuli varið.

8. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 5 mönnum: borgarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjórinn og 3 bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórnin til þess kýs. Hún skal fylgja reglum þeim, sem settar eru í lögum og reglugjörðum um brunamál og slökkvilið kaupstaðarins og fullnægja öllum þeim skyldum, sem henni eru þar á herðar lagðar.

9. gr.

Borgarstjóri er formaður hafnarnefndar og auk hans eiga sæti í nefndinni 2 menn, er bæjarstjórnin kýs. Skal að minnsta kosti annar þeirra vera einhver bæjarfulltrúanna. Nefndin hefur umsjón og stjórn hafnarmálefna samkvæmt lögum og hafnarreglugjörð kaupstaðarins. Gjaldkeri bæjarins skal og vera gjaldkeri hafnarsjóðs.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. gr.

Vatnsnefndin er skipuð borgarstjóra, sem er formaður og tveimur bæjarfulltrúum. Hún hefur umsjón með vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins, jafnar niður vatnsskatti, allt eftir reglum þeim, sem þar um eru og verða settar með lögum og reglugjörð.

Nefnd þessi skal kosin í fyrsta sinn, þegar fullgjör er vatnsveita bæjarins. Þangað til annast veganefnd vatnsbólin, sem hingað til.

11. gr.

Skólanefndin hefur umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum kaupstaðarins og sérstaklega með kennslunni í barnaskóla kaupstaðarins og öllu því, sem barnaskólann varðar, allt samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum um fræðslu barna og reglugjörðum þeim er kennslumálastjórnin setur. -

12. gr.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt eiga sæti í skattanefndinni: borgarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, og 2 menn, sem bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki.

13. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um að heilbrigðissamþykkt bæjarins sé fylgt.

14. gr.

Borgarstjóri annast framkvæmd á málefnum þeim og ráðstöfunum bæjarstjórnarinnar, sem eru eigi falin öðrum á hendur. Honum ber að annast allar bréfaskriftir bæjarstjórnarinnar og nefnda þeirra, sem hann er formaður í.

II.

Um starfa niðurjöfnunarnefndar og innheimtu bæjargjalda:

15. gr.

Niðurjöfnunarnefnd er skipuð 11, 13 eða 15 mönnum eftir því, sem bæjarstjórnin ákveður. Kjósa þeir sjálfir formann sinn.

16. gr.

Nefndin semur skrá yfir alla þá, er greiða eiga bæjargjöld eftir efnum og ástæðum á árinu og tilgreina heimili þeirra. Þess skal getið í sérstökum dálki ef gjaldandi hefur jafnframt fasta dvöl annarstaðar.

17. gr.

Niðurjöfnun bæjargjalda skal lokið eigi síðar en innan loka febrúarmánaðar ár hvert. Við niðurjöfnun gjaldanna ber nefndinni sérstaklega að gæta þess, hverjar tekjur hver greiðandi hafi til að framfæra sig og sína og aðra, er hann vinnur fyrir til munaðar eða gróða, eftir öllum efnahag hans og atvinnu. Hún skal og taka til greina, hversu tekjurnar eru á sig komnar og allar heimilisástæður og ómagaþunga af vandamönnum. Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til ~~ey~~gjörðu ey~~ðð~~aði gjörðum eyðublöðum skýrzlur um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Nefndinni er skylt að halda þessum upplýsingum leyndum.

Til þess að hin áætlaða upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full og rýrist ekki við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust lögtak o.s.frv., ber nefndinni ávalt að jafna niður 5 - 10 af hundraði meira en til er tekið í áætluninni.

18. gr.

Reglur þær, sem settar eru um aðalniðurjöfnunina gildir og um aukaniðurjöfnun, en hún á fram að fara í síðari hluta septembermánaðar.

19. gr.

Øll bæjargjöld hvort heldur er af lögboðnum tekjustofnum eða eftir efnum og ástæðum, falla í gjalddaga ár hvert 1. dag apríl-

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mánaðar og 1. dag októbermánaðar, að helmingi í hvort skipti, og ber gjaldkera þá að innheimta þau. Séu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga ber að taka þau lögtaki.

20. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir innan febrúarmánaðarloka og því næst liggja til sýnis bæjarmönnum 14 daga. Þá skulu reikningarnir sendir hinum kosnu endurskoðunarmönnum, og skulu þeir hafa lokið endurskoðuninni fyrir 1. júlí. Athugasemdum endurskoðunarmanna skal gjaldkeri hafa samið fyrir 1. ágúst. Því næst semur fjárhagsnefndin ásamt endurskoðunarmönnum tillögur til úrskurðar um reikninginn, og skal því starfi lokið innan loka ágústmánaðar. Að svo búnu leggur bæjarstjórnin úrskurð á reikninginn til logboðinnar afgreiðslu.

III.
Um starfsmenn kaupstaðarins:

21. gr.

Starfsmenn kaupstaðarins eru::
1. Bæjargjaldkeri
2. Bæjarverkfræðingur (Byggingarfulltrúi)
3. Heilbrigðisfulltrúi
4. Slökkviliðsstjóri
5. Lögregluþjónar
6. Næturverðir
7. Sótarar

Gjaldkeri annast innheimtu allra gjalda til bæjarsjóðs og hafnarsjóðs og allar greiðslur úr þeim sjóðum. Hann semur reikninga þessara sjóða og brunabótasjóðs eftir reglum þeim, sem honum eru settar um það efni.

Starfsmönnum bæjarins ber í einu sem öllu að fara eftir erindisbréfum þeirra.

Starsmönnum öllum skal launað eftir ákvæðum bæjarstjórnar.

Að hve miklu leyti starfsmenn bæjarins fá eftirlaun, er þeir afsala sér starfi því, sem þeim er falið, er komið undir ákvæðum bæjarstjórnarinnar í hvert skipti.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin endurskoðuð samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, staðfest 1. ágúst 1902 og breytingar á henni 28. desember 1903 og 17. desember 1906.

##### ## #########

Þannig samþykkt á bæjarstjórnarfundi 17. desember 1908.

Páll Einarsson.

#########



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 7. janúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 2. þ.m. lesnar upp og samþykktar, og bæjarstjórn ákvað, að endurborga Geir Zöega kaupmanni 1/2 byggingarleyfisgjald hans 22 kr. 25 a. með því að hann hefur eigi notað byggingarleyfi það, er honum var veitt árið 1907.

2. Eftir tillögum hafnarnefndar var P.J.Thorsteinsen & Co. heimilað, að setja bátabryggju í Kleppslandi með þeim skilyrðum, sem í fundargerðinni er tiltekin (fundargerð 4. þ.m.).

3. Sama nefnd lagði til, að frestað yrði að taka ákvörðun um tilboð Th. Thorsteinsen og Björns Kristjánssonar um kaup á bryggju þeirra í Grófinni.
Bæjarstjórnin samþykkti að fresta ákvörðun um þessi bryggjukaup.

5. Nefnd sú, er kosin var á fundi 5. nóvember f.á. út af tilboði um sölu á lóð til ráðhúsbyggingar skýrði frá, að sér hefði einnig borizt tilboð um kaup á lóð Völundar við Vonarstræti, andspænis Iðnaðarmannahúsinu fyrir 12380 kr. Eftir tillögum nefndarinnar ákvað bæjarstjórn að hafna þessu tilboði, en frestaði málinu að öðru leyti.

5. Kosnir í fasteignanefnd, samkvæmt hinni nýju samþykkt um bæjarmálefni kaupstaðarins: Kristján Jónsson bæjarfulltrúi
Jón Jensson, bæjarfulltrúi.

6. Kosnir í fátækranefnd samkvæmt samþykkt:
Katrín Magnússon — Kristján Jónsson
Kristján Þorgrímsson — Sighvatur Bjarnason.

7. Kosnir í Veganefnd eftir sömu samþykkt:
Klemenz Jónsson — Knud Zimsen
Þórður Thoroddsen — Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

8. Kosnir í nefnd til að semja alþýðustyrktarsjóðsskrá:
Lárus Bjarnason — Sveinn Jónsson
Kristján Þorgrímsson.

9. Kosnir í kjörstjórn við kosningar eftir kjörskrá bæjarmanna (bæjarfulltrúar, niðurjöfnunarnefnd og endurskoðendur):
Halldór Jónsson — Kristján Jónsson.

10. Kosnir í nefnd til að undirbúa Alþingiskjörskrá:
Borgarstjórinn — ~~Halldór Jónsson~~ Jón Jensson
Klemenz Jónsson.

11. Bæjarstjórn samþykkti eftir tillögum vatnsveitunefndarinnar, að nota heimild veitta í lögum nr. 84, 22. nóv. 1907, að lána húseigendum til allt að 10 ára kostnaðinn við vatnspípulegging til og um hús þeirra. Vextir verði 5% og jafnar afborganir árlega.

12. Erindi frá Lúðurþeytarafélaginu um 900 kr. styrk 1909 var vísað til fjárhagsnefndar.

13. Tilboði Gunnlaugs Péturssonar um sölu á fjósi í Ártúni fyrir 165 kr. var vísað til fasteignanefndar.

14. Beiðni Einars F. Jónssonar um kennslueyri, 20 kr. handa veikluðu barni sínu, var vísað til skólanefndar.

15. Beiðni frá Eggert Brandssyni um lækkun aukaútsvars hans 1908 var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

16. Brunabótavirðingar samþykktar:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

a. Húseign Jóns Magnússonar, Laugavegi 5468.kr.
b. - Ingimundar Péturssonar, Sellandsstíg 3927.-

17. Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur ráðinn fyrir 1800 kr. árslaun byggingarfulltrúi og bæjarverkfræðingur fyrir þ.á. og skal hann samkvæmt bréfi sínu til bæjarstjórnar dags. 18. nóvember f.á. gera svo fljótt, sem unnt er áætlun (Plan) lokræsagerð um bæjinn, og vera skyldur til að hafa lokið áætluninni um lokræsagerð vestan lækjar innan ársloka.

18. Frestað skipun heilbrigðisfulltrúa til næsta fundar og óskað eftir áliti heilbrigðisnefndar.

19. Samkvæmt tillögum vatnsveitunefndar voru þessir menn löggiltir til vatnsæðaleggingar um hús í bænum:
Helgi Magnússon, járnsmiður,
Ólafur Hjaltested, vélfræðingur
Knud Zimsen, verkfræðingur
Gísli Finnsson, járnsmiður
Þorsteinn Jónsson, járnsmiður
Guttormur Jónsson, smiður.

20. Mælt með, að Oddur Jónsson í Ráðagerði verði skipaður hafnsögumaður í stað Þórðar Jónssonar, er sagt hefur af sér.

21. Beiðni Þórðar Jónssonar fyrrv. hafnsögumanns um eftirlaunastyrk gat bæjarstjórnin ekki uppfyllt, þar sem hann hefur eig verið starfsmaður bæjarins.

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Jón Jensson. K. Zimsen.
Þ. Thoroddsen. Sveinn Jónsson. Kristján Jónsson. Kl. Jónsson.
Þ. Jónassen. Sighvatur Bjarnason. Lárus Bjarnason. Bríet Bjarn
héðinsdóttir. Guðrún Björnsdóttir. Kristján Þorgrímsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 21. janúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 16. þ.m. lesnar upp og samþykktar, að öðru en því, að útmæling á Melunum til Steinolíufélagsins var frestað.

2. Veganefndargerðir frá 18. þ.m. tilkynntar.

3. Skólanefndarmál. Fundargerð skólanefndar var lesin upp. Eftir tillögum nefndarinnar synjaði bæjarstjórnin beiðni um styrk til barnaskólans í Bergstaðastræti, samþykkti að börn úr þeim skóla fái að njóta sama réttar til sundkennslu, sem börn barnaskóla bæjarins og fól borgarstjóra að leita samninga við stjórn Baðhúss Reykjavíkur um ókeypis böð handa börnum skólans.

4. Einari F. Jónssyni veittar 20 kr. kennslustyrkur með veiku barni hans í Bergstaðastrætisskóla með því, að því samkv. læknisvottorði var ekki treyst til að sækja barnaskóla kaupstaðarins.

5. Skrautgarðsnefndin skýrði frá, með hvaða kjörum erfðafestulöndin við suðurenda Tjarnarinnar mundu fást. Eftir nokkrar umræður var málið tekið út af dagskrá.

6. Útsvarsmál. Umræður um útsvar á vinnuhjú. Svohljóðandi tillaga var samþykkt. "Bæjarstjórn skorar á niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins að fylgja fram ákvæðum bæjarstjórnarlaganna um, að leggja útsvar á eftir efnum og ástæðum á <u>alla</u> þá, sem hafa fast aðsetur í bænum, þar á meðal vinnuhjú.

7. Samkvæmt tillögum niðurjöfnunarnefndar, var aukaútsvar Eggerts Brandssonar í Sjávarborg árið 1908 lækkað úr 20 kr. niður í 14 kr.

8. Beiðni um lækkun útsvars frá 5 gjaldendum var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

9. Út af beiðni Lúðrafélagsins um 900 (800) krónu styrk yfirstandandi ár, lagði fjárhagsnefnd til að þeim yrði veittar 500 kr. styrkur og 120 kr. í húsaleigu þetta ár eins og umliðið ár.
Bæjarstjórnin samþykkti tillögu fjárhagsnefndar með þeirri viðbót: þó með því skylyrði að félagið haldi uppi ókeypis lúðrablæstri eigi sjaldnar en að undanförnu og auglýsi fyrirfram, hvenær spilað er ókeypis.

10. Laun fyrir heilbrigðisfulltrúa voru ákveðin fyrir 1909 kr. 600.oo og kosinn heilbrigðisfulltrúi Júlíus Halldórsson fyrrv. héraðslæknir.

11. Í viðurkenningarskyni fyrir langt starf í þarfir bæjarfélagsins veitti bæjarstjórnin Ólafi Ólafssyni fyrrv. bæjarfulltrúa 300 kr. ellistyrk á ári frá 1. janúar þ.á. að telja.

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Þ.J.Thoroddsen. Sveinn Jónsson. Jón Jensson. Briet Bjarnhéðinsdóttir. K.Zimsen. Katrín Magnússon. Þ.Jónassen. Lárus Bjarnason. Kl. Bjarnason. Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Guðrún Björnsdóttir. Kristján Þorgrímsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 4. febrúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Veganefndargjörðir frá 1. febrúar lesnar upp og samþykktar.

2. Samkvæmt beiðni frá Hjúkrunarfélagi Reykjavíkur veitti bæjarstjórn félaginu 400 kr. styrk fyrir yfirstandandani ár eins og að undanförnu.

3. Bæjarfógeti ritar í bréfi dags. 1. þ.m. bæjarstjórn um, að æskilegt væri að næturverðir hefðu einkennisbúning, og hafi hann lagt fyrir þá, að taka upp slíkan búning.
Bæjarstjórn veitti hverjum næturverði 50 kr. þóknun í þessu skyni/.eftir tillögum bæjarfógetans.

4. Út af umræðum um lækniseftirlit í barnaskólum var samþykkt svohljóðandi tillaga: Bæjarstjórn vísar því til skólanefndar að íhuga heilbrigðismál barnaskólans.

5. Erindi frá Bríet Bjarnhéðinsdóttur um endurgjald á ofreiknuðu lóðagjaldi um 8 síðastliðin ár - var vísað til fjárhagsnefndar.

6. Erindi frá H.P.Duus og I.P.T.Bryde um sandtöku nálægt bryggju þeirra var vísað til veganefndar til umsagnar.

7. Lúðrafélagið tilkynnir, að með því að bæjarstjórn hafi eigi viljað veita því eins háan styrk (800 kr.) þ.á. e ins og það sótti um, þá sjái það sér ekki fært að halda áfram lúðrablæstri.

8. Erindi frá Brynjólfi Jónssyni um útmæling erfðafestulands var vísað til fasteignanefndar.

9. Beiðni um eftirgjöf á útsvari 1907 og 1908 frá Böðvari Jónssyni var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

10. Byggingarnefndargjörðir frá 1. þ.m. lesnar upp og samþykktar, sérstaklega var samþykkt þessi tillaga byggingarnefndar: "Byggingarnefndin leggur til, að bæjarstjórnin ákveði, að svæði við suðurenda Tjarnarinnar skuli haldast óbyggt innan þessara takmarka: Að sunnan fyrirhugaða hringbrautin, að austan fyrirhugaða framlenging Frakkastígs og gata hér um bil 70 álnir fyrir neðan Laufásveg, að vestan fyrirhuguð gata suður frá Skothúsgötu hér um bil 80 álnir frá Tjörninni, að norðan Skothúsgata og fyrirhuguð gata frá Laufásvegi að Tjörninni fyrir sunnan hið nýbyggða hús Jóns Þórarinssonar".
Þessi tillaga byggingarnefndar var og sérstaklega samþykkt með öllum atkvæðum gegn 4: "Lagt til að bæjarstjórn noti ekki forkaupsrétt að 1000 ferálnum úr erfðafestulandi Eiríks Bjarnasonar, svo nefndum Skothú bletti og lagt til, að synjað verði um leyfi til að breyta þeirri lóð í byggingarlóð". Klemenz Jónsson óskar bókað, að hann hafi greitt atkvæði á móti þessari tillögu.

11. Brunabótavirðing lesin upp og samþykkt:

| | |
|---|---|
| Húseign Jóns Þórarinssonar Laufásvegi | 10837.kr. |

12. Samkvæmt því, er borgarstjórinn og Sigurður Thoroddsen verkfræðingur hafa orðið ásáttir um, samþykkti bæjarstjórn, að láta sér nægja, að verkfræðingurinn hafi lokið lokræsaáætlun sinni (sbr. bæjarstj. fund 7. jan. 17. mál) innan loka aprílmánaðar 1910 svo framarlega), og að hann skuli fá 300 kr. aukaborgun fyrir störf sín að þessu leyti fyrir fyrstu 4 mánuði ársins 1910 svo framarlega sem hann verður ekki ráðinn bæjarverkfræðingur jafnframt fyrir nefnda 4 mánuði, en hann skal enga aukaborgun fá fyrir verk þetta, ef hann heldur bæjarverkfræðingsstarfinu einnig fyrir það ár.

13. Tilboð stjórnar Bárufélagsins um að bærinn kaupi hlutabréf í húsi þess, ákvað bæjarstjórn að taka ekki.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Eftir tillögum gas- og rafurmagnsnefndarinnar kaus bæjarstjórnin hr. Thorvald Krabbe til þess fyrir sína hönd að dæma um fyrirmyndir, uppdrætti og kosnaðaráætlanir fyrirhugaðrar gasstöðvar bæjarins samkv. 1. gr. í samningi við C. Franche og fól formanni sínum að gjöra nánari samning við hann hér að lútandi svo og um borgun til hans fyrir starf þetta.

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kl. Jónsson. Kristján Jónsson. Jón Jensson. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Jónsson. Þ.J.Thoroddsen. Katrín Magnússon. Þórunn Jónassen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. K. Zimsen. Guðrún Björnsdóttir. Kristján Þorgrímsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 18. febrúar átti að halda reglulegan fund í bæjarstjórninni, en með því að margir bæjarfulltrúar höfðu tilkynnt forföll og ekki komu til fundar nema 4 fulltrúar með borgarstjóra varð ekki af fundinum.

Páll Einarsson. Sveinn Jónsson. Halldór Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 4. marz 1909 var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 27. f.m. lesnar upp og samþykktar.

2. Lagður fram til athugunar sjúkrasjóðsreikningur kvenfélagsins fyrir árið 1908.

3. Beiðni frá ráðherrafrú R. Hafstein fyrir hönd stjórnar barnahælisfélagsins um 2 kennslustofur barnaskólans ásamt eldhúsafnotum til notkunar fyrir félagið næsta sumar.
Bæjarstjórnin samþykkti að veita hið umbeðna undir eftirliti og umsjón skólastjórans og að notkun félagsins yrði lokið 15. september næstkomandi.

4. Frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir hreyfði því hvorrt unnt væri að fátækum börnum barnaskólans yrði látin í té ókeypis máltíð frá barnaskólaeldhúsinu.
Bæjarstjórnin vísaði því máli til skólanefndarinnar til íhugunar.

5. Beiðni frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir um endurgjald á ofborguðu lóðargjaldi undanfarin 9 ár.
Frúin féll frá kröfu sinni.

6. Beiðni frá Jóni Þórarinssyni fræðslumálastjóra um heimild til að setja accetylingas í íbúðarhús sitt við Laufásveg var vísað til úrslita brunamálanefndar.

7. Tilboði Jórunnar Guðmundsdóttur um sölu býlisins Skaftholt í Eiðslandi var vísað til fasteignanefndar.

8. Beiðni T.Tomassen um útvísun grjótlands var vísað til fasteignanefndar.

9. Beiðni Árna Jóhannssonar og Höggna Finnssonar um skólpræsi í Grundarstíg var vísað til veganefndar.

10. Tilboð Eiríks Bjarnasonar um að selja kaupstaðnum erfðafestuland sitt við Tjörnina var vísað til fasteignanefndar.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Einars Guðmundssonar, Vesturgötu | 8987.oo |
| b. | - Ófeigs Vigfússonar, Hverfisgötu | 4670.oo |

12. Bæjarstjórnin samþykkti að fela borgarstjóranum að gefa bankastjóra Einzil Schou umboð til þess nú í utanferð sinni, að leitast fyrir um, að fá allt að 1/2 miljón króna lán handa kaupstaðnum og gera samning um lánið, ef kjörin yrðu aðgengileg eftir áliti bæjarstjórnar.

Allir á fundi nema Sighvatur Bjarnason, Lárus Bjarnason og Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kl. Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. K. Zimsen. Þ. Jónassen. Guðrún Björnsdóttir. Magnús Blöndahl. Katrín Magnússon. Kristján Jónsson. Sveinn Jónsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 18. marz var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Fellt burtu, sem ófáanleg bæjargjöld 1906 - 1907, samkv. skrá, skólagjöld frá sömu árum, lausafjártíund 1907, og ófáanleg sótaragjöld 1906 og 1907, samkvæmt skrám.

2. Sömuleiðis fellt burtu ófáanleg bæjargjöld árið 1908 samkv. skrá og ófáanleg tíund samkv. skrá.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 13. þ.m., lesnar upp og samþykktar.

4. Veganefndargjörðir frá 15. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

5. Vatnsveitumál. Fundargjörðir vatnsveitunefndar frá 12. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

6. Eftir að hafa fengið umsögn niðurjöfnunarnefndar samþykkti bæjarstjórn að taka ekki til greina útsvarskæru Arnleifar Helgadóttur að fella burtu útsvar Karls Ólafssonar 1907 og 1908- að fella burtu útsvar Guðrúnar Nikulásdóttur fyrir 1908 - að lækka útsvar Ragnheiðar Johnsen fyrir 1908 um 4 kr.
að lækka útsvar Peti Colu niður í 100 kr. 1908.
að lækka um helming 1907 1908 útsvar Böðvars Jónssonar, Bergstaðastræti.

7. Eftir tillögum hafnarnefndar var Birni Guðmundssyni kaupmanni leyft að byggja bryggju fyrir norðaustan Kalkofnlóðina með þeim skilmálum, sem hafnarnefnd ákvað á fundi sínum 16. þ.m.

8. Sama nefnd leggur til, að gamli bátur hafnarnefndar væri seldur og nýr bátur keyptur í staðinn. Bæjarstjórn samþykkti að að selja gamla bátinn og verja allt að 300 kr. til að kaupa nýjan bát fyrir.

9. Fasteignanefndargjörðir frá 16. þ.m. lesnar upp og samþykktar 1 -3.

10. Erindi frá Áburðarfélagi Reykjavíkur, svo og ýmsar tillögur heilbrigðisnefndar var vísað til 3 manna nefndar og í hana kosnir: borgarstjórinn, Kn. Zimsen og Þórður Thoroddsen.

11. Mælt með prófdómara við Stýrimannaskólann við næsta próf prestaskólakennara Eirík Briem.

12. Umsókn Rannv. Jónsdóttur um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars Jónssonar var vísað til umsagnar fátækranefndar.

13. Erindi frá Kristjáni Sæmundssyni sótara var vísað til brunamálanefndar í þeim tilgangi, að samið verði erindisbréf handa sóturunum.

14. Stjórnarráðið tilkynnir með bréfi dags. 13. þ.m. samþykki sitt til að jafnað sé niður 1909 8168 kr. 30 aur. hærri upphæð heldur en heimillt er í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar.

15. Samkv. tillögum fasteignanefndar var samþykkt að bjóða Eiríki Bjarnasyni, að kaupa erfðafestuland hans við Tjörnina fyrir 4500 kr. með þeim skilmálum, að 1000 kr. greiðist um leið og kaupin fara fram, en eftirstöðvarnar með 500 kr. afborgun á ári auk 4% vaxta, en seljandi skal taka túnið á leigu í næstu 7 ár fyrir 180 kr. árlegt gjald, ef bæjarstjórn vill ekki á því árabili ráðstafa erfðafestulandinu á annan hátt.

Allir á fundi nema Lárus H. Bjarnason og Kr. Jónsson.

Fundi slitið.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Magnús Blöndahl. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason. Þ. Jónassen. Þ.J.Thoroddsen. Jón Jensson. Guðrún Björnsdóttir. Sveinn Jónsson. Katrín Magnússon..
K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ófáanleg bæjargjöld frá 1906 og 1907 :

| | |
|---|---|
| Einar Einarsson frá Hæli,(tíund) | kr. 1.31 |
| Guðjón Helgason frá Skipholti | - 10.00 |
| Jón Jónsson, Ánanaust | - 4.23 |
| Sigurður Árnason | - 8.00 |
| Sigurður Sigurðsson | - 20.13 |
| Guðm. Jón son, Bræðraborgarstíg 7 (lóðargjald) | - 6.68 |
| Gísli Jónsson, Nikulásarkoti | - 4.80 |
| Steinsmíðafélagið | - 12.72 |
| Kjartan Runólfsson, Jaðri (tíund) 1906 Þ '07 | - 1.04 |
| Anna Benidiktsdóttir, Doktorshúsi | - 3.00 |
| Ármann Eyjólfsson | - 5.88 |
| Árni Árnason | - 6.00 |
| Bjarni Hannesson | - 16.00 |
| Bjarni Þórðarson kr. 14.oo Bjarnleifur Jónsson | - 12.00 |
| Bjarni Bjarnason, Hákoti | - 6.00 |
| Björn Pálsson, frá Pálskoti | - 6.00 |
| Bjarni Sveinsson | - 8.00 |
| Einar Einarsson frá Hæli | - 8.00 |
| Einar G. Einarsson | - 12.00 |
| Eyjólfur Bjarnason | - 4.00 |
| Gísli Þorkelsson, verzlm. | - 30.00 |
| Grímur Þórðarson | - 8.00 |
| Guðbjörg Einarsdóttirkr. 4.oo. Guðfinnur Einarsson | - 11.63 |
| Guðjón Jónsson Kr 12.oo/ - Guðjón Jónsson | - 14.00 |
| Guðlaugur Hinriksson kr. 14.oo - Guðlaugur Ingimundarson | - 7.00 |
| Guðmundur Brandsson | - 2.88 |
| Guðmundur Finnbogason | - 10.00 |
| Guðmundur Helgason | - 16.00 |
| Guðmundur Jónsson, Suðurgötu 13 | - 19.00 |
| Gústaf Guðmundsson | - 16.00 |
| Guðni Magnússon, skósmiður | - 8.00 |
| Guðni Vigfússon, trésmiður | - 6.00 |
| Helgi Thorlacius | - 4.00 |
| Helgi Þórðarson, prentari | - 20.00 |
| Hjörleifur Þórðarson | - 8.12 |
| Ingvar Benediktsson | - 20.00 |
| Ingvar Nikulásson, prestur | - 5.00 |
| Jensen, Knud | - 15.00 |
| Jóhann Kr. Jóhannsson | - 14.00 |
| Jóhannes Guðbjörn Jóhannesson | - 14.00 |
| - Jóhannesson | - 14.00 |
| - Bergur Jónsson | - 6.00 |
| Jón Einarsson, ~~12~~ | - 12.00 |
| Jón Guðmundsson, frá Gunnarsholti | - 12.00 |
| Jón Sch. Hansson | - 6.00 |
| Jón Hermannsson | - 14.00 |
| Jón Jónsson, frá Miðey | - 18.07 |
| - Kristjánsson | - 8.00 |
| - Sigurðsson | - 18.00 |
| - Steingrímsson | - 14.00 |
| Jónatan Guðmundsson | - 15.00 |
| Karl Bjarnason | - 10.00 |
| Kristján Benediktsson | - 17.00 |
| - E. Gestsson | - 14/00 |
| Larsen A. | - 7.50 |
| Magnús Eiríksson | - 8.00 |
| - Jónsson | - 14.00 |
| - Sigurðsson, Símonarsonar | - 1.06 |
| Nielse, Harald | - 16.00 |
| Olsen Jerntopt | - 12.00 |
| Petersen Bernhard | - 5.00 |
| Runólfur Eiríksson, járnsmiður | - 14.00 |
| Sigríður Friðriksson | - 4.00 |
| Sigríður Thorlacius | - 5.00 |
| Sigurður Hjörleifsson | - 14.00 |
| - Jóhannsson | - 18.00 |
| - Sigurðsson | - 12.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Sigurfinnur Brandsson | Kr.18.00 |
| Sigurjón Arnlaugsson | - 4.00 |
| - T. Jónsson | - 14.00 |
| Sveinbjörn Björnsson | - 10.00 |
| Stefán Jónsson, frá Barðastöðum | - 16.00 |
| Steingr. Matthíasson | - 65.00 |
| Steinunn H. Jónasdóttir | - 6.00 |
| Steinvör Árnadóttir | - 6.00 |
| Sveinn Ásmundsson | - 4.00 |
| - Gunnlaugsson | - 9.00 |
| Valdimar Rögnvaldsson | - 4.00 |
| Þórarinn Guðmundsson | - 16.00 |
| Þorbjörn Jónsson trésmiður | - 20.00 |
| Þórður Ólafsson | - 8.00 |
| Þorsteinn Ólafsson | - 16.00 |
| - Þorbergsson | - 8.00 |
| Aukaniðurjöfnun 1907: Arnbjörg Gísladóttir | - 4.00 |
| Bergvin Jóhannsson | - 8.00 |
| Björn Markússon | - 8.00 |
| Eiríkur Jónsson | - 7.00 |
| Guðjón Jónsson | - 7.00 |
| Hannes Hand, járnsm. | - 12.00 |
| Hjörtur Eyjólfsson | - 7.00 |
| Jóhannes Jóhannesson | - 8.00 |
| Friðbjörn Einarsson | - 8.00 |
| Ófáanleg túngjöld '07: ~~G. Guðmundss. 00~~ | |
| G.Magnúss. og Ág. Guðmundsson, Norðurmýrarblettur nr. 19 | - 37.92 |
| Ófáanleg skólagjöld: Þorsteinn Jónsson | - 20.00 |
| Kristján Þorsteinsson | - 6.00 |
| Bjarni Jakobsson | - 6.00 |
| Ásgeir Eyþórsson | - 17.50 |
| Guðmundur Pétursson, læknir | - 12.00 |
| Ófáanleg bæjargjöld 1908: Ágúst Ó. Bjarnason | - 8.00 |
| - Pálsson, skósmiður | - 14.00 |
| Andersen O. verzlunarm. | - 20.00 |
| Anna Benediktsdóttir | - 6.00 |
| Ari Erlendsson | - 10.00 |
| Árni Gíslason, Laugavegi 1 | - 25.00 |
| Árni Magnússon, Hverfisgötu 28 | - 16.00 |
| Ásmundur Ólafsson frá Keflavík | - 10.00 |
| Benedikt Bjarnason | - 14.00 |
| Bergvin Jóhannsson | - 12.00 |
| Bjarni Bjarnason | - 12.00 |
| Bjarni Hannesson | - 16.00 |
| Bjarnleifur Jónsson | - 6.00 |
| Björn Björnsson | - 6.00 |
| - Markússon frá Gafli | - 16.00 |
| - Pálskoti, Pálsson | - 6.00 |
| Brynjólfur Ólafsson frá Uxahrygg | - 16.00 |
| Clausen, Axel | - 12.00 |
| Einar Einarsson frá Hæli | - 8.00 |
| - G. Einarsson, frá Eyrarbakka | - 12.00 |
| - Sigurðsson frá Þjórsárbrú | - 8.00 |
| - Þórðarson frá Heimalandi | - 16.00 |
| Eiríkur Jónsson, Nýlendugötu | - 14.00 |
| - Kjerúlf | - 10.00 |
| - I. Þórarinsson | - 8.00 |
| Gísli Kristjánsson, Skólavörðustíg | - 8.00 |
| - Þorkelsson, verzlunarmaður | - 30.00 |
| Grímur Hierómymusson | - 16.00 |
| - G. Helgason | - 12.00 |
| Guðfinnur Einarsson, trésmiður | - 18.00 |
| Guðjón Jónsson, trésmiður | - 20.00 |
| - Magnússon, skósmiður | - 8.00 |
| Guðmundur Gíslason | - 18.00 |
| - Árnason, Hverfisgötu 34 | - 12.00 |
| - Guðmundsson, Norðurstíg 3 | - 16.00 |
| - Helgason, Laugavegi 47 | - 14.00 |
| - Jónsson, Bergstaðastræti 27 | - 14.00 |
| - - - 23 | - 14.00 |


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Guðmundur Jónsson, Grettisgötu 28 | Kr. 12.oo |
| - Semingsson | - 10.oo |
| - Sigurjónsson | - 16.oo |
| - Þórðarson frá Eyrarbakka | - 14.oo |
| - Þórðarson, Vesturgötu 46 | - 12.oo |
| - Þorsteinsson | - 18.oo |
| Guðný Gisladóttir | - 6.oo |
| Gunnar Jónsson, Grettisgötu 31 | - 16.oo |
| Hallgrímur Gíslason | - 12.oo |
| Helgi Thorlacius | - 4.oo |
| Hjörtur Eyjólfsson | - 14.oo |
| Hósías Bjarnason, trésmiður | - 18.oo |
| Ingvar Benediktsson | - 25.oo |
| Jakob Jónsson frá Auðnum | - 10.oo |
| Jensen, Knud | - 15.oo |
| - N. P. | - 12.oo |
| Jóhann Kr. Jóhannsson, Grettisgötu | - 18.oo |
| Jóhannes Bergur Jónsson | - 6.oo |
| - Kristjánsson, trésmiður | - 18.oo |
| Jón Björnsson frá Læk | - 14.oo |
| Jón Eyjólfsson, kaupmaður | - 8.oo |
| Jón Friðfinnsson | - 16.oo |
| - Guðmundsson, Grettisgötu 35 | - 14.oo |
| - Guðmundsson, Hverfisgötu | - 18.oo |
| - Halldórsson | - 12.oo |
| - Sch. Hansson | - 16.oo |
| - Hermannson, verzlunarmaður | - 16.oo |
| - Jónsson, Vigfússonar | - 12.oo |
| - Jónsson, frá Miðey | - 14.oo |
| - Jónsson, frá Seyðisfirði | - 14.oo |
| - Jónsson, Laugaveg 50 | - 16.oo |
| - Sigurðsson | - 8.oo |
| - Steingrímsson, frá Tjörn | - 16.oo |
| - Vilhjálmsson, Vesturgötu 12 | - 12.oo |
| Jónas Jónsson | - 8.oo |
| Jónatan Guðmundsson | - 20.oo |
| Júlíus Jörgensen | - 7.50 |
| Jörgensen, Theódór | - 40.oo |
| Kristján Benediktsson | - 18.oo |
| Lórenz A. fóðrari | - 15.oo |
| Magnús Jónsson, Laugavegi 69 | - 16.oo |
| - Sverrisson | - 16.oo |
| Melton Krav | - 30.oo |
| Ólafur Davíðsson | - 60.oo |
| - Guðmundsson | - 10.oo |
| - Sæmundsson | - 16.oo |
| Pálína Helgadóttir | - 4.oo |
| Páll Vídalín | - 8.oo |
| Ross Carl í Slippnum | - 16.oo |
| Runólfur Guðmundsson | - 16.oo |
| Ronting Victor | - 8.oo |
| Sigríður Thorlacius | - 4.oo |
| Sigurbjartur Kristbjartsson | - 10.oo |
| Sigurbjörg Helgadóttir | - 6.oo |
| Sigurður Eggerz sýslumaður | - 40.oo |
| - Guðmundsson | - 14.oo |
| - Jóhannsson | - 20.oo |
| - L. Sveinbjarnarson | - 14.oo |
| Sigurgeir Jónsson | - 7.oo |
| Steindór Egilsson | - 16.oo |
| Steinvör Árnadóttir | - 6.oo |
| Steinunn H. Jónsdóttir | - 6.oo |
| Sveinbjörn J. Einarsson | - 16.oo |
| Sveinn Gunnlaugsson | - 18.oo |
| Sæmundur Hansson | - 10.oo |
| Thomsen skraddari | - 10.oo |
| Valdimar Guðmundsson | - 16.oo |
| - Rögnvaldsson | - 10.oo |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Vigfús Jónsson, Hverfisgötu 17 | Kr.16.oo (16.o |
| Þórarinn Guðmundsson | - 16.oo |
| Þórður Þórðarson | - 12.oo |
| Þorkell Jónsson | - 12.oo |
| Þorleifur Árnason | - 16.oo |
| Þorsteinn Hafliðason | - 8.oo |
| - Þorbergsson | - 12.oo |
| Þórunn Gísladóttir | - 6.oo |
| Guðjón Guðmundsson | - 20.oo |
| Aukaniðurjöfnun 1908: | |
| Guðjón Guðmundsson | - 10.oo |
| Helga Einarsdóttir | - 3.oo |
| Jakobsen, Edvin | - 50.oo |
| Ólafur Auðunsson | - 8.oo |
| Runólfur Jónsson | - 8.oo |
| Sigurður Pálsson | - 8.oo |
| - Þorvarðsson | - 8.oo |
| Ófáanleg lausafjártíund: | |
| Brynjólfur Eiríksson | - 2.13/~~00~~ |
| Erasmus Gíslason | - 1.33 |
| Einar Finnsson | - 1.33 |
| Guðmundur Kr. Ólafsson | - 1.42 |
| Guðmundur Magnússon | - 1.86 |
| Jón Jakobsson | - o.54 |
| Viðaukaskrá; yfir ófáanleg bæjargjöld 1908: | |
| Egill Gunnlaugsson | - 8.oo |
| Guðmundur Guðmundsson, Kárastíg | - 16.oo |
| Ingimar Hoffmann | - 16.oo |
| Jóhannes Jóhannesson | - 16.oo |
| Jón Árnason, skstj. | - 25.oo |
| - Guðmundsson | - 20.oo |
| Meinholt | |
| Ólafur St. Thordersen | - 10.oo |
| Petersen Aage | - 4.oo |
| Randa Chr. | - 25.oo |
| Símon Kristjánsson | - 25.oo |
| Þórarinn Egilsson | - 8.oo |
| Jón Guðbrandsson | - 25.oo |
| Benedikt Stefánsson | - 10.oo |
| Ófáanleg lausafjártíund 1907: | |
| Bjarni Guðmundsson | - 1.55 |
| Brynjólfur Eiríksson | - o.29 |
| Eiríkur Grímsson | - o.97 |
| Guðjón Knútsson | - 2.32 |
| Guðm. Guðmundsson, Laugavegi 33 | - 1.16 |
| Gunnar Þórðarson | - o.29 |
| Jón J. Bjarnason, Ísafirði | - o.29 |
| - Guðmundsson, skipstjóri | - 1.55 |
| - Jakobsson | - 1.55 |
| - Jónsson, Melshús | - o.58 |
| - ~~Jónsson~~, Klapparstíg, Jón Magnússon, Klapparstíg | - 1.55 |
| - H. Hannesson, Ísafirði | - o.87 |
| Pétur Sigurðsson, Hrólfsskála | - 1.55 |
| Þórður Jónsson, Birtingaholti | - 1.55 |
| Gunnar Hafliðason, dánarbú | - o.58 |
| | - o.67 |
| Ófáanleg sótaragjöld 1906 og 1907: | |
| Guðmundur Jónsson, Bræðraborgarstíg 7 | - 4.oo |
| Ágúst Einarsson, Jaðri | - 1.oo |
| Guðmundur Björnsson, Laugavegur fl. | - 4.oo |
| Sveinn Ólafsson, Smiðjustíg 11 | - 2.oo |
| Bríet Bjarnhéðisdóttir, Þingholtsstræti 18 | - 1.oo |
| Magnús Vigfússon, verkstjóri, Kirkjubóli | - 2.oo |
| Torfi Þórðarson, Hlíðarhús | - 1.oo |
| Guðjón Þórðarson. | - 1.oo |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 1. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Þetta var gjört:

1. Lagður úrskurður á athugasemdir við reikning bæjarsjóðs fyrir árið 1907. Úrskurðartillögur þær, er fjárhagsnefnd og endurskoðendur í sameiningu höfðu samið við téðar athugasemdir voru allar samþykktar í einu hljóði og reikningurinn þannig samþykktur samkvæmt úrskurði þessum.

2. Reikningur hafnarsjóðs fyrir árið 1907 úrskurðaður á sama hátt. - Þó eru samþykktar svohljóðandi breytingartillögur við 3, gr. athugasemda við téðan reikning: "Hafnarnefndin leiti eftir endurgjaldi hjá landsstjórninni á þessum 30 krón" (samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2.

3. Reikningur brunabótasjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1907, sem ekkert hafði fundizt að samþykktur í einu hljóði.

4. Lagður fram til athugunar baðhúsreikningur Reykjavíkur fyrir 1908.

5. Bygginganefndargjörðir frá 27. marz 1909 lesnar upp og samþykktar í einu hljóði.

6. Samþykktar þær á kjörskrá til alþingiskosninga fyrir 1909 - 1910, sem kjörstjórnin hafði lagt til að gjörðar væru. Jafnframt var kjörstjórninni falið að gjöra út um það, að fengnum lögboðnum skýringum um hvort 7 menn, er kært höfðu og óskorið er enn úr um hvort taka bæri á kjörskrá skyldu teknir upp á skrána eða ekki. - Kjörstjórnin leiðrétti skrána samkvæmt þeim úrskurði.

7. Beiðni Kristjáns Sæmundssonar, sótara, um launahækkun sinjað að þessu sinni.

8. Beiðni Guðmundar Gíslasonar snikkara um styrk til að kynna sér erlendis meðferð slökkvitóla og annað það, er að eyðing eldsvoða snertir vísað til brunamálanefndar til álita.

9. Samþykkt brunabótavirðing á húsi Sveins Jónssonar snikkfyrir vestan Rauðarárstíg Kr. 5624. - Samþykki þetta er þó bundið því skilyrði, að akfær vegur sé lagður að húsinu áður en það er tekið til afnota.

Allir á fundi nema Kl. Jónsson, Magnús Blöndahl, Lárus Bjarnason, Þ. Thoroddsen, Halldór Jónsson og Kristján Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Þórunn Jónassen. Katrín Magnússon. K.Zimsen. Guðrún Björnsdóttir. Sveinn Jónsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 15. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Þetta var gjört:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 10. þ.m. lesnar upp og samþ. í einu hljóði.

2. Lagðar fram tillögur vatnsveitunefndarinnar um tilboð er gjörð hafa verið í skurðgröft og lagningu vatnveitupípna frá Gvendarbrunnum niður fyrir Elliðaár. - Eftir talsverðar umræður var málinu vísað til íhugunar vatnsveitunefndarinnar á ný.- Var það aðallega skýring á tilboði Péturs Ingimundssonar og félaga, sem gaf tilefni til þessarar ályktunar.

3. Leikfélagi Reykjavíkur veittur 500 kr. styrkur fyrir árið 1909-07 - Borgarstjóra var jafnframt falið að halda fram við leikhússtjórnina óskum um nauðsynlegar umbætur á leikhúsvistinni eftirleiðis, eftir því sem umræðurnar hafa gefið tilefni til.

4. Lúðrafélagi Reykjavíkur veittur tiltölulegur hluti af árssstyrk þeim fyrir 1909, sem félagi þessu var veittur á bæjarstjórnarfundi 21. jan. þ.á. (tölul. 9)en félagið síðar afsalaði sér.

5. Pétri Ørnólfssyni veitt eftirgjöf á skólagjaldi fyrir dóttur hans Kristínu.

6. Samþykktar brunabótavirðinar:
Hús Jóns Þórarinssonar fræðslumálastjóra, við Laufásveg kr. 13824.-

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Guðrún Björndóttir.
Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson. Kl. Jónsson. K. Zimsen.
Sveinn Jónsson. Þ.Jónassen. Katrín Magnússon. Þ.J.Thoroddsen.
Sighvatur Bjarnason.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 20. apríl, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

Fundarefni var að taka ákvörðun um tilboð er gjörð hafa verið í skurðagjörð og pípulagningu vatnsveitunnar frá Gvendarbrunnum niður fyrir Elliðaárnar (sbr. síðasta fund tölul. 2).

Borgarstjóri skýrði frá tillögum vatnsveitunefndarinnar um málið, svo sem bókað er í gjörðabókum vatnsveitunefndarinnar 17. þ.m., en þar heldur nefndin fast við þá tillögu sína á fundi 13. þ.m. að tilboð i O.V.Kjojes verði tekið með þeim skilmálum, er nefndin þá setti upp.

Af tilboðum þeim, sem fram komu voru samþykkt tilboð O.V.Kjighs um að framkvæma skurðgröft og pípulagning og samsetning fyrir samtals 79.478.oo krónur, auk borgunar fyrir sámskeyti með blýull - og að öðru leyti með skylyrðum þeim, sem vatnsveitunefndin hefur sett (samb. fumd hennar 13. þ.m.). Um tilboð Péturs Ingimundssonar og félaga var greitt atkvæði en því hafnað með 8 atkvæðum gegn 4.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Þórunn Jóassen. Katrín Magnússon. Jón Jensson. Þ.J.Thoroddsen. Sighvatur Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Kl.Jónsson. Sveinn Jónsson. Lárus Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 6. maí var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni. - Þessi málefni voru tekin fyrir:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 24. apríl þ.á. lesnar upp og samþykktar.

2. Byggingarnefndargjörðir 1. maí þ.á. tölul. 1 -9

3. Sömuleiðis tölul. 10 í byggingarnefndargjörð um 1. maí þ.á. frestað til næsta fundar.

4. Út af fyrirspurn frá bæjarfulltrúa Kl. Jónssyni um það hvort byggt myndi eigi við bráðlega ofan á grunn þann, sem gjörður hefir verið austan við Hotel Reykjavík í Austurstræti svaraði borgarstjóri að eigi væru nein þvingunarákvæði til er beita mætti gegn grunneiganda. Hinsvegar væri sér kunnugt að tilætlunin væri að reisa mjög bráðlega hús á grunninum.

5. Synjað með 5 atkvæðum gegn 4 um 4500 kr. fjárveitingu að þessu sinni til aðgjörðar á sundlauginni. - Aftur á móti var samþykkt að sundkennsla mætti fara fram í laugunum eftir nánari ákvörðun og eftirliti veganefndar. -

6. Samþykkt með 5 atkv. gegn 2 að veita ábúandanum á Breiðholti Guðm. Gunnarssyni 50 kr. styrk úr bæjarsjóði til ofaníburðar, undir umsjón formanns veganefndar, á vagnvegi, sem hann hefur gjört frá Breiðholti niður á sýsluveg.

7. Erindi frá Eiríki Bjarnasyni um skipti á lóð eða kaup á gangstétt vísað til veganefndar til álita.

8. Samþykkt með 6 atkv. gegn 4 að veita Lúðrafélaginu styrk þann fyrir árið 1909, sem ákveðin var á fundi 21. janúar þ.á. óskertum, með skilyrðum þeim sem þar eru sett, þó að því áskildu, að félagið skuldbindi sig til ef bæjarstjórnin óskar þess eða krefst að spila allt árið 1910 fyrir sama styrk.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Bjarna Grímssonar Grímsstaðaholti | Kr. | 2231.oo |
| 2. | - Páls Guðmundssonar, Njálsgötu 14 | - | 4621.oo |
| 3. | - Ólafs Theódórssonar Grundarstíg | - | 4183.oo |
| 4. | - Bjarnar Þórðarsonar, Bergstaðastræti | - | 5417.oo |

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sighvatur Bjarnason. Magnús Blöndahl. Jón Jensson. Þórunn Jónassen. Katrín Magnússon. Þ.J.Thoroddsen. Sveinn Jónsson. Kristján Þorgrímsson. ~~Kristján Jónsson.~~ Guðrún Björnsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, laugardaginn hinn 5. júní var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni, í stað reglulegs fundar, er halda átti 3. þ.m., en fórst fyrir vegna afmælis konungs:

1. Byggingarnefndargjörð frá 2?. maí þ.á. var lesin upp og samþykkt með þeim breytingum að Birni Jónssyni skósmið Hverfisgötu 26 var neitað um leyfi til bryggjuhúss þess er rætt var um í nr. 9 gjörðarinnar og ályktun um nr. 11 var frestað að því er snertir breytingar erfðafestulandi biskups á byggingarlóð.

2. Samþykkt að leyfa að breyta 1225 ferálnum af Melkotstúni í byggingarlóð, en eigendur hafa selt fyrrv. ráðherra H. Hafstein lóð þessa fyrir 1 kr. 50 a. feralin. Bæjarstjórnin afsalaði forkaupsrétti og samþykkti breytinguna gegn 20% af andvirðinu í bæjarsjóð.

3. Byggingarnefndargjörð 4. júní lesin og samþykkt.

4. Beiðni Guðm. Gíslasonar, um 600 kr. styrk til að afla sér fræðslu og æfingar erlendis í slökkvistörfum var synjað eftir tillögum eldvarnarnefndar.

5. Borgarstjóra og slökkviliðsstjóra falið eftir tillögu elds-(varnarnefndar) eldsvoðanefndar að kaupa 4 slökkvislöngur, er hæfi brunahönunum.

6. Samþykkt að bærinn taki að gengnu samþykki stjórnarráðsins reikningslán í öðrum hvorum bankanum, allt að 100.000krónum til að fullgjöra vatnsveituna, og borgarstjóra falið að taka lánið og undirskrifa skuldabréf fyrir því fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

7. Lesið upp frumvarp frá fasteignanefndinni til nýrra skilmála fyrir erfðafesturétti. Frestað málinu til næsta fundar og jafnframt því ýmsum beiðnum um erfðafestulönd, er fasteignanefnd hafði gjört tillögur um úrslit á.

8. Erindi um leigu á laxveiðirétti fyrir landi Knútskots og Gufuness vísað til fasteignanefndar.

9. Borgarstjóra falið að innheimta ef þörf gjörist með málsókn ógreitt árgjald Málms fyrir árið 1908, og honum veitt umboð til að mæta í væntanlegu máli fyrir sáttanefnd og rétti fyrir bæjarins hönd.

10. Erindi frá Sig. Jónssyni og Vilhjálmi Árnasyni um skolpræsi vísað til veganefndar til álita.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| | Hús Guðmundar Símonarsonar við Óðinsgötu með inn- og uppgönguskúr | 10.417. kr. |
| - | Bjarna trésmiðs Jónssonar á baklóð við Frakkastíg með inngönguskúr - | 3.307. - |
| - | Einars trésmiðs Jónssonar Laugavegi 71 með 2 skúrum | 4.695. - |
| - | timburverzlunarinnar "Bakkabúð" ásamt skúr | 4.196. - |
| | Annað hús sömu áfast við sama hús, með skúr | 4.175. - |
| - | Brynjólfs kaupmanns Bjarnasonar við Aðalstræti ásamt geymsluhúsi á sömu lóð | 16.097. - |

Allir á fundi nema Halldór Jónsson, Sighvatur Bjarnason, og Lárus H. Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. Jón Jensson. Þ. Jónassen.
Þ.J.Thoroddsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kl. Jónsson.
Sveinn Jónsson. K. Zimsen. Magnús Blöndahl. Katrín Magnússon.
Kristján Þorgrímsson. Guðrún Björnsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 17. júní var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Bygging gasstöðvanna:
Tilboð um fé til gasstöðvanna lá fyrir frá Carl Frunke og frá Landsbankanum, samkvæmt skýrslu gas- og raflýsingarnefndarinnar dags. 15. þ.m.

Eftir allangar umræður var gengið til atkvæða um tilboð Carl Franckes og var fellt að samþykkja tilboðið í einu hljóði.

Tillaga um að frests atkvæðagreiðslu á fjártilboði Landsbankans var felld 9 : 6.

Tillaga um að taka tilboði Landsbankans um lántöku í því skyni að kaupa af Carl Franche gasstöð samkvæmt tilboði hand, er bæjarstjórn samþykkti á fundi 17. desember 1908 - var samþykkt með 9 atkv. gegn 7, sögðu já:
Katrín Magnússon, Jón Jensson, Þórunn Jónassen, Sveinn Jónsson, Knud Zimsen, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Kristján Jónsson, Halldór Jónsson og Páll Einarsson.

Nei sögðu: Klemenz Jónsson, Magnús Blöndahl, Lárus Bjarnason, Þórður Thoroddsen, Kristján Þorgrímsson, Guðrún Björnsdóttir og Sighvatur Bjarnason (hinn síðastnefndi vegna skilnings á ~~tilboði~~ 2. gr. tilboðs Carl Franches).

Bæjarstjórn veitti gas- og rafurmagnsnefndinni umboð til þess að ákveða, hvar gasstöðin skuli standa, til þess að kaupa grunn undir hana eða makaskipti á grunnum, og ennfremur til þess, að undirbúa allt er þarf undir úrskurð verkfræðings Thorvald Krabbe og endanlegan samning byggingarsamningsins.

Loks samþykkti bæjarstjórn, að veita borgarstjóra heimild til, a, taka í Íslandsbanka þau bráðabirgðalán til gasstöðvanna er nauðsynleg verða ank veðdeildarlán~~s~~ Landsbankans fæst útborgað.

2. Erfðafestumál:

a. Bæjarstjórnin samþykkti frumvarp erfðafestunefndarinnar til nýrra erfðafestuskilmála með þeim breytingum, að upphaf 7. gr. orðist svo: "Hvenæt sem bæjarstjórnin þarfnast þess handa bænum eða öðrum er leigjanda skylt o.s.frv." og í sömu grein komi: 30 aur." í stað "25 aur."

b. Bæjarstjórn samþykkti og samkvæmt tillögum nefndarinnar að veita erfðafestuland þessum mönnum: Brynjólfi Jónssyni 60x15 faðma landspildu austur af erfðafestulandi hans norðan Laugavegar, en ekki nær veginum en en í 25 faðma fjarlægð..

Vilhjálmi Bjarnasyni, allt að 4 dagsláttum í mýrinni austan nýnefnds lands til Brynjólfs Jónssonar að vestan og Laugarnesvegar að austan en einnig í 25 faðma fjarlægð frá Laugavegi.

Bæði þessi lönd skulu ræktuð að fullu áður en 3 ár eru liðin frá útmælingu.

Pétri Hjaltested þríhyrnu þá, er liggur sunnanvert við tún hans sjálfs, að fráskilinni nægilega breiðri spildu undir svonefndan Sigurlaugarstíg.

Beiðni Hjálpræðishersins um erfðafestuland í Vatnsmýrinni var synjað.

Sömuleiðis var beiðni Helga Hannessonar um erfðafestuland sunnan í Skólavörðuholtinu synjað eftir tillögum nefndarinnar.

Beiðni Páls Halldórssonar um erfðafestuland í Kleppslandi var frestað.

c. Fasteignanefndargjörðir frá 14. þ.m. voru samþykktar, þó þannig, að Ólafi Overans var synjað um lifrarbræðslu í Effersey.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 12. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót, að land það er Þórhallur biskup Bjarnason óskar að fá breytt í byggingarlóð skal metið til peningaverðs af dómkvöddum mönnum. Síðasta mati byggingarnefndargjörðanna verði frestað.

4. Brunabótavirðing~~ar~~ samþykkt:

| | |
|---|---|
| Húseign Völundar Laugavegi 17 | 23115. kr. |

Allir á fundi fyrri hluta fundarins, en farnir voru fyrir fundarlok þeir er ekki skrifa undir fundinn.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Sighvatur Bjarnason. Guðrún Björnsdóttir. Kristján Jónsson.
Þórunn Jónassen. Kl.Jónsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen.
Sveinn Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, miðvikudaginn 23. júní var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndin hafði á fundi sínum 12. þ.m. mælt með því, að bærinn keypti nú þegar spildu af lóð frú Soffíu Thorsteinsen til lagfæringar Laufásvegar, þannig að vesturjaðar götunnar fylgi austurhliðum húsa Jóns Þórarinssonar og Odds Gíslasonar; verðið 1.25 hver feralin.(Síðasta mál byggingarnefndargerðar 12. þ.m.).
Út úr máli þessu var samþykkt svohljóðandi tillaga: Með því að hér er um kálgarðslóð að ræða en ekki byggingarlóð þykir bæjarstjórn hið boðna verð of hátt og samþykkir að láta dómkvadda menn meta hana til peningaverðs, sem slíka.

2. Erindi Eiríks Bjarnasonar um girðing og lóðarskipti fyrir sunnan hús hans var frestað til að fá gleggri upplýsingar.

3. Erindi frá Vilborgu Gunnarsdóttur um rennu og holræsi í götumegin við hús hennar í Lindargötu var vísað til veganefndar.

4. Til athugunar sömu nefndar var vísað erindi frá heilbrigðisnefnd samkv. fundargerð hennar frá 11. maí.

5. Erindi heilbrigðisfulltrúans um ráðstafanir aðgerðar lækjar- og lækjaróss var vísað til sömu nefndar.

6. Erindi frá Bergi Einarssyni um breyting á leiguskilmálum fyrir landi umhverfis Móakotslind var vísað til fasteignarnefndar.

7. (Erindi frá Bergi) Til að gjörs tillögur til bæjarstjórnar út af 5 útsvarskærum voru kosnir í nefnd:
Páll Einarsson, Jón Jensson og Klemenz Jónsson.

8. Út af erindi Gísla Finnssonar fól bæjarstjórnin vatnsveitunefndinni að semja til bráðabirgða reglugerð fyrir innlagningarmenn vatnspípna um hús bæjarmanna.

9. Erindi Einars Teitssonar um svæði við sjóinn til skúrbyggingar til fiskisölu á nýjum fiski var vísað til byggingarnefndar.

10. Mælt með styrkbeiðni úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar fyrir börnin Elínu Guðrúnu V. Jónsdóttur og Gísla Stefánsson.

Fundi slitið.

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason, Þórunn Jónassen og Þórður Thoroddsen.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kl. Jónsson. Magnús Blöndahl. Sighvatur Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Sveinn Jónsson. Kristján Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Katrín Magnússon. Jón Jensson. K. Zimsen. Guðrún Björnsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 9. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1/ Byggingarnefndargjörðir frá 26. júní lesnar upp og samþykktar, þó þannig að frestað var að ákveða um lóðarkaup af O. Forberg.

2. Veganefndargjörðir frá 28. júní lesnar upp og samþykktar, en þá var frestað ákvörðunum um gangstéttarmálið meðfram Tjörninni.

3. Samningur um byggingu gasstöðvar og ráðstafanir nefndarinnar var rætt mjög lengi og síðan frestað úrslitunum til næsta fundar.

4. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Jónasar Guðmundssonar, Grettisgötu | 4314.kr. |
| b. | - (heyhús) Magnúsar Vigfússonar, Kirkjubóli | 950.- |

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson.
Kl. Jónsson. Magnús Blöndahl. Guðrún Björnsdóttir.
Jón Jensson. Sveinn Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Katrín Magnússon. Þ.Jónassen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 fimmtudaginn 15. júlí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 10. júlí þ.á. lesnar upp og samþykktar, þó þannig, að bæjarstjórnin vildi ekki taka tilboði Forbergs um kaup á lóðarræmu til breikkunar Skálholtskotsstíg af honum, fyrir kr. 1.59 aur. feralin. og heldur ekki bjóða honum 1. kr. fyrir feralin.

2. Veganefndarfundargerðir frá 12. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Fundargerðir fasteignanefndar frá 6. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

4. Erindi frá Guðmundi Egilssyni um tilboð forkaupsréttar á Melstaðabletti fyrir 1000 kr. vísað til fasteignanefndar.

5. Nefnd sú, er kosin var á bæjarstjórnarfundi 23. f.m. til .ess að íhuga útsvarskærur kom með álit sitt. Eftir tillögum hennar samþykkti bæjarstjórn, að útsvar fyrverandi biskups, Hallgríms Sveinssonar, skyldi fyrir yfirstandandi ár sett sett niður í 290 kr. að útsvar Þórðar Thorsteinson skyldi standa óbreytt, að útsvar Guðrúnar Jónsdóttur skuli sett niður í 8 kr., að falla skyldi frá útsvarskröfu á hendur Sigurðar Sigurðssonar frá ~~Mýri~~ Minni - Knarrarnesi fyrir þ.á. að kærur Guðmundar Loftssonar og Péturs Zophoníassonar skuli ekki teknar til greina með því að þær eru of seint fram komnar.

6. Stjórnarráðið óskar umsagnar bæjarstjórnar um bréf konsúls Bulloins viðvíkjandi húsbyggingu hans í Félagstúni. Bæjarstjórn samþykkti að fela byggingarnefnd að svara því bréfi.

7. Stjórnarráðið óskar umsagnar bæjarstjórnar um bréf sama konsúls um rennuhreinsun kring um franska spítalann. Bæjarstjórn fól heilbrigðisnefnd að svara því bréfi.

8. Stjórnarráðið óskar loks umsagnar bæjarstjórnar um bréf sama konsúls um sýkingarhættu í franska spítalanum af slátrunarhúsi þar nærri. Bæjarstjórn óskar umsagnar heilbrigðisnefndar um þetta bréf.

9. Skógræktarfélagi Reykjavíkur var veittur 200 kr. styrkur úr bæjarsjóði fyrir þ.á. eins og að undanförnu samkvæmt umsókn formanns félagsins í bréfi dags. 2. þ.m.

10. Heilbrigðisnefndin hafði lagt til, að Siggeir Torfasyni kaupmanni skyldi veitt slátrunarleyfi. Bæjarstjórn ákvað að veita honum því að eins hið umbeðna leyfi, að hann fullnægi ákvæðum heilbrigðissamþykktarinnar hér að lútandi.

11. Tilkynnt að dómkvaddir menn hefðu metið til peningaverðs lóðarspildu af erfðafestulandi Þórhalls biskups Bjarnasonar, er hann hefur fengið heimild bæjarstjórnarinnar til, að breyta í ~~þ~~ byggingarlóð, á 40 aura feralin, eða alls lóðarspilduna á 2400 kr.

12. Tilkynnt bréf cand. jur. Hannesar Thorsteinsson, er fyrir hönd móður sinnar mótmælir því, að lóðarræma hennar við Laufásveg, er spurning hefur verið um, hvort taka ætti til breikkunar Laufásvegar, verði metin til peningaverðs, sem kálgarðslóð.

13. Til þess að meta af hálfu bæjarstjórnar jarðaspjöll ofan Elliðaáa vegna lagningar vatnsveitunnar var kosinn Björn Guðmundsson kaupmaður.

14. Kosnir í nefnd til að semja frumvarp til nýrra fundarskapa fyrir bæjarstjórnina: Klemenz Jónsson, Jón Jensson og Kristján Jónsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Erindi um viðbót og breytingu á reglum um mjólkursölu var vísað til umsagnar heilbrigðisnefndar.

16. Bæjarstjórn samþykkti, að gefa borgarstjóra umboð sitt til, að undirskrifa fyrir sína hönd byggingarsamning um gasstöð í Reykjavík við firmað Carl Franche í Bremen, eða umboðsmenn hans hér í Reykjavík, eins og samningur þessi lá fyrir bæjarstjórninni prentaður og með þeirri skýring og viðbót er lá fyrir fundinum skrifleg og umboðsmaður Carl Frauches hafði einnig samþykkt.

17. Stjórnarráðið óskar í bréfi dags. 13. þ.m. umsagnar bæjarstjórnar um erindi 3 bæjarfulltrúa út af lóðarkaupum undir byggingar gasstöðvarinnar. Bæjarstjórnin fól gasnefndinni að svara því bréfi.

18. Bæjarstjórn samþykkti með öllum greiddum atkvæðum svohljóðandi tillögu: Bæjarstjórnin gefur gasnefndinni umboð sitt til, að hafa alla umsjón með öllu því, er þarf til þess, að fullnægt sé og framkvæmdur byggingarsamningur sá, er gerður hefur verið við firmað Carl Frauche í Bremen um bygging gasstöðvarinnar.

19. Brunabótavirðing samþykkt:
Húseign Halldórs Jónssonar, Litlabæ á Grímsstaðaholti kr. 648.00.

Allir á fundi nema Lárus H. Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Magnús Blöndahl. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Þórunn Jónassen. Guðrún Björnsdóttir. Jón Jensson. Sighvatur Bjarnason. K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristján Jónsson. Kl. Jónsson. ósamþykkur 6. atr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 5. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 31. f.m. voru lesnar upp og samþykktar, þó með þeirri breytingu, að málinu um undanþágu frá 11. gr. byggingarsamþykktar - fyrir hús H. Hafsteins bankastjóra, var vísað aftur til byggingarnefndar.

2. Fasteignanefndargerðir frá 3. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Eiríki Bjarnasyni veitist heimild til að nota og umgirða til skrautgarðs hálfbogalagað svæði fyrir sunnan íbúðarhús sitt - jafnstórt lóðarræmunni fyrir sunnan smíðahús hans og part - allt samkvæmt framlagðri teikningu, með því skilyrði, að hann sleppi öllu tilkalli til allrar annarar lóðar milli húseignar og Tjarnarinnar. - Sþ. 7:6.

4. Ákvörðun út af gjörðum heilbrigðisnefndar á fundi 24. f.m. var frestað - viðvíkjandi rotþró í Tjarnargötu.

5. Lesin upp svör heilbrigðisnefndar upp á kvartanir franska konsúlsins, sem forstjóra spítalans við Lindargötu, svo og tillögur hennar um Tjörnina og lækinn. Fundargerð 20. júlí þ.á.

6. Sama nefnd tjáir sig í sömu fundargerð ekki fært að mæla með því, að breytt sé heilbrigðissamþykkt í þá átt, er Siggeir Torfason óskar eftir, svo að hann geti slátrað fé í porti sínu. Én í fundargerð frá 3. þ.m. mælir sama nefnd enn með, að sama kaupmanni verði veitt undanþága frá ýmsum ákvæðum samþykktarinnar svo að hann geti slátrað fé í porti sínu og selt slíkar vörur í húsum sínum.

Bæjarstjórnin samþykkti svohljóðani frumvarp: til breytingar áheilbrigðissamþykkt Reykjavíkurkaupstaðar 30. jan. 1905.

39. gr. orðist svo:
Þeim mönnum, sem slátruðu til sölu eða seldu kjöt eða gjörðu matvæli af kjöti til sölu á þeim tíma, er heilbrigðissamþykkt bæjarins 30. jan. 1905 öðlast gildi, getur bæjarstjórn með ráði heilbrigðisnefndar veitt undanþágu frá ákvæðum 31. 35. 36. og 37. gr. samþykktarinnar, en þó ekki lengur en til ársloka 1911.

7. Tilkynnt bréf stjórnarráðsins 22. f.m. er heimilar vatnstöku úr Gvendarbrunnum í jarðarinnar Hólms landimeð því skilyrði að bætur, er greiða kann að þurfa ábúanda Hólms eða öðrum, verði greitt úr bæjarsjóði.

8. Tilkynnt bréf stjórnarráðsins 27. f.m., er skýrir frá, að Eggert Briem skrifstofustjóri sé nefndur til þess að taka sæti ii nefnd þeirri, er meta á landsspjöll af völdum vatnsveitu Reykjavíkur á svæðinu frá Gvendarbrunnum að Elliðaánum.

9. Tilkynnt mat dómkvaddra manna á lóðarræmu, er taka þarf af lóð frú Sophíu Thorsteinson til breikkunar Laufásvegar. Matið var 2/3 kr. fyrir feralin. Málinu frestað að öðru leyti til næsta fundar.

10. Kosnir í nefnd til að íhuga, hvernig og hverjir meta skuli lóðir, er bærinn þarf að taka til eignarnáms: Klemenz Jónsson og Lárus Bjarnason og Kristján Jónsson.

11. Erindi Halldórs Jónssonar á Litlabæ á Grímsstaðaholti um erfðafestubréf var vísað til fasteignanefndar.

12. Erindi Magnúsar Egilssonar um erfðafestuland í Rauðarárholti var vísað til sömu nefndar.

13. Eftirgefið 20 kr. aukaútsvar 1908, Einari Sveinssyni(frá Þjóðólfshaga), bláfátækum ómagamanni.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Brunabótavirðingar samþykktar:
Húseign landssjóð á Arnarhólstúni Safnahúsið kr. 195.984.00

15. Eftir tillögum skólanefndar samþykkti bæjarstjórn, að stofna 2 ný kennaraembætti við barnaskólann, með 1000 kr. launum hvor og 30 tíma skyldukennslu á viku.

16. Eftir tillögum sömu nefndar var samþykkt að hækka laun Sigurðar Jónssonar barnaskólakennara upp í 1500 kr. á ári frá 1. okt. þ.á. að telja.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson og Katrín Magnússon. Af því að fundurinn hafði staðið fram til kl. 1 um nóttina voru nokkrir bæjarfulltrúar farnir af fundinum áður en atkvæði voru greidd um síðasta málin 2.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Sighvatur Bjarnason.
Magnús Blöndahl. Lárus Bjarnason. K. Zimsen. Þórunn Jónassen.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Sveinn Jónsson. Guðrún Björnsdóttir.
með þeim fyrirvara að
ekki sé rétt tekið upp úr fundargerð heilbrigðisnefndar
20. júlí síðastliðinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 19. apríl, átti að vera reglulegur fundur í bæjarstjórninni, en einungis mættu 7 af bæjarfulltrúunum ásamt borgarstjóra, og var því ekki fundarfært.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 2. september, var reglulegur fundur á bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 14. ágúst voru lesnar upp og samþykktar að öðru en því, að 4. málinu (um fiskisölulóð, er Einar Teitsson biður um) var vísað til nefndarinnar aftur til ítarlegri íhugunar.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 18. ágúst og 30. ágúst voru lesnar upp og samþykktar að öðru en því, að 7. máli (um breikkun Bankastrætis og lenging Ingólfsstrætis norður í Hverfisgötu) var vísað aftur til nefndarinnar.

3. Hafnarnefndargjörðir frá 5. og 17. ágúst voru lesnar upp og samþykktar.

4. Fyrirspurn var gerð til borgarstjóra og hafnarnefndar um, hvað liði áætlunum og teikningum hafnarverkfræðings Smith í Christjaníu. Upplýst var, að á síðastliðnum vetri hefði hann fengið ýmsar upplýsingar og mælingar, er hann hefði beðið um, svo að vænta má að eigi lýði á löngu áður en málið kemur frá honum.

5. Fundargerðir ~~vegna/efndar/frá~~ veganefndar frá 30. ágúst voru lesnar upp. Samþykkt að veganefnd taki til yfirvegunar vegagerð að húsunum á Melunum, þá er hún í haust smur áætlun sína, og að verja allt að 300 kr. til varnargarða við Lækjarósinn.

6. Meðalmeðlag með óskilgetnum börnum var ákveðið 100 kr. á ári frá 14. maí 1909, ~~og/beim/skilyrðum~~ til jafnlengdar 1914.

7. Tilkynnt staðfesting stjórnarráðsins á breyting á 38. gr. heilbrigðissamþykktarinnar. Staðfestingin er dagsett 11. ágúst þ.á.

8. Siggeir Torfasyni var veitt slátrunarleyfi fyrst um sinn til ársloka 1909 með þeim skilyrðum, sem heilbrigðisnefnd hefur tiltekið í bréfi 12. f.m.

9. Bankastjóra H.Hafstein heimilað að byggja rotþró við hús sitt við Tjarnargötu, samkvæmt ákvæðum heilbrigðisnefndar og láta afrás hennar fara,fyrst um sinn út í Tjörnina.

10. Ákveðið að byggingarnefnd ~~veiti~~ meti endurgjald lóðarræmu, er taka skal til breikkunar Skálholtsstígs af O. Forberg

11. Samþykkt að taka ~~lóðarræmu~~ lögnámi lóðarræmu af frú Sophiu Thorsteinsson, til breikkunar Laufásvegi og greiða fyrir hana 2/3 kr. hverja feralin, samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna.

12. Erindi nokkurra borgara um styrk til barnaskóla ~~XXXXXXX~~ Ásgeirs Magnússonar var vísað til skólanefndar.

13. Kosnir brunabótavirðingamenn frá 1. okt.1909 til 1. okt. 1910 Hjörtur Hjartarson og Sigvaldi Bjarnason snikkarár.

14. Erindi Øgmundar Guðmundssonar um afnot grjótlands o.fl. var vísað til veganefndar.

15. Brunabótavirðingar lesnar upp og samþykktar:
Húseign Sigurjóns Sigurðssonar í Lækjargötu 10B (Smíðahús) 3896.kr.

Utan dagskrár var af borgarstjóra og vatnsveitunefnd svarað ýmsum fyrirspurnum viðvíkjandi vatnsveitunni og ýmsum aðfinnslum þessu viðvíkjandi.

Skýrsla hafði komið frá verkfræðing bæjarins um vatnspípuskurðina.

~~Allir/á/fundi/nema~~ Bæjarfulltrúi L. H. Bjarnason bar fram svohljóðandi tillögu: Bæjarstjórnin skorar á borgarstjóra að láta rannsaka vinnu Kjäx við vatnsveituna, sem fyrst og sem ýtarlegast.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fellt var við atkvæðagreiðslu, að bera tillögu þessa undir atkvæðagreiðslu, að bera tillögu þessa undir atkvæðagreiðslu, með því að málið var ekki á dagskrá.

Allir á fundi nema Jón Jensson, Kristján Þorgrímsson og Knud Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Þórunn Jónassen. Katrín Magnússon. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Lárus HH Bjarnason. Kl. Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Kristján Jónsson. Sveinn Jónsson. Guðrún Björnsdóttir. Magnús Blöndahl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 16. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 11. þ.m. lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót við 3. lið, að þar er áskilið samþykki brunamálanefndarinnar.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, en þar með var Páli Halldórssyni skólastjóra veitt til ræktunar um 8 dagsláttu land og Guðm. Þorsteinssyni um 1 hektari.

3. Samúel Ólafssyni veitt lausn frá fátækrafulltrúastarfi og valinn í hans stað Ámundi Árnason, kaupmaður .

4. Sesselja Ólafsdóttir yfirsetukona sækir um 100 kr. styrk frá 1. október 1909 til 1. okt. 1910.
Styrkveitingin var felld með 6 atkvæðum gegn 6 að viðhöfðu nafnakalli.

5. Beiðni frá ungmennafélaginu "Iðunn" og frá Íþróttafélagi Reykjavíkur um afnot barnaskólaleikfimishússins til leikfimisæfinga næsta vetur var vísað til skólanefndar.

6. Út af erindi um ýms hlunnindi til barnaskóla Ásgeirs Magnússonar, lagði skólanefnd til að börn úr þeim skóla á skólaskyldum aldri fái að njóta sama réttar til sundkennslu á vori komandi, sem börn úr barnaskóla bæjarins, njóta sama réttar til ókeypis baða í baðhúsinu og endurgjaldslaust afnot af leikfimishúsi barnaskólans eins og síðastliðinn vetur, undir umsjón skólastjóra og þannig, að það ekki komi í bága við leikfimiskennslu bæjarskólans.
Bæjarstjórnin samþykkti þessar tillögur með þeirri viðbót, að veiting þeirra hlunninda sé bundin því skilyrði, að skólinn fái löggildingu stjórnarráðsins.
Ákvörðun um styrk til skólans var frestað.
Borgarstjóri gat þess að 2 menn hefðu verið skipaðir til að rannsaka vatnsveituskurðina.

7. Páll Magnússon sækir um löggilding til vatnsæðalagninga um hús. Vísað til vatnsveitunefndar.

8. Th. Rostgaard sækir um löggilding til vatnsæða- og gasæðaleggingar um hús. Var vísað til þeirra nefnda.

9. Brunabótavirðingum þessum var frestað að samþykkja:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Sigurjóns Sigurðssonar, Lækjargötu 10B | 3896.kr. |
| b. | - | konsúls Brilloins í Félagstúni | 37.476.- |
| c. | - | Jóns Lúðvíkssonar, Lindargötu | 3.263.- |
| d. | - | Stgr. Guðmundssonar Fríkirkjuvegi | 59.603.- |
| e. | - | kat. trúboðans í Landakoti | 29.372.- |
| f. | - | H. Havstein við Tjarnargötu | 20.570.- |
| g. | - | Völundar við Laugaveg 17. | 27.791.- |

Um brunamál og byggingarmál urðu allmiklar umræður, sérstaklega lega út af bygging Brilloins konsúls í Félagstúni.
Svohljóðandi tillaga kom fram, en var ekki borin undir atkvæði: Bæjarstjórnin skorar á borgarstjóra að hlutast til um, að fyrirmælum byggingarnefndarinnar verði komið fram gagnvart viceconsúl Brilloin svo sem lög standa til og tiltækilegast þykir.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. K.Zimsen.
Magnús Blöndahl. Sighvatur Bjarnason. Guðrún Bjarnsdóttir.
Þórarinn Jónassen. Kl. Jónsson. Lárus Bjarnason. Katrín Magnússon. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 23. september, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni, heima hjá borgarstjóra heima hjá borgarstjóra kl. 5 e.h.

Tilefni fundarins var það, að bæjarverkfræðingurinn hafði með bréfi til bæjarstjórnar dags. 16. þ.m. afsagt að hafa eftirlit með bygging gasstöðvarinnar og gaspípnalagningum um bæinn.

Bæjarstjórnin fól gasnefndinni að ráða eftirlitsmann með bygging gasstöðvarinnar og gaspípnalagning, en geymir sér rétt sinn á hendur bæjarverkfræðingnum til að krefjast endurgjalds á kostnaði þeim, er af því leiðir að ráða verður annan eftirlitsmann, og til þess að koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir þessa undanfærzlu hans.

2. Brunabótavirðingar þær er frestað var, er frestað var að samþykkja á síðasta bæjarstjórnarfundi, en sem innfærðar voru í fundargjörðina þá, voru samþykktar með þeim upphæðum, sem þar eru tilteknar á öllum húsunum nema húseign konsúls Brilloins. Út af virðing á húseign hans var samþykkt svohljóðandi ákvörðun: Íbúðarhús konsúls Brillouin með eldfærum virt á kr. 36.736.oo. Bæjarstjórnin hefur ekkert við virðingarupphæðina að athuga, en getur þess eftir skýrslum er komu fram á fundinum, að húsið er ekki byggt í fullu samræmi við byggingarlög bæjarins og áskilur að það verði lagað. Virðinguna á hesthúsinu vill bæjarstjórnin ekki samþykkja, þar sem ekkert leyfi hefur verið fengið til að byggja það.

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason, Kristján Þorgrímsson, Knud Zimsen og Katrín Magnússon.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór ~~Sigurðsson~~ Jónsson. Þórunn Jónassen.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Sighvatur Bjarnason. Jón Jensson.
Sveinn Jónsson. Guðrún Björnsdóttir



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 7. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

Þessi málefni komu til umræðu:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 2. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

2. Lagðar fram veganefndargjörðir frá 4. þ.m.
a. Uppsögn Sæm. Guðmundssonar á grjórlandi í Grænahálsi tekin til greina, en synjað beiðni hans um að vera laus við ákveðið eftirgjald fyrir undanfarin og yfirstandandi ár.
b. Beiðni búenda á Stóruhólabrekku og víðar frestað þangað til vegaáætlun verður næst samin og ályktuð.
c. Erindi frá Stjórnarráðinu um að bærinn tæki að sér viðhald norðurhelming Laugarnessvegarins synjað með 7 atkv. gegn 5.

3. Erfðafestumál:
a. Erindi Þorsteins járnsmiðs Jónssonar um erfðafestuland við Kaplaskjólsveg frestað til næsta fundar.
b. Axel Meinholt veitt erfðafestuland í Norðurmýrinni, 1 hektara að stærð.
c. Pétri Hjaltested, úrsmið, sömuleiðis 2 hektara.
d. Þórhallur biskup Bjarnason fer fram á að fá á erfðafestu 5 dagsláttur í Vatnsmýrinni, áfast núverandi erfðafestulandi. Beiðninni frestað..
e. Beiðni Guðm. Jónssonar Bræðraborgarstíg 18, um erfðafestuland vestan við Kaplaskjólsveg, frestað til frekari rannsókna.

4. Út af fyrirspurn frá Kl. Jónssyni bæjarfulltrúa um samband milli bæjarstjórnar og lögreglustjórnar bæjarins lýsti borgarstjóri því yfir að hann myndi taka þetta mál til rækilegrar yfirvegunar svo fljótt, sem unnt er og koma fram með tillogur þar að lútandi.

5. Vatnsveitumál:
a. Borgarstjóra falið að gjöra og undirskrifa samning, er vatnsveitunefndin hefur samið frumvarp til, við Jés kaupmann Zimsen um sölu vatns til skipa á höfninni.- Jafnframt var samþykkt að bærinn skyldi til bráðabirgða reikna sér 60 aura fyrir hvert tonn af slíku vatni.
b. Samþykkt í einu hljóði að innheimta vatnsveituskatt frá 1. þ.m. að reikna samkvæmt þeim reglum, er nánar verða ákveðnar bráðlega.
c. Bæjarstjórn ákvað að fjölga eigi innlagningarmönnum að svo komu. Var því synjað beiðni þeirra Sigurðar Finnssonar, Páls Magnússonar og Rostgaards um að verða skipaðir innlagningamenn.
d. Lesin upp skýrsla þeirra tveggja manna er rannsakað hafa vatmsveitukaflann frá Rauðarárholti að Elliðaám. Eftir nokkrar umræður var samþykkt svohljóðandi rökstudd dagskrá:
Í því trausti að verkfræðingur bæjarins eða aðrir þar til hæfir óvilhallir menn, verði sem allra fyrst látnir rannsaka rækilega alla vatnsveitulagninguna, sérstaklega frá Rauðarárholti og upp að Gvendarbrunnum, tekur bæjarstjórnin fyrir næsta mál á dagskrá.

6. Eftir tillögum skólanefndar samþykkti bæjarstjórnar að lána til leikfimisæfinga leikfimishús barnaskólans yfirstandandi skólaár: Ungmennafélagi Reykjavíkur, Íþróttafélagi Reykjavíkur, Ingibjörgu Brandsdóttur fyrir stúlkur, er hún kennir, daufdumbranemendunum og kvennaskóla Reykjavíkur og Birni Jakobssyni. Skulu lántakendur enga sérstaka leigu greiða, en kosta lýsing, ræsting og hitun og hlýði ákvæðum og fyrirmælum skólastjóra í notkun hússins.

7. Kauplaus kennsla var veitt allmörgum fátækum börnum sam-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvæmt tillögum skólanefndar. Listi yfir þau verður síðar innfærður í(bókina) gerðabókina.

8. Samþykkt að veita 60. kr. til að gera kassa utan um kirkjuklukkuna, til að verja hana skemmdum.

9. Borgarstjóra heimilað að veita sótara Kristjáni Sæmundssyni 100 kr. bráðabirgðalán, er endurborgist mánaðarlega af laun- um hans nær 10 - 15 kr.

10. Guðrún Steindórsdóttir ekkja í Ráðagerði gefið eftir aukaútsvar hennar yfirstandandi ár.

11. Brunabótavirðingar samþykkktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Guðjóns S. Jónssonar, Norðurstíg | 7596.kr. |
| b. | - - Pálma Pálssonar á Meistaravelli | 4192.- |
| c. | - Þórhalls Bjarnasonar, Laufási | 17047.- |

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kl. Jónsson. Katrín Magnússon. Þ. J. Thoroddsen. Bríet Bjarnhéðinsson. Þ. Jónassen. Guðrún Björnsdóttir. K.Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Jón Jensson. Sveinn Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bör þau, er samkv. 7. lið í fundargjörðinni næst hér að framan var veitt ókeypis kennsla voru þessi:

1. Ástríður Einarsdóttir, Jónssonar, Bergstaðastræti 34 B 7 ára
2. Aron Ingim. Guðmundss. Aronss. Hverfisgötu 44 6 -
3. Emelía Sigr. Sveindd. Ólafssonar, Smiðjustíg 11 8 -
4. Einar Einarsson, Smiðjustíg 4.
5. Einar Þorvaldsson, Einarssonar, Laufásveg 43.
6. Evaldína Guðmundsdóttir Aronssonar, - skólaskyld.
7. Ferdínand Herm. Carlsen, hjá Þórði Sigurðssyni.
8. Gissur Baldursson, Benediktssonar.
9. Gísli Sigurjón Samúelsson, Símonarsonar, Bergst.st. 16 14 -
10. Guðm. Edvard. Bjarnason, Gíslasonar, Grettisg. 17B 8 -
11. Guðm. Óskar Jónsson Eiríkssonar, Mörkum - janúar næstk.10 -
12. Guðm. Óskar Guðmundss. Aronssonar Hverfisg. 44 8 -
13. Guðrún Böðvarsdóttir sáluga trésmiðs, 14 -
14. Guðrún Hafliðadóttir, Jónssonar, Norðurstíg 5 8 -
15. Guðrún Pétursdóttir, Sigurðssonar, Bræðraborgarstíg 21 9 -
16. Guðlaug Guðjónsdóttir, Einarssonar, Lindargötu 8 9 -
17. Guðrún Oktavía Sæmundsd.Einarssonar Vesturg. 26 a 9 -
18. Hafliði Óskar Friðriksson, Sigmundssonar Bergstaðastr.44 8 ára
19. Haraldur Ólafsson (móðir Anna Guðmundsd. Laugav.46a.
20. Halldóra Halldórsdóttir(Kristjana Elíasd. Þingholtsstr.11
21. Ingibjörg Pálsdóttir Einarssonar,Grettisgötu 34 8 ára
22. Johanne Karolina Haldorsen, Ole, Laugavegi 21 8 -
23. Jóhanna Marta Þorsteinsdóttir, Kárasonar, Njálsg. 30B 9 -
24. Jón Einarsson, Jónssonar, Grettisgötu 41 8 -
25. Jón Stefánsson, móðir Ólína Álafsd. Njálsgötu 22.
26. Jón Jóhannsson, móðir Jóhanna Jónasdóttir Mýri 9 ára
27. Jóhann Byström Jónsson hjá Guðjóni Ólafss. Miðhús
28. Jóhann Jónsson Jónssonar, Laugav. 61 8 -
29. Júlíus Ág. Hallgrímsson Sveinbjarnarsonar, Rauðarárstíg 9 -
30. Kristín Sigurlína Pálsdóttir, Sigurðssonar, Grettisg.40 7 -
31. Kristín Guðr. Guðbrandsd. (móðir Margrét Jónsd. Veghús) 8 -
32. Kristín Sigurðardóttir, Frím. Guðmundss., Hverfisg. 56 8 -
33. Lovísa Stefánsd.(móðir Þorbjörg Guðlaugsd.)Ránarg. 24 9 -
34. Margrét Laufey Guðmundsd. Bergþórssonar, Bergstaðastr. 42 7 ára.
35. Magnús Magnússon(Þorbjörg Hafliðad) Hverfisgötu 13, 8 ára
36. Oddgeir Hjartarson Jónssonar Bræðraborgarstíg 23, 9 -
37. Oddrún Sigþr. Guðmundsdóttir, Sigurðss. Stýrimannast.5
38. Páll Kristinsson, Pálssonar, Nýlendugötu 18 6 -
39. Sesselja Halldórsdóttir, Vilborg Jónsd., Klapparstíg 13B 8 -
40. Sigmundur Jónsson(móðir Guðr.Guðmd. Njálsgötu 50) 10 ára í marz
41. Sigríður Bjarnadóttir Bjarnasonar, Bergstaðastræti 46 10 ára
42. Sigríður Einarsdóttir Jónssonar Bergstaðastræti 34B 10 - 12/Þ
43. Sigríður Guðmundsdóttir Jónssonar, Lindargötu 1B - 10 ára í jan.
44. Sigríður Kristjana Kristjánsd.Ólafss. Skólastíg 42 8 ára.
45. Þorgerður Ástvaldsdóttir, Magnússonar, Grettisgötu 28 B.
46. Þóra Jónsdóttir, hjá Guðríði Ingjaldsd. Vesturg. 31, 7 -
47. Þuríður Markúsdóttir, Guðmundss. á Skuld 8 -

Eftirgreindum börnum var veitt eftirgjöf á hálfu kennslukaupi.:

1. Ágúst Kristinsson, Þorkelssonar, skósm., Bjarnaborg 8 -
2. Guðm. Eyjólfsson, Ófeigssonar, Laugav. 27 B.
3. Sigurlaug Oddsdóttir, Guðmundss., Laugav. 66, 8 ára
4. sonur Þorsteins Guðmundssonar, Bergstaðastíg 8 -



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 21. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 16. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Firmað Carl Franche sækir um í bréfi dags. 8. þ.m. að mega fela rekstur hinnar nýju gasstöðvar hér, þá er hún er komin á fót, í hendur félagsins: Centralverwaltung von Gas, Wasser und Electrizitatswerken, G.m.b. H. Bremen am Serfelds. Málinu var frestað til þess að útvega sér nákvæmari upplýsingar um hið nefnda rekstrarfélag og samband þess við Carl Franche.

3. Fasteignanefndargerðir frá 20. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, þannig að Th. Rostgaard og Kr. Kronborg var synjað um leiguland austan Elliðaánna, Einari Helgasyni synjað um leiguland(á Bráðræðisholti) í Vatnsmýrinni að svo stöddu, Guðmundi Jónssyni synjað um leiguland á Bráðræðisholti, Pétri Ingimundarsyni og Helga Jónssyni veitt leiguland, um 8 dagsláttur í Kringlumýri norðanverðri - þó ekki meira en 2 1/2 hektara með 4 ára ræktunartíma, að meðtöldu girðingarárinu - og samþykkt að gefa M. Bartholomæus kost á að fá laxveiðina í Elliðaánum á leigu næsta ár fyrir 400 L gjald og með rétti til framlengingar næstu 2 ár.

4. Samþykktar tillögur fátækranefndar um úthlutun styrks úr Alþýðustyrktarsjóði til 3 karla og 42 kvenna, alls 45 gamalmenna. Skrá yfir styrktakendur er innfærð hér á eftir.

5. Beiðni Gísla Eyjólfssonar um að fella burtu aukaútsvar sitt, 8 kr. var vísað til umsagnar fátækranefndar.

6. Umsjónarmenn Hótel Íslands krefjast leigu fyrir lán á munum o.fl. sumarið 1907.

Kosnir í nefnd til að íhuga málið:
Kl. Jónsson, Sighvatur Bjarnason og Jón Jensson.

7. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Tómasar Tómassonar Bergstaðastræti 11a | 2756.kr. |
| b. | - Höggna Finnssonar, Grundarstíg 7 | 6970.- |

Allir á fundi nema Kn. Zimsen, Þórður Thoroddsen og Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldórssonsson. Magnús Blöndahl. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Lárus Bjarnason. Þórunn Jónassen. Sighvatur Bjarnason. Katrín Magnússon. Sveinn Jónsson. Jón Jensson. Guðrún Björnsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirgreindum gamalmennum var (samkv. 4. lið hér að framan) veittur styrkur úr alþýðustyrktarsjóði, 10 krónur hverjum.-

1. Einar Bjarnason, Bræðraborgarstíg 24.
2. Elín Björnsdóttir Laugaveg 30.
3. Elín Magnúsdóttir Grettisgötu 9.
4. Friðrikka Friðfinnsdóttir, Laugaveg 27 B.
5. Gróa Björnsdóttir, Bröttugötu 6.
6. Gróa Rögnvaldsdóttir, Rvík.
7. Guðleif Pálsdóttir, Litlabæ.
8. Guðríður Ingjaldsdóttir, Vesturg. 31.
9. Guðrún Gísladóttir, Laugaveg 55.
10. Guðrún Guðmundsdóttir, Vesturgötu 26.
11. Guðrún Halldórsdóttir, Nýlendugötu 17.
12. Guðrún Sigurðardóttir, Mjóstræti 2.
13. Guðrún Sæmundsdóttir, Bjarnaborg.
14. Halldóra Magnúsdóttir, Hverfisgötu.
15. Halldóra Ólafsdóttir, Mýrdal.
16. Helga Nikulásdóttir, Hverfisgötu 22.
17. Helga Pálsdóttir, Nýlendugötu 12.
18. Herdís Magnúsdóttir, Njálsgötu 50.
19. Ingibjörg Einarsdóttir Skólastræti 5.
20. Ingibjörg Eyjólfsdóttir, Halldórshúsi.
21. Ingibjörg Eyjólfsdóttir, Doktorshúsi.
22. Jón Jónsson, Laugaveg 18.
23. Kristbjörg Jónsdóttir Grjóta.
24. Kristbjörg Hinriksdóttir, Helgastöðum.
25. Kristjana Kristjánsdóttir, Bergstaðastræti 12
26. Margrét Einarsdóttir, Grettisgötu 36.
27. Margrét Einarsdóttir, Melkoti.
28. Margrét Erlendsdóttir, Klöpp.
29. Marta Lárusdóttir, Rvík.
30. Ólöf Halldórsdóttir Hábæ eystri.
31. Ólöf Jónsdóttir, Bjarnaborg.
32. Ólöf Sigurðardóttir, Lindargötu 12.
33. Ragnhildur Björnsdóttir, Nýlendugötu 16.
34. Ragnheiður Þorleifsdóttir, Eystri-Hábæ.
35. Rannveig Jónsdóttir, Gíslaholti.
36. Rannveig Þórðardóttir, Þingholtsstræti 28.
37. Rögnvaldur Teitsson, Hóli.
38. Salgerður Magnúsdóttir, Bakka.
39. Sigríður Bjarnadóttir, Nýlendug. 15.
40. Sigríður Guðmundsdóttir, Vesturgötu 51.
41. Sigurlaug Guðmundsdóttir, Laugaveg 66.
42. Steinunn Guðmundsdóttir Nýborg.
43. Þjóðbjörg Þórðardóttir, Rvík.
44. Þóra Jónsdóttir, Smiðjustíg 4.
45. Þorbjörg Hafliðadóttir, Hverfisgötu 13.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 11. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Frumv. til áætlunar um tekjur og gjöld kaupstaðarins árið 1910 var rætt við fyrri umræðu. Prentað frumvarp með athugasemdum hafði verið útbýtt 2 dögum fyrir fund svo og efnahagsreikningur í árslok 1908 og áætlunin fyrir 1909 og útdráttur af reikningi yfir tekjur og gjöld Reykjavíkur 1908.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 4. þ.m. lesnar upp og samþykktar. Sérstaklega var samþykkt að mæla með því, að Magnús Bergstaðastræti 9 fái umbeðna undanþágu frá byggingarsamþykkt með tilgreindum skilyrðum, en út af 10. lið fundargerðanna frestaði bæjarstjórnin að taka nokkra ákvörðun um með nafnakalli 8 : 5 atkvæðum.

3. Fundargerðir fátækranefndar frá 8. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

4. Dregið út nr. 26 af handhafaskuldabréfum Laugarneslánsins til innlausnar.

5. Gísli Þorbjarnarson búfræðingur kosinn til að mæla jarðabætur fyrir Jarðræktarfélag Reykjavíkur.

6. Skautafélagi Reykjavíkur heimilað svæði af Tjörninni til afnota í vetur eftir samráði við veganefndina.

7. Erindi frá Völundi um breytingu á skilyrðum fyrir bryggju byggingu var vísað til hafnarnefndar.

8. Beiðni Þorsteins Einarssonar um land til ræktunar, var vísað til fasteignanefndar.

9. Beiðni Sveins Guðmundssonar Sveinsstöðum, um endurbygging bæjar hans var vísað til fátækranefndar.

10. Beiðnum frá 4 mönnum um niðurfærzlu á aukaútsvörum þeirra var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

11. Erindi frá mörgum konum um styrkveiting til Sesselju Ólafsdóttur yfirsetukonu var vísað til afgreiðslu um leið og fjárhagsáætlunin.

12. Erindi Lúðrafélagsins nýja um endurgjald á hluta af andvirði lúðranna var vísað til fjárhagsnefndar.

13. Alýðulestrarfélagi Reykjavíkur var veittur 150 kr. styrkur fyrir 1909, eins og að undanförnu.

14. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign Ingvars Guðmundssonar, Vitastíg 11 | | 4965.kr. |
| b. | - Jóh. Kr. Jóhannessonar | Vitastíg - Laugaveg | 11298.- |
| c. | - sama | Klapparstíg 20 | 27093.- |
| d. | - Bjarna Jónssonar | Lindargötu 8 | 5717.- |

15. Frumvarp til reglugjörðar um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts. Eftir nokkrar umræður var sakir þess hve áliðið var orðið málinu frestað til næsta fundar.

Allir á fundi mestan hluta fundarins.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Guðrún Björnsdóttir. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Þórunn Jónassen. K.Zimsen. Larus Bjarnason. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Jónsson. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 18. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Um afhending vatnsveitunnar.
Bæjarverkfræðingurinn sat á fundinum og tók þátt í umræðunum.
Eftir alllangar umræður var gengið til atkvæða um tillögur vatnsveitunefndar samkvæmt fundargerð hennar frá 15. þ.m.
Vatnsveitunefndin hafði látið útbýta sólarhring á undan fundi 1. álitsgerð verkfræðingsins bæjarins á allri vatnsveitunni austan Rauðarárholts, 2. svör verkfræðings Hansens upp á hana, 3. skýrsla borgarstjóra og Kn. Zimsen og fl. skjöl.
Bæjarfulltrúi L.H.Bjarnason bar fram þessar breytingartillögur og óskaði nafnakalls um þær. Þær voru báðar felldar með 13 atkv. gegn 3. Sögðu já:
L.H.Bjarnason,
Magnús Blöndahl,
Guðrún Björnsdóttir. - Allir aðrir sögðu nei.
(Tillögur hr. L/H.B. voru bókaðar aftur).
Þessar tillögur vatnsveitunefndar voru samþykktar:
1. Um kaflann frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum.
1. Bæjarstjórnin taki við þessu svæði eins og það er af vertakanda og heimili að útborga eftirstöðvarnar af reikningi verktakanda. En að
2. haldið sé eftir í eitt ár umfram hinn áskilda ábyrgðartíma 2000 kr. af verðinu fyrir þessu verki, þannig að af þeirri upphæð verði tekið það, er þarf til að endurbæta skemmdir þær, er kunna að koma fram og orsakast af því, að of stórt grjót hefur verið látið í skurðina.
2. Um kaflann frá Elliðaánum að Rauðarárholti:
Með skýrslunum er það upplýst, að víða er ekki nóg fylling ofan á pípunum og ekki gengið frá ~~ef/if~~ yfirborði haugsins eins og á að vera m.m., og leggur nefndin til, að öllu veðinu, er sett var fyrir þessu verki sérstaklega, verði haldið eftir, og á næsta vori verði verkið endurbætt að fullu á kostnað verktakanda, og að það er með þarf verði tekið af tryggingarfénu.
Tillögur Lárusar H. Bjarnasonar voru þannig:
a. Bæjarstjórnin ályktar að taka við þessum kafla (frá Elliðaánum til Gvendarbrunna), en geymir sér rétt til skaðabóta fyrir skemmdir þær, er kunna að finnast á verkinu til vors, er verktakandi ber ábyrgð á, og heldur í því skyni öllu tryggingarfénu eftir.
b. Bæjarstjornin tekur við þessum kafla (frá Rauðarárholti til Elliðaáa) en geymir sér rétt til skaðabóta fyrir skemmdir, er kunna að finnast á verkinu til vors og verktakandi ber ábyrgð á, og heldur eftir öllu tryggingarfénu.
Út af bréfi Hansens verkfræðings og út af fundi vatnsveitunefndar samþykkti bæjarstjórnin svohljóðandi tillögu:
Þar sem bæjarstjórnin hefur ekki enn tekið við vatnsveitunni, sem góðu og gildu, frestar hún að taka ákvörðun um kaupbæti handa Hansen verkfræðing.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Magnús Blöndahl. Þ. J. Thoroddsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Jónsson. Þórunn Jónassen. Sig. Thoroddsen. Katrín Magnússon. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
bæjarverkfr. Lárus H. Bjarnason. Kristján Jónsson. K.Zimsen.
Guðrún Björnsdóttir. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 25. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Fjárhagsáætlun fyrir 1910 var til síðari umræðu. Eftir langar umræður var þeim lokið, en atkvæðagreiðslu var lokið til aukafundar.

2. Byggingarnefndargerðir frá 20. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar að öðru en því, að frestað var að svara Hjálpræðishernum upp á fyrirspurn hans (8. mál) og frestað var að svara endurgjaldskröfu Ólafs Jónssonar unz byggingarnefnd hefði athugað það betur (9. mál).

3. Fasteignanefndargerðir frá 24. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót, að undanskilið var frá erfðafestulands veitingu til Þórhalls Bjarnasonar biskups, ræma sú er fara mundi undir væntanlegan hringveg, eins og hann er fyrirhugaður.

4. Varpað hlut um hverjir 5 bæjarfulltrúar skuli ganga úr bæjarstjórn við næsta nýjar. Hlutur þessara bæjarfulltrúa kom upp og ganga þeir úr bæjarstjórn á þeim tíma.

Sveinn Jónsson,
Kristján Jónsson,
Katrín Magnússon,
Þórunn Jónassen,
Sighvatur Bjarnason.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Þórunn Jónassen. K. Zimsen. Guðrún Björnsdóttir. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Jensson. Katrín Magnússon. Sveinn Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, mánudaginn 29. nóvember, var aukafundur í bæjarstjórninni:

1. Atkvæðagreiðsla um áætlun yfir tekjur og gjöld Reykjavíkur árið 1910 með breytingartillögum:

1. breytingartillaga var samþykkt með 8 atkv. gegn 5.
2. - sþ.
3. - felld 9 : 3.
4. - felld 10 : 3.
5. - sþ.
6. - felld.
8. - felld 9 : 5.
9. - felld 10 : 4.
Varatillagan sþ.
10. breytingartillaga sþ.
11. - felld.
Varatill. felld.
12. br. till. sþ.
13. - sþ. 9 : 5.
14 a. - sþ.
- b. - þar með fallin.
15. Til læknis sþ.
Úr 200 í 50 felld.
16. a. br. tillaga sþ.
b. þar með fallin.
17. br. tillaga sþ.
18. a. - sþ.
b. - sþ.

19. br. tillaga felld 8 : 8 var haft nafnakall og sögðu já: Kl. Jónsson, Katrín Magnússon, Jón Jensson, Magnús Blöndahl, Kn. Zimsen, Þórður Thoroddsen, Kr. Þorgrímsson, G. Björnsdóttir. Allir hinir bæjarfulltrúarnir og borgarstjóri sögðu nei.

20. br.tillagan sþ. með 9.

21. br.till. (eftirstöðvar 6000 kr.) sþ. 9 : 4, var haft bafnakall og sögðu já: Klemenz Jónsson, Sighvatur Bjarnason, Katrín Magnússon, Jóh Jensson, Sveinn Jónsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Kr. Jónsson, Halldór Jónsson, Páll Einarsson. Nei sögðu Lárus H. Bjarnason, Þórður Thoroddsen, Kr. Þorgrímsson, Guðrún Björnsdóttir. Greiddu ekki atkvæði: M. Blöndahl, Þórunn Jónassen, Kn. Zimsen.

6. br. till. (um 4500 kr. lántöku) var sþ.
Tekjur í heild samþykkt.
Gjöld í heild samþykkt.
Niðurjöfnunarupphæðin verður kr. 84.032.55.kr.

2. Í verðlagsskrárnefnd var kosinn Eiríkur Briem prestaskálakennari.

3. Erindi Carl Sæmundssen um leigu ljóskerstaura til auglýsinga var vísa til veganefndar.

4. Erindi Jóns Halldórssonar og Gísla Einarssonar um eftirgjöf skólagjalds var vísað til skólanefndar.

5. Beiðni Einars Jónssonar um að fellt sé burtu aukaútsvar hans var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

6. Tillaga vatnsveitunefndarinnar um að leggja í gjörð ágreining allan milli O.V.Kjöx og bæjarstjórnarinnar um lagning vatnsveitunnar frá Gvendarbrunnum til Elliðaáa og frá Elliðaánum til Rauðarárholts, þannig að hvor málsaðili kjósi sinn gjörðarmann og þar sé oddamaður lögfræðingur, - var samþykkt.

7. Samþykkt var að selja á uppboði hús vatnsveitunnar í Rauðhólum, og ýmsa muni, er vatnsveitan á. Boð er fæst í húsið leggjist undir samþykki bæjarstjórnar.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Lárus



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

H. Bjarnason. Þ.Thoroddsen. Katrín Magnússon. Bríet Bjarnhéðinsson. Guðrún Björnsdóttir. Þ. Jónassen. Kl. Jónassen. K. Zimsen. Magnús Blöndahl. Sighvatur Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson. Sveinn Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÁÆTLUN UM TEKJUR OG GJÖLD REYKJAVÍKUR-KAUPSTAÐAR ÁRIÐ 1910.

| Tölul. | Tekjur: | Kr. | au. |
|---|---|---|---|
| 1. | Tekjuafgangur frá f. á. | 6000 | 00 |
| 2. | Tíund af fasteign og lausafé | 200 | 00 |
| 3. | Gjald af byggðri og óbyggðri lóð | 12200 | 00 |
| 4. | Landskuld af jörðum | 1377 | 00 |
| 5. | Leiga af erfðafestulöndum | 2400 | 00 |
| 6. | Leiga af húsum, túnum, lóðum m.m. | 1300 | 00 |
| 7. | Tekjur af laxveiðinni í Elliðaánum | 7200 | 00 |
| 8. | Árgjald félagsins "Málmur" | 500 | 00 |
| 9. | Hagatollur | 1000 | 00 |
| 10. | Laugatollur | 40. | 00 |
| 11. | Seglfestugjald | 100 | 00 |
| 12. | Tekjur af íssölu, 25 aura pr. tonn | 400. | 00 |
| 13. | Tekjur af lóðasölu | 2000 | 00 |
| 14. | 20% af seldum erfðafestulöndum | 2500 | 00 |
| 15. | Tekjur af vatnsveitunni | 4000 | 00 |
| 16. | Tekjur eftir byggingarsamþykkt | 1000 | 00 |
| 17. | Sótaragjald | 2700 | 00 |
| 18. | Hundaskattur | 100 | 00 |
| 19. | Endurgoldin lán og styrkur af innansveitarmönnum | 1600 | 00 |
| 20. | Endurgoldinn fátækrastyrkur af öðrum sveitum | 3500 | 00 |
| 21. | Styrkur frá landssjóði og Thorkilliisjóði til barnaskólans og skólagjald | 4000 | 00 |
| 22. | Óvissar tekjur bæjarsjóðs | 4000 | 00 |
| 23. | Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum - jafnað niður með 5 - 10% umfram | 84032 | 55 |
| 24. | Lán til endurbóta sundlauganna allt að | 4500 | 00 |
| | Tekjur samtals | 182.589 | 55 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## ÁÆTLUN UM TEKJUR OG GJÖLD REYKJAVIKUR KAUSTAÐAR ~~Á(Á)~~ 1910.

| Tölul. Gjöld: | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|
| 1. Skattar og gjöld til hins opinbera af eignum kaupstaðarins | | |
| 2. Árgjald til Helgafellsprests - | | 125.00 |
| 3. Stjórn kaupstaðarins: | | |
| a. Kostnaður við bæjarstjórnina, nefndir o.fl. | 1000.00 | |
| b. Laun og skrifstofufé borgarstjóra | 6000.00 | |
| c. Laun bæjargjaldkera | 2500.00 | 9500.00 |
| 4. Til löggæzlu: | | |
| a. Laun 4. lögregluþjóna | 4000.00 | |
| b. Laun 4. næturvarða | 3300.00 | |
| c. Önnur útgjöld | 300.00 | 7600.00 |
| 5. Laun sótara:. | | |
| a. Kristjáns Sæmundssonar | /1000.00 | |
| b. Jóns Sveinssonar | 800.00 | 1800.00 |
| 6. Eftirlaun | | 2120.00 |
| 7. Umsjónarvarzla kaupstaðarlandsins | | 800.00 |
| 8. Manntalskostnaður eftir reikningi | | 500.00 |
| 9. Til heilbrigðisráðstafana: | | |
| a. Laun heilbrigðisfulltrúa | 800.00 | |
| b. Laun og persónuleg launaviðbót ljósmæðra | 700.00 | |
| c. Styrkur til baðhúss Reykjavíkur | 1000.00 | |
| d. Önnur útgjöld | 100.00 | 2600.00 |
| 10. Til verkfræðingsstarfa | | 1800.00 |
| 11. Til vegagerðar og lokræsa: (Til vegagerða og lokræsa) | | |
| a. Til lögunar Laufásvegar, aðallega á kaflanum frá húsi Odds Gíslasonar að húsi Ingibjargar Jónsdóttur og til lóðarkaupa undir þann vegarkafla | 1700.00 | |
| b. Til holræsa í Vesturgötu milli Stýrimannastígs og Ægisgötu gegn 100 kr. tillagi frá húseigendum | 300.00 | |
| c. Til viðhalds vegum | 5000.00 | 7000.00 |
| 12. Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna | | 4000.00 |
| 13. Til götulýsingar | | 3000.00 |
| 14. Vextir, kostnaður ig afborgun við vatnsveituna | | 40000.00 |
| 15. Til slökkvitóla og slökkviliðs, þar í laun slökkviliðsstjóra | | 1600.00 |
| 16. Til aukningar og endurbóta á fasteignum kaupstaðarins | | 1000.00 |
| 17. Til áhalda og aðgerða á þeim | | 200.00 |
| 18. Til fátækraframfæris: | | |
| a, Til ómaga undir 16 ára aldri | 3000.00 | |
| b. Til þurfamanna eldri en 16 ára | 21000.00 | |
| c. Greftrunarkostnaður þurfamanna | 200.00 | |
| d. Lögflutningur þurfamanna | 100.00 | |
| e. Önnur útgjöld | 300.00 | 24600.00 |
| 19. Lán til annara sveita | | 5000.00 |
| 20. Gjöld til barnaskólans: | | |
| a. Laun fastra kennara | 4750.00 | ~~4750/00~~ |
| b. Til aukakennslu | 19000.00 | |
| c. Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | 200.00 | |
| d. Til áhaldakaupa | 200.00 | |
| e. Til eldiviðar og ljósa | 1800.00 | |
| f. Til viðhalds og endurbóta á húsum og skólalóð | 1000.00 | |
| g. Brunabótagjald o.fl. | 240.00 | |
| h. Ýms útgjöld skólans, ræsting o.fl. | 1750.00 | |
| i. Til matgjafa handa fátækum börnum | 700.00 | 29640.00 |
| 21. Til endurbóta á sundlauginni allt að | | 4500.00 |
| 22. Vextir og afborgun lána | | 25000.00 |
| 23. Óvænt og óviss útgjöld | | 4000.00 |
| 24. Væntanlegar eftirstöðvar til næsta árs | | 6000.00 |
| Gjöld samtals | | 182589.55 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 2. desember , var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórnni:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 27. f.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt að erfðafestulöndunum:

| | |
|---|---|
| Vatavöll er selja á fyrir | 2000 kr. |
| Suðurholtsblett, er selja á fyrir | 1000 - |
| Sjávargötu er selja á fyrir | 1000 - |
| Garðbæjarblett er selja á fyrir | 1500 - |
| Erfðafestulandið í Bráðræðismýri | 1000 - en fyrir þetta |

verð vill Landsbankinn selja lönd þessi Sveini J. Einarssyni, samkvæmt bréfi hans dags. 27. f.m.

3. Kosinn til að taka sæti í gjörðardómi fyrir hönd bæjarstjórnar um ágreining allan milli hennar og O.V.Kjöx út af lagningu vatnsveitunnar 1. frá Gvendarbrunnum til Elliðaáa og 2. frá Elliðaánum til Rauðarárholts, Jón Þorláksson verkfræðingur.

4. Frumvarp til bráðabirgðarreglugjörðar um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurkaupstað.
í Reykjavíkurkaupstað:
1. gr. sþ. í e. h.
Breytingartillaga við 2. og 3. gr. á sérstöku skjali allar samþykktar. 2. gr. samþ. í e.hl. ~~(áður 4. gr.)~~.
3. gr. sþ. í e. hl. (áður 4. gr.).
4. gr. sþ. í e. hl. (áður 5. gr.).
5. gr. sþ. í e. hl. með viðbótinni: "án leyfis borgarstjóra" (áður 6. gr.).
6. gr. sþ. í e. hl. (áður 7. gr.). En felld burtu niðurlag hennar: "Sé skatturinn ekki greiddur" etc. til enda greinarinnar
Svohljóðandi 7. gr. var bætt við og sþ. í e. hl.
Reglugjörð þessa skal endurskoða innan 1. jan. 1911.

5. Eftir tillögum niðurjöfnunarnefndar gerði bæjarstjórn eftirfarandi breytingar á útsvörum 1909:
Aukaútsvar Hannesar Sigurðssonar í Ánanaustum lækkað úr 14. kr. niður í 6 kr.
Aukaútsvar Júlíönu Þórarinsdóttur 3. kr. var fellt burtu.
Síðari helmingur aukaútsvars Kristins Magnússonar var fellt burtu.
Aukaútsvar Þorvaldar Ólafssonar, Laugav. 74 var fellt burtu.

6. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Sveins Sveinssonar Bankastræti | 12013.kr. |
| b. | - Guðmundar Jafetssonar Háteig | 3799.- |
| c. | - fjós og hesthús sama | 720.- |
| d. | - H. Hafstein veið Tjarnargötu | 21944.- |
| e. | Geymsluhús D. D. P. A. S. á Melunum | 2484.- |

Allir á fundi nema Jón Jensson og Sighvatur Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Lárus Bjarnason. Þórunn Jónassen. Katrín Magnússon. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kl. Jónsson. Þ. Thoroddsen. Magnús Blöndahl. Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Sveinn Jónsson. Guðrún Björnsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bráðabirgðarreglugjörð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkur kaupstað.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til brunabóta og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um önnur hús, er fá vatn leitt úr vatnsveitu bæjarins. Skatturinn skal lagður á eftir virðingarverði húsanna til brunabóta. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því. -

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skipt í flokka til skatts, sem hér segir:

1. flokkur:
Allar byggingar, sem engin íbúð er í:

| | |
|---|---|
| Af fyrstu 10.000 krónunum virðingarverðsins | 3 1/2 o/oo |
| Af næstu 10.000 krónum virðingarverðsins | 3 o/oo |
| Af því, sem fram yfir er 20.000 kr. virðingarverðsins | 2 o/oo |

2. flokkur.
Hús, sem aðeins ein íbúð í:

| | |
|---|---|
| Af fyrstu 10.000 kr. virðingarverðsins | 3 3/4 o/oo |
| Af næstu 10.000 kr. virðingarverðsins | 3 1/4 o/oo |
| Af því sem framyfir er 20.000 kr. virðingarverðsins | 2 1/2 o/oo |

3. flokkur.
Hús sem 2/ íbúðir eru í:

| | |
|---|---|
| Af fyrstu 10.000 krónum virðingarverðsins | 4 o/oo |
| Af næstu 10.000 krónum virðingarverðsins | 3 1/2 o/oo |
| Af því sem fram yfir er 20.000 kr. virðingarverð | 3 o/oo |

4. flokkur.
Hús, sem 3 íbúðir eru í eða fleiri:

| | |
|---|---|
| Af fyrstu 10.000 krónum virðingarverðsins | 4 1/2 o/oo |
| Af næstu 10.000 krónum virðingarverðsins | 4 o/oo |
| Af því sem fram yfir er 20.000 kr. virðingarverðsins | 3 1/2 o/oo |

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald 1 o/oo af virðingarverðinu, ef aukagjaldið er ekki ákveðið sérstaklega, samkvæmt 3. gr.

Auk gjalds þessa greiðir húseigandi 6 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utanhúss.
Fyrir hvern stórgrip greiðist 1 kr., sem aukagjald.

3. gr.

Vatnsskattur fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar, skal venjulega ákveðinn með samningi. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársbrúkun hverri 1 kr. fyrir hverja 100 hektólítra upp að 10.000 hektólítrum, en minna fyrir það sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndarinnar, og eftir því hve mikið er notað. -

Vatnsveitan leggur til mæli, en notandi greiði 12 kr. á ári í leigu fyrir hann. Sérstakt leyfi vatnsnefndar þarf til að setja mótora í samband við vatnsæðarnar.

4. gr.

Fyrir vatn er látið er úti til skipa á höfninni greiðist 60 aurar fyrir hvert tonn.

5. gr.

Engum er heimillt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar,



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

án leyfis borgarstjóra. -

6. gr.

Vatnsskatturinn greiðist fyrir liðinn ársfjórðung hvern og fellur í gjalddaga 31. marz, 30. júní, 30. september og 31. desember, og greiðist í fyrsta sinn 31. ~~marz/næstkomandi~~ desember næstkomandi.

7. gr.

Reglugjörð þessa skal endurskoða innan 1. jan. 1911.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn 16. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 11. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, með þeim var Jóhannesi Magnússyni, Bræðraborgarstíg 15 veitt erfðafestuland til ræktunar allt að 1 hektara, ef til er, í austur frá Hólsbletti. Ræktunartími sé 4 ár, og Sigurði Þorkelssyni og Þorláki Halldórssyni veitt erfðafestuland til ræktunar, allt að 5 dagsláttur, sunnanvert við Arablett og vestanvert við land Árna pósts Gíslasonar. Ræktunartíminn sé 5 ár, en 5 landbeiðendum var synjað um land af ýmsum ástæðum.

3. Erindi Lúðrafélagsins nýja um útborgun á 333 kr. 33 aur. úr bæjarsjóði var synjað, samkv. tillögum fjárhagsnefndar.

4. Út af erindi frá stjórnarnefnd Hótel Ísland samþ. bæjarstjórn að greiða 250 kr. með því skilyrði, að allar frekari kröfur, frá hótelsins hálfu væri þar með úr gildi fallnar. Nafnakall var viðhaft og sögðu já: Kl. Jónsson, Katrín Magnússon, Magnús Blöndahl, frú Þ. Jónassen, Sveinn Jónsson, Þórður Thoroddsen, Halldór Jónsson. Nei sögðu: Jón Jensson, Kr. Þorgrímsson, frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir, frú Guðrún Björnsdóttir, og Kr. Jónsson. Borgarstjóri og Kn. Zimsen greiddu ekki atkvæði. (Erindi 16. marz 1909). Erindi þetta kom fram á bæjarstjórnarfundi 21. okt. og var þá vísað til ~~fund~~ nefndarmeðferðar.
5.

5. Eftir tillögum skólanefndar veitti bæjarstjórn ókeypis kennslu í barnaskólanum síðastliðið skólaár: Halldóri Gíslasyni Klapparstíg 19 og Kristínu Pétursdóttur (Ornólfssonar). Svo var og Jóni Halldórssyni, Vitastíg 11 gefið eftir skólagjald síðastliðið skólaár fyrir eitt barn.

6. Grímur Jóhannsson býður forkaupsrétt á erfðafestulandi sínu Eskihlíð, Norðurmýrarbletti nr. 5, er hann vill selja (með húsum) fyrir 9700 kr. Bæjarstjórn vill ekki nota forkaupsréttinn.

7. Erindi frá búendum suður í Hólabrekku og Kvöldroðanum um lán til brunngerðar var vísað til veganefndar.

8. Tilboði Magnúsar Egilssonar um að selja bænum brúleggingarsteina var vísað til sömu nefndar.

9. Nokkrir borgarar höfðu bréflega vakið athygli bæjarstjórnar á því, að mörg hundruð steinolíutunnur væru að jafnaði geymdar á lóð steinolíufélagsins við Amtmannsstíg. Málinu vísað til brunamálanefndar til athugunar og aðgerða.

10. Beiðni um lækkun á aukaútsvari frá Guðm. Guðmundssyni, Laugavegi 115 og Teiti Stefánssyni, Frakkastíg 14, var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

11. Kosnir í kjörstjórn við bæjarfulltrúa kosning í janúar næstkomandi með borgarstjóra: Kristján Þorgrímsson og Klemenz Jónsson.

12. Umsóknum um bygging á jörðunum Laugarness og Breiðholts var vísað til fasteignanefndar.

13. Erindi áburðarfélags Reykjavíkur og tillög r nefndar, er í það var kosin síðastliðið vor, var frestað til næsta fundar.

14. Umsókn Sesselju Sigvaldadóttur um eftirlaun, sem fyrrverandi ljósmóðir var vísað til fjárhagsnefndar.

15. Brunabótavirðingar samþykktar:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

a. Húseign Forbergs við Þongholtsstræti 25226.kr.
b. - Björns Jónssonar, Hverfisgötu 8235.-

Allir á fundi nema Sighvatur Bjarnason og Lárus H. Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kl. Jónsson. Magnús Blöndahl. Jón Jensson. Katrín Magnússon. Guðrún Björnsdóttir. K. Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 6. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Eftir tillögum fátækranefndar var aukaútsvar Gísla Eyjólfssonar, 8 kr. fyrir 1909 fellt burtu.

2. Beiðni Runólfs Guðnasonar var eftirgjöf á 5 kr. aukaútsvari hans 1909, var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar

3. Beiðni um eftirgjöf á skólagjaldi frá Magnúsi Magnússyni, Runólfi Magnússyni og Guðmundi Jónssyni var vísað til skólanefndar.

4. Beiðnum um erfðafestulönd frá Helga Jónssyni og Ágúst Einarssyni, var vísað til fasteignanefndar.

5. Beiðni frá Jóni Hannessyni um leigu á Móabæjarkálgarði var vísað til sömu nefndar til úrslita.

6. Matthías Matthíasson kaupmaður óskar að breyta í byggingarlóð og selja fyrir 1 kr. 10 aur. feralin 500 ferálnir af erfðafestulandi hans Efraholtsbletti. Bæjarstjórn vildi ekki nota forkaupsrétt og samþykkti að breyta í byggingarlóð nefndum 500 ferálnum með þeim venjulegu skilyrðum, að greitt sé í bæjarsjóð 1/5 hluti kaupverðsins og bærinn haldi óskertum rétti sínum til ókeypis lóðarnáms undir veg ef til kann að koma.

7. Beiðni frá forstöðunefnd Iðnaðarsýningar í Reykjavík sumarið 1910 í bréfi dags. 25. f.m. um lán á barnaskólahúsinu til sýningarinnar var vísað til skólanefndar.

8. Eftir uppástungu kjörstjórnar við kosningu bæjarfulltrúa nú í þessum mánuði kaus bæjarstjórn til aðstoðar við kosninguna: frú Þórunni Jónassen, bæjarfulltrúa, frú Guðrúnu Björnsdóttur, bæjarfulltrúa, hr. Knud Zimsen bæjarfulltrúa, hr. Lárus H. Bjarnason, bæjarfulltrúa, hr. Jón Jensson, bæjarfulltrúa, hr. Þ. Thoroddsen bæjarfulltr., hr. Hannes Thorsteinssen bankaritara, hr. Eggert Briem, skrifstofustjóra, hr. Pálma Pálsson skólakennara, hr. Eggert Claesen, málfærzlumann, hr. Odd Gíslason, málfærslumann, hr. Karl Nikulásson, verzlunarstjóra, hr. Ólaf Rósinkranz kennara, hr. Ásgeir Sigurðsson, konsúl, frú Ragnhildi Hafstein, frú Steinunni Bjarnason, frú Stefaníu Guðmundsdóttur og ungfrú Laufey Vilhjálmsdóttur.

9. Umsókn frá hr. Christensen Franch um umsjónarstarf við vatnsveituna, í bréfi dags. 16. nóv. f.á. var vísað til vatnsveitunefndar til svars fyrir bæjarstjórnar hönd.

10. Tilkynnt bréf Kjósar- og Gullbringusýslu sýslumanns, þar sem skýrt er frá, hvað boð hafi(fengizt) á uppboði fengizt í vatnsveitulagningarhúsið og 2 brýr.
Með því að svo lág boð höfðu komið í muni þessa samþykkti bæjarstjórn að hafna boðum þessum.

11. Beiðni frá Ungmennafélagi Reykjavíkur um skautafararsvæði á Tjörninni 100 - 200 ferfetstikur að stærð var vísað til veganefndar.

12. Að gefnu tilefni skýrði bæjarstjórn frá, að á næsta bæjarstjórnarfund mundu koma öll skjöl og bréf viðvíkjandi lóðarkaupum til gasstöðvarinnar.

13. Samþykkt að kosta af bæjarsjóði talsíma handa bæjargjaldkeranum.

14. Eftir tillögum fjárhagsnefndar svaraði bæjarstjórn eft-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

irlauna beiðni Sesselju Sigvaldadóttur á þann hátt, að hún sæi sér ekki fært að taka hana til greina.

15. Heilbrigðisfulltrúastarfið var veitt fyrrv. héraðslækni Júlíusi Halldórssyni með þeim 800 kr. launum, sem til þess er veitt fyrir 1910.

16. Borgarstjóri lagði fyrir bæjarstjórn tilboð frá verkfræðingi Sigurði Thoroddsen, um að taka að sér verkfræðingsstörfin yfirstandandi ár og tilboð frá Benedikt Jónassyni verkfræðingi um að taka sömu störf að sér frá 1. júlí næstkomandi.
Tilboð Sigurðar Thoroddsen var skriflegt, dags. 3. þ.m.
Bæjarstjórn samþykkti svohljóðandi tillögu:
Bæjarstjórnin ræður Sigurð Thoroddsen bæjarverkfræðing árið 1910 gegn því að hann vinni öll bæjarverkfræðingsstörf án sérstakrar borgunar, samkvæmt erindisbréfi, er gefa skal honum um leið og hann verður skipaður.
Þó vill bæjarstjórnin greiða honum sérstaklega allt að 1000 kr. fyrir allt eftirlit með gasverkinu frá upphafi til enda, þó þannig a hann haldi fullkominn aðstoðarmann á sinn kostnað, ef gasnefndin telur það æskilegt eða nauðsynlegt.

17. Brunabótavirðing á húsi Einars Benediktssonar við Austurstræti 55.000 kr. vildi bæjarstjórnin ekki samþykkja en krafðist yfirmats dómkvaddra manna.

Allir á fundi nema frú Þ. Jónassen, ~~Kn. Jónsson og~~ Kn. Zimsen og Kristján Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Halldór Jónsson.
Magnús Blöndahl. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Lárus H. Bjarnason.
Sveinn Jónsson. Þórður J. Thoroddsen. Jón Jensson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 20. janúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörð frá 15. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Veganefndargjörðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.
Tillaga um að lána Grímsstaðaholtsbúum 400 kr. til brunngerðar var felld svo og tillaga um að veita þeim 200 kr. styrk til brunngerðar var einnig felld.

3. Samkvæmt tillögum skólanefndar samþykkti bæjarstjórn að lána Iðnaðarmannafélaginu barnaskólahúsið til iðnaðarsýningar sumarið 1911 með því skilyrði, að það komi ekki í bága við kennslu í skólanum og húsinu verði skilað aftur í sama ástandi, sem við því var tekið og að öðru leyti eftir samkomulagi við formann skólanefndar - og gegn endurgjaldi því, er síðar um semur.

4. Eftir tillögum sömu nefndar var Runólfi Magnússyni veitt eftirgjöf á skólagjaldi fyrir eitt barn frá 1/10 - 31/12 1909, og Magnúsi Magnússyni veitt kauplaus kennsla fyrir Maríu dóttur hans nú frá nýjári, ef hún er kominn í skólann.

5. Eftir tillögum niðurjöfnunarnefndar samþykkti bæjarstjórn:
<u>að</u> syja beiðni Einars Jónssonar frá Núpstað, um að fella burtu útsvar has fyrir 1909.
<u>að</u> lækka útsvar Teits Stefánssonar fyrir 1909 úr 25 kr. í 15 kr.
<u>að</u> að lækka útsvar Guðmundar Guðmundssonar Laugaveg 115, úr 16 kr. í 8 kr. fyrir sama ár.
<u>að</u> lækka útsvar Runólfs Þórðarsonar 1909 úr 10 kr. í 5 kr.
<u>að</u> fella burtu síðari helming aukaútsvars Jóhanns Guðmundssonar, Bergstaðastræti 45, fyrir 1909.
<u>að</u> lækka aukaútsvar Jens Jónasonar, Vesturgötu 40, úr 20 kr. í 8 krónur.

6. Samþykkt að endurgreiða Hafliða Þorvaldssyni 8 kr. aukaútsvar 1909, er hann hefur goldið í bæjarsjóð fyrir síðari hluta ársins, með því að hann fluttist til Hafnarfjarðar í aprílmánuði síðastliðið.

7. Erindi Edvald Milner, Hverfisgötu 6, um að fella burtu aukaútsvar sitt 1909, var vísað til niðurjöfnunarnefndar til umsagnar.

8. Tilkynntur úrskurður sýslumanns Árnessýslu út af mótmælum Ólafs Árnasonar á Stokkseyri gegn lögtaki á aukaútsvari hans 1908. - Málinu var vísað til fjárhagsnefndar.

9. Eftir tillögum erfðafestunefndar var Bjarna Bjarnasyni í Eskihlíð veitt á erfðafestu allt að því 1 hektar í Norðurmýrinni eftir nánari útvísun bæjarverkfræðingsins.

10. Erindi Tryggva Gunnarssonar um lækkun á erfðafestugjaldi Melkotstúns var vísað til erfðafestunefndar.

11. Kosnir í nefnd til að íhuga tillögur heilbrigðisnefndar um breytingar á heilbrigðissamþykkt:
Þórður Thoroddsen með 9 atkv. Guðrún Björnsdóttir með 5 atkv.
Magnús Blöndahl með 5 atkv.

12. Skjöl út af kaupum og makaskiptum á lóð undir Gasstöðina var ákveðið að ganga skyldu milli bæjarfulltrúanna til næsta fundar.

13. Eftir tillögum vatnsveitunefndar var synjað beiðni Jónasar Þorsteinssonar og sömuleiðis beiðni Jóhannesar Jónassonar um uppbót fyrir akkorðsvinnu vi skurðgröft fyrir vatns-


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veitupípum.

14. Kosnir í nefnd til að semja skrá yfir gjaldskyldu til ellistyrktarsjóðs:
Lárus H. Bjarnason, bæjarfulltrúi 15 atkv.
Guðrún Björnsdóttir - 11 -
Bríet Bjarnhéðinsdóttir - 8 -

15. Beðið um rökstuddar tillögur bæjarverkfræðingsins, um hvað sé hæfileg brunabótavirðing á húsi Einars Benediktssonar við Austurstræti.

16. Brunabótavirðing samþykkt:
Húseign Þorleifs Þorleifssonar, Bræðraborgarstíg Kr. 3.433.00
Beðið um rökstutt álit bæjarverkfræðings á virðing á suðurálmu Hótel Ísland.

17. Erindi Garðars Gíslasonar kaupmanns, um bryggjugjörð var vísað til hafnarnefndar.

18. Sótarastarfið í Vesturbænum veitt Sæmundi Einarssyni, Vesturgötu 24 frá 1. marz þ.á.

19. Ekkjufrú Önnu Petersen, ekkju Péturs Péturssonar bæjargjaldkera, var veitt í eftirlaun 200 kr. á ári frá 1. þ.m. að telja.

Allir á fundi nema Lárus H. Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Þ. Jónassen. Sighvatur Bjarnason. Magnús Blöndahl. Jón Jensson. Þ.J.Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Katrín Magnússon. Guðrún Björnsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 3. febrúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Tilkynnt, að á kjörfumdi 29. f.m. hafi fengið flest atkvæði og hlotið kosningu:
Tryggvi Gunnarsson fyrrverandi bankastjóri.
Pétur G. Guðmundsson, bókbindari.
Katrín Magnússon, húsfrú.
Jón Þorláksson, landsverkfræðingur.
Arinbjörn Sveinbjarnarson, bóbindari.
Tilkynnt var einnig að komin væri kæra yfir kosningunum. Kærunni var vísað til umsagnar kjörstjórnarinnar.

2. Fundargerðir fasteignanefndarinnar voru lesnar upp og samþykktar tillögur hennar um að synja beiðni Magnúsar Sigurðssonar á Hæ arenda á Seltjarnarnesi um kaup á landspildu úr Eiðslandi. En bæjarstjórn samþykkti að láta á erfðafestu til ræktunar með venjulegum kjörum og eftir nákvæmari ákvæðum erfðafestunefndar og samkvæmt skriflegu tilboði umbeiðanda: - þríhyrnuna austan Laugarnesvegar, norðan Laugavegar og austur að erfðafestulandi Einars Benediktssonar. Skal það girt og ræktað á 5 árum. Sá sem land þetta fær eftir beiðni dags. 27. des. 1909, er Helgi Jónsson steinsmiður, Hverfisgötu 4, og landið um 12 dagsláttur.

3. Guðmundur Jakobsson býður forkaupsrétt á erfðafestulandi sínu sunnan við Öskjuhlíð, um 10 dagsláttur, ásamt öllum mannvirkjum þar, fyrir 12000 krónur. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt sinn.

4. Eftir að hafa fengið tillögur niðurjöfnunarnefndar ákvað bæjarstjórn að synja beiðni hr. Edvald Milnirs um að fella burtu aukaútsvar hans fyrir 1909.

5. Beiðni Björns Lárussonar um eftirgjöf á aukaútsvari 1909 var falið ni urjöfnunarnefnd að gefa tillögur um.

6. Lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld Baðhúss Reykjavíkur fyrir 1909. Beðið um efnahagsreikning félagsins.

7. Bæjarfulltrúi Lárus H. Bjarnason gerði fyrirspurn um, hvað liði athugasemdum bæjarreikninganna fyrir 1908, og hvað borgarstjóri hefði gert til þess að fá endurskoðendur til að ljúka starfi sínu og skila endurskoðuðum reikningunum. Ennfremur gerði hann fyrirspurn um, hvað liði störfum nefndar þeirrar, er kosin hefði verið til að semja þingsköp handa bæjarstjórn.
Borgarstjóri svaraði, að bæði annar endurskoðenda svo og nú síðustu vikurnar sjúkdómur hefði valdið drættinum á því, að þeir hefðu ekki lokið starfi sínu enn. En bráðlega mætti vænta að þeir lykju starfi sínu.
Upplýst var og, að frumvarp til þingskapa fyrir bæjarstjórn væri þegar samið af nefndinni og mundi koma á næsta bæjarstjórnarfund.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:
a. Hús Einars Benediktssonar í Austurstræti á 45900 krónur.
b. Viðbygging (hliðarbygging) við Hótel Ísland með þvottaáhöldum á 5855 kr.
c. Geymsluskúr við hús Sigur ar Eiríkssonar regluboða við Grettisgötu 57B á 357 kr.

9. Fyrirspurn frá Kn. Zimsen viðvíkjandi slökkviliði og brunatækjum bæjarins. Svarað var af borgarstjóra að tillögur frá brunamálanefnd um þetta mál myndu koma fyrir næsta bæjarstjórnarfund. - - Kn. Zimsen kvaðst eigi "ánægður með svör þau, er hann hefði fengið upp á fyrirspurn sína".



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Lárus H. Bjarnason.
Magnús Blöndahl. Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson.
Guðrún Björnsd'ttir. Sighvatur Bjarnason. Þ. Jónassen.
Sveinn Jónsson.

K.Zimsen, með þeirri athugasemd, að slökkviliðsstjóri gat aðeins nefnt 4 "brunameitara", er verið hafa við dælurnar, er ég spurði hann, hverjir væru skipaðir til að stjórna brunahanaslöngunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 17. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni, á venjulegum stað og tíma.

1. Kjörstjórnin við bæjarstjórnarkosninguna 29. f.m. kom fram með umsögn sína um kæru þá, er fram kom á síðasta bæjarstjórnarfundi, en engar aðrar kærur höfðu fram komið. Bæjarstjórnin ræddi mál þetta all ýtarlega. Var síðan gengið til atkvæða um, hvort taka skyldi kosningakæruna til greina á þann hátt, að ónýta kosninguna og var ekkert atkvæði fyrir því. Bæjarstjórnin samþykkti síðan með öllum greiddum atkvæðum kosninguna 29. janúar. Tveir bæjarfulltrúar greiddu ekki atkvæði.

2. Byggingarnefndargerðir frá 12. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Eftir að hafa fengið umsögn niðurjöfnunar samþykkti bæjarstjórn að fella burtu síðari hluta (helming) aukaútsvars Bjarna Lárussonar 1909, en alls var á hann lagt 25 kr. aukaútsvar fyrir nefnt ár.

4. Fundargerð brunamálanefndar og tillögur frá 15. þ.m. voru lesnar upp.

Eftir tillögum nefndarinnar samþykkti bæjarstjórn, að kaupa 100 stikur af samskonar slöngum, og síðast var keypt, að skipa brunnmeistara Hallgrím Benediktsson, Guðm. Stefánsson og Sigurjón Pétursson, og að heimila henni að leita fyrir sér hjá brunaliði Kaupmannahafnar, um að fá þaðan fyrirliða eða aðstoðarmann, til þess að leggja hér á ráð um nýtt skipulag á slökkviliði bæjarins og öðru þar að lútandi og yfirleitt koma skipulagi á liðið og æfa það.

Auk þess samþykkti bæjarstjórn að skora á brunamálanefndina:

að taka til yfirvegunar, hvort eigi væri ráðlegt, að koma hér "brandtelegraf", og koma með rökstutt álit um það á næsta bæjarstjórnarfund.

að hafa fleiri eftirlitsmenn með því að brunahanar séu jafnan í lagi.

að fjölga brunaköllurum, og auglýsa hvar þeir séu.

að sjá um að næturverðir allir hafi lykla að brunahúsunum og slökkvitólahúsunum,

að skipa þegar nægilega marga menn í allar deildir slökkviliðsins, og að sjá um, að hverjum manni sé tilkynnt, hvaða starf hann eigi að hafa á hendi í liðinu, og

að brunamálanefndin fullvissi sig um, að brunaáhöldin séu öll í lagi.

5. Lögð fram skýrsla um alþýðulestrarfélag Reykjavíkur 1909.

Með því að klukkan var orðin nær 12, þá hér var komið dagskránni og á fundinn vantaði þau Katrínu Magnússon, Klemenz Jónsson, Svein Jónsson, Þórð Thoroddsen, Kristján Jónsson og Kristján Þorgrímsson var

Fundi slitið.

Halldor Jónsson.

Páll Einarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Magnús Blöndahl. K.Zimsen. Þ.Jónassen. Guðrún Björnsdóttir. Sighvatur Bjarnason. Jón Jensson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 3. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

Úrskurði bæjarstjórnar um lögmæti kosningarinnar 29. janúar, hafði veri skotið til stjórnarráðsins. Með því að úrskurður stjórnarráðsins var var ekki enn kominn og af þessum ástæðum hafði borgarstjórinn boðað hinum eldi bæjarfulltrúum fund þennan.

Út af því, hvort á bæjarstjórnarfundi þessum ættu að sitja hinir nýkosnu bæjarfulltrúar eða hinir eldri, urðu talsverðar umræður.

Svohljóðandi tillaga var borin upp og samþykkt með 6 atkv. samhljóða.

Bæjarstjórnin óskar að fundi þessum verði slitið og að úrskurður stjórnarráðsins verði fenginn fyrir því, hvort að hinir nýkjörnu bæjarfulltrúar eigi sæti nú þegar í bæjarstjórninni.

Fundi slitið.

Halldór Jónsson.

Páll Einarsson. Kl. Jónsson. Magnús Blöndahl. Lárus H. Bjarnason. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. K. Zimsen. Þ.J.Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson. Kristján Þorgrímsson. Sveinn Jónsson. Þórunn Jónassen. Katrín Magnússon.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudagin 10. marz, var fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Borgarstjóri tilkynnti þann úrskurð stjórnarráðsins, dags. 9. þ.m. að hinir eldri bæjarfulltrúar haldi sæti í bæjarstjórninni þangað til fullnaðarúrskurður er fallinn um gildi kosningar nýrra bæjarfulltrúa.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 1. marz lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót við 4. lið, að því að eins skuli breytt í byggingarlóð hluta af nefndu túni, að 1/5 hluti kaupverðsins renni í bæjarsjóð og að öðru leyti með venjulegum skilyrðum.

3. Numið úr eftirstöðvum ófáanleg bæjargjöld frá 1906, 1907 og 1908 samkvæmt skrá frá bæjargjaldkera.
Innfært er í afritið hér á eftir hin burtnumdu bæjargjöld.

4. Vísað var til fjárhagsnefndar að íhuga, hvort eigi væri til hagræðis við innheimtu bæjargjalda, að setja gjalddaginn á annan hátt en gjört er í samþykktinni frá 1908.

5. Eftir tillögum vatnsveitunefndar samþykkti bæjarstjórn að borga verkfræði H.A.Hansen eftirstöðvar af kaupi hans kr. 1166.67.

6. Eftir tillögum sömu nefndar var ákveðin borgun fyrir vatnstöku úr vatnsveitu bæjarins hjá eftirnefndum stofnunum frá 1. október 1909 til ársloka 1910.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Verksmiðjan "Iðunn" | fyrir | 60 kr. | á | mánuði - |
| Slippfélagið | - | 25 - | - | - |
| Baðhús Reykjavíkur | - | 15 - | - | - |
| Þvottahús Reykjavíkur | - | 10 - | - | - |

og var borgarstjóra falið að gjöra samninga þar að lútandi.

7. Borgarstjóra var falið að selja vatnsveituhúsið í Rauðhólum, ef 500 kr. tilboð fæst.

8. Brunabótanefndargjörðir frá 22. febrúar voru lesnar upp og samþykktar með þeim breytingum, að brunamálanefnd útnefni kallara í Miðbænum fyrir Eirík Bjarnason og bæta við einum kallara í austurbænum sunnanverðum, og ennfremur a heimilað sé að greiða allt að 40 aura tímaborgun 10 - 12 föstum mönnum við slöngurnar við æfingar og allt að 1 kr. við eldsvoða.

9. Rætt við fyrri umræðu frumvarp til fundarskapa fyrir bæjarstjórnina.
Þvínæst var fundi frestað. Á þeim fundi mættu allir bæjarfulltrúarnir nema Sighvatur Bjarnason, Katrín Magnússon, Lárus Bjarnason, Þórunn Jónassen og Kristján Jónsson.
Fundur átti að verða aftur kl. 9, en þá mættu eigi svo margir fulltrúar að fundur yrði lögmætur.

Halldór Jónsson.
Páll Einarsson. K. Zimsen. Sveinn Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

NUMIÐ ÚR EFTIRSTÖÐVUM ÓFÁANLEG GJÖLD FRÁ ÁRUNUM 1906, 1907 og 1908.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Þrotabú Er.. Guðmundssonar skipst.: frá 1907 - 1908, krafa sen fóheta 7/12 /08 árangurslaust | 30 kr. |
| 2. | Danar- og þrotabú Friðriks Eggerz. Skuld frá 1907 -08 70.54, þar af borgað af bæjarfógeta 12.27 Ófáanlegt | 58.27 - |
| 3. | Gestur Sveinsson frá 1907 | 7.00 - |
| 4. | Jón Jónsson frá Seyðisfirði. Frá 1907 | 14.00 - |
| 5. | Jón Jónsson hm. Lv. 50. | 14.00 - |
| 6. | Jónas Jónasson úrsm. frá Sauðlauksdal | 15.00 - |
| 7. | Dánarbú Páls Vídalíns frá 1907 kr. 18.11 - Af því borgað árið 1908 kr. 6.11. Ófáanlegy | 12.00 - |
| 8. | Sigurður E. Malmkvist. Frá 1907 - 1908 - ófáanlegt | 29.55 - |
| 9. | Sigurður Halldórsson skraddari. Frá 1906 ófáanlegt | 25.00 - |
| 10. | Erikssen Constance, Norðm. Frá 1907 -'08 | 20.00 - |
| 11. | Arnbjörg Gísladóttir, Vesturgötu 53 | 8.00 - |
| 12. | Árni Magnússon, Lv. Frá 1908. | 12.00 - |
| 13. | Baldur Benediktssontrésm. Frá '08 | 20.00 - |
| 14. | Bjarni Jónsson, Lv. 27. Fr á 1908 | 16.00 - |
| 15. | Björn Jóhannsson - | 8.00 - |
| 16. | Kaj Kristensen - | 10.00 - |
| 17. | Þorkell Claessen - | 16.00 - |
| 18. | Gísli J. Ólafssonsímritari. Frá 1908 | 30.00 - |
| 19. | Guðjón Jensson, Grettisgötu 10 | 25.00 - |
| 20. | Guðm. Gíslason, skipstj.,frá Ráðagerði '08 | 6.00 - |
| 21. | Þrotabú Guðm. Sigurðssonar klæðskeri. Frá 1907-'08 | 80.29 - |
| 22. | Hallgr. Sch. Hansen frá 1908 | 10.00 - |
| 23. | Þrotabú Jafets Sigurðssonar frá 1908 | 22.92 - |
| 24. | Helgi Þórðarson, prentari. Frá 1908 | 20.00 - |
| 25. | Jón Erlendsson, Bræðraborgarst.38. Frá 1908 | 16.00 - |
| 26. | Jón Jónsson, Lindargötu. Frá 1908 | 10.00 - |
| 27. | Jónas Jónasson, Lv. 61 Frá 1907 - 1908 | 24.00 - |
| 28. | Kristín Johnsen í Fönix | 20.00 - |
| 29. | Lund Jens hjá Eyvindi '08 | 20.00 - |
| 30. | Magnús Jónsson, '08 | 14.00 - |
| 31. | Magnús Sigurðsson, Grettisgötu 46 | 10.00 - |
| 32. | Margrét Vigfúsdóttir, Bræðraborgarst. 19 | 3.00 - |
| 33. | Margrét Grímsdóttir, Vesturgötu 51. Frá 1909 | 6.00 - |
| 34. | Páll Einarsson söðlasm.. Frá 1908 tvískr. | 16.00 - |
| 35. | Þrotabú Páls Ólafssonar. Frá 1908 | 20.00 - |
| 36. | Páll Pálsson bakari. Frá 1908 | 40.00 - |
| 37. | Þrotabú Péturs Jónssonar, blikksmiðs | 42.70 - |
| 38. | Pétur Þórðarson, Grettisg. Frá 1908 | 6.00 - |
| 39. | Ryeberg Hovgaard. Frá 1908 | 20.00 - |
| 40. | Sampster William. Frá '08 | 40.00 - |
| 41. | Stefán P. Sigurjónsson. Frá 1908 | 8.00 - |
| 42. | Thomsen, Jes. dánarbú, frá '08 o/19 | 0.19 - |
| 43. | Valdemar Ottesen. Frá 1908 | 12.00 - |
| 44. | Þrotabú Vilhjálms Gíslasonar, frá 1908 | 30.00 |
| 45. | Þorkell Guðmundsson, Bergstaðastræti 3, frá '08 | 12.00 - |
| 46. | Sveinbjörn Jakobsson, Stýrimannastíg 7, '08 | 4.00 - |

Ófáanleg gjöld frá árinu 1909:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Abrahamsen, G.O. vörubjóður. Frá 1908 | 25.00 kr. |
| 2. | Ágúst Ólafsen, verzlunarfulltrúi. Frá 1908 | 50.00 - |
| 3. | Anna Helgadóttir, Suðurgötu 12 | 3.00 - |
| 4. | Árni Jósefsson, trésmiður, Njálsgötu 27 | 20.00 - |
| 5. | Ásbjörn Sigurðsson, Laugaveg 35 | 8.00 - |
| 6. | Ásmundur Ólafsson, Lindargötu 1 | 10.00 - |
| 7. | Bajer, A. bankaritari | 27.50 ? |
| 8. | Bjarnason, H. S. konsúll | 50.00 - |
| 9. | Björn Pálsson, Lindargötu 30 | 8.00 - |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 10. | Brynjólfur Ólafsson, Njálsgötu 49B | 8.00 kr. |
| 11. | Bryndís Jónsdóttir, Laugavegi 24 | 4.00 - |
| 12. | Daníel Daníelsson, ljósmyndari | 15.00 - |
| 13. | Einar Guðmundsson, Holtsgötu 10 | 6.00 - |
| 14. | Einar Jónsson, Laugaveg 76, | 6.00 - |
| 15. | Einar Teitsson, Þingholtsstræti 10 | 12.50 - |
| 16. | Einar Sigurðsson, Bergstaðastræti 30 | 8.00 - |
| 17. | Eiríkur Jónsson, trésm. Laufásvegi 47 | 7.00 - |
| 18. | Finsen, H. A. júngfrú | 4.00 - |
| 19. | Gísli Kristjánsson, Laugavegi 32 | 8.00 - |
| 20. | Guðbjartur Helgason, Skála | 6.00 |
| 21. | Guðjón Sigurðsson, trésm. Laufásvegi 47 | 25.00 - |
| 22. | Grahme, Alexander verzlunarm. | 37.50 - |
| 23. | Guðmundur Magnússon, Vitastíg 14 | 10.00 - |
| 24. | Guðmundur Þórðarson, Nýlendugötu 13 | 4.00 - |
| 25. | Guðni Eyjólfsson, póstafgreiðslumaður | 12.50 - |
| 26. | Guðrún Eyþórsdóttir vk. Laufásvegi 43 | 4.00 - |
| 27. | Haakanson Fr. A. bakari | 10.00 - |
| 28. | Halldór Kr. Júlíusson, sýslumaður | 25.00 - |
| 29. | Hansen R. klæðskeri (yfirstrikað) | 25.00 - |
| 30. | Hrólfur Jakobsson skipstjóri | 12.50 |
| 31. | Haukur Guðnason, Laugavegi 84 | 8.00 - |
| 32. | Ingigerður Jónsdóttir, Laugavegi 84 | 3.00 - |
| 33. | Hallgr. Guðmundsson, Grettisgötu 58 | 8.00 - |
| 34. | Ari Arason, söðlasmiður | 20.00 - |
| 35. | Jeppesen, M. klæðskeri | 10.00 - |
| 36. | - yfirstrikað - | |
| 37. | Jóhanna P. Jónsdóttir, Grettisgötu 45 | 4.00 - |
| 38. | Jóhannes Kristjánsson, Lindargötu 10 | 4.00 - |
| 39. | Jón Magnússon, Njálsgötu 49 | 7.00 - |
| 40. | Jón Sigurðsson, Hverfisgötu 45 | 8.00 - |
| 41. | Jörgensen. F. P. Grettisgötu 3? | 10.00 - |
| 42. | Kjörboe Fr. W. | 208.25.xx |
| 43. | Kristín Þorsteinsdóttir, Laugavegi 16 | 2.00 - |
| 44. | Lanb. A. N. accansestant Kirkjustr. | 75.00 - |
| 45. | Magnús Jónsson, Njálsgötu 49 | 6.00 - |
| 46. | Magnús B. Magnússon, Vesturg. ~~33a~~. 53a. | 8.00 - |
| 47. | Magnús V. Magnússon, Vesturgötu 26 | 4.00 - |
| 48. | Magnús Þorkelsson Vatnsstíg 11 | 7.00 - |
| 49. | Matthías Þorsteinsson verzl.m. Óðinsg. 7 | 6.00 - |
| 50. | Mikhús S. Verkfræðingur | 30.00 - |
| 51. | Ragnheiður Brynjólfsdóttir Veltus. 1 | 2.00 - |
| 52. | Sigr. Bjarnadóttir, Laugavegi 11 | 2.00 - |
| 53. | Sigurður Sölvason, aktígjasmiður | 3.00 - |
| 54. | Sveinbjörn Jakobsson, Lindargötu 10 | 8.00 - |
| 55. | Jón Thoroddsen, bankaþjónn | 16.00 - |
| 56. | Vigfús Vigfússon v.m. Hverfisgötu 37 | 8.00 - |
| 57. | Þorbjörn Þorvaldsson, Hverfisgötu 45 | 8.00 - |
| 58. | Þorsteinn Bjarnason, cand theol | 8.00 - |
| 59. | Þorsteinn Gíslason, símritari | 16.00 - |
| 60. | Sig. Sigurðsson, yngri Hverfisgötu ~~30~~ 20. | 18.00 - |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 17. marz, átti að vera bæjarstjórnarfundur, en með því að ekki mættu nema þessir 6 bæjarfullrtúar, Jón Jensson, Sveinn Jónsson, Kn. Zimsen, Kr. Þorgrímsson, Kristján Jónsson og Halldór Jónsson auk borgarstjóra - gat ekki af fundi orðið.

Halldór Jónsson.

Páll Einarsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, miðvikudaginn 23. marz, var(reglulegur fundur) aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 12. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breyting, að syðri jaðar lóðar Helga steinsmiðs Jónssonar við Laugaveg verði 20 álnir norður frá brún vegarins og að lóðarverðið skuli ákveðið 50 aurar fyrir feralin.

2. Veganefndargerðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, með þeirri viðbót, að verkfræðingur bæjarins eða veganefnd hafi umsjón með malartöku Jens Eyjólfssonar í Vatnagörðum og að hann greiði 10 aura í bæjarsjóð fyrir hverja tunnu af möl.

3. Lagður fram reikningur Blómsveigasjóðs 1909.

4. Lagður fram efnahagsreikningur Baðhússfélags Reykjavíkur 1909.

5. Erindi frá ábúanda Ártúns um breyting á íbúðarhúsi þar, var vísað til fasteignanefndar.

6. Tilkynntur hæstaréttardómur í máli dr. J. Jónassen, gegn Reykjavíkurkaupstað og samþykkt að útborga málskostnaðinn 1048 kr.

7. Bæjarstjórnin vildi ekki lækka útsvar 1909 Ludv. Bruns bakara, er farið hafði fram á það í bréfi 16. f.m.

8. Útsvarskæra Bendtsens fyrir 1909, dags. 14. f.m. var vísað frá, sem of seint fram komin.

9. Erindi Guðmundar Jakobssonar um, að fá erfðafestubréf fyrir útmældum túnum sínum var vísað til fasteignanefndar.

10. Kærum yfir ellistyrktarsjóðsskrá kaupstaðarins, var vísað til umsagnar nefndar þeirrar, er skrána hafði samið.

11. Kosnir í nefnd til að gjöra tillögur um úrskurði á kærum yfir alþingiskjörskrá þ.á.: borgarstjórinn, Klemens Jónsson, og Jón Jensson.

12. Eftir ósk félagsstjórnar Hjúkrunarfélags Reykjavíkur í bréfi dags. 22. f.m. var félaginu veittur fyrir yfirstandandi ár 400 kr. styrkur úr bæjarsjóði.

13. Tilkynnt bréf frá verkfræðingi O. V. Kjögx dags. 2. þ.m., þar sem farið er fram á að fá til leigu um lengra árabil Elliðaárfossana. Málinu var frestað.

14. Frumvarp um(gassölufrumvarp) gassöluskilmála var rætt nokkuð og vísað síðan til gasnefndarinnar til nýrrar íhugunar.

15. Beiðni um að fá léða lúðra bæjarins. Bæjarstjórnin samþykkti að lána félagi, er Hallgrímur Þorsteinsson verður kennari fyrir lúðrana til æfinga, fyrst um sinn í 2 mánuði.

16. Bæjarstjórn veitti bæjargjaldkera 500 kr. árlega þóknun fyrir innheimtu vatnsskatts og innheimtu innlagningarkostnaðar vatnspípnanna.

Allir á fundi nema Sighvatur Bjarnason, Magnús Blöndahl, Lárus Bjarnason, frú Þ. Jónassen og Guðrún Björnsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. K.Zimsen. Kl. Jónsson. Sveinn Jónsson. Þ.J.Thoroddsen. Katrín Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 7. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

Á fundinum mættu í fyrsta sinn bæjarfulltrúar þeir, er kosnir voru 29. janúar.

1. Tilkynntur úrskurður stjórnarráðsins, er telur gilda kosningu bæjarfulltrúanna 29. janúar síðastliðið.

2. skipun nefnda:
Skrifarar kosnir:
Jón Jensson - Halldór Jónsson.
Fjárhagsnefnd:
Halldór Jónsson - Klemens Jónsson.
Fasteignanefnd:
Jón Jensson - Arinbjörn Sveinbjarnarson.
Fátækranefnd:
Katrín Magnússon - Kristján Þorgrímsson - Guðrún Björnsdóttir - Pétur J. Guðmundsson.
Byggingarnefnd:
Knud Zimsen - Rögnvaldur Ólafsson, byggingarfræðingur
Tryggvi Gunnarsson - Jón Jensson.
Veganefnd:
Jón Þorláksson - Knud Zimsen - Klemenz Jónsson - Kristján Þorgrímsson.
Brunamálanefnd:
Lárus Bjarnason - Magnús Blöndahl - Arinbjörn Sveinbjarnarson.
Hafnarnefnd:
Tryggvi Gunnarsson - Jón Þorláksson -
Skattanefnd:
Halldór Jónsson - Klemenz Jónsson.
Heilbrigðisnefnd:
Þórður Thoroddsen.
Stjórn Fiskimannasjóðs:
Tryggvi Gunnarsson.
Vatnsnefnd:
Jón Þorláksson - Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Gasnefnd:
Borgarstjórinn - Knud Zimsen - Lárus Bjarnason - Guðrún Björnsdóttir - Pétur G. Guðmundsson.

3. Byggingarnefndargjörðir frá frá 2. þ.m. lesnar upp og samþykktar, með þeirri viðbót að leigusamningur Steingríms Guðmundssonar, Brynjólfs Björnssonar og Lárusar G. Lúðvíkssonar (2. mál) verði þinglesinn.

4. Veganefndargjörðir frá 4. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

5. Fasteignarnefndargjörðir frá 5. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu, að frestað var að taka ákvörðun um 1. lið b og c fundargjörðanna og fasteignanefnd falið að koma með álit sitt um þá liði.
Erindi ábúandans á Ártúnum (2. liður) var einnig vísað aftur til fasteignarnefndar.

6. Beiðnum frá Sveini Þórðarsyni og Emil Rakstað um erfðafestulönd, var vísað til sömu nefndar.

7. Kosnir prófdómendur við unglingaskóla Ásgríms Magnússonar við vorpróf nú í vor skólakennari Þorleifur H. Bjarnason og Jóhannes Sigfússon.

8. Mælt með prestaskólakennara Eiríki Eiríki Briem, sem prófdómanda við stýrimannapróf í vor.

9. Brunamálanefndargjörðir frá 6. þ.m. lesnar upp og sam-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þykktar að því er snertir tillögur hennar um að fá hingað æfðan brunaliðsmann frá Khöfn á þann hátt, sem slökkviliðsstjóri Khafnar bendir til.

10. Úrskurður lagður á ellistyrktarsjóðsskrána. Felldar burtu af henni samkvæmt kærum:
Jónína Hoffmann, ekkja, Laugavegi 27.
Vilborg Pétursdóttir, ekkja á Bakkastíg.
Helga Einarsdóttir, ekkja Laugavegi 27.
Eun neitað að strika út 13 námsmeyjar í Kvennaskólanum.

11. Úrskurður lagður á alþingiskjörskrá og kærur um hana. Bætt inn á skrána 90 kjósendum, samkv. kærum. Kærur 14 manna voru ekki teknar til greina af ýmsum ástæðum og voru felldir burtu af skránni 13 menn.
Þessar leiðréttingar verða síðar færðar inn í þessa gjörðarbók, og á sjálfa kjörskrána.

12. Vísað til umsagnar fátækranefndar umsókn Ingigerðar Þorvaldsdóttur um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

13. Frumvarp til fundarskapa fyrir bæjarstjórnina var rætt við 2. umræðu og síðan frestað til næsta fundar.

14. Kosnir í nefnd til að gera tillögur um breytingar á lögreglusamþykkt kaupstaðarins (sérstaklega um hundahald)
Katrín Magnússon
Knud Zimsen og
Klemenz Jónsson.

15. Skipaðir embættismenn í slökkviliðið:
Jóhannes Lárusson undirsveitarhöfðingi í húsrifrildisliđ,
Erasmus Elíasson - -
Sigurður Þorsteinsson deildarstjóri við sprautu nr. 1.
Hjalti Sigurðsson faktor, flokksstjóri við sprautu nr. 2.
Ari B. Antonsson verzl.m. - - - 3.
Jóhannes Magnússon verzlunarmaður - - 3.
Árni Jónsson, verzl.m. Laugavegi 37- í björgunarliði 4.
Kristófer Sigurðsson, Vesturgötu 52 - yfirmaður við sjálfstæða stigann.
Ingvar Pálsson, kaupmaður, flokksstjóri við sprautu nr. 4.

16. Út af beiðni Benedikts Jónssonar fyrrv. sótara, um 100 kr. aukning á eftirlaunum sínum á ári, samþykkti bæjarstjórnin að veita honum 100 kr. í eitt skipti fyrir öll.

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason, Jón Jensson og Þ.Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Magnús Blöndahl. Kl. Jónsson. Katrín Magnússon. Guðrún Björnsdóttir. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Tryggvi Gunnarsson. Pétur G. Guðmundsson. Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt fundargjörðinni næst hér á undan, 11. lið, var úrskurðað að eftirgreindir menn yrðu teknir á alþingiskjörskrá 1910 - 1911.

1. Árni Sigurðsson, húsm. Skólavörðustíg 14.
2. Bergur Jónsson, bóndi Sauðagerði.
3. Bjarni Sverrisson, húsm. Óðinsgötu 18.
4. Björn Gunnlaugsson, Laugavegi 70.
5. Björn Jósepsson, cand. phil. Stýrimannastíg 2.
6. Björn Jónsson, húsm. Njálsgötu 13 B.
7. Björn Pálsson, stud. jur.
8. Elías Elíasson, lausamaður Kleppi.
9. Eyjólfur Björnsson, járnsmiður, Skólavörðustíg 4 B.
10. Friðrik Sigmundsson, húsmaður, Bergstaðastræti 44.
11. Friðrik Welding, skósm. Vesturgötu 38.
12. Guðjón Egilsson, bakari, Þingholtsstræti 9.
13. Guðmundur Jafetsson, Háteig.
14. Guðmundur Kr. Jónsson, húsmaður, Mýrargötu 3.
15. Guðni Sigurðsson, húsmaður, Stýrimannastíg 5.
16. Guðm. Sigurðsson, klæðskeri, Laugavegi 12.
17. Guðm. Sigurðsson, skipstjóri, Hverfisgötu 2A.
18. Guðni Sigurðsson, Laugavegi 63.
19. Gunnlaugur Magnússon, Njálsgötu 29.
20. Guðvarður Vigfússon, húsm. Lindargötu 43.
21. Hallgrímur Andrésson, húsm. Óðinsgötu 18.
22. Haraldur S. H. Jónsson, sjóm. Grettisgötu 54.
23. Helgi Kristinn Sigurðsson, húseigandi, Njálsgötu 60.
24. Hjörleifur Þórðarson, trésm. Holtsgötu.
25. Ingjaldur Þórarinsson, Nýlendugötu 19 a.
26. Ingvar Pálsson, kaupm. Hverfisgötu 12.
27. Jóhann Benónýsson, húsm. Grettisgötu 54.
28. Jóhann Björnsson, húsm. Mörk, Bræðraborgar stíg.
29. Jóhann Kristinsson, Sölvhól.
30. Jóhann Þórðarson, Njálsgötu 40.
31. Jón Árnason, Laugavegi 60.
32. Jón Eiríksson, Mörk.
33. Jón Ísleifsson, cand. phil. Bröttugötu.
34. Jón Bach Jónsson, málari, Vatnsstíg 10.
35. Jón Jónsson, sagnfræðingur.
36. Jón Jónsson, Mörk.
37. Jón Valdimar Jónsson sjóm. Hverfisgötu 30 B.
38. Jón Kristjánsson, stud. med. Bólstaðarhlíð.
39. Jón Rafnsson, Hverfisgötu 48.
40. Jón Sigtryggsson, stud. jur. Amtmannsstíg 5.
41. Jón Collin Þorsteinsson, verzlunarm. Laugaveg 58.
42. Jón Waage, sjóm. Spítalastíg 10.
43. Jónas Eyvindsson, húsm. Grettisgötu 19 B.
44. Ketill Bjarnason, steinsm. Laugavegi. Vegam.
45. Kjartan Ólafsson, rakari, Hafnarstræti 16.
46. Kristinn Á grímsson, húsm. Hverfisgötu 58.
47. Kristinn Guðmundsson, húsm. Njálsgötu 26.
48. Kristján Ólafsson, húsm., Skólavörðustíg 42.
49. Kristmundur Guðmundsson, húsm., Njálsgötu 40.
50. Larsen, Axel, fóðrari, Lindargötu 25.
51. Lárus Féldsted, málfærzlum. Lækjargötu 2.
52. Magnús Guðnason, steinsmiður, Grettisgötu 29.
53. Nielsen, Andrés, Pálmar, húsm. Laugavegi 37 B.
54. Ólafur Helgason, húsm. Njálsgötu 50.
55. Ólafur Lárusson, stud. jur. Lækjargötu 12.
56. Ole J. Haldorsen, timburmaður, Laugavegi 61.
57. Olsen Jerntoft, húsm. Vatnsstíg 10 B.
58. Páll Erlingsson, Grettisgötu 56.
59. Páll Hallsson, trésm. Hverfisgötu 45.
60. Páll Jónsson, sjóm. Grettisgötu 52.
61. Páll Þórhallsson, húsm. Bergstaðastræti 11.
62. Pétur Thoroddsen, stud. med. Grjótagötu 11.
63. Ragnar Þorsteinsson, Þingholtsstræti 13.
64. Runólfur Stefánsson, skipstjóri, Skólavörðustíg 17 B.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

65. Sigfús Blöndahl, umboðssali, Lækjargötu.
66. Samúel Guðmundsson, húsm. Hverfisgötu 25.
67. Siggeir Gíslason, Lindargötu 8 c.
68. Sigurbjörn Guðmundsson, vélstjóri, Njálsgötu.
69. Sigurður Árnason, vélstjóri, Grettisgötu 56.
70. Sigurður Gunnarsson, járnsmiður, Laugavegi 51.
71. Sigurður Jónsson, Grettisgötu 54.
72. Sigurður Ólafsson, húseigandi, Laugavegi 27 B.
73. Sigurður Sigmundsson, trésm. Hverfisgötu 13.
74. Sigurður Sigvalsason, húsm. Skólavörðustíg 17B.
75. Sigurjón A. Ólafsson, stýrimaður, Skólabæ.
76. Sigurþór Sigurðsson, húsm. Skólavörðustíg 14.
77. Snorri Magnússon, sjóm. Spítalastíg 10.
78. Stefán Hansson, Stefánsson, trésmiður, Lindargötu 34.
79. Steinn Jónsson, húsm. Unnarstíg 1.
80. Sveinn Guðnason, barnakennari, Þingholtsstræti 26.
81. Sveinn Teitsson, trésm. Laugavegi 20B.
82. Tómás Þormóðsson, húsm. Hverfisgötu 45.
83. Zimsen, C. Afgreiðslumaður.
84. - Knud, verkfræðingur.
85. Zimsen Jes, konsúll.
86. Þórður Þorsteinsson, húsm. Skólavörðustíg 45.
87. Þorgrímur Jónsson, söðlasmiður. Laugavegi 40 a.
88. Þorgrímur Kristjánsson, cand. phil. Kirkjustræti 10.
89. Þorkell Clausen, Tjarnargötu 8.
90. Þorsteinn Tómasson, trésm. Grettisgötu 56 B.
91. Davíð Østlund, prentsmiðjueigandi.

Eftirgreindir menn falli burt af skránni
1. Thorlacius Helgi, sjóm. Laugavegi 32, 25 ára.
2. Guðmundur Gíslason, Grímsstaðaholti(Björnshús) sjóm.
3. Guðm. Guðmundsson, sjóm., Frakkastíg 10.
4. Hindrik Halldórsson, sjóm. Bókhlöðustíg 6 a.
5. Jóhannes Kr. Sigurðsson, sjóm. Njálsgötu 32 eða 33.
6. Jón Bjarnason, húsm. Hverfisgötu 56.
7. Stefán Á. Guðmundsson, Grettisgötu 49, trésm.
8. Sveinbjörn Jónsson, Skólavörðustíg 43, húsm.
9. Þorsteinn Sæmundsson, Laugavegi 60.
10. Guðm. Kr. Andrésson, sjóm. Sellandsstíg 4.
11. Magnús Símonarson, Klapparstíg 14 a.
12. Þorvaldur Árnason, sjóm. Stóra-Seli.
13. Þórarinn Jónsson, Holtsgötu 12.

Synjað að fella af skránni eftirgreinda menn:
1. Carl E. Lárusson, Laugavegi 5.
2. Flosi Sigurðsson, trésm. Suðurgötu 8B.
3. Guðm. Stefánsson, húsgagnasmiður, Laugaveg 26 B.
4. Þorsteinn Sigurðsson, skósm. Laugavegi 22B., 37 ára.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, þriðjudaginn 12. apríl, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni, heima hjá borgarstjóra.

1. Tilefni fundarins var það, að umboðsmaður bæjarins í Londontil að leigja laxveiðina í Elliðaánum í sumar hafði sent símskeyti um, að hann hafi fengið 350 punda boð í veiðina, og óskar símasvars.

X/ Samþykkt var að taka boðinu.

2. Vegna sjúkdómsforfalla Eiríks Briems prestaskólakennara, samþykkti bæjarstjórn að mæla með Guðmundi B. Kristjánssyni cand. í stýrimannafræði sem prófdómanda við Stýrimannaskólann.

Allir á fundi nema Jón Jensson, Lárus H. Bjarnason, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Magnús Blöndahl, Jón Þorláksson, Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Halldór Jónsson.

Páll Einarsson. Guðrún BjörnsdóttirBríet Bjarnhéðinsdóttir.

Katrín Magnússon. Pétur G. Guðmundsson. Kl. Jónsson.

K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 28. apríl, var ~~reglulegur~~ auka- fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 16. þ.m. voru samþykktar, með þeim breytingum og athugasemdum:
1. að byggingarbeiðni Guðm. Hannessonar var vísað aftur til nefndarinnar til nánari athugunar.
2. að það athugast við húsbyggingu E. Jensen, að þar á að vera í brauðabökun og húsbyggingin þarfnazt samþykkis heilbrigðisnefndar og brunamálanefndar.
3. að erindi Jóh. Jóhannessonar um undanþágu frá byggingarsamþykkt var vísað aftur til nefndarinnar til nýrrar íhugunar.
4. að byggingarbeiðni C. Friðriksen bakara var vísað til nendarinnar aftur til nýrrar íhugunar.
5. að við byggingarleyfi Jóns Þórðarsonar bætist ákvörðun um, að hið fyrirhugaða hús gangi ekki ekki lengra í norður, að götunni en húseign sama manns, Þingholtsstræti nr. 1.
6. að við leyfi það, til að breyta erfðafestulandi í byggingarlóð, er þeim Hannesi Thorarensen og Jóni Jakobssyni er veitt, bætist ákvæði um, að bæjarsjóðsgjaldið 20%, greiðist af söluverði jafnóðum og selt er.

2. Veganefndargjörðir frá 18. þ.m. samþykktar með þeirri breytingu, að málaleitan búenda í Hólabrekku var vísað aftur til nefndarinnar til nýrrar yfirvegunar.

3. Fasteiganefndargjörðir frá 24. þ.m. voru samþykktar með þeim breytingum, að nefndinni var falið að gjöra og gefa ábúendum Laugarness og Breiðholts byggingarbréf. En út af 5. og 6. lið fundargerðarinnar, var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Bæjarstjórnin ákveður að vísa málinu undir 5. og 6. ~~lið~~ tölulið aftur til fasteignanefndarinnar og leggur fyrir hana, að koma fram með á næsta fundi uppdrátt af landinu fyrir vestan Laugalækinn og tillögu um hvernig skipta skuli því niður í erfðafestulönd svo og rannsaka og gjöra tillögu um, þau mál, sem umræður um þennan lið hafa gefið tilefni til.

Með því að mörg mál voru eftir á dagskrá, en klukkan orðin 1/2 tólf, var fundur ákveðinn á morgun kl. 5 e. m. og þessum fundi slitið.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. . Magnús Blöndahl. Lárus Bjarnason. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Katrín Magnússon. Guðrún Björnsdóttir. Jón Jensson. Þ.J.Thoroddsen. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Tr. Gunnarsson. K.Zimse, ósamþ. 5. lið og 1. lið. Jón Þorláksson. Pétur G. Guðmundsson. Kl. Jónsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, föstudaginn 29. apríl var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Elías Elíasson býður forkaupsrétt á 1000 ferálnum úr erfðafestulandi hans Litlaholtsbletti. - Vísað til umsagnar byggingarnefndar.

2. Garðar Gíslason, kaupmaður biður um leyfi til að byggja bryggju fram undan lóð hans Frostastaðalóð.
Álit og tillögur hafnarnefndar lágu fyrir bæjarstjórn.
Eftir nokkrar umræður var málinu vísað til nefndarinnar aftur til nýrrar íhugunar og samkomulagsleitunar við beiðandann.

3. Eftir tillögum fátækranefndar mælir bæjarstjórn með því, að Ingigerður Þorvaldsdóttir fái styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar fyrir barn sitt Elínu Jónsdóttur.

4. Samkvæmt beiðni var stjórn barnahælisins leyft ókeypis húsnæði í í 2 stofum barnaskólans í sumar, eftir samráði við skólastjórann og á sama hátt, sem síðastliðið sumar. Fellt með 6 atkvæðum gegn 6 ókeypis kol.

5. Fótboltafélaginu "Fram" veitt leyfi til fótboltaleiks á Melunum á sama svæði, sem "Fótboltafélagi Reykjavíkur" hefur haft hingað til, þannig að ekki komi í bága við afnot hins síðarnefnda félags.

6. Fyrirspurn Talsímafélags Reykjavíkur um heimild til afls úr vatnsveitunni til mótorrekstrurs var vísað til vatnsveitunefndarinnar.

7. Frumvarp til reglugerðar um mjólkursölu ákveðið að gangi milli fulltrúanna.

8. Framlagður reikningur bæjarsjóðs 1910.

9. Svohljóðandi rökstudd dagskrá var samþykkt:
Í því trausti að borgarstjóri gangi framvegis fast eftir því, að bæjarreikningurinn verði endurskoðaður og að öðru leyti afgreiddur á tilteknum tíma, tekur bæjarstjórn fyrir næsta mál á dagskrá.

10. Eftir tillögum brunamálanefndar voru þessir menn skipaðir:
Sigurð Halldórsson snikkara yfirmann við hlerana.
Müller verzlunarstjóra, flokksstjóra við sprautu nr. 4.
Bertelsen vélastjóra - - - - 1.
Magnús Magnússon kennara - - - 1.
og Guðmund Magnússon Grjótagötu 14, brunakallara fyrir Miðbæinn.

11. Bergljótu Guðmundsdóttur veittar 15. kr. úr bæjarsjóði fyrir leigu á sótaraverkfærum.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson og Knud Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Magnús Blöndahl. Lárus Bjarnason. Tr. Gunnarsson. Þ.J.Thoroddsen.
Arinbjörn Sveinbjarnarson. Katrín Magnússon. Jón Jensson.
Pétur G. Guðmundsson. Jón Þorláksson. Guðrún Björnsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 12. maí, var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni:

1. Frumvarp til fundarskapa var rætt við síðustu umræðu og samþykt með þessum breytingum: - Við 1. gr. sþ. viðbót svohljóðandi: Á fyrsta fundi í janúarmánuði ár hvert kýs bæjarstjórnin einn fulltrúanna til þess að stjórna fundum í forföllum borgarstjóra.
Við 2. gr. Í stað: "næsta fimmtudag" var samþ: einhvern ~~tíma~~ hinna næstu virku daga.
3. gr. óbreytt.
4. gr. óbreytt.
Við 5. gr. sþ. orðabr. í 4. línu "né" í stað "eða".
Í sta "4 bæjarfulltrúar" var sþ. "bæjarfulltrúi".
Í sta "geta" var sþ: "getur".
Á eftir orðunum: "sker bæjarstjórnin úr því" bættist inn "umræðulaust".
Við 6. gr. orðin: "ræða eða" felld burtu.
Í stað: "meira en" sþ. "minnst".
Vi 7. gr.: Í næst síðustu línu: í stað: "hann" sþ. "borgarstjóri".
Við 8. gr.: Á eftir orðunum: "í hverju máli" bætt bið: "á sama fundi".
Á eftir "ámæli": sþ.: "gera stutta fyrirspurn".
9. gr. óbreytt.
Við 10. gr.: Í stað: "4 bæjarfulltrúar" sþ.: "bæjarfulltrúi".
11. gr. óbreytt.
12. gr. óbreytt.
Í stað 13. gr. sþ. svohljóðandi gr: Nú snertir mál borgarstjóra, og skal hann þá víkja úr sæti meðan málið er útkljáð, en viðtaka sú, er bæjarstjórnin hefur komið í hans stað snerti málið bæjarfulltrúa, greiðir hann ekki atkvæði um það. Bæði borgarstjóra og bæjarfulltrúa er heimillt að skýra málið hvorum af sinni hendi. Bæjarstjórnin sker umræðulaust úr því, ef á þarf að halda, hvort málið sé svo vaxið, sem nú var ~~skýrt~~ sagt.
14. gr. óbreytt.
Aftan við 15. gr. bætt: Klofni nefnd, getur hvor klofningur (nefndarhluti) kosið sér framsögumann.
16. gr. óbreytt.
Við 17. gr. Eftir orðin: "sem bæjarstjórnin gjörir", bætt: nema bæjarstjórnin hafi ráðið til þess sérstakan mann, sem ekki er kjörinn bæjarfulltrúi.
18. gr. óbreytt.
19. gr. óbreytt.
20. gr. úr greininni falli burtu orðin: "með tilgreindum formanni".
Við 21. gr. í stað"borgarstjóri" sþ. bæjarstjórn. Var haft nafnakall og sögðu já: Pétur G. Guðmundsson,
Magnús Blöndahl,
Lárus Bjarnason,
Jón Þorláksson,
Arinbjörn Sveinbjarnarson,
Guðrún Björnsdóttir,
Tr. Gunnarsson.
Nei sögðu: Halldór Jónsson,
Jón Jensson,
Klemenz Jónsson,
Katrín Magnússon,
Þórður Thoroddsen,
Páll Einarsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir greiddi ekki atkvæði.
Við 22. gr.: Á eftir: "allra bæjarfulltrúa" bætt inn: "sem á fundi eru".
Við 23. gr.: Orðin: "Að síðustu" felld burtu, og aftan við greinina bætt: og staðfesting stjórnarráðs.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 7. þ.m. lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót: að Jóni Þórðarsyni var leyft að byggja hús fram í götulínuna, samkv. samþykkt byggingarnefndar



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á fundi hennar 16. apríl þ.á., að út af geymsluhúsbygging Jóh. Jóhannessonar (14. erindi) var samþ. svohljóðandi tillaga: Eftir framkomnum upplýsingum ákveður bæjarstjórn, að hið umrædda hús megi standa óraskað, en samþykkir að öðru leyti byggingarnefndargjörðina.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 10. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu, að 1. skilyrði fyrir húsbygging Guðmundar Hannessonar orðist svo: að landstjórnin lofi aðstoð sinni til, að bærinn fái ókeypis lóð á sínum tíma undir Ingólfsstræti milli Bankastrætis og Hverfisgötu, að svo miklu leyti land það tlzt eign landsjóðs. Og að fellt sé burtu síðarri hluti 5. skilyrðis frá orðunum frá orðunum: "að karmar og grindur" til enda þess skilyrðis.

Með því að klukkan var orðin 12 (um nótt) var fundi frestað til kl. 5 e.m. næsta dag.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson, er var burtu úr bænum.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Magnús Blöndahl. Jón Þorláksson. Katrín Magnússon. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Guðrún Björnsdóttir. Jón Jensson. Þ.J.Thoroddsen. Pétur G. Guðmundsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, föstudaginn 13. maí, var framhaldsfundur haldinn í bæjarstjórninni til að ljúka við dagskrá síðasta fundar.

1. Veganefndargerðir frá 9. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

2. Hafnarnefndargerðir frá 9. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót, að bætt var inn í 5. skilyrði fyrir bryggjugerð Garðars Gíslasonar, eins og það var orðað hjá hafnarnefnd, á eftir orðunum: "frá þeim tíma að hafnargjörðir" orðunum: eða aðrir, er bæjarstjórnin hefur falið eða gefið leyfi til hafnargerðar.

3. Fasteignanefndargerðir frá 6. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar í heild sinni.

4. Beiðni Ásgríms Magnússonar um styrk handa barnaskóla og unglingaskóla hans var vísað til skólanefndar.

5. Erindi frá kaupmönnum um að losna við vatnsskatt af verzlunarhúsum sínum var vísað til vatnsnefndar.

6. Kosnir í nefnd til að íhuga útsvarskærur:
Þórður Thoroddsen, Lárus Bjarnason,
Arinbjörn Sveinbjarnarson.

7. Tilkynnt að Sigurður Jónsson lögregluþjónn hafi sagt af sér starfinu.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Jóh. Jóhannessonar, Laugaveg 19 | 3024 kr. |
| b. | - | Sigurbjörns Þorkelssonar, Njálsgötu 44 | 3785 - |
| c. | - | Samúels Jónssonar, Skólavörðustíg 35 | 16329 - |
| d. | - | Th. Thorsteinsen, á Kirkjusandi | 2466 - |

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl, Lárus Bjarnason, Kn. Zimsen, Kristján Þorgrímsson, Þórður Thoroddsen og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Guðrún Björnsdóttir.
Pétur G. Guðmundsson. Jón Þorláksson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Tr. Gunnarsson. Jón Jensson. Kl. Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 19. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.
Sérstaklega samþykkt að mæla með undanþágu frá byggingarsamþykkt um styrkleik bita í húsi Sigurjóns Sigurðssonar, Lækjargötu 10c.

2. Fasteignanefndargerðir frá 15. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

3. Vatnsnefndargerðir frá 17. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar á þann hátt, að til svars upp á erindi nokkurra kaupmanna bæjarins var samþykkt svohljóðandi yfirlýsing:
Bæjarstjórnin telur gjaldsins vera krafizt eins og ætlazt er til samkvæmt reglugerðinni, en lofar jafnframt að taka þetta atriði til sérstakrar athugunar, þegar reglugerðin verður endursamin um næstu áramót.
Að til svars upp á fyrirspurn Talsímafélagsins Reykjavíkur, var samþykkt svohljóðandi yfirlýsing:
Bæjarstjórnin vill ekki veita leyfi til að nota vatn úr vatnsveitunni til hinnar umræddu hreyfivélar.
Að til svars upp á ~~bréf Ba~~ bréf stjórnar Baðhúsfélags Reykjavíkur var samþykkt að ákveða vatnsskatt baðhússins yfirstandandi ár 150 kr.

4. Hafnarnefndargerðir frá 18. þ.m. lesnar upp. Til svars upp á lánbeiðni úr hafnarsjóði samþykkti bæjarstjórnin að semja um lánveitinguna.

5. Brunabótavirðing samþykkt:
Húseign Guðm. Einarssonar Frammnesvegi 3997 kr.

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Knud Zimsen, Kristján Þorgrímsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Pétur G. Guðmundsson. Þ.J.Thoroddsen. Jón Jensson. Kl. Jónsson. Katrín Magnússon. Tr. Gunnarsson. Jón Þorláksson. Magnús Blöndahl. Guðrún Björnsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn hinn 2. júní var reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 28. maí voru samþykktar með þeirri breytingu að sú breyting var gerð á 5. tölulið, að í stað orðanna "en synjað um" var samþykkt "og leyft að lækka",- setningin: "þar sem í þessu verki" var fellt burtu og í stað síðustu setningarinnar: "en þeirri beiðni . . . . . synjað", var samþ. "og samþykkir bæjarstjórnin þessa beiðni".
Muna þarf eftir að innheimta gjald í bæjarsjóð af lóð þeirri, er Kjartan Gunnlaugsson kaupm. kaupir við Þingholtsstræti, 20% af kaupverðinu.

2. Veganefndargerðir frá 23. maí voru samþykktar.

3. Fundargerðir fjárhagsnefndar frá 30. maí voru samþykktar með þeirri breytingu, að upphæð lánsins var ákveðin 100 þús. krónur, og borgarstjóra var gefið umboð til að taka lán þetta með ekki lakari kjörum, en tilboð Íslandsbanka hljóðaði um, og svo að undirskrifa skuldabréf hér að lútandi fyrir bæjarstjórnar hönd.

4. Skólanefndargerðir frá 31. maí samþykktar með þeirri breytingu, að svohljóðandi tillaga var samþykkt: Bæjarstjórnin samþykkir að veita í þetta sinn 400 kr. til barnaskóla Ásgríms Magnússonar. Út af tillögum um lýsing skólans með gasi samþykkti bæjarstjórn, að barnaskólann skyldi upplýsa með gasi, en frestaði að öðru leyti, að ákveða með hve mörgum og sterkum ljósum unz skólanefnd gæti komið fram með rökstuddar tillögur um það, svo og um verð á innleggingu o.fl.
Út af beiðni um léða söngstofu barnaskólans handa væntanlegum söngskóla var samþykkt, að lána stofuna, en ekki ljós né hita né hljóðfæri.

5. Gasnefndargerðir frá 31. maí voru samþykktar og gasskilmálarnir eins og þeim var útbýtt prentuðum, með smáum leiðréttingum, er framsögumaður (L.H.B.) skýrði frá í framsögunni.

6. Leiðrétt auka-alþingiskjörskrá bæjarins, er gildir frá 1. júlí þ.á. til 30. júní 1911.
Bætt inn á skrána verzlunarmanni Carli Finsen.

7. Hafnarnefndargerðir frá 31. maí voru samþykktar með þeirri viðbót: að áskildu samþykki franska spítalafélagsins í Dunkerque, sem hefur notkunarrétt lóðarinnar.

8. Erindi frá íþróttafélögum bæjarins um leiksvæði á Melunum var vísað til veganefndar.

9. Beiðni Leikfélags Reykjavíkur um 500 kr. styrk úr bæjarsjóði eins og að undanförnu, var vísað til fjárhagsnefndar.

10. Siggeiri Torfasyni kaupmanni var veitt slátrunarleyfi, samkv. umsókn hans, dags. 31. f.m. með sömu skilmálum og síðastliðið ár.

11. Erindi frá Kjögx og Philipsen um heimild til rafmagnsstöðvarrekstur með krafti úr Elliðaárfossum var vísað til gasnefndar.

12. Erindi frá A.J.Bertelsen um lausn úr slökkviliði bæjarins, var vísað til brunamálanefndar.

13. Erindi frá G. Gíslasyni & Hay um, að mega hlaða upp ~~fjörunni~~ fjöruna fram undan Frostastaðalóð var vísað til hafnarnefndar.

14. Erindi Jónasar Þorsteinssonar um uppbót á akkorði var vísað til vatnsnefndar.

15. Brunabótavirðingar samþykktar:


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Sigurðar Kristjánssonar, Bankastræti | 3018.- |
| b. | - Jóns Thorsteinsson, Grímsstöðum | 2589.- |
| c. | - erfingja Mar. Lárusdóttur, Vesturgötu | 4078.- |
| d. | - Jóh. Lárussonar, Skólavörðustíg 42 | 4364.- |
| e. | - Hjálmars Þorsteinssonar, Frakkastíg | 3483.- |

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Magnús Blöndahl. Tryggvi Gunnarsson. Jón Jensson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Guðrún Björnsdóttir. Pétur G. Guðmundsson. Jón Þorláksson. K. Zimsen. Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# FUNDARSKOP

## FYRIR BÆJARSTJÓRN REYKJAVÍKUR KAUPSTAÐAR

---

### 1. gr.

Í bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar eiga sæti 15 kosnir bæjarfulltrúar auk borgarstjóra, hann stjórnar fundum og sér um að allt fari reglulega og skipulega fram, og eru bæjarfulltrúarnir skyldir að hlíta úrskurði hans um allt er snertir fundarreglur. Borgarstjóri hefur jafnt atkvæði við bæjarfulltrúana á fundum. Á fyrsta fundi í janúarmánuði ár hvert kýs bæjarstjórnin einn fulltrúanna til þess að stjórna fundum í forföllum borgarstjóra.

### 2. gr.

Fundir bæjarstjórnarinnar eru tvennskonar - reglulegir fundir og aukafundir. Reglulegir fundir skulu vera tveir á mánuði, hinn fyrsta og þriðja fimmtudag mánaðarins. Farist reglulegur fundur fyrir vegna helgi eða af öðrum ástæðum, skal fund halda einhvern hinna næstu virku daga á eftir. Reglulegir fundir byrja ~~einhvern~~ kl. 5 e. h. og standa svo lengi, sem dagskrá endist, þó aldrei lengur en til miðnættis.

Aukafundi skal halda svo oft, sem borgarstjóra þykir þörf vera, á þeim stað, degi og stundu, sem hann ákveður. Hann skal ennfremur boða til ~~fundar~~ aukafundar, ef 8 bæjarfulltrúar óska þess.

### 3. gr.

Borgarstjóri má eigi taka neitt erindi á dagskrá til reglulegs fundar nema þa sé komið til hans á þriðjudagskvöld hið næsta fyrir fund. Á miðvikudag í síðasta lagi fyrir kl. 4 skal hann hafa sent öllum fulltrúunum dagskrá, er greinilega tiltaki þau mál, er koma skulu til umræðu . Séu lagðar fram gjörðir frá föstum nefndum bæjarstjórnarinnar, skal útdráttur úr fundargjörðum fylgja með dagskránni. Önnur mál en þau sem standa á dagskrá, mega ekki koma til umræðu á fundi. Dagskráin skal fest upp að minnsta kosti á 6 stöðum ( bænum) víðsvegar um bæinn.

Um leið og aukafundur er boðaður, skal tilgreina fundarefnið eins nákvæmlega og unnt er.

### 4. gr.

Borgarstjóri ákveður röð fundarmála, þó má gera breytingar á þessu á fundi með meiri hluta atkvæða.

### 5. gr.

Fundir bæjarstjórnarinnar skulu haldnir í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir og mega því hvorki láta í ljósi á nokkurn hátt ánægju sína né vanþóknun út af því sem á fundi gjörist. Brjóti nokkur á móti þessu, getur borgarstjóri látið vísa honum út, og ef þörf er á, látið ryðja salinn.

Borgarstjóri eða bæjarfulltrúi getur krafizt þess, að mál sé rætt fyrir luktum dyrum, og sker bæjarstjórnin úr því umræðulaust með atkvæðafjölda hvort málið skuli rætt í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, og nær þetta einnig til borgarstjóra. -

### 6. gr.

Bæjarstjórnin má ekki gjöra ályktun um neitt mál nema minnst helmingur bæjarfulltrúa sé á fundi auk borgarstjóra. -



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. gr.

Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal snúa sér til borgarstjóra og gefur hann fulltrúum orðið í þeirri röð, er þeir æskja þess, þó má hann breyta út af því, ef honum virðist það nauðsynlegt til þess að ræður með og móti vissu málefni, skiptist á, eða til þess að bæjarfulltrúi geti gert stutta leiðrétting eða athugasemd, er snertir sjálfan hann. Biðji fleiri sér hljóðs jafnsnemma ræður borgarstjóri í hverri röð fulltrúar fá orðið.

8. gr.

Borgarstjóri eða flutningsmaður máls eða framsögumaður mega tala eins oft og þeir vilja, aðrir bæjarfulltrúar mega ekki tala oftar en tvisvar í hverju máli á sama fundi, þó er heimillt að biðja sér hljóðs til að bera af sér ámæli, gjöra stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæzlu fundarskapa.

Sérhver bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt meðan hann flytur tölu sína.

9. gr.

Sérhver bæjarfulltrúi hefur rétt til að koma fram með tillögur og breytingartillögur við það málefni, sem er til umræðu þyki borgarstjóra það nauðsynlegt fyrir glöggvunarsakir, getur hann heimtað að tillaga sé borin fram skriflega, en þá skal hann veita nægilegan tíma til þess að semja hana. -

10. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur borgarstjóri eða bæjarfulltrúi stungið upp á, að þeim sé hætt, og sker bæjarstjórnin úr því umræðulaust.

11. gr.

Nú er mál útrætt og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðsla fer venjulega þannig fram, að fulltrúarnir standa upp. Nafnakall skal viðhaft ef 4 fulltrúar æskja þess, áður atkvæðagreiðsla fer fram, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg.

12. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum í öllum málum; séu atkvæði jöfn, er málið fallið í það sinn.

13. gr.

Nú snertir mál borgarstjóra, og skal hann þá víkja úr sæti meðan málið er útkljáð, en viðtaka sá, er bæjarstjórnin hefur kosið í hans stað . Snerti málið bæjarfulltrúa, greiðir hann ekki atkvæði um það. Bæði borgarstjóra og bæjarfulltrúa er heimillt að skíra málið hvorum af sinni hendi. Bæjarstjórnin sker umræðulaust úr því, ef á þarf að halda, hvort málið sé svo vaxið, sem nú er sagt.

14. gr.

Auk fastanefnda þeirra, sem bæjarstjórnin kýs, hefur hún rétt til að setja nefnd í hvert mál sem er. Allar nefndir skal kjósa skriflega, eru þeir rétt kosnir í nefnd sem flest atkvæði fá. Fái tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði og þeir geti ekki báðir eða allir fengið sæti í nefndinni, skal kjósa á ný óbundnum kosningum um þá, sem í nefnd vanta. Verði nefnd þá enn ekki rétt skipuð, skal hlutkesti ráða. -

15. gr.

Sá er flest fær atkvæði í nefnd eða elztur er, ef fleiri fá jafnmörg atkvæði, kveður nefndina saman í fyrsta sinn og lætur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kjósa formann, og boðar hann síðan nefndarfundi og annast framkvæmdir nefndarinnar. Um leið og nefnd lýkur starfa sínum, kýs hún einn nefndarmanna, sem forsögumann. Klofni nefnd getur hvor klofningur(nefndarhluti) kosið sér framsögumann. -

16. gr.

Skyldur er bæjarfulltrúi að taka á móti kosningu í nefnd; borgarstjóri getur skorazt undan nefndarkosningu, en nefndarmenn geta heimtað hann á fundi sína til þess að fá hjá honum upplýsingar, er nauðsynlegar þykja, og hann getur í té látið.

17. gr.

Bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki tvo skrifara; telja þeir saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Við nafnakall greiða þeir sjálfir fyrst atkvæði. - Annar þeirra bókar greinilega í gjörðabókina umræðuefni og þær ályktanir, sem bæjarstjórnin gjörir, nema bæjarstjórnin hafi ráðið til þess sérstakan mann, sem ekki er kjörinn bæjarfulltrúi. Í fundarlok skal gjörðabókin upplesin og undirskrifuð af borgarstjóra og öllum viðstöddum bæjarfulltrúum.

18. gr.

Sérhver bæjarfulltrúi hefur rétt il að fá ágreiningsatkvæði sitt fært stuttlega til bókar, en er allt fyrir það skyldur til að undirskrifa bókina.

19. gr.

Borgarstjóri sér um afgreiðslu allra mála samkvæmt ályktun bæjarstjórnar, og hefur framkvæmd á öllum þeim málum, sem ekki eru sérstaklega falin einstökum mönnum eða nefndum. -

20. gr.

Skrá yfir allar fastanefndir skal jafnan hanga í fundarsalnum.

21. gr.

Ef vafi leikur á, hvernig skilja beri fundarsköp þessi, sker bæjarstjórnin úr því.

22. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur bæjarstjórnin gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn þykir til bera, ef það er samþykkt af 2/3 allra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru, að borgarstjóra meðtöldum.

23. gr.

Til þess að gera breytingar á fundarsköpum þessum, þarf umræður á tveim fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfesting stjórnarráðsins.

Þannig samþykkt á bæjarstjórnarfundi 12. maí 1910 með samhljóða atkvæðum allra bæjarfulltrúa, sem á fundi voru, vottar

Borgarstjóri Reykjavíkur, 23. maí 1910.
Páll Einarsson.

---

Samþykkist samkvæmt bæjarstjórnarlögunum.
Í stjórnarráði Íslands, 27. maí 1910
Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 16. júní var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 11. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

2. Leikfélagi Reykjavíkur veittur 500 kr. styrkur samkv. umsókn stjórnar félagsins, dags. 31. f.m. og tillögum fjárhagsnefndar.

3. Felldur úrskurður á 2 útsvarskærur:
a. Kæra Kapt. Trolle vísað frá sem of seint framkominni.
b. - kaupm. Gísla Hjálmarssonar úrskurðað, að úrskurður niðurjófnunarnefndar skuli standa óbreyttur.

4. Runólfi Péturssyni veitt lögregluþjónsstaðan frá 1. júlí þ.á. að telja.

5. Veganefndargerðir frá 13. þ.m. lèsnar upp og samþykktar með þeirri breytingu, að í stað tillögu nefndarinnar um erindi frá íþróttafélögum bæjarins var samþykkt svohljóðandi tillaga:
Bæjarstjórnin vill veita félögunum 180x90 svæði á umbeðnum stað á Melunum og vill taka styrkbeiðni félaganna til góðgjarnrar athugunar, - leggi félögin fram uppdrátt og sundurliðaða kostnaðaráætlun um alla tilhögun á íþróttasvæðinu. Út af 2. lið nefndarinnar var sþ. svohljóðandi yfirlýsing: Bæjarstjórnin ályktar, að leggja skuli lokræsi um Tjarnargötu, Aðalstræti og í Lækinn þegar er plan verkfræðingsins er fengið og það hefur verið samþykkt af bæjarstjórn - með sömu kjörum og hingað til hefur tíðkast - og hlutast jafnframt til um, að húseigendur taki upp holræsi þau, er nú liggja í Tjörnina. Við 4. lið var sú breyting gerð, að í stað: "en vill" - til:orðanna: "þessum hluta Tjarnargötu" var samþykkt:, og bera ofan í ræmuna eftir þörfum.

6. Út af lýsingarmáli barnaskólans samþykkti bæjarstjórn svohljóðandi tillögu skólanefndar: Bæjarstjórnin samþykkir, að alla bekki barnaskólans skuli lýsa með 4 gaslömpum hvern og skólann að öðru leyti eftir þörfum því, sem nauðsynlegt er og felur skólanefndinni að koma því í verk og gera þá samninga er með því þurfa, með ráði bæjarverkfræðings og undir hans umsjón.

7. Erfðafestunefndargjörðir frá 7. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu að erfðafestuland, er bræðurnir Jón og Jóhannes Magnússynir eiga að fá á Kaplaskjólsvegi skal vera 3 hektarar.

8. Út af beiðni Jóns Jónssonar um leigu á slægjum í Vatnsmýrinni og Halldórs Jónssonar um 5 ára leigu á henni, var málinu vísað til fasteignarnefndar.

9. Þremur erfðafestulandabeiðnum, frá Guðm. Jónssyni, Guðm. Kristjánssyni og Páli Erlingssyni var vísað til sömu nefndar.

10. Erindi Jóns Ólafssonar á Bústöðum um landamerki jarðarinnar var vísað til sömu nefndar.

11. Samþykkt að fresta málinu um breyting á reglugjörð um mjólkursölu og prenta hið nýja frumvarp.

12. Erindi um vatnsveitu til Holdsveikraspítalans í Laugarnesi var vísað til vatnsnefndar.

13. Kosnir í nefnd til að íhuga erindi Garðars Gíslasonar um fjöruspildu: Borgarstjórinn
Jón Jensson og
Kn. Zimsen.

14. Tilkynnt 2 bréf stjórnarráðsins út af framlenging Ingólfsstrætis norður í Hverfisgötu og lóð undir þá framlengingu.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Jónatans Þorsteinsson við Vatnsstíg | 9746. kr. |
| b. | - frú Elínar Sveinnsem Vesturgötu | 19831. - |
| c. | - Sigurðar Jónssonar Laufásvegi | 1450. - |
| d. | - Matthíasar Matthíassonar og D. Östlunds við Austurstræti | 15292. - |
| e. | - Jóhanns Jóhannessonar við Laufásveg | 2272. - |

16. Út af 3. erindixix atriði í fundargerð veganefndar, samþykkti bæjarstjórnin svohljóðandi: Bæjarstjórnin krefst þess, að bæjarverkfræðingurinn taki nú þegar aðstoðarmann, er bæjarstjórn tekur gildan, að hann sem allra fyrst fullkomni og afhendi áætlunina yfir holræsi í Miðbænum og Vesturbænum og ákveður að greiða honum ekki meiri laun úr bæjarsjóði fyrst um sinn.

Allir á fundi nema Klemens Jónsson og Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. K. Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Tr. Gunnarsson. Jón Jensson. Magnús Blöndahl. Guðrún Björnsdóttir. Pétur G. Guðmundsson. Kristján Þorgrímsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 7. júlí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Kosinn fundarstjóri á bæjarstjórnarfundum fyrir 1910 í forföllum borgarstjóra, Halldór Jónsson.

2. Borgarstjóra heimilað að fá frí frá embætti sínu um mánaðartíma frá miðjum þessa mánaðar.

3. Úrskurðaður bæjarsjóðsreikningurinn 1908. Úrskurðartillögur fjárhagsnefndar samþykktar. Samþykkt að prenta framvegis athugasemdir, svör og úrskurðartillögur bæjarsjóðsreikninganna.

4. Kosnir í nefnd til að gera frumvarp til efnahagsreikning fyrir Reykjavíkurkaupstað:
Lárus Bjarnason með 6 atkvæðum -
Halldór Jónsson með 5 -
Kristján Þorgrímsson 5 -

5. Erindi frá franska konsúlnum Brillain dags. 4. þ.m. var vísað til byggingarnefndar.

6. Svohljóðandi tillaga var samþykkt: Bæjarstjórnin fellst á aðgerðir borgarstjóra út af hinu nýja broti Brilloins konsúls og á byggingarsamþykkt og felur borgarstjóra jafnframt nú, er útséð þykir um að leið sú, er valin var síðastliðið haust, muni leiða til nokkurs árangurs, að kæra hr. Brilloin fyrir lögregludómaranum, samkv. heimild í 1. gr. laga nr. 20 2. okt. 1891 til sekta eftir opnu bréfi 29. maí 1839, 3. gr. E, sbr. 32. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur 7. sept. 1903, og til niðurrifs á hesthúsi því eða vagnhúsi, er hr. Brilloin byggði f.á. á lóð sinni í óleyfi byggingarnefndar og bæjarstjórnar.

Með þessari ályktun er þá svarað fyrirspurn stjórnarráðsins f.h. hr. Brillorins í bréfi 8. júní þ. á. ~~[illegible]~~

7. Byggingarnefndargjörðir frá 2. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót við útmæling á timburskúr Jóns Björnssonar (4. lið), að bygging þessi komi ekki í bága við fyrirhugaðar götur.

8. Fasteignanefndargerðir frá 1. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót að erfðafestuland Guðbrandar Jónssonar, Sauðagerði, (6. liður) skal allt vera fyrir utan verzlunarlóðina.

9. Vatnsnefndargerðir frá 5. þ.m. lesnar upp og samþykktar, með þeirri viðbót, að á eftir orðunum: "á þessu sumri" komi: eftir Laugaveginum og Lauganesveginum þangað til sá vegur byrgir, er liggur niður að Kleppi.

10. Hafnarnefndargerðir frá 4. þ.m. lesnar upp og samþykkt að skora á hafnarnefnd að semja frumv. til nýrrar hafnarreglugerðar.

11. Skógræktarfélagi Reykjavíkur veittar 200 kr. af bæjarsjóði fyrir þ.á. eins og að undanförnu.

11. Leiðrétt alþingis - aukakjörskrá samkv. kærum á þennan hátt, að á hana var bætt:
Bjarna Jónssyni cand. jur. Skólavörðustíg 4.
Birni Jónssyni steinsmið, Bræðraborgarstíg 37.
Georg Kr . Jeppisen, bakara, Laugavegi 22.
Jóni Laxdal, fyrrv. verzlunarstjóra, Túngötu 15.
Sigurjóni Jónssyni, málara, Njálsgötu 43.
Bjarna Ivarssyni bókbindara, Laugavegi 2.
Ingvari Sigurðssyni, cand. phil. 30 ára.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorsteini Jónssyni, póstmanni, Veltusundi 3.
Ólafi Gunnarssyni, cand. phil. - 3.
Aðalsteini Hjartarsyni, hús. Hverfisgötu 47.
Helga Árnasyni, trumbuslagara, Frakkastíg 12.
Þórði Sigurðssyni, hús. Holtsgötu 8.
Kristni Árnasyni, járnsmið, Hverfisg. 3.
Jóh. Kjarval Sveinssyni, málara, Vegamótsh. Laugavegi.
Gunnari Egilssyni, cand. phil, Vesturgötu.
Andrési Björnssyni, ritstjóra, Kirkjustræti 12.
En burt var felldur Ásgeir Eyþórsson, kaupm. Kárastíg 11.

13. Þorkell Þ. Clausen br vélfræðingur löggiltur, sem gas-innlagningamaður.

14. Erindi frá búendum við Hverfisgötu og Lindargötu um holræsi var vísað til veganefndar.

15. Hallgrími Þorsteinssyni og félögum hans lánaðir lúðrarnir framvegis til 1. júlí 1911, en að öðru leyti málaleitan hans vísað til fjárhagsnefndar.

16. Barnaskólagjald barns Árna Gíslasonar fært niður um helming síðastliðið skólaár sakir veikinda þess.

17. 4 beiðnum um burtfelling aukaútsvars 1910 vísað til niðurjöfnunarnefndar.

18. Erindum frá Eggerti Briem, Brynjólfi Jónssyni og Birni Jónssyni vísað til fasteignanefndar til afgreiðslu.

19. Erindi Gísla Þorbjörnssonar og Helga Hannessonar um leigu á laxveiði var vísað til fasteignanefndar til afgreiðslu.

20. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Steimgríms Guðmundssonar ofl. Bergstaðastr. | 1276. kr. |
| b. | - Jóns Þorsteinssonar, Laugavegi 76 | 6777. - |

Allir á fundi nema Klemens Jónsson, Jón Þorláksson og Magnús Blöndahl.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Lárus Bjarnason. Guðrún Björnsdóttir. Þ. J. Thoroddsen. ósamþykkur 6. lið. Arinbjörn Sveinbjarnarson.
K. Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Tr. Gunnarsson, ósamþ. 6. lið.
Kristján Þorgrímsson, ósamþ. 6. lið. Pétur G. Guðmundsson, ósamþ. viðvíkj. 6. lið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn hinn 21. júlímánaðar var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 16. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Fasteignanefndar fundargjör ir 15. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breyting: að orðin í 2. gr. þeirra: "leggur til að bæjarstjórnin hafni að neyta forkaupsréttarins, en" falli burtu og orðið "jafnframt" þar rétt á eftir.

3. Lesið upp bréf Sjúkrahúsfélags Reykjavíkur, sem nú eru á lífi, dr. J. Jónassen, landlækni, Magnúsi Stehensen, landshöfð. og Birni M. Ólsen, prófessor, þar sem þeir bjóða bæjarstjórninni að taka við sem gjöf frá félaginu öllum eignum félagsins, en þær telja þeir nú vera 21324 kr. 6 aura, en með skilyrðum, sem talin eru upp í bréfinu, þar á meðal því, að samþykkt sé og farið eftir í öllum greinum Skipulagsskrá er fylgdi bréfinu. Bæjarstjórnin kaus í nefnd til að athuga og gjöra tillögur um málið þessa 3 menn: Jón Jensson, Klemens Jonsson og Halldór Jónsson.

4. Beiðni Sæmundar Sveinssonar, dags. 17. þ.m., um endurgjald fyrir lóðarnám undir vatnsæðar ~~xínax~~ vísað til byggingarnefndar til álita.

5. Erindi um burtfelling á útsvari Gísla Þorsteinssonar frá föður hans Þorsteini Gíslasyni (frá Skeiðastöðum) vísað til niðurjöfnunarnefndar.

6. Ingunni Friðriksdóttur, Laugavegi 32B. gefið eftir útsvar hennar yfirstandandi ár 4 kr.

7. Lögregluþjóni nýskipuðum Runólfi Péturssyni veittur 60 kr. styrkur til einkennisbúnaðar.

8. Reikningur hafnarsjóðs lagður fram endurskoðaður án þess endurskoðendur hefðu haft nokkuð við hann að athuga, og samþykkti bæjarstjórn reikninginn.

9. Reikningur brunabótasjóðs Reykjavíkur lagður fram endurskoðaður og áteiknaður á sama hátt og var einnig samþykktur.

10. Brunabótavirðing samþykkt á húsi Hjálmtýs kaupmanns Sigurðssonar við Lækjargötu nr. 12 a. 1860.kr.

11. Formaður vakti athygli á því, að maður sá, er hefur fengið Effersey ~~á~~ leigða í ár til slægna, hafi leigt hana öðrum til beitar fyrir hross. Var svohljóðandi ályktun samþykkt: Fundurinn skorar á borgarstjóra að rannsaka tafarlaust hvort skilmálar fyrir leigu Efferseyjar heimili honum beit þá, er þar hefur átt sér stað, og koma í veg fyrir, að eyjan verði notuð til skemmda af leigjendunum, eins og nú undanfarna daga.

Allir á fundi nema borgarstjóri, Páll Einarsson, L.H.Bjarnason, Magnús Blöndahl, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Jón Þorláksson, Þórður Thoroddsen, Guðrún Björnsdóttir.

Fundi slitið.

Halldór Jónswon. Kristján Þorgrímsson. Kl. Jónsson. Katrín, Magnússon. Jón Jensson. K. Zimsen. Páll G. Guðmundsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Tryggvi Gunnarsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÁrÁr 1910, þann 4. ágúst átti bæjarstjórnin reglulegan fund með sér. Var þar og þ a fyrir tekið:

1. Byggingarnefndargjör ir frá 1. ágúst voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu á 4. atriði þeirra, að verð hinnar seldu ló ar var ákveðið 1. kr. á feralin og það skilyrði sett fyrir bygging sútunarhúss á lóðinni að frárennsli frá því húsi ver i áður löglega fyrir komið alla leið niður í sjó.

2. Veganefndargjörðir frá 25. f.m. voru lesnar og samþykkt-ar.

3. Nefndarálit lagt fram um erindi Garðars Gíslasonar & Hay um leyfi til uppfyllingar fram af Frostastaðalóð o.fl., (sbr. fund 2. júní nr. 13) en málinu frestað til næsta fundar, og nefndinni falið að bera sig saman við beiðandann.

4. Erindi frá Jóni Sveinssyni snikkara viðvíkjandi vatns-skatti á húsi hans vísað til vatnsnefndar.

5. Erindum frá Jóni Jóhannssyni og annað frá Guðm. Guð-mundssyni um erfðafestuútmælingu vísað til fasteignanefndar.

6. Bjarni Jónsson Frakkastíg 12, sækir um eftirgjöf á skuld sinni við Fátækrasjóð (ca. 500 kr.) gegn því að hann borgi af henni 200 kr. Bæjarstjórnin vill gefa eftir skuldina ef beið-andinn greiðir 250 kr. upp i hana innan loka þessa árs.

7. Lesið upp bréf frá bæjargjaldkera er tilkynnir fógeta-úrskurð er frýjar þjóðverjann Borkenhagen frá útsvarsgreiðslu hér í bænum fyrir 1909. Með því að ástæður eru hinar sömu að því er snertir ýmsa aðra menn, er upp eru taldir í bréfinu, vís-aði bæjarstjórnin máli þessu til fjárhagsnefndar til athugunar og ef til vill til til áfrýjunar til æðra dóms.

8. Brunabótavirðing á húsi Emil Jensen bakara í Þingholts-stræti - 12501 kr. var samþykkt.

Allir á fundi nema borgarstjóri (Þ. E.), Kund Zimsen, Þórður Thoroddsen, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Guðrún Björns-dóttir, L.H.Bjarnason, Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

Halldór Jónsson. Kl.Jónsson. Pétur G. Guðmundsson. Magnús Blöndahl. Jón Jensson. Tr.Gunnarsson. Katrín Magnússon. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Kristjáns Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 18. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 13. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót, að bæjarstjórnin samþykkti að breyta í byggingarlóð þeim hluta af erfðafestulandi Garðars Gíslasonar, er væntanlegt geymsluhús á að standa á, með því skilyrði að hann greiði í bæjarsjóð 1/5 hluta virðingarverðs landsins, sem bæjarstjórn ákvað 1 kr. 25 aur. feralin og að Davíð Ostlund var synjað um leyfi til að setja steinolíumotor í prentsmiðju hans við Kolasund. Bæjarfulltrúi Klemens Jónsson mótmælti því, að byrjað skyldi vera hvað eftir annað á byggingarframkvæmdum jafnskjótt, sem byggingarnefnd hefði gjört tillögur sínar, en áður en bæjarstjórn hefði lagt samþykki sitt á.

2. Vatnsnefndargerðir frá 15. 16. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar óbreyttar.

3. Eftir tillögum nefndar þeirrar, er kosin var á fundi 21. f.m. til að íhuga og gera tillögur um erindi frá meðlimum sjúkrahúsafélags Reykjavíkur, er býður bæjarstjórn að taka við öllum eignum félagsins, með ýmsum nánari skilyrðum - samþykkti bæjarstjórn að taka að sér eignir nefnds félags, með þeim skilyðum, srm ~~nefnd/er/i~~ sett eru, og tjáði þakklæti fyrir.

4. Tveimur beiðnum um uppgjöf á aukaútsvari var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

5. Erindi ábúanda Ártúna um eftirgjöf á húsverði jarðarhúsanna sökum fúa og eyðileggingar var vísað til fasteignanefndar.

6. Brunabótavirðingar samþykktar:

a. Húseign Guðm. Kr. Eyjólfssonar (heyhús og fjós) við Bergstaðastræti 11 — 1150. kr.
b. - Helga Thordersen, Þingholtsstræti — 6972. -
c. - (hesthús) Jóns Jóhannessonar, Laugavegi 69 — 900. -
d. - Magnúsar Þorsteinssonar, Bankastræti 12 — 8578. -
e. Skúr við húseign Guðm. Kr. Eyjólfssonar Bergstaðastræti 11 .......................... 294. -

Virðing á húseign Reinh. Andersen Aðalstræti 28775 kr. var felld með því að bæjar-fulltrú~~a/n/i/~~unum var eigi kunnugt um neinar nýjar endurbætur á því húsi. Bæjarfulltrúi Klemens Jónsson gerði fyrirspurn til borgarstjóra út af hreinsun Tjarnarinnar, er borgarstjóri svaraði.

Allir á fundi nema Lárus H. Bjarnason, Jón Þorláksson, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Kr. Þorgrímsson, Guðrún Björnsdóttir og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kl.Jónsson. Magnús Blöndahl.
Þ.J.Thoroddsen. Tr.Gunnarsson. K.Zimsen. Jón Jensson.
Katrín Magnússon. Pétur G. Guðmundsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 1. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 29. f.m. voru lesnar upp og samþykktar,

2. Fasteignanefndargerðir frá 29. f.m. voru lesnar upp og samþykktar, að öðru en því, að frestað var beiðni Eggerts Briem um leigu á nokkrum hluta Vatnsmýrarinnar til ræktunar.

3. Veganefndargerðir frá 29. f.m. voru lesnar upp og samþykktar me þeirri breyting, að á ljóskerum bæjarins skuli loga til kl. 12 að kveldi.

4. Gasnefndargerðir frá 16. 22. og 30. ágúst voru lesnar upp og ákveðið að fresta samþykkt þeirra gasstöðvarúttektar en láta gasbyggingarskjölin ganga milli fulltrúanna. Samþykkt var að leggja gasæð í Frammnesveg frá Sellandsstíg.

5. Jón Þórðarson o.fl. bjóða forkaupsrétt að erfðafestulandi sínu við Laugarnes, er þeir ætla að selja fyrir 3000 kr. Ákveðið var að nota ekki forkaupsrétt.

6. Tilboð frá H. Thorarensen að selja bænum horn af lóð sinni til breikkunar Þingholtsstrætis og Laufásvegar var vísað til byggingarnefndar.

7. Beiðni Guðjóns Bárðarsonar um lækkun á aukaútsvari var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

8. Framlagður reikningur brunabótasjóðs dönsku kaupstaðanna.

9. Svohljóðandi tillaga er fram kom og borin undir atkvæði: Bæjarstjórnin vill að Þorgrímsholtsblettur verði framvegis leikvöllur handa börnum og leiðir athygli veganefndar og fjárhagsnefndar að því, að koma með tillögu um fjárveitingu til að gjöra við hann, er næst verður samin fjárhagsáætlun - var felld.

10. Brunabótavirðing samþykkt:
Húseign Reinhold Andersen við Aðalstræti 28775.oo.

11. Út af fundargjörðum gasnefndar samþykkti bæjarstjórn svohljóðandi tillögu: Bæjarstjórn lýsir yfir, að borgarstjóri hefur gjört rétt í því, að greiða ekki eftirstöðvar af fé fyrir eftirlit gasstöðvarinnar nema eftir samþykki gasnefndar og bæjarstjórnar, en samþykkir nú samkvæmt tillögum gasnefndar að greiða téðar 600 kr.

Allir á fundi nema Guðrún Björnsdóttir og Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Tr. Gunnarsson. Magnús Blöndahl. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Pétur G. Guðmundsson. Katrín Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kl. Jónsson. Jón Jensson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 15. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 10. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.
Bæjarfulltrúarnir Kl. Jónsson og Kr. Þorgrímsson óskuðu bókað mótmæli gegn því, að byrjuð hefur verið breyting á húsi einu áður en byggingarleyfi var fengið til þess.
Ákveðið að gera það að skilyrði fyrir undanþágu frá bygging eldvarnarveggs á húseign Árna Eiríkssonar Vesturgötu, að leyfi eigenda lóðarinnar næstu fyrir austan verði þinglesið.

2. Veganefndargjörðir frá 12. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, með þeirri viðbót, að götuljós er bæja á við í Vallarstræti skuli vera standljós, og að bætt sé inn ákvörðun um, að heimild borgarstjóra skuli þurfa til, að láta kveiking niður falla á götuljóskerum, enda þótt bjart sé af tunglsljósi.

3. Fasteignanefndargjörðir frá 13. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu, að land það er Th. Thorsteinson fær á leigu gangi ekki nær veginum en 45 álnir verði óútmæld meðfram honum.

4. Vatnsnefndargjörðir frá 12. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, með þeirri breytingu að frestað var að taka ákvörðun um, vatnspípulagning í neðsta hluta Bakkastígs, og að frestað var ákvörðun um vatnsæðarlagning í Kaplaskjólsveg (7. mál), og að samþykkt var að leggja vatnsæð frá Suðurgötu til Garðastrætis til húss Bjarna Matthíassonar skilyrðislaust.

5. Svohljóðandi tillaga var samþykkt:
Bæjarstjórnin samþykkir móttöku gasstöðvarinnar, er borgarstjóri veitti bráðabirgðamóttöku fyrir hönd bæjarstjórnar, 17. ágúst síðastliðið.

6. Útdregið til innlausnar nr. 23 af skuldabréfum Reykjavíkur (út af kaupum Laugarness).

7. Erindi frá íþróttafélögum bæjarins og Vatns- og gaslagning til leiksvæðis þeirra var frestað; nafnakall viðhaft: Já sögðu: Jón Jensson, Kl. Jónsson, Katrín Magnússon, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Kn. Zimsen, Þórður Thoroddsen, Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Nei sögðu: Halldór Jónsson, Pétur Guðmundsson, Magnús Blöndahl, Kristján Þorgrímsson, Tryggvi Gunnarsson.

8. Kosnir til að skoða alþýðustyrktarsjóðsreikning: Halldór Jónsson, Jón Jensson.

9. Kosnir til að semja skattskrá:
Klemens Jónsson Halldór Jónsson.

10. Umsóknir um lán á leikfimishúsi barnaskólans var vísað til afgreiðslu skólanefndar.

11. Kosnir í nefnd til að íhuga beiðni um ókeypis grunn undir listasafnsbyggingu Einars Jónssonar:
Tr. Gunnarsson - Knud Zimsen - Kristján Þorgrímsson

12. Samþykkt að kaupa eldfastan skáp fyrir verðmæt skjöl og bækur borgarstjóra.

13. Samþykkt að gefa Guðbjörgu Guðmundsdóttur eftir 162 kr. af sveitarskuld, gegn því að hún greiði 100 kr. af skuldinni.

14. Erindi Guðmundar Sigurjónssonar um eftirgjöf á útsvari var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| Húseig | Sigurðar Bjarnasonar o.fl. (á Shelli) | 2280 - |
| - | Elínar Erlendsdóttur Vatnsstíg | 3639 - |
| - | Ara Jónssonar, Sauðagerði | 9510 - |
| - | Vilhjálms Bjarnhéðinssonar, Rauðará, fjós og heyhlaða | 5687 - |
| - | Lárusar Bjarnasonar, Tjarnargötu | 14802 - |
| - | Jóns Þorsteinssonar, Laugavegi 76 | 10789 - |
| - | Helga Jónssonar, Laugavegi | 14183 - |
| - | Bergsteins Magnússonar, Hverfisgötu | 1647 - |

Neitað að samþykkja virðingu á húsi Gísla Jónssonar og Jóns Guðmundssonar, kaupmanns, Laugavegi 24, vegna ólöglegrar skiftingar.

16. Vísað til veganefndar erindi um veg til Aldamótagarðsins.

Allir á fundi nema Jón Þorláksson og Guðrún Björnsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Tr.Gunnarsson. Pétur G. Guðmundsson. K. Zimsen. Katrín Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Kl. Jónsson. Jón Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn hinn 6. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 1. okt. voru lesnar og samþykktar, með þeirri breytingu á 2. atriði, að kært skuli til sekta fyrir brot það á byggingarsamþykktinni, er þar er rætt um.

2. Veganefndargjörðir frá 3. okt. voru lesnar upp og ályktaði bæjarstjórnin út af 1. atriði þeirra, að það skyldi falið borgarstjóra í samráði við veganefndina að ráða eftirleiðis kveikingatímanum á bæjarljóskerum.

3. Fasteignanefndargjörðir frá 3. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu á 8. atriði þeirra (erfðafestuland til Eggerts Briem frá Viðey) að vegur sá, er þar er áskilinn bænum skuli mega vera 10 álna breiður. Um erfðafestubeiðnina, tillögu fasteignanefndarinnar viðvíkjandi henni var haft nafnakall eftir kröfu, og var tillaga nefndarinnar með nefndri áorðinni breytingu á vegarbreiddinni samþykkt með 8 atkv. gegn 4.

| Já sögðu: | Nei sögðu: |
|---|---|
| Jón Jensson, | Pétur Guðmundsson, |
| Klemens Jónsson, | Magnús Blöndahl, |
| Katrín Magnússon, | Kristján Þorgrímsson, |
| Jón Þorláksson, | Guðrún Björnsdóttir. |
| Arinbjörn Sveinbjarnarson, | |
| Knud Zimsen, | |
| Bríet Bjarnhéðinsdóttir, | |
| Tryggvi Gunnarsson. | |

4. Fundargjörðir gasnefndar 4. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu, að löggilding, sem gasinnlagningarmönnur var veitt, ekki Helga Magnússyni & Co. heldur Helga Magnússyni persónulega.

5. Fundargerðir hafnarnefndar 3. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

6. Ókeypis kennsla í barnaskólanum næstkomandi vetur var veitt 60 bornum að öllu leyti (sjá lista hér á eftir).

7. Beiðni Gísla Kristjánssonar um eftirgjöf á skólagjaldi fyrir eitt barn var vísað til fátækranefndar.

8. Fundargerðir vatnsveitunefndar frá 5. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu, að samþykkt var að leggja 3" vatnsæð í Kaplaskjólsveg frá Sellandsstíg að Sauðagerðisveginum eða lítið eitt lengra eftir veginum og 2" æð þaðan heim á leið að Sauðagerði, en með því skilyrði að eigendur Sauðagerðis ábyrgist bæjarsjóði 10% tekjur af vatnspípulagningunni, allt að 120 kr. á ári.

Út af vatnspípulagningu til Laugarnesspítala var bent á, að umferð um Laugaveginn á löngum kafla væri gerð mjög erfið, nær ófær með vagna. Lýsti borgarstjóri yfir, að hann og vatnsveitunefnd mundu gjöra sér allt far um að bæta úr þessu sem fyrst.

9. Reglugjörðarfrumvarp fyrir mjólkursölu í Reykjavík var rætt við fyrri umræðu.

10. Erindi frá næturvörðum o.fl. um launaviðbót, svo og erindi Sesselju Ólafsdóttur yfirsetukonu um 100 kr. styrk var vísað til fjárhagsnefndar til umsagnar.

11. Fátækranefnd falið að gera tillögur um úthlutun ellistyrksins þ.á.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Frumvarp til reglugjörðar um lækningu hunda af bandormum var rætt við fyrri umræðu.

13. Kosnir til að stjórna manntali í bænum 1. desember næstkomandi:

Borgarstjórinn
Kr. Þorgrímsson
Jón Þorláksson.

14. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Th. Thorsteinson á Kirkjusandi | 8864 kr. |
| b. | - | verzl. Edinborgar við Sjávarborg | 4076 - |
| c. | - | Sigurjóns Sigurðssonar, Lækjargötu 10C | 12147 - |
| d. | - | Ólafs Sveinssonar, Austurstræti 5 | 14353 - |
| e. | - | Hjálmtýr Sigurðsson, Lækjargötu 12 | 2586 - |
| f. | - | Jóhanns Ásmundssonar, Lindargötu - Klapparstíg | 6243 - |
| g. | - | Helga Thordarsen, Þingholtsstræti | 11811 - |
| h. | - | Jóns Jónssonar, Eyvík, Grímsstaðaholti | 702 - |
| i. | - | Guðm. Símonarsonar, Þingholtsstræti -Óðinsgötu | 4801 - |

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason og Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Magnús Blöndahl. Guðrún Björnsdóttir. Tr.Gunnarsson. Kl.Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Pétur G. Guðmundsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. K. Zimsen. Jón Jensson. Katrín Magnússon. Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Börn þau, er samkv. 6. lið hér á undan, var veitt ókeypis kennsla, voru þessi:

1. Anna Úrsúla Björnsdóttir, Laugavegi 56.
2. Aron I. Guðmundsson, Hverfisgötu 44. 9 ára  
   7 -
3. Ágústa Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, Bergstaðastræti. 7 ára.
4. Ársæll Jónasson, Vesturgötu 24. 9 ára.
5. Ástríður Ingibjörg Björnsdóttir, Laugaveg 56. 9 ára 7 -
6. Bjarni Bjarnason, Grettisgötu 17. 7 -
7. Daníel Stefánsson, Laugavegi 60. 11 -
8. Elín Þórðardóttir, Þingholtsstræti 8. 14 -
9. Friðrik Valdemar Björnsson Spítalastíg 6.
10. Gíslína Guðrún Guðmundsdóttir, Spítalastíg 5. 7 -
11. Guðbjörg Lilja Jónsdóttir, Grettisgötu 17B. 7 -
12. Guðmundur Jónsson, Bergstaðastræti 6B. 10 -
13. Guðmundur Nielsson, Laugaveg 54 a. 9 -
14. Guðmundur Ottó Þorsteinsson, Bergstaðastræti 23. 7 -
15. Guðmundur Sæmundsson, Vesturgötu 26. 7 -
16. Hallfríður Bjarnadóttir Hlíð -sjá b.bók nr. 456 9 ára.
17. Hallur Jónsson, Grundarstíg 5 8 -
18. Halldóra Halldórsdóttir, Þingholtsstræti 11. 7 -
19. Hannes Pálsson, Klapparstíg 7 -
20. Helga Stefánsdóttir, Brynjólfssonar, Lindargötu 5 8 -
21. Hróbjartur Ottó Marteinsson, Traðarkoti 8 -
22. Ingibjörg Gísladóttir Klapparstíg 19 9 -
23. Ivar Einarsson, Ívarsseli 8 -
24. Ingigerður Ósk Sigurðardóttir, Laugavegi 54 9 -
25. Jódís Runólfsdóttir, Vesturgötu 50 B. 9 -
26. Jóhanna Guðfinna Guðmundsdóttir, Bergstaðastræti 42 11 -
27. Jóhanna Margrét, Samúelsdóttir, Eggertssonar 9 -
28. Jónína Kristín Eyvindsdóttir, Grímstöðum 10 -
29. Jósep Guðmundsson, Barónsstíg 22 7 -
30. Kristín Sigurðardóttir Hverfisgötu 9 -
31. Kristín Benediktsdóttir, Frakkastíg 6 9 -
32. Kristín Emelía Þórðardóttir Mjóstræti 8 8 -
33. Laufey dóttir Maríu Pálsdóttur, Njálsgötu 22 7 -
34. Magnea Lára Magnúsdóttir, Hverfisgötu 22 7 -
35. Magnús Ásbjarnarson, Sigurðssonar frá Akranesi 9 -
36. María Ásbjörnsdóttir, Njálsgötu 33 9 -
37. María Sigr. Samúelsdóttir Bergstaðastræti 33 7 -
38. Marínó Júlíus Erlendsson, Lindargötu 6 7 -
39. Málfríður Jónsdóttir, Skólavörðustíg 45 14 -
40. Ólafía Kristjánsdóttit, Skólavörðustíg 17 7 -
41. Ólafur Guðmundsson, Bergþórssonar, Bergstaðastr.42
42. Óskar Þorgils Jónsson, Skólabæ 10 -
43. Ólöf Guðrún Sigurðardóttir, Klapparstíg 3 7 -
44. Óskar H. Siggeirsson, Byggðarenda 8 -
45. Rannveig Elín Erlendsdóttir, Gíslaholti 8 -
46. Sesselja Guðrún Dagfinnsdóttir 6 -
47. Sigurbjörn Ásbjarnarson , Sigurðssonar fra Akranesi 7 -
48. Svanhildur, dóttir Þorlaugar Þorvarðsdóttur, Veghús 9 -
49. Svana Jóhanna Guðmundsdóttir, Stýrimannastíg 5 10 -
50. Sveinbjörn Guðmundsson, Lindargötu 5 7 -
51. Sveinbjörn Jónasson, Vesturgötu 24 6 -
52. Viggó Kr. Ól. Jóhannesson 7 -
53. Þorgerður Ásvaldsdóttir, Magnússonar 8 -
54. Þorsteinn Ingvar Ólafsson, Laugaveg 32 B 8 -
55. Þóra Ágústa Árnadóttir, Nýlendugötu 15 8 -
56. Þóra Jonsdóttir, Vesturgötu 31 8 -
57. Þórunn Þórðardóttir , Þingholtsstræti 8 10 -
58. Þuríður Markúsdóttir, Framnesveg 25 9 -
59. Þuríður Tómasdóttir, Bræðravorgarstíg 25 8 -
60. Guðrún Jóna Jónsdóttir, Sigurðssonar, Bjarnaborg 8 -



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn hinn 20. októberm. var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 15. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Fundargjörðir fasteignanefndar frá 17. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Fundargjörðir vatnsnefndarinnar frá 18. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

4. Gjörðardómur af hendi bæjarstjórnar í deilumáli út af vatnsæðagrefti við Jónas Þorsteinsson, steinsmið var kosinn verkfræðingur Th. Krabbe með 7 atkv. Forberg símastjóri fékk 5 atkv.

5. Lesnar upp tillögur niðurjöfnunarnefndar, dags. 22. f.m. um eftirgjöf á útsvörum, sem henni hafa verið sendar til álita. Var samkvæmt tillögum þessum samþykkt:
að útsvar Sigríðar Bjarnadóttur, vinnuk. Nýlendugötu 19B 4 kr.
falli niður.
- - Guðjóns Einarss. vm. Hverfisg. 45 8 kr. falli niður.
- - Ketils Bjarnason trésm. Frakkast. 19, 10 kr. hálft
árið 1909 og 20 kr. allt árið 1910 falli niður.
. útsvar Guðm.J.N.Guðmundssonar skósm. Bergstaðastræti 17 16 kr.
falli niður.
-1/2 - Jóns Brynjólfssonar húsm. Laugav. 61, 4 kr. falli niður.
- - Margrétar Kristmundsd. vk. - 4 kr. - -
- - Guðbjargar Guðmundsd. lk. Lindarg. 28 6 kr. - -
-1/2 - Guðm. Helga Jakobss. húsm. (nú Vitast. 18)8 kr. - -
- - Þorsteins Jónssonar frá Kalastöðum, Stýrimannastíg 10
/16 kr. falli burtu
- - Gísla Þorsteinssonar , sjóm. Hverfisg. 54, 16 kr.- -
- - Gelga Jónssonar hm. Lindarg. 16 16 - - -
- - Ingibjargar Jónasd. lk. Frakkastíg 19 6 - - -
Útsvar Guðjóns Bárðarsonar 25 kr. var fært niður í 16 kr.
Samkv. sömu tillögum; útsvar Carl Trolle var og samkv. sömu tillögum látið óhaggað, og heldur ekki tekin til greina kvörtun Guðm. Sigurðssonarhm. Ingólfsstræti 10 yfir lögtaki á útsvari hans fyrir 1907.

6. Endurkosnir brunabótavirðingarmenn þeir Hjörtur Hjartarson og Sigvaldi Bjarnason.

7. Kosinn flokksstjóri í húsrifsliðið Jens Eyjólfsson, trésmiður, Grettisgötu 11.

8. Gjörðardómari af bæjarins hálfu í þrætumáli við Kristinn Sigurðsson og Jens Eyjólfsson út af borgun fyrir byggingu gasstöðvarhússins var kosinn Forberg símaforstjóri.

9. Umsókn um styrk úr bæjarsjóði til barnaskóla Ásgríms Magnússonar var vísað til skólanefndar til umsagnar.

10. Gísla Kristjánssyni Norðurstíg 3 veitt eftirgjöf á skólagjaldi 12 kr. frá vetrinum 1909.

11. Skautafélaginu heimilað eftir beiðni jafnstórt svæði til afnota á Tjörninni í ár, sem síðastliðinn vetur.

12. Nefndin í málinu um bygging á Frostastaðalóðinni og uppfyllingu fram af henni af hendi Garðars Gíslasonar, sbr. fundi 4. og 18. ágúst þ.á. lagði fram nýtt álit í málinu og tillögur dags. 3. þ.m. og voru tillögurnar samþykktar í heild sinni með einni orðabreytingu: á verkinu og eru þær innfærðar hér á eftir þessari fundargjörð.

13. Frumvarp til mjólkursölureglugjörðar var rætt í annað



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sinn (sbr. síðasta fund) en enn frestað til næsta fundar að útkljá það mál.

14. Frumvarp til reglugjörðar um lækningu hunda af bandormum var til síðari umræðu og var frumvarpið samþykkt með þeirri breytingu á 1. gr. 2. lið að eftir orðin: fylfir utanbæjarmanni bætist: ef eigandi ekki hirðir hann innan 3 daga eftir að hann hefur verið auglýstur - og ennfremur með þeirri breytingu að í stað lækningamanns í 3. og 7. gr. komi "aðstoðar hreinsunarmaður".

15. Rætt frumvarp til hafnarreglugjörðar fyrir Reykjavíkurkaupstað og var frumvarpinu vísað til annarar (síðari) umræðu.

16. Lesið upp bréf til bæjarstjórnar frá Ólafi Jónssyni nú í Leipzig dags. 25. ágúst þ.á., um endurgjald fyrir lóðarpart, en bæjarstjórn hefur þegar fyrir löngu tjáð bréfritaranum afstöðu sína til kröfu hans og ýtrustu undirtektir, og fann hún því enga ástæðu til að gjöra frekara út af þessu bréfi.

17. Þá voru lesnar upp tillögur fátækranefndar um styrk úr ellistyrktarsjóði. Var fé sem til úthlutunar var 5700 kr. og lagði nefndin til að styrkur væri veittur alls 178 mönnum, konum og körlum. Voru tillögurnar samþykktar í einu hljóði og innfærist úthlutunin hér á eftir úthlutun þessari.

18. Þá voru samþykktar þessar brunabótavirðingar:

Hús Bjarna Jónssonar trésmiðs við Laugaveg ásamt inngönguskúr kr. 3207.-

Hús Einars Sveinssonar og Helga Helgasonar við Hverfisgötu (smíðahús með skúr við austurgafl) kr. 1620.-

19. Til að semja verðlagsskrá var kosin Eiríkur Briem prestaskólakennari.

Allir á fundi nema L.H.Bjarnason, Jón Þorláksson og Halldór Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Kl. Jónsson. Magnús Blöndahl. Tr.Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. Þ.J.Thoroddsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Katrín Magnússon. Pétur G. Guðmundsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Guðrún Björnsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndarálit og tillögur þær, er ræðir um í 12. lið fundargjörðarinnar hér á undan, eru svohljóðandi:

Við höfum á ný tekið til athugunar erindi Garðars Gíslasonar & Hay um Frostastaðalóðina og verðum sem áður í álitsskjali voru 22. júlí, að landið fyrir ofan útmælda lóð Frostastaðahússins og austum að stíg þeim er liggur eftir því, sem álíta má, milli Frostastaðabletts og Helgastaðarlóðar, sé allt erfðafestuland og í samræmi við álit vort 22. júlí leggjum við það til:

1. Að Garðari Gíslasyni & Hay sé heimilað að hlaða grjótvegg og fylla upp í fjöruna fram af Frostastaðalóðinni með því skilyrði, að bærinn fái á sínum tíma endurgjaldslaust það af uppfyllingunni, er með þarf undir fyrirhugaðan veg meðfram ströndinni, og hafi rétt til að kaupa hið annað af uppfyllingunni eftir mati á verkinu ef þess yrði krafizt.

2. Að bærinn fái ókeypis svæði undir 30 álna breiðan veg meðfram sjónum, en að Garðari Gíslasyni & Hay sé heimilað að nota þetta svæði endurgjaldslaust, þar til vegur verður þar lagður, þó þannig, að mannvirki er á því kunna að ~~standa~~ verða reist, verði numin burtu bænum að kostnaðarlausu, þegar vegur verður þar lagður.

3. Að Garðari Gíslasyni & Hay verði leyft að breyta ekki að sinni grunninum undir hús það, sem hann ætlar að byggja og samþykki þegar er veitt til í byggingarlóð, gegn 20% gjaldi, talið eftir kr. 1.25 fyrir hverja feralin, heldur öllu erfðafestulandinu ofan fyrirhugaðs~~s~~ vegarstæðis, en landið allt telzt að vera 5150 ferálnir, og ennfremur að hann megi greiða 20% gjaldið með þeim fyrirvara, að hann fái það endurborgað, ef það sannast eða upplýsist, að eitthvað af þessum 5150 ferálnum, sé þegar byggingarlóð.

Reykjavík, 3. október 1910.

Páll Einarsson.

Jón Jensson. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt 17. lið fundargjörðar bæjarstjórnar Reykjavíkur (hér að framan), var eftirgreindum gamalmennum veittur styrkur af Ellistyrktarsjóði árið 1910.

| Tala: | Fullt nafn og heimili | Aldur: | Kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | Arnbjörg Markúsdóttir, Vesturgötu 13 | 60 | 25 |
| 2. | Auðbjörg Guðmundsdóttir, Klapparstíg 7 | 65 | 35 |
| 3. | Árni Guðmundsson og kona hans, Bræðraborg | 69 | 100.oo |
| 4. | Bjarni Bjarnason, Rauðarárstíg | 67 | 25.oo |
| 5. | Bjarni Guðmundsson, Vesturgötu 53B | 74 | 40.oo |
| 6. | Bjarni Sigurðsson, Bergstaðastræti 35 | 73 | 40.oo |
| 7. | Einar Bjarnason, Bræðraborgarstíg 24 | 80 | 50.oo |
| 8. | Einar Ingimundarson, Laufásveg 13 | 76 | 50.oo |
| 9. | Elín Björnsdóttir, Vesturgötu 20 | 66 | 25.oo |
| 10. | Elín Ingimundardóttir, Laugavegi 37 | 65 | 25.oo |
| 11. | Elínborg Hansdóttir, Stýrimannastíg 11 | 70 | 40.- |
| 12. | Erlendur Þorsteinsson, Laugaveg 24 B | 78 | 25. - |
| 13. | Friðrikka Friðfinnsdóttir, Laugaveg 27 B | 75 | 40. - |
| 14. | Friðrikka Jóhannsdóttir, Ingólfshvoli | 72 | 30.- |
| 15. | Gróa Björnsdóttir, hjá frú Breiðfjörð | 74 | 40. - |
| 16. | Gróa Rögnvaldsdóttir, Grettisgötu 18 | 66 | 25. - |
| 17. | Guðbjörg Gísladóttir, Ingólfsstræti 6 | 68 | 30. - |
| 18. | Guðlaug Guðmundsdóttir, Laugaveg 18 B | 72 | 40. - |
| 19. | Guðbjörg Jónsdóttir, Smiðjustíg 3 | 66 | 25. - |
| 20. | Guðbjörg Marteinsdóttir, Bræðraborgarstíg 13 | 65 | 30. - |
| 21. | Guðbjörg Sigurðardóttir, Spítalastíg 4 B | 76 | 40. - |
| 22. | Guðlaug Jónsdóttir, Hverfisgötu 58 | 68 | 40. - |
| 23. | Guðlaugur Magnús Jónsson, Hverfisgötu 31 | 60 | 25. - |
| 24. | Guðleif Björnsdóttir, Laufásvegi 17 | 78 | 40. - |
| 25. | Guðleif Pálsdóttir, Grímsstaðaholti | 77 | 40. - |
| 26. | Guðmundur Árnason, Ánanaustum | 68 | 25. - |
| 27. | Guðmundur Árnason, Hverfisgötu 54 | 76 | 40. - |
| 28. | Guðmundur Bjarnason, Rauðarárstíg 9 | 74 | 25. - |
| 29. | Guðmundur Einarsson, Vatnsstíg 10 B | 68 | 40. - |
| 30. | Guðmundur Guðmundsson, Vesturgötu 53 B | 70 | 25. - |
| 31. | Guðný Bjarnadóttir, Hverfisgötu 31 | 87 | 60. - |
| 32. | Guðný Björnsdóttir, Laugavegi 20 B | 85 | 60. - |
| 33. | Guðný Jónsdóttir, Laufásveg 4 | 69 | 40. - |
| 35. | Guðríður Einarsdóttir, Litla-Seli | 79 | 40. - |
| 36. | Guðrún Guðmundsdóttir, Laugaveg 54 | 75 | 40. - |
| 37. | Guðríður Ingjaldsdóttir, Vesturgötu 31 | 66 | 40. - |
| 38. | Guðríður Markúsdóttir, Suðurgötu 10 | 76 | 40. - |
| 39. | Guðríður Vigfúsdóttir, Njálsgötu 59 | 73 | 40. - |
| 40. | Guðríður Þorkelsdóttir, Barónsstíg 16 | 61 | 25. - |
| 41. | Guðrún Bjarnadóttir, Bergstaðastræti 53 | 78 | 40. - |
| 42. | Guðrún Friðfinnsdóttir, Miðstræti 4 | 65 | 25. - |
| 43. | Guðrún Bjarnadóttir, Vitastíg 8 | 68 | 40. - |
| 44. | Guðrún Einarsdóttir, Brekkustíg 1 | 69 | 30. - |
| 45. | Guðrún Einarsdóttir, Nýlendugötu 20 | 79 | 30. - |
| 46. | Guðrún Gísladóttir, Laugaveg 55 | 79 | 30. - |
| 47. | Guðrún Guðmundsdóttir, Vesturgötu 26 a | 78 | 40. - |
| 48. | Guðrún Hákonardóttir, Rvík, Hverfisgötu 40 | 68 | 30. - |
| 49. | Guðrún Halldórsdóttir, Nýlendugötu 17 | 70 | 25. - |
| 50. | Guðrún Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 22 a | 71 | 25. - |
| 51. | Guðrún Magnúsdóttir, Bakkastíg 10 | 76 | 40. - |
| 52. | Guðrún Nikulásdóttir, Vesturgötu 51 | 66 | 25. - |
| 53. | Guðrún Ólafsdóttir, Aðalstræti 18 | 67 | 25. - |
| 54. | Guðrún Pálsdóttir, Grettisgötu 50 | 80 | 30. - |
| 55. | Guðrún Pálsdóttir, Stýrimannastíg 10 | 68 | 25. - |
| 56. | Guðrún Sigurðardóttir, Bakkastíg 4 | 60 | 30. - |
| 57. | Guðrún Sigurðardóttir, Laugaveg 53 | 80 | 20. - |
| 58. | Guðríður Tómasdóttir, Laufásveg 15 | 70 | 30. - |
| 59. | Guðrún Vigfúsdóttir, Laugaveg 40 | 68 | 25. - |
| 60. | Guðrún Þoroddsdóttir, Syðsta-Bergi | 63 | 25. - |
| 61. | Guðrún Þorsteinsdóttir, Hverfisgötu 26 | 67 | 25. - |
| 62. | Guðrún Ogmundsdóttir, Laugaveg 54 | 77 | 25. - |
| 63. | Guðmundur Þorgilsson, Bergstaðastræti 8 | 67 | 25. - |
| | | Flyt kr. | 2130. - |

| Tala: | Nafn og heimili: | Aldur: | Kr. |
|---|---|---|---|
| | | Flutt kr. | 210. - |
| 64. | Gunnhildur Gísladóttir, Laugaveg 61 | 82 | 40. - |
| 65. | Halldóra Magnúsdóttir, Hverfisgötu 22 | 70 | 25. - |
| 66. | Halldóra Ólafsdóttir, Bræðraborgarstíg 19 | 70. | 40. - |
| 67. | Halldóra Randversdóttir, Bráðræðisholti | 78 | 25. - |
| 68. | Helga Nikulásdóttir, Hverfisgötu 22 | 64 | 25. - |
| 69. | Helga Pálsdóttir, Nýlendugötu 12 | 70 | 25. - |
| 70. | Helga Sigurðardóttir, Mjóstræti 2 | 69 | 25. - |
| 71. | Helga Símonardóttir, Frakkastíg 20 | 75 | 30. - |
| 72. | Helga Þorkelsdóttir, Brekku | 78 | 30. - |
| 73. | Herdís Magnúsdóttir, Njálsgötu 50 | 70 | 35. - |
| 74. | Hólmfríður Magnúsdóttir, Þingholtsstræti 3 | 78 | 30. - |
| 75. | Ingibj.Einarsd. og Vigfús Guðnason, Skólastr. 5 | 77 | 80. - |
| 76. | Ingibjörg Eiríksdóttir, Bergstaðastræti 22 | 60 | 25. - |
| 77. | Ingibjörg Jónsdóttir, Laugalandi | 77 | 25. - |
| 78. | Ingimundur Jakobsson, Laufásvegi 16 | 75 | 25. - |
| 79. | Ingiríður Brynjólfsdóttir, Þingholtsstræti 28 | 67 | 25. - |
| 80. | Ingiríður Einarsdóttir, Hrauntúni | 70 | 30. - |
| 81. | Jakob Aþanasísiusson, Njálsgötu 42 | 83 | 25. - |
| 82. | Jarþrúður Pétursdóttir, Óðinsgötu 8 B | 78 | 40. - |
| 83. | Jóhanna Einarsdóttir, Vesturgötu 23 | 75 | 30. - |
| 84. | Jóhannes Oddson Efri- Vegamótum | 82 | 40. - |
| 85. | Jón Illugason, Bergstaðastræti 34 | 75 | 30. - |
| 86. | Jón Jónsson, Ánanaustum | 67 | 30. - |
| 87. | Jón Jónsson, Bræðraborgarstíg 20 | 72 | 25. - |
| 88. | Jón Jónsson, Pálshúsum | 62 | 30. - |
| 89. | Jón Vigfússon, Hákoti | 75 | 30. - |
| 90. | Katrín Jónsdóttir, Lindargötu 15 | 64 | 25. - |
| 91. | Katrín Magnúsdóttir, Nýlendu | 79 | 40. - |
| 92. | Katrín Andrésdóttir, Lindargötu 12 | 79 | 40. - |
| 93. | Kristbjörg Hinriksdóttir, Helgastöðum | 65 | 30. - |
| 94. | Kristbjörg Jónsdóttir, Grjótagötu 10 | 76 | 25. - |
| 95. | Kristín Brandsdóttir, Syðsta- Bergi | 76 | 30. - |
| 96. | Kristín Filyppusdóttir, Skólastræti 5 | 70 | 25. - |
| 97. | Kristjana Sigríður Jónsdóttir, Þingholtsstræti17 | 68 | 25. - |
| 98. | Kristjana Lovísa Kristjánsdóttir Bergstaðast 12 | 79 | 30. - |
| 99. | Margrét Erlendsdóttir, Bakka | 72 | 30. - |
| 100. | Margrét Einarsdóttir, Grettisgötu 59 | 62 | 30. - |
| 101. | Margrét Jónsdóttir, Bergstaðastræti 10 | 68 | 25. - |
| 102. | Margrét Jónsdóttir, Kárastíg 2 | 77 | 40. - |
| 103. | Margrét Ólafsdóttir, Vesturgötu 27 | 69 | 30. - |
| 104. | María Andrésdóttir, Laugaveg 37 | 60 | 25. - |
| 105. | María Jónsdóttir, Laugaveg 26 | 69 | 35. - |
| 106. | Marta Lárusdóttir, Suðurgötu 11 | 57 | 40. - |
| 107. | Oddbjörg Guðlaugsdóttir, Njálsgötu 13 | 57 | 25. - |
| 108. | Oddný Hannesdóttir, Framnesveg | 77 | 25. - |
| 109. | Oddur Halldórsson, Brekkustíg 3 | 71 | 25. - |
| 110. | Oddur Jónsson, Laugaveg 48 | 62 | 25. - |
| 111. | Ólöf Halldórsdóttir, Hábær, Grettisgötu | 80 | 40. - |
| 112. | Ólöf Jónsdóttir, Bjarnaborg | 71. | 25. - |
| 113. | Ólöf Sigurðardóttir, Grettisgötu 19 | 61 | 25. - |
| 114. | Páll Pálsson, Kárastíg 3 | 67 | 25. - |
| 115. | Ragnheiður Guðmundsdóttir, Laugavegi 20 | 62 | 25. - |
| 116. | Ragnhildur Einarsdóttir, Vesturgötu 59 | 73 | 35. - |
| 117. | Rannveig Gísladóttir, Njálsgötu 33 | 73 | 35. - |
| 118. | Rannveig Guttormsdóttir, Vitastíg 12 | 80 | 40. - |
| 119. | Rannveig Jonsdóttir, Gíslaholti | 71 | 35. - |
| 120. | Rannveig Þórðardóttir, Þingholtsstræti 28 | 69 | 35. - |
| 121. | Regína Magdalena, Jónsdóttir, Vesturgötu 47 | 75 | 35. - |
| 122. | Rögnvaldur Teitsson, Hóli í Kaplaskjóli | 82 | 60. - |
| 123. | Salgerður Magnúsdóttir, Bakka | 79 | 25. - |
| 124. | Salvör Ogmundsdóttir, Njálsgötu 51 B | 67 | 25. - |
| 125. | Sigríður Árnadóttir, Skólavörðustíg 15 B. | 70 | 30. - |
| 126. | Sigríður Árnadóttir, Njálsgötu 33 | 67 | 25. - |
| 127. | Sigríður Bjarnadóttir, Njálsgötu 19 | 68 | 25. - |
| | | Flyt | 4120. - |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala: | Fullt nafn og heimili: | Aldur: | Kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt kr | | 4120. - |
| 128. | Sigríður Eyjólfsdóttir, Spítalastíg 10 | 82 | 40. - |
| 129. | Sigríður Guðmundsdóttir, Pálshúsum | 85 | 50. - |
| 130. | Sigríður Jónsdóttir, Laugaveg 12 | 60 | 35. - |
| 131. | Sigríður Jónsdóttir, Lindargötu 6 | 77 | 40. - |
| 132. | Sigríður Jónsdóttir, Bergstaðastræti 23 | 68 | 25. - |
| 133. | Sigríður Pálsdóttir, Miðstræti 8 a | 64 | 25. - |
| 134. | Sigríður Pétursdóttir, Lindargötu 8 B | 72 | 30. - |
| 135. | Sigríður Sigurðardóttir, Garðbæ | 70 | 40. - |
| 136. | Sigríður Þorkelsdóttir, Barónsstíg 24 | 67 | 30. - |
| 137. | Sigurbjörg Jónsdóttir, Njálsgötu 56 | 64 | 25. - |
| 138. | Sigurbjörg Þorkelsdóttir, Holtsgötu 15 | 70 | 40. - |
| 139. | Sigurður Friðriksson, Laugaveg 28 | 72 | 50. - |
| 140. | Sigurður Gissursson, Laugaveg 54 a | 83 | 30. - |
| 141. | Sigurður Jónsson, Laugaveg 27 | 83 | 50. - |
| 142. | Sigurður Ólafsson, Laugaveg 27A/B. | 73 | 30. - |
| 143. | Sigurður Þórðarson, Norðurstíg 9 | 77 | 35. - |
| 144. | Sigurður Þórðarson, Þingholtsstræti 8 | 75 | 60. - |
| 145. | Sigurlaug Finnsdóttir, Bergstaðastræti 42 | 67 | 25. - |
| 146. | Sigurveig Jóhannesdóttir, Hverfisgötu 44 | 72. | 35. - |
| 147. | Soffía Jónsdóttir, Bankastræti 7 | 62 | 25. - |
| 148. | Solveig Níelsdóttir, Laugavegi 18 | 61 | 25. - |
| 149. | Steinunn Guðmundsdóttir, Nýborg | 80 | 60. - |
| 150. | Teitur Hansson, Bergstaðastræti 33 | 72 | 40. - |
| 151. | Tómas Guðmundsson, Vesturgötu 40 | 64 | 50. - |
| 152. | Soguröur Jónsson, Hverfisgötu 48 | 85 | 25. - |
| 153. | Vilborg Guðmundsdóttir, Grettisgötu 27 | 71 | 30. - |
| 154. | Vilborg Sigurðardóttir, Bergstaðastræti 7 | 70 | 30. - |
| 155. | Þjóðbjörg Þórðardóttir | 73 | 40. - |
| 156. | Þorbjörg Hafliðadóttir, Hverfisgötu 13 | 65 | 35. - |
| 157. | Þorbjörg Illugadóttir, Vesturgötu 40 | 72 | 25. - |
| 158. | Þorbjörg Þorkelsdóttir, Laugaveg 79 | 70 | 35. - |
| 159. | Þorbjörn Valgarðsson, Hverfisgötu 28 | 61 | 25. - |
| 160. | Þorsteinn Einarsson, Akurgerði | 60 | 35. - |
| 161. | Þóra Magnúsdóttir, Holtastöðum | 72 | 35. - |
| 162. | Þóra Jónsdóttir, Smiðjustíg 4 | 55 | 40. - |
| 163. | Þóra Jónsdóttir, Nýlendugötu 19 | 69 | 30. - |
| 164. | Þóra Jónsdóttir, Brunnholti | 70 | 30. - |
| 165. | Þórður Jónsson, Birtingaholti | 76 | 20. - |
| 166. | Þórður Þórðarson, Eystri Hábæ | 66 | 50. - |
| 167. | Þórunn Jónsdóttir, Frakkastíg 10 | 75 | 40. - |
| 168. | Þórunn Jónsdóttir, Þingholtsstræti 1 | 62 | 25. - |
| 169. | Þuríður Höskuldsdóttir, Lindargötu 30 | 79 | 40. - |
| 170. | Þuríður Sigurðardóttir, Lindargötu 8 B | 68 | 25. - |
| 170. | Margrét Jónsdóttir, Spítalastíg 7 | 66 | 30. - |
| | Samtals | | 5665.oo |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

REGLUGJÖRÐ

fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur um lækningu hunda af bandormum o.fl.

1. gr.

Skyldur skal hver hundeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletruðu Rvík og tölu. Merkisspjöldin skulu útveguð á kostnað bæjarsjóðs, en bæjarfógeti afhendi þau eigendum hundanna gegn andvirði þeirra, er aftur greiðist í bæjarsjóðinn. -

Réttdræpur er hver hundur innan umdæmisins, sem ekki ber slíkt helsi eða fylgir utanbæjarmanni, ef eigandi ekki hirðir hann innan þriggja daga eftir að hann hefur verið auglýstur. Kostnaður við dráp óskilahunda greiðist úr bæjarsjóði. -

2. gr.

Bæjarfógeti hefur löggilta bók yfir tölu hunda og eigendur þeirra. Skal bókin árlega leiðrétt eftir skýrslu hreinsunarmanns, er heilbrigðisnefnd ræður fyrir 3 ár í senn. -

3. gr.

Lækna skal alla hunda í lögsagnarumdæminu, sem eru misserisgamlir eða eldri. Fer lækningin fram einu sinni á ári í nóvembermánuði. Hreinsunarmaður tilkynnir hundaeigendum með þriggja daga fyrirvara hvenær og hvar lækning fer fram. Skylt er eigendum hundanna að láta flytja þá á lækningastaðinn og veita liðsinni til að koma þeim inn í lækningaskýlið, og sækja þá aftur, þegar lækning hefur farið fram. Lækningaskýlið skal útvegað á kostnað bæjarsjóðs. Heimillt er þó hreinsunarmanni að lækna hunda á heimili einenda þeirra, ef þeir óska þess. -

4. gr.

Hreinsa skal hundana með arekadufti eða einhverju öðru öruggu ormalyfi og skal lækningunni haga eftir því, sem dýralæknir segir fyrir.

5. gr.

Verði vart við bandorma í hundi milli lækninga, skal hann færður hrinsunarmanni og er hann skyldur að lækna hann tafarlaust

6. gr.

Banni forföll að lækna hund á ákveðnum tíma, skal það gert svo fljótt sem unnt er.

7. gr.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skal hreinsunarmaður senda heilbrigðisnefndinni skýrslu um lækninguna, er tilgreinir hvenær og hvar lækningin hafi farið fram, hve margir og hverra hundar hafi verið læknaðir og með hvaða árangri.

Nú er hundi skotið undan lækningu og skal þá hreinsunarmaður tilkynna það bæjarfógeta þegar í stað og er þá hundurinn réttdræpur nema eigandi láti(hreinsa hann) lækna hann innan viku frá því hann fær viðvörun um það. Sömuleiðis skal hreinsunarmaður gera bæjarfógeta viðvart, ef hann verður var við ómerkta hunda í kaupstaðnum.

8. gr.

Hreinsunarmaður annast útvegun meðala og baðlyfja, er borgist úr bæjarsjóði. Fyrir hreinsun hvers hunds fær hreinsunarmaður 1 krónu úr bæjarsjóði. -

9. gr.

Skyldur er hver sá, er lætur slátra skepnum, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmengað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörð nið-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ur, að hundar geti ekki náð því, eða brenna það. Honum er skylt að varna því, að hundar komist á blóðvöllinn.
Hreinsunarmaður skal einnig hafa eftirlit með að þessu ákvæði sé hlýtt.

10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. nóv. 1910 og varða brot gegn henni 1 - 10 króna sekt, er renni í bæjarsjóð. Mál er rísa út af brotum á reglugjörð þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 3. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Frumvarp til fjárhagsáætlunar 1911 var rætt við fyrri umræðu.

2. Byggingarnefndargerðir frá 20. f.m. lesnar upp og samþykktar með þeirri breyting, að fellt var 3. liður (Húsbygging Jóns Laxdals við Nýlendugötu)- með því að bæjarstjórn vildi ekki heimila undanþágu frá eldvarnarvegg, var viðhaft nafnakall og var liður þessi felldur með 7 atkv. gegn 7.

Já sögðu: Jón Jensson, Pétur Guðmundsson, Jón Þorlákss., Arinbjörn Sveinbjarnarson, Þórður Thoroddsen, Tr. Gunnarsson, Páll Einarsson.

Nei sögðu: Halldór Jónsson, Kl. Jónsson, Katrín Magnússon, Lárus H. Bjarnason, Kr. Þorgrímsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Guðrún Björnsdóttir.

3. Frumvarp til hafnarreglugerðar var rætt við 2. umræðu. Frumvarpinu frestað til næsta fundar.

4. Sex nýjum erfðafestulandsbeiðnum var vísað til fastignarnefndar.

5. Bæjarfógeti hafði í bréfi dags. 13. f.m. gjört fyrirspurn til bæjarstjórnar um, hvort útkljá megi mál gegn vicekonsúl J.P.Brillouin, er höfðað var út af kæru borgarstjóra og bæjarstjórnar, með úrskurði stjórnarráðsins eða með dómi.

Bæjarstjórn samþykkti að svara bréfinu á þann hátt, að hún óskaði að málið yrði útkljáð með dómi.

6. Erindi áburðarfélagsins um skylduhreinsun í nokkrum hluta bæjarins, var vísað til veganefndar.

7. Beiðni um eftirgjöf aukaútsvars frá 2 mönnum var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

8. Erindi frá Ben. Jónssyni fyrrv. sótara um aukin eftirlaun, var vísað til fjárhagsnefndar.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Guðmundar Hannessonar, Hverfisgötu | 7400.oo |
| b. | - Forbergs við Þingholtsstræti | 26492.oo |
| c. | - Eyjólfs Þorkelssonar, Austurstræti | 10300.oo |
| d.1/2- | - Jóhannessonar Láruss. Skólavörðuholti 4 B | 4534.oo |
| e. 1/2 - | Kristófers Sigurðssonar - " - | 5008.oo |
| f. | - J. S. Jenssens, Þingholtsstræti | 24092.oo |
| g. | - Odds Gíslasonar, Bakka við Bakkastíg | 5227.oo |
| h. | - H.P.Duus við Fischerssund | 16656.oo |
| í. | - Helga Thordersen, Þingholtsstræti | 12851.oo |

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kristján Þorgrímsson. Katrín Magnússon. Tr. Gunnarsson. Lárus Bjarnason. Jón Jensson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Guðrún Björnsdóttir. Jón Þorláksson. Kl. Jónsson. Pétur G. Guðmundsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 17. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

Fjárhagsáætlun bæjarins rædd við 2. umræðu.

Fundi frestað þá er kl. var orðin 12.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, föstudaginn 25. nóvember var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni, - framhaldsfundur frá 17. þ.m.

1. Fjárhagsáætlun bæjarins var rædd áfram við 2. umræðu. Eftir alllangar umræður var gengið til atkvæða:
Tekjuliðir: 1.- 8. liður sþ. í e.hlj.
við 9. lið 1 br. (9) sþ. e. hl.
10. - 14. liður sþ. e. hl.
1. br. J. Þ. s. e. hl.
16. - 18. liður sþ. e. hl.
Við 19. 3. br. (9) fellt með 8 - 8.
19. liður óbr. sþ.
20. - 21.liður sþ. e. hl.
Við 22. lið 4 br. sþ. 9 atkv.
Gjöld:
1. - 3. liður sþ. e. hl.
5. - 8. - sþ. e. hl.
br. við 9. c. br. 7 (9) fellt 8 : 8.
- br. Tr.G. sþ.
- viðaukatill. J.Þ. fellt 10 : 3.
liður 9. d. sþ.
liður 10. a. br. Tr.G. fellt.
- - br. (9) - fellt 9 : 5.
- - a. frumv. sþ. 10:3.
- 10. b. felldur með 10:6.
- 11. a. sþ.
- - b. br. 9 (9) fellt 9:7.
- - - liður sþ. 9.
- 11. c. - sþ.
- 11. d. br. 10. (9) fellt með 8:'
- 11. d. felldur með 8:8.
- 11. c. sþ.
- 11. f. br. 11.(9) sþ.
12. - 13. sþ.
14. br. 14 (9) sþ. 9:7.
- 3 sundurliðaður Kn. Z. sþ.
2500 kr. sþ. 9:5.
Sundurliðaður Kn.Z. að öðru leyti sþ. 9.
- 15. a. br. (9) - sþ. 9:7.
- 15. b. br. Kn. Z. fellt.
- 15. b. sþ.
- 16. - 19.a. sþ.
- 19.b. (14.liður(9) fellt 8:8.
19. b. sþ. 9.
- 19. c. e., 20. 21. a. - f. sþ.
- 21. g. (15. 9.) sþ.
- 21. h. sþ.
- 21. i. br. Burt felld 8:8.
22. 22. sþ.
- 23. br. 4200 - sþ. 9.
- - 16. a. (br. 9) sþ.
- - - b. - " - sþ.
- - - c. - " - sþ.
- - - d. - " - felld 8:8.
- - - fjárh. (400 kr.) sþ.
- - - - risna sþ. 10:5.
- - - - umsj. Lög. sþ.
- - - - sundkennala sþ.
- - - Elliðaárnar sþ.
- - - alþýðulestr. sþ.
- - - J.Þorl. undirbún. sþ.
24. liður sþ. e. hl.
Eftir nokkrar umræður innan luktra dyra, var atkv. greitt um 9. lið br. Kr.Þ. og 4. lið a.og b. og
4. liður a, launaviðbót 100 kr. handa Jonasi Jónassyni sþ.
- " - 100 kr. - Ól. Jónssyni fellt
b. launaviðbót 100 kr. - Guðm. Stefánss. sþ. 9:7



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

100 kr. handa Þórði Geirss. fellt 9:
100 - - Run. Péturss. fellt 9:

9. liður a. Br. Kr.Þ. fellt. Liður. óbr. sþ.
b. óbr. sþ. Áætlunin þannig sþ. e. hl.

2. Byggingarnefndargerðir frá 12. þ.m. lesnar upp og samþykktar, með þeirri breytingu, að Bergi Einarssyni sútara var leyfð íbúð í sútunarhúsinu með þeim skilyrðum, sem heilbrigðisnefnd hafði tekið til.

3. Fundargerðir fasteignanefndar frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, með þeirri breytingu að beiðni Jóns Jóhannssonar um erfðafestuland (5.) var frestað, og með þeirri viðbót við tilboð Guðm. Egilssonar (7. mál), sé svæðinu breytt í byggingarlóð, þá sé það bundið því venjulega skilyrði, að 1/5 söluverðsins greiðist í bæjarsjóð, og réttur bæjarins til ókeypis vegarstæðis haldist óbreyttur.

Samþykkt að láta auglýsa veiðirétt í Elliðaánum fyrir 450 pund sterlinf.

4. Erindi P.J.Thorsteinsen & Co. um að fá Eiðsgrandan leigðan var vísað til fasteignanefndar.

5. Samþykkt tillaga hafnarnefndar um 2 gasljós við hafnarbryggjuna.

6. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Ara Jónssonar í Sauðagerði | 17943.- |
| b. | - Ellingsens, Stýrimannastíg | 516.- |
| c. | - Jóns Þórðarsonar, Bankastræti 8 | 7179.- |
| d. | - Gasstöðvar með íbúðarhúsi | 139227.- |

7. Beiðni Alþýðulestrarfélags Reykjavíkur um 150 kr. styrk 1910 var sþ.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Lárus Bjarnasin. Magnús Blöndahl. Þ.J.Thoroddsen. Pétur G. Guðmundsson. Katrín Magnússon. Guðrún Björnsdóttir. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Kristján Þorgrímsson. Tr.Gunnarsson. Jón Jensson. K.Zimsen. Jón Þorláksson. Kl.Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkur kaupstaðar 1911.

| Tölul. | Tekjur: | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Eftirstöðvar frá fyrra ári | | |
| 2. | Tíund af fasteignum og lausafé | | 30.000.00 |
| 3. | Gjald af byggðri og óbyggðri lóð | | 200.00 |
| 4. | Landskuld af jörðum | | 12.300.00 |
| 5. | Leiga af erfðafestulöndum | | 1.440.00 |
| 6. | Leiga af húsum, túnum, lóðum m.m. | | 3.600.00 |
| 7. | Tekjur af laxveiðinni í Elliðaánum | | 500.00 |
| 8. | Hagatollur | | 6.300.00 |
| 9. | Seglfestugjald | | 1.500.00 |
| 10. | Tekjur af ístöku, 25 aur. pr. tonn | | 50.00 |
| 11. | Tekjur af lóðarsölu | | 400.00 |
| 12. | 20% af seldum erfðafestulöndum | | 1.500.00 |
| 13. | Tekjur eftir byggingarsamþykkt | | 1.500.00 |
| 14. | Tekjur af batnsveitunni: | | 1.000.00 |
| | a. Vatnsskattur og aukagjald | 40000.00 | |
| | b. Endurborgun lána til innlagningar í hús | 3000.00 | 43.000.00 |
| 15. | Tekjur af gasstöðinni | | 25.045.00 |
| 16. | Sótaragjald | | 2.800.00 |
| 17. | Hundaskattur | | 150.00 |
| 18. | Endurgoldin lán og styrkur innansveitarmanna | | 1.600.00 |
| 19. | Endurgoldinn fátækrastyrkur frá öðrum sveitum og af Þurfamönnum þeirra | | 3.300.00 |
| 20. | Styrkur frá landssjóði og Thorkilliisjóði til barnaskólans og skólagjöld | | 5.000.00 |
| 21. | Óvissar tekjur bæjarsjóðs | | ~~1~~40.000.00 |
| 22. | Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum jafnað niður með 5 - 10% umfram | | 91.282.59 |
| 23. | Lán | | 39.000.00 |
| | Samtals kr. | | 275.469.59 |

### G J O L D:

| Tölul. | | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Skattar og gjöld til hins opinbera af eignum kaupstaðarins | | 250.00 |
| 2. | Árgjald til Helgafellsprestakalls fyrir Hlíðarhús og Ánanaust | | 204.45 |
| 3. | Stjórn kaupstaðarins: | | |
| | a. Kostnaður við bæjarstjórnina, nefndir | fl 1500.00 | |
| | b. Laun og skrifstofufé borgarstjóra | 6000.00 | |
| | c. Laun bæjargjaldkera | 2500.00 | 10.000.00 |
| 4. | Til löggæzlu: | | |
| | a. Laun 4 lögregluþjóna | 4100.00 | |
| | b. Laun 4 næturvarða | 3400.00 | |
| | c. Önnur útgjöld | 300.00 | 7.800.00 |
| 5. | Laun sótara: | | |
| | a. Kristjáns Sæmundssonar | 1000.00 | |
| | b. Sæmundar Einarssonar | 800.00 | 1.800.00 |
| 6. | Eftirlaun | | 1.380.00 |
| 7. | Umsjón og varzla kaupstaðarins | | 400.00 |
| 8. | Manntalskostnaður eftir reikningi | | 500.00 |
| 9. | Til heilbrigðisráðstafana: | | |
| | a. Laun heilbrigðisfulltrúa | 800.00 | |
| | b. Laun og persónuleg launaviðbót ljósmæðra | 700.00 | |
| | c. Styrkur til Baðhúss Reykjavíkur, með því skilyrði, að baðhúsið sé opið til kl 12 á sunnudögum | 750.00 | |
| | d. Önnur útgjöld | 100.00 | 2.350.00 |
| 10. | Til verkfræðings | | 3.000.00 |
| 11. | Til vegagerðar: | | |
| | a. Tik breikkunar veginum gegn um Rauðarártraðir | 500.00 | |
| | Flyr: | 500.00 | 27.684.45 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|
| Flutt: | 500.00 | 27.684.45 |
| b. Til framlengingar á Laufásvegi suður fyrir Grænuborg upp á Hafnarfjarðarveg | 600.00 | |
| c. Til framlengingar Bergstaðastræti | 150.00 | |
| d. Til ofaníburðar og viðhalds gatna | 3.000.00 | 4.250.00 |
| 12. Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna | | 5.000.00 |
| 13. Til götulýsingar | | 7.000.00 |
| 14. Til Vatnsveitunnar: | | |
| a. Afborganir og vextir af stofnkostnaði | 28.500.00 | |
| b. Afborganir og vextir af lánum til innlagningar í hús | 3.000.00 | |
| c. Rekstururskostnaður | 2.000.00 | |
| d. Til endurnýjunar og aukningar | 4.000.00 | |
| e. Til álmu að íþróttasvæðinu á Melunum og um það | 2.500.00 | 40.000.00 |
| 15. Til slökkviliðs og áhalda: | | |
| a. Laun slökkviliðsins og árleg útgjöld | 1.000.00 | |
| b. Til byggingar slökkvitólahúss og útvegun nýrra áhalda | 36.000.00 | 37.000.00 |
| 16. Afborgun og vextir af gasstöðvarlánum | | 25.045.00 |
| 17. Til aukningar og endurbóta á fasteign kaupstaðarins | | 3.000.00 |
| 18. Til áhalda og aðgerða á þeim | | 2.000.00 |
| 19. Til fátækraframfæris: | | |
| a. Til ómaga undir 16 ára | 3.000.00 | |
| b. Til þurfamanna eldri en 16 ára | 25.000.00 | |
| c. Greftrunarkostnaður þurfamanna | 400.00 | |
| d. Lögflutningur þurfamanna | 300.00 | |
| e. Önnur útgjöld | 600.00 | 29.300.00 |
| 20. Lán til annara sveita | | 5.000.00 |
| 21. Gjöld til barnaskólans: | | |
| a. Laun fastra kennara | 5.500.00 | |
| b. Til aukakennslu | 18.500.00 | |
| c. Til héraðslæknis fyrir heilbrigðiseftirl. | 200.00 | |
| d. Til áhaldakaupa | 700.00 | |
| e. Til eldiviðar og ljósa | 1.800.00 | |
| f. Til viðhalds og endurbóta hússins og skólalóðarinnar | 1.000.00 | |
| g. Brunabótagjöld og kirkjugjäld | 240.00 | |
| h. Ýms útgjöld skólans, ræsting o.fl. | 2.000.00 | |
| i. Til matgjafa handa fátækum börnum | 700.00 | 30.640.00 |
| 22. Vextir og afborganir lána | | 27.150.14 |
| 23. Ýmisleg og óviss útgjöld: | | |
| a. Til Kvennaskóla Reykjavíkur | 500.00 | |
| b. Til Leikfélags Reykjavíkur | 500.00 | |
| c. Til Skógræktarfélags Reykjavíkur | 200.00 | |
| d. Til leikvallar | 400.00 | |
| e. Til umsjónar með Laugunum | 400.00 | |
| f. Til sundkennslu | 500.00 | |
| g. Til umsjónar með Elliðaánum og aðgerða á veiðimannahúsinu | 300.00 | |
| h. Til Alþýðulestrarfélagsins | 150.00 | |
| i. Til risnu | 500.00 | |
| j. Til að mæla vatnsmagnið í Elliðaánum | 200.00 | |
| k. Til óvissra útgjalda | 550.00 | 4.200.00 |
| 24. Eftirstöðvar til næsta árs | | 30.000.00 |
| Samtals | | 275.469.59 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 1. desember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 26. nóv. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Vatnsnefndargjörðir frá 29. nóv. voru lesnar og samþykktar með þeirri breytingu, að vatn til hreyfivéla Th.Thorsteinsen á Kirkjusandi verði selt með því verði, sem gildir á hverfum tíma fyrir vatn til hreyfivéla.

3. Eftir tillögum gasnefndar var samþykkt, að verja allt að 500 kr. til að þilja innan regenerationshúsið.

4. Út af erindi stjórnar Áburðarfélagsins og tillögum veganefndar um það erindi var kosin sérstök nefnd til að íhuga málið og kosnir í nefndina:
Jón Jensson,
Klemens Jónsson,
Jón Þorláksson.

5. Frumvarp til reglugjörðar um mjólkursölu. Eftir litlar umræður var málinu öllu vísað til umsagnar heilbrigðisnefndar.

6. Frumvarpi til hafnarreglugerðar var til umræðu, en atkvæði um það frestað til næsta fundar.

7. Erindi Garðars Gíslasonar (& Hay) um bryggjugjörð o.fl. var vísað til hafnarnefndar.

8. Til að semja ellistyrktarsjóðsskrá voru kosnir:
Lárus H. Bjarnason,
Guðrún Björnsdóttir,
Kristján Þorgrímsson.

9. Tillaga frá Guðrúnu Björnsdóttur bæjarfulltrúa um að veita fé til atvinnu þurfamönnum úr bæjarsjóði. Vísað til fátækranefndar.

10. Tveim beiðnum um eftirgjöf á aukaútsvari o.fl. var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

11. Beiðni um eftirgjöf á vatnsskatti var vísað til vatnsnefndar.

12. Beiðni um eftirgjöf á skólagjaldi var vísað til fátækranefndar.

13. Samþykkt að breyta byggingarlóð 2500 ferálnum af erfðafestulandinu "Félagsgarður", er eigandi óskar að selja fyrir 50 aura feralin, gegn því að 20% kaupverðsins sé borgað í bæjarsjóð og bærinn hafi rétt sinn óskertan til ókeypis vegarstæðis, eins og venja er til.

14. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Guðrúnar Guðmundsdóttur, Laufásvegi | 7825.oo |
| b. | - | Steingr. Guðmundssonar, Kirkjustræti 4 | 27460.oo |
| c. | - | Kristjáns Þorgrímssonar, Kirkjustræti 10 | 2400.oo |
| d. | - | H.P.Duus (Bryggjuhúsið) | 18920.oo |

15. Erindi frá Gasstöðinni um lán til gasáhalda var vísað aftur til gasnefndar.

16. Út af styrkbeiðni frá foreldrum barna í skóla Ásgríms Magnússonar var synjað um ókeypis kennslu í þeim skóla, eða



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

styrk til hans, en samþykkt að láta börnin fá sama rétt til sundkennslu, sem börn barnaskóla bæjarins, að börnin fái ókeypis böð í baðhúsi Reykjavíkur í réttu hlutfalli við börn barnaskóla bæjarins, og að börnin fái tvo tíma vikulega afnot af leikfimishúsi barnaskólans ef auðið verður, án nokkurs endurgjalds til leikfimiskennslu undir stjórn sama kennara og síðastliðið ár.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Pétur G. Guðmundsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kristján Þorgrímsson. Guðrún Björnsdóttir. Þ.J.Thoroddsen. Lárus H. Bjarnason. Katrín Magnússon.
Tr.Gunnarsson. Jón Jensson. K.Zimsen. Jón Þorláksson.
Arinbjörn Sveinbjarnarson. Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn 15. desember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 10. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar að öðru en því, að útmæling vörugeymsluhúss Br. H. Bjarnasonar kaupmanns var frestað til nýrrar yfirvegunar byggingarnefndar.

2. Frú Lovísa Jensen býður forkaupsrétt á 500 ferálnum af erfðafestulandi sínu, Félagsgarði. Samþykkt að nota ekki forkaupsrétt.

3. Frumvarp til reglugjörðar um vatnsskatt var samið af vatnsveitunefnd, var rætt, og á gildandi Reglugjörð var samþykkt að gjöra þessar breytingar:
Við 3. gr. að í stað "1 kr." í fyrri málsgrein komi "1 kr. 50 aur." og í stað "mótors" í síðari málsgrein komi "vatnshreyfivélar", við 4. grein bætist svohljóðandi setning: sé það flutt í skipin í bátum, en 1 kr. 25 aur. ef það er látið út við bryggju. 7. gr. var felld burtu.

4. Gasnefndarfundargerðir frá 12. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

5. Gengið til atkvæða um frumv. til Hafnarreglugjörðar og samþykktar þessar breytingar: Við IV kafla: Við 1. málsgrein: á eftir orðunum: "til geymslu" komi: og skal keyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka skipið upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því ~~ei~~ ~~ð~~ fullnægt innan hæfilegs frests, þá geti hafnarnefndin látið gjöra það á kostnað eiganda. Og í stað orðsins "umboðsmaður" komi: umsjónarmaður.
Við 2. málsgrein IV. kafla: Á eftir orðunum "að leggja skipinu" komi: "og láta það liggja".
Síðasta málsgrin sama kafla (IV.) var felld burtu.
Við V. kafla: Orðin: "(Rauðarárvík)" voru felld burtu.
Við VII. kafla: í stað orðanna: "né heldur samþykkt" í fyrri málsgrein, komi "í land má því aðeins flytja hana, að borgarstjóri leyfi, og þar sem hann til vísar."

6. Erindi Garðars Gíslasonar dags. 16. nóvember þ.á. Tillögur hafnarnefndar í fundargerð 10. þ.m. voru og til umræðu.
Breytingartillögur frá L.H.Bjarnason og M. Blöndahl voru felldar.
Tillögur hafnarnefndar voru samþykktar.

7. Beiðni um eftirgjöf á 1/2 áukaútsvari þetta ár frá Oddi Bjarnasyni var vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar.

8. Eftirgjöf á Skólagjaldi veitt þetta skólaár Jóni Einarisyni Jóns Guðmundssonar, Eiðstöðum, Sömuleiðis dóttur Bergljótar Guðmundsdóttur, Vesturgötu 35, en Ara Hallvarðarsyni synjað um sama fyrir dóttur sína, Sigríði.

9. Samþykkt að borga 20 kr. í skolagjald í Ásgrímsskóla fyrir Svandísi Sigurðardóttur, Hverfisgötu 44, sakir þess að hún er svo bækluð og þungt um gang, að hún þarf sem styztan skólagang.

10. Tilnefndir í yfirskattanefnd:
Magnús Stephensen fyrrv. landshöfðingi,
Jón Jensson, yfirdaómari
Eiríkur Briem, dósent og til varaSighvatur Bjarnason, bankastjóri.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Einar Helgason biður fyrir hönd Jarðræktarfélags Reykjavíkur um útnefningu manns til að mæla jarðabætur félagsmanna 1910. Kosinn Gísli Þorbjarnarson, búfræðingur.

12. Ræddar tillögur nefndar, er kosin hafði verið til að gera tillögur um efnahagsreikning kaupstaðarins við árslok 1908. Vísað til 2. umræðu.

13. Út af tillögum veganefndar viðvíkjandi verkfræðingsstarfi var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Bæjarstjórnin ákveður að auglýsa verkfræðingsstarfið frá 1. janúar næstkomandi með 2700 kr. byrjunarlaunum, en frestar að öðru leyti að taka ákvörðun um tillögur veganefndarinnar til næsta fundar.

14. Samþykkt að halda áfram fundi þótt klukkan væri orðin 12.

15. Ákveðið að auglýsa heilbrigðisfulltrúastarfið frá 1. janúar, með því að núverandi heilbrigðisfulltrúi hefur sagt sagt af sér starfinu.

16. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Bergs Einarssonar, Hverfisgötu | 4005.- |
| b. | - Ólafs Þórðarsonar, Klapparstíg 7 | 5776.- |

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Tr. Gunnarsson. Katrín Magnússon. Jón Þorláksson. K. Zimsen. Pétur G. Guðmundsson. Jón Jensson. Kl. Jónsson. Lárus Bjarnason m.fr. um 13. lið. Kristján Þorgrímsson m. fr. um 13. lið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 5. janúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Hafnarbyggingarmál kaupstaðarins 1. umr. Fyrir bæjarstjórninni lá: Nefndarálit frá hafnarnefndinni ásamt frumv. til hafnarlaga Reykjavíkur, svo og álitsskjal hafnarverkfræðings Gabríel Smith frá Kristianiu.

2. Byggingarnefndarmál: Byggingarnefndargjörðir frá 3. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Niðurjöfnunarnefnd hafði gjört tillögur sínar út af ýmsum útsvarskærum. - Bæjarstjórn samþykkti að færa útsvar Einars Sigurðssonar Framnesvegi 47, niður í 8 kr., að lækka um 20 kr. aukaútsvar Aug. Júl. Rögnvaldssonar, er andaðist 16. júní 1910, að fella niður aukaútsvar Haraldar G.H. Jónssonar, Grettisgötu 54, að synja um niðurfærzlu á aukaútsvari Gísla Þórðarsonar, Laugav. 62, að fella niður aukaútsvar Jóns Kristjánssonar, Laugavegi 18 B., að lækka útsvar Guðmundar Semingssonar, Grettisgötu 50 niður í 8 kr., að láta aukaútsvar Jóns Vigfússonar standa óbreytt, og að aukaútsvar Odds Björnssonar, Óðinsgötu 3 skuli óbreytt standa.

4. Ákveðið að taka ekki til greina aukaútsvarskæru Guðm. Kr. Halldórssonar, Bergstaðastræti 16.

5. Kosnir til að semja alþingiskjörskrá ásamt borgarstjóra, Halldór Jónsson og Jón Jensson.

6. Frumv. til reglugerðar um mjólkursölu. Breytingartillögur frá Þ. Thoroddsen og Magnúsi Blöndahl, svo og frá Guðrúnu Björnsdóttur voru til umræðu.

Atkvæðagreiðsla:<br>
1. gr. br. G.B. a. sþ.<br>
\- - - - - b. sþ.<br>
1. gr. þannig sþ.<br>
2. gr. br. G.B. við 2. gr. sþ.<br>
2. gr. þannig sþ.<br>
3. gr. br. Þ. Th. og M. Bl. sþ.<br>
4. gr. br. sömu sþ.<br>
5. gr. 1. br. G. B. sþ., 2. br. felld, 3. og 4. br. sþ.<br>
6. gr. br. M.Bl. og Þ. Th. sþ.<br>
7. gr. br. G. B. sþ.<br>
8. gr. sþ. 9. gr. frv. felld burt.<br>
10. gr. sþ.<br>
11. gr. br. G. B. sþ. : 12. gr. sþ. óbreytt, - br. G.B. felld.<br>
13. gr. sþ. Fyrirsögn af br. á 30. gr. heilbr. sþ. samþ. viðauki nefndarinnar sþ.

7. Efnahagsreikningur 1908, ásamt tillögum nefndar: Svohljóðandi tillaga var samþykkt:
Með því að tilhlýðilegt væri að efnahagsreikningur alls Reykjavíkurkaupstaðar hefði meira inni að halda en aðeins efnahagsreikning bæjarsjóðs eins, þó er málinu vísað til fjárhagsnefndar til þess að gjöra/1 fullkominn efnahagsreikning /1 tillögur um. - fyrir 1910.

8. Fundargerðir veganefndar frá 3. þ.m. var til umræðu. Eftir tillögum hennar var þessi samþykkt gjörð: <u>Að</u> stofnuð verði föst bæjarverkfræðingssýslan með 2700 kr. byrjunarlaunum, en bærinn kosti skrifstofu hans. Borgun fyrir þetta hvorutveggja fari ekki fram úr 4000 kr. fyrir 1911. Uppsögn af beggja hálfu 6 mánaða frestur. <u>Að</u> bæjarverkfræðingurinn hafi á hendi byggingarfulltrúastarfið og slökkviliðsstjórastarfið, hið síðara frá þeim tíma, er bæjarstjórnin síðar tiltekur, <u>að</u> hann hafi á hendi öll störf fyrir bæjarstjórnina, sem útheimtar verkfræðilega þekkingu, og vinni að undirbúningi, umsjón og fram-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvæmd allra mannvirkja, sem bæjarstjórnin lætur gjöra að svo miklu leyti, sem hans eigin starfskraftar leyfa. Án samþykkis bæjarstjórnar má hann ekki hafa nein önnur atvinnustörf á hendi.
að bæjarverkfræðingssýslan verði veitt frá 1. apríl næstkomandi og
að borgarstjóra sé falið að útvega byggingarfulltrúa til bráðabirgða þangað til, og heimilað að greiða kostnað við verkfræðingsstörf í bæjarins þarfir þangað til ef nauðsyn krefur.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Ól. Jónssonar og Markúsar Guðmundssonar 28 við Frammnesveg | 7928.- |
| b. | - Þórðar Þórðarsonar í Laugarnesi | 2316.- |
| c. | - Guðríðar Jónsdóttur, Laugavegi 33 | 20718.- |

10. Kosinn fyrir heilbrigðisfulltrúa bæjarins Árni Einarsson fátækrafulltrúi. - Kristján Þorgrímsson hafði tekið aftur umsókn sína.

11. Bæjarverkfræðingur kosinn Benedikt Jónasson, verkfræðingur.

Allir á fundi nema Lárus H. Bjarnason og Knud Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónswon. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Þ.Thoroddsen. Guðrún Björnsdóttir. Magnús.Blöndahl. Katrín Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Pétur G. Guðmundsson. Kl. Jónsson. Jón Þorláksson. Tr.Gunnarsson. Jón Jensson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SAMÞYKKT
um breytingu á heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur 30. janúar 1905. -

39. gr. heilbrigðissamþykktarinnar orðist þannig:
Øll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt reglugjörð um mjólkursölu, er bæjarstjórnin hefur samið og stjórnarráðið samþykkt.

REGLUGJORÐ
fyrir mjólkursölu í Reykjavík :

1. gr.

a. Allir sem vilja gerast mjólkursalar í Reykjavík skulu sækja skriflega um það til lögreglustjóra, og skal umsókninni fylgja vottorð dýralæknis um það, að, að fjós og nautgripir mjólurframleiðanda séu í góðu lagi, og skal mjólkursali á hverju ári í aprílmánuði senda lögreglustjóra slíkt vottorð. Að fengnu söluleyfi ber umsækjanda að fullnægja ákvæðum heilbrigðissamþykktar kaupstaðarins og skal hann vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar. Sérhver mjólkursali er skyldur til að tilkynna lögreglustjóra tafarlaust frá hvaða heimilum mjólkin sé, sem hann selur, hvar í bænum salan fer fram og sömuleiðis flutning sölustaðar.
b. Bæjarbúar þeir, er framleiða mjólk til sölu, skulu tilkynna það lögreglustjóra og skal þeðrri tilkynning fylgja vottorð dýralæknis um það sama, sem tekið er fram undir a. lið.

Þeir skulu geyma mjólkin og selja í sæmilegum húsakynnum, sem heilbrigðisfulltrúi telur viðunandi.

2. gr.

Fita skal minnst vera:

| | |
|---|---|
| í kaffirjóma | 15% |
| í þeytrjóma | 30% |
| í nýmjólk | 3.50% |
| í undanrennu | 1/2% |

Eðlisþyngd nýmjólkur sé við 15° C. 1028 - 1034, undanrenningar 1032 - 1038. -

3. gr.

Bannað er að selja mjólk sem er:
1. Óeðlileg á lit eða lykt, beisk eða sölt á bragðið, slímkennd, blóðblandin, strimluð eða súr.
2. Úr veikum kúm, svo ástæða sé til að ætla að hún sé óholl.
3. Blönduð vatni, ís eða öðrum efnum, hvort heldur þau eru sett í mjólkina til þess að hún haldi sér betur, eða í öðrum tilgangi. -
4. Óhrein. - Óhrein er mjólkin ef sýnilegt hrugg setzt undir hana á 1 klukkutíma.

Bannað getur heilbrigðisnefnd mjólkursölu ef óþrifalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti og hirðing kúnna er í svo löku lagi, að erfitt sé að forðast að mjólkin óhreinkist, sömuleiðis ef næmur sjúkdómur er á heimilinu eða mikið kveður að slíkum sjúkdómum í nágrenninu.

Broddmjólk má ekki selja saman við aðra mjólk.

4. gr.

Øll mjólk skal flutt til bæjarins og um hann í lokuðum þrifalegum vögnum. Þó skal leyfilegt að tjalda yfir mjólkurílátin með segldúk í opnum vögnum, enda sé útbúnaður svo, að ílátin sé varin ryki og óþverra. Við allan fluttning mjólkur og mjólkuríláta ~~ber að gæta~~ skal gæta ýtrasta hreinlætis. Skylt skal að búa svo um mjólkurílátin að frost nái ekki mjólkinni.

5. gr.

Ekki má flytja, geyma eða selja mjólk í ílátum úr eir. messing eða sinki, nema tinuð séu að innan, né öðrum ílátum, sem spilla mjólkinni, sérstaklega ryðguðum. Sama gildir um krana í mjólkurílátum.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Øll mjólkurílát, sem mjólk er flutt í til útsölustaðanna, skulu vera með svo víðu opi, að hendi fullorðins manns komist ofan í þau. Undanskyldar eru þó glerar flöskur. Mjólkurmál skulu vera með handfangi og fullnægja að efninu til sömu skilyrðum og önnur mjólkurílát. Mjólkurílát má aldrei hafa undir annað en mjólk og ekkert í þeim flytja úr bænum nema heilbrigðisfulltrúi leyfi.

Ef þétta þarf lok mjólkuríláta, sem mjólk er flutt í til útsölustaða, skal það gert með togleðurshring. Sérhver mjólkurframleiðandi, sem hefur útsölu á mjólk í Reykjavík, er skyldur til að merkja mjólkurílát sín með glöggu eignarnafni og senda þau innsigluð til útsölustaðanna.

Øll mjólkurílát skulu vandlega hreinsuð.-

6. gr.

Øll mjólkursala á götum úti er bönnuð, nema í lokuðum ílátum óáteknum.

7. gr.

Engum er leyft að selja aðflutta mjólk nema salan nemi 50 pottum á dag eða meiru, þó skulu viðurkenndir mjólkursalar hafa leyfi til að halda áfram sölunni, þótt minni mjólk sé þá tíma árs, sem lítið er um mjólk í bænum.

8. gr.

Mjólkursölubúðir skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Búðin skal vera björt, loftgóð og auðvelt að hreinsa. Veggir skulu annaðhvort málaðir ljósir og kalkaðir og séu þá kalkaðir árlega. Loft sé fyllilega þétt, rikhlt, gólfið vatnshelt, hellulagt, þakið linoleum, vandlega málað, eða gjört svo jafngildi þessu.
2. Bekkir eða hyllur skulu vera fyrir mjólkurílátin og bakkar undir málin.
3. Búð og ílátum skal haldið vandlega hreinum, gólf þvegin daglega, en aldrei sópuð.
   Í mjólkurbúðum má ekki án leyfis heilbrigðisnefndar selja annað en egg, brauð og allskonar kökur.
4. Sölumaður skal laus við næma og viðbjóðslega kvilla, vera hreinlega til fara, helzt í hvítum ytri klæðum.
5. Í mjólkurbúð má hvorki sofa né matast. Liggi svefnherbergi eða eldhús að búðinni skal vel felld hurð á milli, sem jafnaðarlega sé læst. -

9. gr.

Sýkist maður á heimili mjólkursala, í húsi því er mjólk er seld, skal það tafarlaust tilkynnt heilbrigðisfulltrúa.

10. gr.

Heimillt skal heilbrigðisfulltrúa að ónýta mjólk, sem sala er bönnuð á samkvæmt reglugjörð þessari. Sé hún grunsöm má kyrrsetja hana. Skylt skal að láta rannsaka nýmjólk á efnarannsóknarstofu, ef heilbrigðisfulltrúi telur þess þörf og greiðir bæjarsjóður kostnaðinn við þá rannsókn.

10. gr.

Heimillt skal heilbrigðisfulltrúa hvenær sem vera skal að athuga sölubúðir, ílát, mjólk, ljós og annað sem að mjólkursölu eða þrifnaði lýtur. Skylt skal að láta honum í té endurgjaldslaust mjólk til rannsóknar. Heilbrigðisfulltrúi skal skyldur til að rannsaka mjólk, ef mjólkursalar óska þess.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum allt að 50 krónum.

"



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í sambandi við reglugjörðina var samþykkt svolátandi ályktun:

Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að sjá um, að dýralæknir, eða einhver annar þar til hæfur sé fenginn til að semja nákvæmar reglur fyrir hurðing kúa, útbúning fjósa, mjöltun og annað þar að lútandi. Séu reglur þessar prentaðar á kostnað bæjarsjóðs og séð um að mjólkursalar bæjarins ávallt hafi nægar birgðir fyrirliggjandi af reglum þessum til útbýtingar meðal mjólkurframleiðenda.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 19. janúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Hafnarbyggingarmáli var til 2. umræðu.

2. Hafnarnefndargjörðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

4. Fasteignanefndargjörðir frá 17. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

5. Borgarstjóri tilkynnti, að hann hefði ráðið verkfræðing Sigurð Thoroddsen fyrir 150 kr. á mánuði 3 fyrstu mánuði ársins til þess að gegna byggingarfulltrúastörfum og nauðsynlegum verkfræðingsstörfum, er fyrir koma.

6. Vatnsnefndargerðir frá 16. janúar voru lesnar upp og samþykktar nr. 1 - 3 og 5. liður en frestað 4. lið.

7. Kosnir til að stjórna bæjarstjórnarfundum í forföllum borgarstjóra: Klemens Jónsson.

8. Samkvæmt tillögum fátækranefndar veitti bæjarstjórn ókeypis kennslu yfirstandandi skólaár þessum 5 :

| | | |
|---|---|---|
| Helga Björnssyni, Laudásvegi | fyrir 1 | barn. |
| Ástríði Hannesdóttur | - 1 | - |
| Einari Jónssyni, Grettisgötu 41 | - 1 | - |
| Hafliða Jónssyni, Stýrimannastíg | - 1 | - |
| O. J. Haldorsen, Laugavegi 21 | - 1 | - |

9. Pétur G. Guðmundsson gerði fyrirspurn um tíma þann, er kveikt er og slokkt á ljóskerum gatnanna.

Allir á fundi nema Þór. Thoroddsen og Briet Bjarnhéðinsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Pétur G. Guðmundsson.
Katrín Magnússon. K.Zimsen. Magnús Blöndahl. Jón Þorláksson.
Arinbjörn Sveinbjarnarson. Kristján Þorgrímsson. Tr.Gunnarsson.
Kl. Jónsson. Guðrún Björnsdóttir. Jón Jensson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 2. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Hafnarbyggingarmálið var til 3. umræðu. Eftir litlar umræður var gengið til atkvæða:
Breyt. á 1. gr.: Orðið "árlega" falli burtu, sþ í e. hl.
1. gr. þannig, - sþ í e. hl.
2. 3. og 4. gr. sþ. í e. hl.
Br. á 5. gr.: í staðinn fyrir orðið "umsjón" komi: "yfirumsjón", - sþ. í e. hl.
5. gr. þannig - sþ. í e. hl .
Br. á 6. gr.: Orðin "skulu þeir - - - í sex ár" falli niður, en í þeirra stað komi: "geta þeir ekki skorazt undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni sex ár samfleytt" - sþ. í e. hl. 6. gr. þannig sþ. í e.hl.
7. 8. og 9. gr. sþ. í e. hl.
Br. á 10. gr.: Á eftir orðinu: "Lestagjald" bætist: "2. vitagjald", og töluliðirnir "2. 3. 4." breytist í "3. 4. 5." sþ. í e. hl.
10. gr. þannig sþ. í e. hl.
Viðbót við 11. gr.: "Gjald þetta sem og gjöldin samkvæmt 10. gr. má taka lögtaki", sþ. í e. hl.
11. gr. þannig, sþ. í e. hl.
12. 13. 14. 15. og 16. gr. sþ. í e. hl.
Viðbót við 17. gr.: "sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð"- sþ. í e. hl.
17. gr. þannig samþykkt í e. hl.
18. gr. sþ. í e. hl.
Frumvarpið í heild sinni ásamt fyrirsögninni sþ. í e. hl.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 28. f.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeim breytingum:
1. að fyrsta lið - um bygging nýs húss í Sölvhól - var frestað og vísað aftur til nefndarinnar.
2. að samþykkt var, að kæra forstöðumann Hjálpræðishersins til sektar fyrir brot á byggingarsamþykktinni, svo og timbursmið þann, sem hefur unnið að breyting skúrsins fyrir hann.
3. að samþykkt var að bæta við 4. tölulið, að,: "bæjarstjórnin felur byggingarnefndinni að gera tillögur um rétta tölusetning húsa og lóða kaupstaðarins".

3. Fasteignarnefnd leggur til, að bæjarstjórn noti ekki forkaupsrétt að Bráðræðisbletti, er Sigríður Jónsdóttir, ekkja, ætlar að selja fyrir 950 kr.. Bæjarstjórn samþykkti tillögu nefndarinnar.

4. Eftir beiðni Jóns Hannessonar Austurkoti í Kaplaskjóli, samþykkti bæjarstjórn að leigja honum Móabæjar - kálgarð yfirstandandi ár gegn 8 kr. gjaldi í bæjarsjóð eins og áður.

5. Beiðni um að fá Sveinsstaðablett keyptan er meðmæli fátækranefndar fylgdi, var vísað til fasteignanefndar.

6. Fjórði liður vatnsnefndargerðar frá 16. f.m., sem frestað var á síðasta fundi, var nú samþykkt með því skilyrði, að þinglesin yrði sú kvöð á húseignum Sigurðar Oddssonar og Guðmundar Egilssonar við framhald Ránargötu, að leyfa búendum í Fyrstra-Gíslaholti að taka endurgjaldslaust vatn í húsum þeirra.

Allir á fundi nema Jón Jensson og Klemens Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Katrín Magnússon. Magnús Blöndahl. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Lárus Bjarnason. Þórður Thoroddsen. K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Pétur G.Guðmundsson. Guðrún Björnsdóttir. Jón Þorláksson. Arinbj.Sveinbjarnar. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 16. febrúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Felldur úrskurður á bæjarsjóðsreikning 1909. Tillögur til úrskurðar frá fjárhagsnefndinni voru allar samþykktar eins og þeim var útbýtt prentuðum ásamt athugasemdum og svörum. Þó var út af 14. gr. samþykkt svohljóðandi umboð:

Bæjarstjórnin ákveður að gefa borgarstjóra umboð til þess að ná inn öllum ólöknum holræsatillögum með málsókn að svo miklu leyti, sem hann telur ekki málssókn tilgangslausa vegna fátæktar gjaldenda eða af öðrum ástæðum.

Reikningurinn þannig samþykktur í e. hl.

2. Felldur úrskurður á hafnarsjóðsreikning 1909. Hann hafði verið endurskoðaður og áteiknaður um að ekkert hafi fundizt við hann að athuga.

Reikningurinn var samþykktur í e. hl.

3. Felldur úrskurður á brunabótasjóð 1909. Ekkert hafði fundizt við hann að athuga og var hann samþykktur í e. hl.

4. Framlagður reikningur 1910 sjúkrasjóðs hins íslenzka kvenfélags.

5. Byggingarnefndargjörðir frá 11. þ.m. voru samþykktar með þeim breytingum við 3. lið: að byggingin sé bundin því skilyrði, að akfær vegur verði gjörður að staðnum áður en húsið er byggt. Við 4. lið, að niðurlagið orðist á þann hátt, að bærinn taki hornið af lóðinni svo að 8 álna sneiðingur fáist milli gatnanna (ca. 25 áln.).

6. Frumvarp til laga um gjald til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl. var rætt við(1. umræðu.) fyrri umræðu.

7. Íþróttasamband Reykjavíkur biður um að fá íþróttasvæðið ákveðið. Vísað til byggingarnefndar.

8. Pétur Gunnarsson býður forkaupsrétt á erfðafestulandinu Arabletti. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

9. Erindi Bergs Einarssonar um holræsi var vísað til veganefndar.

10. Eftir beiðni Kn. Zimsen var hann leystur úr Gasnefnd. Í stað hans var Jón Jensson kosinn í hana.

11. Eftir tillögum gjaldkera bæjarins var borgarstjóra falið að skora á niðurjöfnunarnefnd, að hafa nafnaröð á niðurjöfnunarskránni á þann hátt, sem farið er fram á í bréfi hans.

12. Kennslugjald í barnaskólanum gefið eftir 2 börnum Brynjólfs Jónssonar, Njálsgötu 32.

13. Beiðni um eftirgjöf á aukaútsvari frá Lýð Bjarnasyni og Ole Haldorsen var vísað til fátækranefndar.

14. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Bjarna og Kristins Péturssonar við Ægisgötu | 4620.- |
| b. | - Jóhanns S. Hjörleifssonar Bræðraborgarstíg 17 | 7381.- |

Allir á fundi nema Lárus H. Bjarnason, Magnús Blöndahl og Arinbjörn Sveinbjarnarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Tr. Gunnarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson. Jón Þorláksson. Pétur G.Guðmundsson. Kl.Jónsson. Guðrún Björnsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 2. marz, var fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 25. febr. lesnar upp og samþykktar.

2. Erindi Páls Halldórssonar skólastjóra um að fá að byggja íbúðarhús í erfðafestulandi sínu í Kringlumýri - var vísað til byggingarnefndar.

3. Veganefndargjörðir frá 27. febr. voru lesnar upp:
Atkvæðagreiðsla um frumv. til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl.

1. gr. sþ.
1. Br. nefndarinnar við 2. gr. a. sþ.
Br. J.Jensson að "B" greinin falli burtu var felld.
2. Br. nefndarinnar við C: að C falli burtu var sþ.
Br. Halldórs Jónssonar o.fl. viðbót við 2. gr. var sþ.
2. gr. þannig samþ.
Breyt. nefndarinnar við 3. gr. var sþ.
x) 3. þannig sþ. í e. hl. x) 3. gr. þannig sþ. í e. hl.
4. gr. sþ. í e. hl.
5. gr. sþ. með 9:3.
6. gr. sþ.
7. gr. sþ.
8. gr. sþ.
Fyrirsögnin var samþykkt.
Að öðru leyti voru veganefndargjörðirnar samþykktar.

4. Fasteignanefndargjörðir frá 27. febr. voru lesnar upp og samþykktar að öðru en því, að frestað var að gjöra ákvörðun um girðingu beitilandsins.

5. Samkv. erindi frá Baðhúsi Reykjavíkur féll bæjarstjórnin frá skilyrði því fyrir styrkveitingum úr bæjarsjóði, að haldið sé opið baðhúsinu til kl. 12 á sunnudagsmorgnum.

6. Framlagður reikningur Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur 1910.

7. Kosnir til að endurskoða reikning Sjúkrahússsjóðs Reykjavíkur : Jón Jensson og Halldór Jónsson.

8. Beiðni Jóns Guðmundssonar á Vífilsstöðum um endurgreiðslu á aukaútsvari að hálfu leyti fyrir árið 1910 var vísað til niðurjöfnunarnefndar.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign Jes Zimsen Hafnarstræti 23B | Kr. | ~~8140.-~~ 30875.- |
| b. | - sama, Hafnarstræti 23 Brb. nr. 1103 | - | 8140.- |
| c. | - Jóns Sigurðssonar o.fl., Laugav. 12 | - | 1667.- |
| d. | - Björns Stefánssonar, Laugavegi 52 | - | 8114.- |

10. Fyrirspurn frá Kn. Zimsen um mál konsúls Brillouins svaraði borgarstjóri því, að það væri undir dómi.

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason og Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Tr.Gunnarsson. Kl.Jónsson. K.Zimsen. Magnús Blöndahl. Jón Þorláksson. Arinbj.Sveinbjarnarson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Katrín Magnússon. Guðrún Björnsdóttir. Pétur G. Guðmundsson. Jón Jensson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 16. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Beiðni frá Lýð Bjarnasyni um eftirgjöf á aukaútsvari hans hálfu 1910 hafði fátækranefnd mælt á móti og bæjarstjórn synjaði henni.

3. Frestað var að taka ákvörðun um girðingu bæjarlandsins til næsta fundar.

4. Út af frumv. því um kosning borgarstjóra, sem nú er fyrir Alþingi, samþykkti bæjarstjórn svohljóðandi tillögu: Borgarstjóri skal kosinn til 6 ára í senn á þann hátt, að bæjarstjórn velur úr 3 af umsækjendum. Einn af þeim velja allir atkvæðisbærir kjósendur bæjarins, og er sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær. Kosningin er leynileg og fer fram á tilsvarandi hátt, sem prestkosning nú að lögum. Séu umsækjendur 3 eða færri, skulu bæjarbúar kjósa um þá alla á þann hátt er fyrr segir. Borgarstjóri hefur að launum o.s.frv.

5. Út af lagafrumv. um ráðstafanir til að eyða rottum með eitri samþykkti bæjarstjórnin svohljóðandi tillögu: Bæjarstjórnin mótmælir því algerlega, að frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða rottum með eytri, sem nú liggur fyrir alþingi verði að logum - að minnsta kosti að því er Reykjavík snertir.

6. Út af tillögu frá Pétri G. Guðmundssyni bæjarfulltrúa UM STOFNSETNING ráðningarskrifstofu fyrir verkamenn samþykkti bæjarstjórnin að kjósa 3 manna nefnd til að íhuga málið:
Kosnir voru:
Tr. Gunnarsson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Jón Þorláksson.

7. Samþykkt að mæla með Guðbjörgu Jósefsdóttur til styrks úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Jón Selberg og Eyv. Árnasonar, Laufásveg 2 | 5800.- |
| b. | - Brynjólfs H. Bjarnasonar, Aðalstræti 7 | 2500.- |

9. Mælt með prestaskólakennara Eiríki Briem, sem prófdómanda við Stýrimannaskólann nú í vor.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Þ.Thoroddsen. Jón Jensson. Kl.Jónsson. Guðrún Björnsdóttir. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Jón Þorláksson. Katrín Magnússon. Tr. Gunnarsson. Pétur G. Guðmundsson. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 6. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 1. apríl voru lesnar upp og samþykktar, með þeirri breytingu, að bæjarstjórn felldi með 9 atkv. gegn 4 að veita Jóni Laxdal undanþágu frá því að byggja eldvarnarvegg.

2. Veganefndargerðir frá 31. marz. Nefndin tilkynnir þar, að bæjarverkfræðingur, Sigurður Thoroddsen, hafi skilað nefndinni 11 uppdráttarblöðum er sýna legu og stað áætlaðra holræsa. Nefndin skýrir og frá, að hann lofi að láta yfirlitsuppdrátt og lýsingu á hinu áætlaða holræsakerfi fylgja bráðlega og lauslega kostnaðaráætlun - svo og sérstaka áætlun um holræsagerð í Aðalstræti, vesturhluta Austurstrætis, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti og Tjarnargötu.

Veganefnd lagði ennfremur til, að bæjarstjórnin heimili, að greiða Sigurði Thoroddsen það, sem eftir stendur af kaupi hans fyrir 1910 og 1911.

Bæjarstjórnin samþykkti þessa tillögu.

3. Fasteignanefndargjörðir frá 4. apríl voru lesnar upp og samþykktar. Um girðing bæjarlandsins var samþykkt: Að girða í einu beitarlandið milli Fossvogs og vegarins inn að Elliðaánum og aukagirðing kring um graslendi Fossvogs.

4. Þorl. Kr. Ófeigssyni veitt á erfðafestu land það, er Páli Erlendssyni hafði veitt verið en hann hafði afsalað sér - með sömu skilmálum og Páll hafði fengið það.

5. Erindi frá Jóni Eyjólfssyni um land við Óðinsgötu til stakkstæðis var vísað til fasteignanefndar.

6. Fundargerðir gasnefndar frá 27. marz: Eftir nokkrar umræður samþykkti bæjarstjórnin.
1. Tillögu nefndarinnar um teikning og áætlun yfir kolageymsluskúr.
2. Tillogu nefndarinnar um stækkun retortuofns var frestað.
3. Tillögu nefndarinnar um aukning hitaleiðslunnar í hreinsunarhúsinu var samþykkt.
4. Tillaga nefndarinnar um aðgerð á íbúðarhúsinu, áætlun yfir það var samþykkt.
5. Tillaga nefndarinnar um breyting á götuljóskerum í miðbænum var samþykkt.
6. Tillaga nefndarinnar um sjálfkveikju á götuljóskerin. Tilraunir á því fyrirkomulagi var samþykkt.
7. Samþykkt að teljist með stofnkostnaði gasstöðvar vextir af stofnfénu til 12. júlí 1910.

7. Samþykkt að bæjarverkfræðingur Benedikt Jónasson megi halda áfram kennslu við iðnaðarmannaskólann út aprílmánuð.

8. Útnefndir sem prófdómarar við unglingaskóla Ásgríms Magnússonar samkv. ósk hans í beéfi dags. 3. þ.m.:
Skólakennari Jóhannes Sigfússon,
Uppgjafaprestur sr. Guðm. Helgason og til vara dr. Björn Bjarnason - að sjálfsögðu að kostnaðarlausu fyrir bæjarsjóð.

9. Út af umræðum um atvinnu daglaunamanna hér í bænum og samkeppni þeirra við aðkomudaglaunamenn var engin ákvörðun tekin.

10. Aðalkjörskrá til alþingiskosninga. Út af kærum kjósenda var felldur úrskurður um, að teknir skyldu upp á aðalskrána 136 kjósendur, en felldir burtu af aðalskránni 2, sem fluttir eru búferlum úr bænum. Frestað að úrskurða um einn, er kært var til burtfellingar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Brunabótavirðinar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Guðm. Magnússonar við Grundarstíg | 6516.- |
| b. | - Th. Thorsteinsson, Kirkjusandi (öll) | 20139.- |
| c. | - Völundur, Klapparstíg 4 | 4764.- |
| d. | - Bergs Einarssonar, sútara, Vatnsst-Hverfisg. | 9042.- |

12. Borgarstjóra falið að skora á bæjarfógeta að áminna húsráðendur að hlýða lögum um manntal í Reykjavík og sekta fyrir brot á þeim.

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason og Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Katrín Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Magnús Blöndahl.
Arinbjörn Sveinbjarnarson. Tr. Gunnarsson. Pétur G. Guðmundsson.
Guðrún Björnsdóttir. K.Zimsen. Jón Þorláksson. Jón Jensson.
Kl.Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt 9. lið í fundargjörðinni 6. apríl var úrskurðað að eftirgreindum menn yrðu teknir á alþingiskjörskrá 1911-1912

| Nöfn kjósenda og | heimili: | aldur: |
|---|---|---|
| Andrés Þorleifsson, húsm. | Syðra-Bergi | 57 |
| Andersen, Reinhold Rasmus | Aðalstræti 9 | 37 |
| Arnór Ebenesarson | Laufásvegi 4 | 29 |
| Ármann Eyjólfsson skósm. | Laugavegi 53 a. | 30 |
| Árni Árnason, stud. med. | Suðurgötu 13 | 25 |
| - Guðmundsson | Bergstaðastræti 46 | 26 |
| - Halldórsson, sjóm. | Vesturg. 9 | 49 |
| - Vigfússon, lausamaður | Vatnsstíg 8 | 41 |
| Beinteinn Thorlacius Bjarnason, | Vesturgötu 5 | 26 |
| Benedikt Jóhannesson, húsm. | Frakkastíg 6 | 49 |
| Bergsteinn Jóhannesson, | Spítalastíg 8 | 36 |
| Benedikt Daníelsson, | Stýrimannastíg 10 | 47 |
| - Erlendsson, | Laugaveg 50 | 26 |
| Bjarni Bjarnason, skraddari, | Aðalstræti 9 | 25 |
| - Grímsson, húsm. | Grímsstaðaholti | 63 |
| Björn Björnsson, söðlasm. | Kárastíg 2 | 41 |
| Brynjólfur Carl Brynjólfsson, | Bræðraborgarstíg | 26 |
| Einar Bergsveinsson, húsm. | Hverfisgötu 35 | 49 |
| - Kr. Guðmundsson, múr. | Laugavegi 48 | 25 |
| - Hermannsson, prentari, | Brekkustíg | 31 |
| - Jónsson, sjóm. | Grettisgötu 41 | 42 |
| - Jónsson, sjóm. | Bergstaðastræti 27 B | 37 |
| - Ólafsson, húsm. | Laugavegi 26 | 58 |
| - Runólfsson, trésm. | Lindargötu 34 | 21 |
| - Sigurðsson, prentari | Litla - Seli | 31 |
| Eríksson, Constantín, húsm. | Skólavörðustíg 5 | 31 |
| Eyjólfur Gíslason, trésm. | Vesturgötu 30 | 30 |
| Erlendur Kjartansson, skipstjóri, | Vesturgötu 56 | 36 |
| Eyvindur Eyvindsson, sjóm. | Hverfisgötu 56 | 45 |
| Fjelsted, Andrés, augnl. | Lækjargötu 2 | |
| Georg Ólafsson, | Austurstræti 5 | 26 |
| Gísli Kjartansson, prestur | Nýlendugötu 15 B | 41 |
| - Kristjánsson, húsm. | Hverfisgötu 48 | 38 |
| Guðbjartur Jóhannesson, húsm. | Vesturgötu 32 | 30 |
| Guðbrandur Jónsson, húsm. | Bergstaðastræti 45 | 31 |
| Guðjón Guðmundsson, ökum. | Grettisgötu 53 | 50 |
| - Jónsson, málari | - 24 | 31 |
| - B. Hermannsson, | Bergstaðastræti 25B | 26 |
| Guðlaugur Ingimundarson | Túngötu 50 | 33 |
| Guðmundur Guðmundsson | Klapparstíg 7 | 26 |
| - Guðmundsson, húsm. | Bræðraborgarstíg 31 | 60 |
| - Guðnason, skipstjóri | Grettisgötu 20 B | 32 |
| - Gunnlaugsson, prentari | Hverfisgötu 5 | 28 |
| - Halldórsson, verzlm. | Þingholtsstræti 15 | 33 |
| - Jónsson, skósm. | Hverfisgötu 23 | 25 |
| - Jónsson, ökum. | Bræðraborgarstíg 18 | 56 |
| - Kjartan Jónsson, teinsm. | Grettisgötu 54 | 25 |
| - Oddsson, húsm. | Klapparstíg 5 | 59 |
| - Stefánsson, húsgagnasm. | Templarasund 3 | 34 |
| - Þorsteinsson, húsm. | Sjáfarb. Bráðræðisholti | 60 |
| Guðni Guðmundsson, steinsm. | Grettisgötu 20 | 30 |
| - Guðnason, | Klapparstíg 7 | 38 |
| Halldór Sigurðsson, trésm. | Rauðarárstíg 3 | 31 |
| Hallmundur Sumarliðason | Kasthúsum | 27 |
| Halldór Þórðarson, ~~þi~~ | Smiðjustíg 11 | 57 |
| Helgi Hildibrandsson, sjóm. | Vesturgötu 51 | 30 |
| Ísleikur Þorsteinsson | Laugavegi 76 | 32 |
| Jóhann A. Jóhannsson | Laugavegi 44 | 47 |
| - Þorbjarnarson, húsm. | Jórunnarseli, **Vesturgötu** | **48** |
| **Jón Guðjónsson, steinsm.** | **Lindargötu 14** | 28 |
| - Guðmundsson, | **Laugavegi 46** | **53** |
| - **Jóhannsson,** | **Lindargötu 30** | 36 |
| - Jónsson, húsm. | Grettisgötu 31 | 44 |
| - Jónsson, trésm. | Tjarnargötu 3 | 45 |
| - Kristjánsson, húsm. | Laugavegi 18 | 50 |

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nafn kjósenda og heimili: | | Aldur: |
|---|---|---|
| Jón Magnússon, skipstjóri | Vesturgötu 36 | 30 |
| - Norðmann, Jónsson | ~~Vesturgötu 8~~ Vatnsstíg 8 | 42 |
| - Ólafsson, Pálshúsum | | 35 |
| - Scheving Hansson, | Stýrimannastíg 7 | 28 |
| - Sigurðsson, húsm. | Bergstaðastræti 7 | 38 |
| - Jónasson, Straumfjörð | Grettisgötu 11 | 36 |
| - Collin Þorsteinsson | Laugavegi 58 a | 26 |
| - Þóroddsson húsm. | Laugavegi 50 a | 54 |
| Jónas Sveinsson, bókbindari, | Grettisgötu 2 | 26 |
| Jóhann Árnason, húsm. | Veghúsum B | 30 |
| Johansen, John, húsm. | Lindargötu 32 | 32 |
| Júlíus Þorsteinsson, ~~/~~ | Hverfisgötu 45 | 31 |
| Kjartan Runólfsson, húsm. | Njálsgötu 60 | 56 |
| Kristinn Gíslason, trésm. | Syðsta - Bergi | 28 |
| - Guðmundsson, bakari | Bergstaðastræti 6 | 26 |
| - Jónsson, lausamaður | Hafnarstræti 8 | 44 |
| - Pálsson, sjóm. | Nýlendugötu 18 | 38 |
| Kristján Erlendsson, húsm. | Laugavegi 26 | 58 |
| - Jónasson, lm. | Laugavegi 47 | 34 |
| - Jónasson, húsm. | Laugaveg 38 a | 41 |
| Lambertsen, J.J. kaupm. | Laugavegi 68 | 33 |
| Leifur Hr. Þorleifsson, bókari, Miðseli | | 32 |
| Mortensen Joh. rakari | Hverfisgötu 4 F | 25 |
| Nordgulen H. Ludvik verkstj. | Laugavegi 23 | 31 |
| Oddbergur Oddsson, húsm. | Frakkastíg 6 a | 53 |
| Oddur Arnórsson, húsm. Höfn, | Hafnarstræti | 42 |
| - Guðmundsson, steinsm. | Grettisgötu 20 a | 32 |
| Ólafur Jónsson, húsm. | Bröttugötu 5 | 38 |
| - Jónsson, Laugaveg 76 | | 42 |
| - Jónsson, | Laugavegi 61 | 63 |
| - Magnússon, | Bergstaðastræti 9 a | 38 |
| - Þ. Thorlacius | Nýlendugögu 20 | 47 |
| Páll Halldórsson, trésm. | Þingholtsstræti 17 | 77 |
| - Jónsson, húsm. | Grettisgötu 52 | 36 |
| - Sivertsen, prestur | Skólavörðustíg 15 B | 30 |
| Pétur S. Gunnlaugsson | Framnesvegi 1 B | 26 |
| - Þorvaldsson | Bókhlöðustíg 10 | 28 |
| Runólfur Steingrímsson, | Austurstræti 12 | 37 |
| Rögnvaldur Þorsteinsson, | Laugavegi 64 | 33 |
| Sigurbjörn Sigurðsson, húsm. | Grettisgötu 46 | 31 |
| Sigurður Erlendsson, bóksali, | Laugavegi 26 | 61 |
| - Guðmundsson, Melshúsi, | Suðurgötu | 56 56 |
| - Ásg. Gunnlaugsson, bak. | Hvefisgötu 5 | 31 |
| - Ólafsson, sjómaður, | Brekkustíg 7 | 44 |
| - Runólfsson, sjóm. | Laugavegi 22B | 31 |
| - Sigurðsson, húsm. | Njálsgötu 54 | 57 |
| - Sigurþórsson, járnsm. | Skólavörðustíg 4 a | 26 |
| - Þorkelsson, | Njálsgötu 39 | 46 |
| Sigvaldi Jónsson, húsm | Bræðraborgarstíg 14 | 43 |
| Símon Sveinbjarnarson, | Bergstaðastræti 26B | 29 |
| Strand, Carl | Pósthússtræti 14 B | 28 |
| Sveinn Einarsson, húsm. | Laugavegi 18 | 48 |
| - Ingvarsson, kaupm. | Laugavegi 46 a | 33 |
| Stefán Runólfsson ráðsm. | Hverfisgötu 45 | 41 |
| - Jónsson, húsm. | Vesturgötu 27 | 67 |
| Tómas Jónsson, húsm. | Grettisgötu 32 | 52 |
| Valdimar J. Jónsson, húsm. | Laufásvegi 27 | 27 |
| Vilhjálmur Sveinsson, prest. | Óðinsgötu 7 | 28 |
| Vilhelm Jónsson, verzlunarm. | Klapparstíg 1 a | 26 |
| Þorfinnur Júlíusson, húsm. | Laugavegi 18 c | 26 |
| Þorlákur Vilhjálmssom, ~~/~~ | Rauðará | 29 |
| Þorleifur Andrésson, | Sveinsstöðum, Rauðarárstíg | 31 |
| Þorvaldur Árnason | Stóra-Seli, Framnesvegi | 58 |
| Þórður Þórðarson, lm. | Smiðjustíg 9 | 63 |
| - Guðmundsson, | Spítalastíg 4 B | 76 |

(Rétta innfærzlu votta:
Páll Einarsson, Halldór Jónsson, Jón Jensson).



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 27. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 15. og 18. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Veganefndargjörðir frá 24. apríl voru lesnar upp. En í henni var lagt til að bæjarstjórn taki 12.000 kr. lán til holræsagerðar í Tjarnargötu, Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti, Veltusundi og Austurstræti.
Málinu vísað til 2. umræðu.

3. Fasteignanefndargjörðir frá 24. þ.m. voru lesnar upp. Ólafur Pétursson, Vesturgötu býður forkaupsrétt á túnbletti hans, Ánanaustbletti, fyrir 7000 kr. er hann vill selja fiskiveiðafélaginu "Alliance". Málinu var vísað til nefndarinnar aftur til íhugunar.
Að öðru leyti voru tillögur nefndarinnar og gjörðir á áður nefndum fundi nefndarinnar samþykktar.

4. Samþykkt að leita samþykkis stjórnarráðsins á því, að ákveðnir verði með gjörð landamerki milli bæjarins fasteigna og og Kópavogs og Digraness.

5. Vatnsnefndargjörðir frá 25. þ.m. voru lesnar upp, en bæjarstjórn vildi ekki selha vatnspípur þær, sem hr. P. Smith hafði gjört 24 kr. boð í.

6. Gasnefndargjörðir frá 25. þ.m. voru lesnar upp. Frestað var að taka ákvörðun um bygging kolageymsluhúss hjá Gasstöðinni.
Frestað að taka ákvörðun um breyting á retorterofninum hinum stærri í gasstöðinni um skriflegt álit verkfræðings Krabbe fæst.
Samþykkt var tillaga nefndarinnar um, að halda fast við kröfuna um, að firmað Carl Franche skipti um ljósker í miðbænum að kostnaðarlausu fyrir bæinn.

7. Upplýst var, að það hefði reynzt 131 en ekki 136 kjósendur, sem bætt var á kjörskrána, með því að 5 kjósendur reyndust tvítaldir.
Úrskurðað var með 4 atkv. gegn 2, að maður, sem kærður var til burtfellingar, skyldi ekki fellast burt af kjörskrá. Fimm bæjarfulltrúar greiddu ekki atkvæði.

8. Kosnir í nefnd út af væntanlegu hátíðahaldi 17. júní í vor: Borgarstjórinn,
Katrín Magnússon,
Tr. Gunnarsson.

9. Veitt við fyrri umræðu 400 kr. styrkur til Hjúkrunarfélags Reykjavíkur, eins og að undanförnu.

10. Samþykkt að veita Ben Gröndal ókeypis kennslu þetta skólaár fyrir annað barn hans, sem í barnaskólann gengur.

11. Úrskurðað að að fella burtu 7 kr. 50 aur. - síðasta ársfjórðungsgjald - af aukaútsvari Jóns Guðmundssonar fyrir 1910, með því að hann flutti að Vífilsstöðum á síðasta hausti.

12. Erindi frá Jóhannesi Sigurðssyni um eftirgjöf á fátækrastyrk var synjað.

13. Svohljóðandi umboð var samþykkt: Bæjarstjórnin ítrekar umboð það er hún hefur gefið borgarstjóra á fundi 5. júní, til að innheimta hjá félaginu Málmi ógreitt árgjald 1908 og lýsir yfir því jafnframt, að borgarstjóri hefur haft og hefur umboð til þess að innheimta með lögsókn á hendur félaginu eða stjórnendum þess, einnig árgjöldin fyrir 1909 og 1910. Skal

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

all, sem borgarstjóri í þessu efni hefur gjört, gjörir eða gjöra lætur, hvort heldur er utan réttar, fyrir rétti eða sáttanefnd, hafa sama gildi, sem bæjarstjórnin hefði gjört það sjálf.

Í nefnd til að íhuga þetta mál í heild sinni voru kosnir: Lárus Bjarnason, Kn. Zimsen, Halldór Jónsson.

14. Erindi frá nýmynduðu skotfélagi um útmæling landspildu við Öskjuhlíð til skotæfinga, var vísað til veganefndar.

15. Út af erindi frá formanni samskotanefndar til minnisvarða Jóns Sigurðssonar voru kosnir í nefnd:

Klemens Jónsson,
Halldór Jónsson,
Jón Þorláksson.

16. Úrskurðaður og samþykktur Sjúkrahússjóðs Reykjavíkur 1910.

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason, Þórður Thoroddsen, Kristján Þorgrímsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Tr. Gunnarsson. Jón Þorláksson. Magnús Blöndal. Arinbjörn Sveinbjarnarson. K.Zimsen. Guðrún Björnsdóttir. Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 4. maí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 29. apríl voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu, að fellt var burtu úr 4. tölulið orðin: "og vatnssalerni", en ákveðið var að vísa því til veganefndar og íhugunar heilbrigðisnefndar, að gera tillögur um reglur og heimildir fyrir vatnssalernum.

2. Fundargjörðir veganefndar frá 1. maí, um útvísun til skotæfinga, var samþykkt.

3. Fasteignanefndargjörðir frá 2. maí voru lesnar upp. Bæjarstjórn kaus sérstaka nefnd: Klemens Jónsson, Jón Þorláksson og Halldór Jónsson til þess að íhuga og gjöra tillögur um til bæjarstjórnar út af Ánanaustabletti og breyting hans í stakkstæði. - Til sömu nefndar var vísað tilboði Edinborgarverzlunar um forkaupsrétt á Melstaðabletti. Að öðru leyti voru tillögur fasteignanefndar samþykktar.

4. Borgarstjóri tilkynnti að hann hafi fengið símskeyti um, að laxveiði Elliðaánna geti leigst útí ár fyrir 350 £ sterling. Bæjarstjórnin samþykkti að taka mætti því boði.

5. Fundargjörðir gasnefndar frá 2. þ.m. voru lesnar upp. Bæjarstjórnin samþykkti, að byggja kolaskúr við gasstöðina, eins og gasnefndin hefur lagt til, þó með því skilyrði, að stöðin annist sjálf framvegis sölu á koksi. Gra skal tilboð í bygging úr timbri og einnig úr steinsteypu og ákveður þá bæjarstjórn hvort tilboð velja skuli.

6. Bæjarstjórn ákvað, að leggja ekki til fé til stækkunar 6.retorluofnsins.

7. Bæjarstjórn vildi heldur ekki leggja fram fé til að kaupa mótor til að mylja kokes.

8. Eftir tillögum hafnarnefndar var henni falið að leita eftir tilboði um lán að upphæð allt að 1200.000.oo kr. til hafnarbyggingar.

9. Nefnd sú, er kosin var á síðasta fundi út af erindi formanns samskotanefndar til minnisvarða Jóns Sigurðssonar lagði fram álit sitt. Réði hún frá því að leyft væri að setja standmyndina á Austurvöll og einnig mótfallin því, að hún væri sett á Lækjartorg. Nokkrar umræður urðu um málið, en með því að svo margir bæjarfulltrúar voru gengnir af fundi, var ekki gengið til atkvæða.

10. Erindi frá Þorsteini Gamalíelssyni um útsvarsskyldu sína var vísað til borgarstjóra til að svara.

11. Hjúkrunarfélaginu veittar 400 kr. styrkur við síðari umræðu, - fyrir yfirstandandi ár.

Allir á fundi nema Lárus Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson.
Pétur G. Guðmundsson. Jón Þorláksson. Guðrún Björnsdóttir.
K-Zimsen. Tryggvi Gunnarsson. Briet Bjarnhéðinsdóttir.
Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 18. maí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 13. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Bæjarstjórnin samþykkti við síðari umræðu 12.000 kr.. lántöku til holræsagerðar í Tjarnargötu, Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti, Veltusundi og Austurstræti, - enda greiði húseigendur og lóðareigendur við göturnar holræsagjald það, sem tilskilið er í lagafrumvarpi því, er Alþingi hefur nýlega samþykkt.

3. Veganefndargerðir frá 15. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, með þeirri viðbót við vatnssalernisleyfi Guðm. Egilssonar, - "eftir að leyfi heilbrigðisnefndar er fengið og þær aðgerðir framkvæmdar á frárennsli til sjávar er Guðmundur býðst til að gjöra (bréf hans 6. þ.m.), í samráði við verkfræðing bæjarins".

4. Fasteignanefndargerðir frá 15. þ.m.. voru lesnar upp og samþykktar.

5. Formaður minningarnefndar Jóns Sigurðssonar skýrði frá, að nefndin hefði nú ákveðið að standmyndin skyldi standa á skólabrúnni miðja vegu milli Menntaskólans og lækjarins.
Út af þessu lýsti bæjarstjórnin yfir því, að hún hefði ekkert við það að athuga, að líkneskið væri sett á þennan stað, verði það endanlega samþykkt af nefndinni.

6. Samþykkt að leggja vatnsæð frá Bræðraborgarstíg að Skáholti og Brekkuholtshúsunum. Sömuleiðis samþykkt að leggja vatnsæð að húsinu nr. 28 við Barónsstíg - hvorttveggja eftir tillögum vatnsnefndar.

7. Úrskurður út af kærum um ellistyrktarsjóðsskrá fyrir yfirstandandi ár (1911), að af henni væri felldir Þorlákur Oddsson, Bergstaðastræti 48 og Leifur Jóhannsson, Hverfisgötu 8.

8. Tilkynnt bréf frá W. Wardemann, dags. 8. þ.m., um gasstöðina.

9. Samþykkt brunabótavirðing á húsi Jóns Einarssonar, Nýlendugötu 16: 4543 kr.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tryggvi Gunnarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Jensson. Þ. J. Thoroddsen. Pétur G. Guðmundsson. Guðrún Björnsdóttir. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Kristján Þorgrímsson. Kl. Jónsson, með sama fyrirvara og L.H.Bjarnason. Lárus H. Bjarnason, með fyrirvara um 2. lið í f. Katrín Magnússon.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, 1. júní var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 27. f.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Gunnar Gunnarsson, kaupmaður beiðist þess, að Fischerssund verð i lengt upp að svonefndu Hildibrandshúsi við Garðastræti, gegn því að hann kosti sjálfa vegagjörðina og helming af(matsverði lóð) matskostnað i lóðar þeirrar, er taka þyrfti undir lenginguna. Bæjarstjórnin ályktaði að fá skyldi mat undir téða lenging vegarins og láta framkvæma hana með kostum þeim er boðnir eru fram.

3. Erindi frá Hirti Hjartarsyni f.h. Páls skipstjóra Hafliðason dags. 30. f.m. um veg að húsi hans vísað til byggingarnefndar til athugunar.

4. Veganefndargjörð ir frá 29. f.m. voru lesnar upp og samþykktar.

5. Fasteignanefndargjörðir frá 29. f.m. voru lesnar upp og var 1. atriði þeirra samþykkt, en um 2. atriði var sú ályktun gjörð, að Jóni Eyjólfssyni skyldi veitt land á leigu til stakkstæðis á venjulegan hátt í Skólavörðuholtinu upp af Óðinsgötu, eftir nánari ákvörðun fasteignanefndar.

6. Lagt fram mefndarálit um sölu á Ánanaustabletti en því máli frestað til næsta fundar.

7. Synjað forkaupsréttar á Melstaðabletti.

8. Til að athuga og segja álit um útsvarskærur, sem komnar eru til bæjarstjórnar voru kosnir Lárus Bjarnason, Kr. Ó. Þorgrímsson og Pétur Guðmundsson.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| Hús Guðmundar Guðmundssonar, Bræðraborgarstíg nr. 3 | Kr. | 4445.- |
| - Guðmundar Magnússonar, Grundarstíg nr. 15 | - | 10567.- |
| - Guðríðar J. Jónsdóttur, Laugavegi 33 | - | 4406.- |

10. Samþykkt að láta umsóknir um næturvarðarstarfið ganga milli bæjarfulltrúanna til næsta fundar.

Allir á fundi nema Halldór Jónsson og Þorður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Magnús Blöndahl. Lárus Bjarnason. K.Zimsen. Kl. Jónsson. Jón Jensson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Pétur G. Guðmundsson. Tryggvi Gunnarsson. Katrín Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Jón Þorláksson. Guðrún Björnsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 15. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 10. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Hafnarnefndargjörðir frá 8. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Veganefndargjörðir frá 8. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

4. Fasteignanefndargjörðir frá 12. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu, að Markús Guðmundsson, Framnesvegi 25, fékk 8 ára ræktunartíma á bletti í Kaplaskjólsmýrinni.

5. Nefndarálit um breyting Ánanaustabletts í byggingarlóð o.fl.

a. Samþykkt var að bæjarstjórn noti ekki forkaupsrétt að kaupum á Ánanaustabletti fyrir 7000 kr.

b. Eftir tillögum nefndarinnar var og samþykkt, að erfðafestulandi þessu sé breytt í byggingarlóð með þeim skilmálum:

a. Að 1/5 hluti kaupverðsins, 1400 kr., sé greitt í bæjarsjóð.

b. Að bænum sé áskilinn réttur til að fá ókeypis á sínum tíma það af blettinum, sem nauðsynlegt er til vegalagningar til almenningsþarfa, en að kaupendurnir fái nú allt svæðið til afnota unz slíkir vegir verða lagðir.

c. Að ekki megi nota lóðina til annars en fiskiverkunar og til bygginga, er þurfa til þeirrar atvinnu eða geymsluhúsa fyrir fisk, nema tilkomi leyfi bæjarstjórnar.

Var haft nafnakall eftir kröfu bæjarfulltrúa Tr. Gunnarssonar. Sögðu allir bæjarfulltrúar já, sem á fundi voru, nema Tryggvi Gunnarsson, sem sagði <u>nei</u>.

6. Út af erindi frá Helga Jónssyni í Tungu o.fl. um að fá nokkurn hluta af hestabeitilandinu hina svonefndu skjólgarða til kúabeitar, - var fasteignanefnd falið málið til athugunar, en vísi beiðendum á beitiland fyrir kýr sínar til bráðabirgða.

7. Út af tilkynning formanns minnisvarðanefndar Jóns Sigurðssonar um að nefndin óskaði nú, að standmyndin yrði reist á blettinum milli Stjórnarráðshússins og Lækjarins, sunnan götunnar, - lýsti bæjarstjórn því yfir, að hún hefði ekki á móti því.

8. Samþykkt að bæta við á Alþingisaukakjörskrá eftir kærum: Jóni Tómássyni, Bergstaðastræti 10 og Geir Zöega verkfræðingi, Tjarnargötu.
Frestað ákvörðun um 17 aðra, sem kært höfðu.

Fundi frestað til kl. 9 e.m.

Allir á fundi nema Klemens Jónsson, Katrín Magnússon og Magnús Blöndahl.

Klukkan 9 komu ekki nógu margir bæjarfulltrúar, til þess að fundarfært yrði.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Jón Þorláksson. Guðrún Björnsdóttir. Jón Jensson. Tryggvi Gunnarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Pétur G. Guðmundsson. Lárus Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Þ.J.Thoroddsen. Arinbjörn Sveinbjarnarson. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, laugardaginn 1. júlí var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Frá minnisvarðanefnd Jóns Sigurðssonar barst bæjarstjórn fyrirspurn, dags. 26. júní þ.á. um hvort hún vildi veita ~~x~~ leyfi til, að varðinn yrð i settur á Lækjartorg.
Bæjarstjórnin synjaði um leyfi til þess.

2. Úrskurður lagður á auka- Alþingiskjörskrá. Bætt við á aukaskrána: Magnúsi Magnússyni járnsmið, Vesturgötu 57 og Sigurði Sigurðssyni cand. phil., Ingólfsstræti 6, 16. ekki teknar upp.

3. Numið úr eftirstöðvum ógreidd og ófáanleg gjöld til bæjarsjóðs, samkv. skrá frá gjaldkera:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Frá 1903 - 1907 | | Kr. 425.94 |
| 2. - 1907 - 1910, ófáanleg lóðargjöld | | - 286.63 |
| 3. - 1908 (ýms gjöld) | 1381.75 | - 156.49 |
| 4. - 1908 bæjargjöld (~~7360.95~~), þó látið standa Nr. 7, 10, 15, 21, 59, 82, og 88 | | |
| 5. - 1909 (ýmisleg gjöld) | | 98.- |
| 6. - 1909 (bæjargjöld(236a-95), þó látið standa hjá 5 gjaldendum, sem merktir eru í skránni. | | |
| 7. - 1910 útsvör | | 866.50 |
| 8. - 1910 (skólagjöld) | | 50.oo |

4. Bæjarfulltrúi L.H.Bjarnason gjörir fyrirspurnir til bæjarstjórnar um 3 atriði.
Út af fyrsta atriðinu var borin fram svohljóðandi tillaga:
Bæjarstjórnin lýsir að gefnu tilefni yfir því, að L.H.B. hafi engin fundarspjöll gert á bæjarstjórnarfundi 15. f.m. - og vítir það að borgarstjóri hefur gefið tilefni til, að slík saga komst í blöð.
Tillagan var borin upp í tvennu lagi.
Ønnur tillaga kom svohljóðandi:
Bæjarstjórnin finnur ekki ástæðu til að gjöra neina ályktun um mál þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.
Þessi síðari tillaga var borin fyrst undir atkvæði, og var felld með 9 atkv. gegn 4, var haft nafnakall og sögðu já: Jón Jensson, Pétur Guðmundsson, Þórður Tuoroddsen og Bríet Bjarnhéðinsdóttir. - Nei sögðu: L.H.Bjarnason, Jón Þorláksson, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Kn. Zimsen, Kr. Þorgrímsson, Guðrún Björnsdóttir, Tr.Gunnarsson, H. Jónsson og Klemens Jónsson. Borgarstjóri greiddi ekki atkvæði.
Fyrri hluti hinnar fyrri tillögu: "Bæjarstjórnin..... 15. þ.m.", var samþykkt með 9 atkv. gegn 3, var haft nafnakall. Já sögðu: Jón Þorláksson, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Kn. Zimsen, Kr. Þorgrímsson, Bríet Bjarnhéðinsson, Guðrún Björnsdóttir, Tr. Gunnarsson, Halldór Jónsson.
Nei sögðu: Jón Jensson, Pétur Guðmundsson og Þórður Thoroddsen. Kl.Jónsson, sem ekki greiddi atkvæð i var talinn með meiri hluta.
L.H.Bjarnason og borgarstjóri greiddu ekki atkvæði.
Síðari hluti tillögunnar: "Og vítir það o.s.frv." var felld með 6 atkv. gegn 5. Var haft nafnakall og sögðu já: Arinbjörn Sveinbjarnarson, Kristján Þorgrímsson, Guðrún Björnsdóttir, Halldór Jónsson, Klemens Jónsson.
Nei sögðu: Jón Jensson, Jón Þorláksson, Kn. Zimsen, Þórður Thoroddsen, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Tr.Gunnarsson, L.H. Bjarnason, Borgarstjóri, og Pétur G. Guðmundsson, greiddu ekki atkvæði.

**Annað atriði fyrirspurnarinnar var um breikkun Tjarnargötu.**
Út af því var samþykkt svohljóðandi tillaga: Bæjarstjórnin skorar á borgarstjóra að láta fullnægja löngu tekinni ályktun um breikkun Tjarnargötu, þegar eftir að ráðherra kemur heim.
Þriðja atriði fyrirspurnarinnar var um það, hvers vegna



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarverkfræðingurinn hefði enn ekki tekið við slökkviliðsstjórninni, og hvers vegna eigi væri enn farið að byggja slökkvistöð og gera aðrar þær breytingar á slökkvimálum, sem fyrirhugað væri.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt:

Bæjarstjórnin skorar á borgarstjóra að hlutast til um það, án frekari dráttar, að bæjarverkfræðingurinn taki við slökkviliðsstjórastarfinu og að framkvæmdar verði sem fyrst ráðnar breytingar á slökkvifyrirkomulaginu.

5. Eftir tillögum fátækranefndar var samþykkt að mæla með því, að Jóni Eiríkssyni, barni Ingigerðar Þorvaldsdóttur, væri veittur styrkur úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

6. Umsókn frá ekkju Arndísi Þorsteinsdóttur um styrk úr sama sjóði handa barni sínu var vísað til umsagnar fátækranefndar.

7. Eftir beiðni Siggeirs kaupmanns Torfasonar í bréfi dagsett 12. f.m. var honum veitt slátrunarleyfi í húsum sínum á sauðfé eins og að undanförnu - um 3ja mánaða tímabil í sumar og haust með sömu skilmálum og undanfarið ár.

8. Sighvati Brynjólfssyni var veitt næturvarðarstaðan með 10 atkv. Kristján Jónasson fékk 4 atkv.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Lárus Bjarnason. Magnús Blöndahl. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kristján Þorgrímsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Þ.J.Thoroddsen. Tr.Gunnarsson. K.Zimsen. Guðrún Björnsdóttir. Pétur G. Guðmundsson. Kl. Jónsson. Jón Jensson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 6. júlí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Fasteignanefndargjörð ir frá 5. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Vatnsnefndargjörðir frá 3. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Gasnefndargjörðir frá 4. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót, að á eftir 1. lið, - aðgjörð á íbúðarhúsi Gasstöðvarstjórans komi viðbót: "þannig að aðgjörðin fari ekki fram úr 1200 kr.".

4. Fjárhagsnefndargerðir frá 4. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.
Sérstaklega var borgarstjóra gefið umboð til, að taka reikningslán í Íslandsbanka allt að 80 þús. krónur, að fengnu samþykki stjórnarráðsins, til þess, - svo og til þess að undirskrifa skuldabréf fyrir láninu fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

5. Nefndin er kosin hafði verið til að segja álit sitt um útsvarskærur, er bæjarstjórninni bárust (sjá fund 1. júní 8. mál), kom fram með álit sitt.
Tillögur hennar, að taka ekki kærurnar til greina, með því að þær voru of seint framkomnar, voru samþykktar.

6. Erindi frá Garðari Gíslasyni um Frostastaðalóðina var vísað til nefndar þeirrar er það mál hafa áður haft til meðferðar, (Borgarstjóri, Jón Jensson og Knud Zimsen).

7. Brunabótavirðing samþykkt:
Húseign Steingríms Guðmundssonar, Amtmannsstíg 4360.-

8. Kosin skólanefnd:

| | |
|---|---|
| Borgarstjórinn með | 11 atkv. |
| Séra Bjarni Jónsson með | 8 atkv. |
| Halldór Jónsson | 8 - |
| Frú Þórunn Jónassen | 6 - |
| - Bríet Bjarnhéðinsdóttir | 5 - |

Allir á fundi nema L.H.Bjarnason, Jón Þorláksson, Kn. Zimsen og Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Guðrún Björnsdóttir.
Tr. Gunnarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Magnús Blöndahl.
Arinbjörn Sveinbjarnarson. Pétur G. Guðmundsson. Jón Jensson.
Katrín Magnússon. Kl. Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 20. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 15. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar. - Um 4. lið - kaup af lóð undir veg til húss Páls Hafliðasonar - var haft nafnakall: Já sögðu: Jón Jensson, Pétur Guðmundsson, M.Blöndahl, Þ.Thoroddsen, Tr. Gunnarsson og Páll Einarsson. Neig sögðu: Halldór Jónsson, Klemens Jónsson, L.H.Bjarnason, Kr. Þorgrímsson og Guðrún Björnsdóttir. Bríet Bjarnhéðinsdóttir greiddi ekki atkvæði.

2. Veganefndargjörðir frá 17. þ.m. voru lesnar upp, og samþykktar með þeirri breytingu, að umsókn Jes Zimsens um steinbræðslu lýsis á Laugarnesbletti var vísað til umsagnar heilbrigðisnefndar.

Við fyrri umræðu samþykkt holræsagerð í Grjótaþorpinu og í vesturhluta Hafnarstrætis nú í ár með sama skilyrði um tillög frá lóðareigendum og lög gera ráð fyrir. Kostnaður áætlaður 3020 kr.

3. Út af tilboðum í lóð undir bygging fyrir brunastöð samþykkti bæjarstjórn svohljóðandi tillögu: Fáist lóð og hús í Tjarnargötu nr. 2 fyrir 8500 kr. þá skal það keypt. Fáist hún ekki fyrir það verð skal halda aukafund í bæjarstjórn hið fyrsta.

Fundi frestað til kl. 8 3/4.

Þegar fund átti að setja á ný mættu ekki nógu margir bæjarfulltrúar svo að fundarfært yrði.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson. Pétur G. Guðmundsson. Magnús Blöndahl. Tr. Gunnarsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kl. Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, laugardaginn 22. júlí, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Um brunastöð og brunamálanefndargjörðir frá 17. þ.m. Borgarstjóri skýrði frá, að eigandi túns og lóð ar Tjarnargötu nr. 2 hefði tilkynnt sér, að hann vildi ekki selja nefnda lóð með húsi fyrir minna en 11.000 kr.

Bæjarstjórnin samþykkti að kaupa fyrir brunastöð húseign og lóð Stefáns Egilssonar milli Suðurgötu og Tjarnargötu fyrir 7500 kr.

Bæjarstjórnin samþykkti og tillögur brunamálanefndar (4) svohljóðandi:

1, að láta byggja brunasíma með miðstöð á aðalstöð bæjartalsímans og gjöra samning þar að lútandi við símastjórnina, - ef viðunandi samningar fást.

2. að byggja aðalbrunastöð á grunni þeim, er bæjarstjórnin hefur ákveðið, og gjöra alla samninga þar að lútandi að fengnu áliti bæjarverkfræðingsins.

3. að láta byggja slökkvitólahús í vesturbænum og kaupa grunn undir það.

4. að kaupa brunaáhöld þau og tæki, sem tilgreind eru undir 3. lið hér að framan (sjá hið prentaða álit nefndarinnar).

Eftir beiðni bæjarverkfræðings samþykkti bæjarstjórn, að hann ekki þyrfti að taka við slökkviliðsstjórastörfum fyrri en 1. október næstkomandi.

Bæjarstjórnin samþykkti og eftir tillögum frá hinu almenna brunabótafélagi kaupstaðanna, að leggja fyrir slökkviliðið að ausa burtu vatni úr húsum eftir bruna.

2. Fundargjörðir gasnefndar frá 18. þ.m. voru til umræðu. Samþykkt var, að kaupa mótor til að ~~knúsa/koks~~ mylja koks, og samþykkt að framkvæma ályktun bæjarstjórnar frá 4. maí, um bygging kolaskúrs við gasstöðina. - Frestað að taka ákvörðun um sjálfkveikjuáhöld á götuljósin.

3. Frá Þórunni Jónassen hafði í bréfi dags. 10. þ. m. skorast undan að taka sæti næstu 3 ár í skólanefndinni. Í hennar stað var kosinn Kristján Þorgrímsson, bæjarfulltrúi.

4. Kosnir í kjörstjórn við kosningu í niðurjöfnunarnefnd í haust ásamt borgarstjóra: Klemens Jónsson og Halldór Jónsson.

5. Hinum nýja næturverði Sighvati Brynjólfssyni veittar 60 kr. til að kaupa einkennisbúning í fyrsta sinn, eins og venja er til.

6. Guðm. Stefánssyni næturverði veittur 45 kr. styrkur sakir sjúkdóms hans og legu á spítala.

7. Stefán Egilsson býður forkaupsrétt á erfðafestulandspildu við Grettisgötu. Vísað til byggingarnefndar.

8. Erindi Magnúsar Egilssonar um húsbygging í erfðafestulandi hans var vísað til fasteignanefndar.

9. Erindi frá Magnúsi Magnússyni og Sigurði Halldórssyni um útmæling stakkstæðis var vísað til fasteignanefndar.

10. Brunabótavirðing samþykkt:
Húseign Brynj. Bjarnasonar við Vallarstræti 3375.-
(Tilheyrandi húseign hans við Aðalstræti).

Allir á fundi nema Katrín Magnússon, Jón Þorláksson, Arinbjörn Sveinbjarnarson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Fundi slitið.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Tr.Gunnarsson. Magnús Blöndahl. Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson. Þ.J.Thoroddsen. Guðrún Björnsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 3. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargerðir frá 29. júlí voru lesnar upp og samþykktar.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 1. þ.m. Frestað að útkljá 1. atriði gjörðanna, um leyfi til fiskverkunar á norðurhluta Litla-Selstúnsins, og því vísað aftur til nefndarinnar til samningaumleitana við umsækjendur.
2. atriði samþykkt.
3. atriði frestað, en málinu vísað til byggingarnefndar til álita.
4. atriði gaf ekki tilefni til ályktunar.
5. atriði samþykkt.
6. og 7. og 8. atriði einnig samþykkt.

3. Beiðni Einars Helgasonar um erfðafestuland í Vatnsmýrinni niður undan landi Gróðrarstöðvarinnar c. 10 dagsláttur vísað til fasteignanefndar til álita.

4. Ákveðið var með öllum þorra atkvæða, að kolaskúrinn, sem byggja skal við Gasstöðina, verði hafður úr steinsteypu og tekið tilboði Kristins Sigurðssonar um að byggja skúrinn samkvæmt gjörðu útboði fyrir 8270 kr.

5. Lagður fram reikningur vatnsveitunnar og ákveðið að senda reikninginn endurskoðendum bæjarreikninganna til endurskoðunar, en þeim heimilað að verja 200 krónum til aðstoðar við þá endurskoðun.

6. Fátækranefndin vildi ekki mæla með umsókn Arndísar Þorsteinsdóttur um styrk úr sjóði Hjálmars Jónssonar.

7. Ámunda Árnasyni kaupmanni veitt slátrunarleyfi þetta haust samkvæmt tillögu heilbrigðisnefndar með því skilyrði að umbúnaður allur hjá honum sé í engu lakari en hjá Siggeiri kaupmanni Torfasyni, og að heilbrigðisfulltrúi álíti hann fulltryggilegan.

8. Beiðni Vilhj. Ingvarssonar um notkun lóðar við Garðastræti fyrirhugað - vísað til byggingarnefndar til álita.

9. Tryggvi Gunnarsson tilkynnti bæjarstjórninni, að afhjúpun minnisvarða um Jón Sigurðsson myndi verða einhverntíma áður áður næsti reglulegur bæjarstjórnarfundur verður haldinn. Engin ályktun var gjörð.

10. Lárus H. Bjarnason gjörði fyrirspurn til hafnarnefndar, hvað gjört hefði verið til undirbúnings hafnargjörð hér - sérstaklega hvort og hvernig leitað hefði verið fyrir sér um lán til fyrirtækisins. Fyrirspurninni svarað. Engin ályktun gjörð.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| Skúr við hús Lárusar kaupm. Lúdvigswonar í Þingholtsstræti 2 | 593 kr. |
| Hús Jakobínu Thorgrímssen, Laugaveg 16, endurbætt hús | 2200 - |
| - Lúther H. Lárussonar við Skólavörðustíg 20 | 6094 - |
| - Knud Zimsen, Suðurgötu 8 | 13431 - |
| - Þorsteins Erlingssonar, Þingholtsstræti 33 | 8336 - |
| - Páls Halldórssonar í erfðafestulandi í Kringlumýri | 8606 - |

12. Samþykkt við 2. umræðu að leggja holræsi á þessu sumri í Grjótaþorpið m.m. (sbr. síðustu fundargjörð).

Allir á fundi nema Jón Þorláksson.

Fundi slitið.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Páll Einarsson. Jón Jensson. K.Zimsen. Guðrún Björnsdóttir.
Magnús Blöndahl. Halldór Jónsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson.
Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 17. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 12. þ.m. voru samþykktar með þeirri viðbót að sé búið áður en leyfi er til þess veitt, að breyta gluggum á húsinu nr. 8 við Aðalstræti og á húsinu nr. 7 við Laugaveg, þá sé það kært til sektar, og að sérstaklega var tekið fram, að Magnúsi Egilssyni var sett það skilyrði fyrir bygging íbúðarhúss á erfðafestulandi hans, að hann á sinn kostnað leggi akveg að því áður leyft er.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 15. þ.m. voru samþykktar með þeirri breytingu, að skilmálarnir fyrir leigu til félagsins Alliance á norðurhluta Litlaselstúns skulu meðal annars orðast svo, að leiga túnsins sé 15 ár og að bærinn hafi rétt til grjóttöku úr landinu, að leggja vegi og brautir yfir það, og að byggja á landinu mannvirki, er bærinn þarfnast án annarar borgunar til leigjanda en tiltölulega niðurfærzlu á afgjaldinu.
Að öðru leyti voru litlögur fasteignanefndar um leigu lands þessa og skilyrði samþykkt.

3. Jes Zimsen heimiluð bátabryggjugjörð fram af Norðurstíg, með þeim skilyrðum, sem hafnarnefnd hefur tiltekið í fundargjörð sinni 16. þ.m.

4. Tveim útsvarskærum var vísað frá sem of seint fram komnum.

5. Eftir tillögum heilbrigðisnefndar var synjað um(lýsisbræðslu) leyfi til lýsisbræðslu í Kirkjumýrinni.

6. Málinu um vatnssalerni í miðbænum var vísað aftur til íhugunar veganefndar.

7. Tilkynntur yfirréttardómur um greiðslu aukavatnsskatts af sölubúðum.
Bæjarstjórn lýsti yfir því, að hún mundi una við dóminn.

8. Dregið út nr. 17 af Laugarnesxk skuldabréfunum til innlausnar.

9. Til þess að sjá um og ákveða hvernig hagkvæmast og ódýrast sé að sjá læknadeild háskólans fyrir viðunanlegu líkskurðarhúsi voru kosnir: borgarstjórinn, Þórður J. Thoroddsen og Tryggvi Gunnarsson.

10. Samþykkt var að færa niður virðingu á húseign Páls Halldórssonar um 522 kr., verður því 8084 kr. alls, sbr. síðustu fundargjörð.

Allir á fundi nema L.H.Bjarnason, Jón Þorláksson, Þórður Thoroddsen, Kn. Zimsen, Kr. Þorgrímsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Magnús Blöndahl. Katrín Magnússon. Jón Jensson. Pétur G. Guðmundsson. Guðrún Björnsdóttir. Kl. Jónsson. Tryggvi Gunnarsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 7. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 2. þ.m. voru samþykktar með þeirri breytingu, að bæjarstjórnin samþykkti að bjóða Ólafi Jónssyni að kaupa af honum lóð hans nr. 12 við Kárastíg fyrir 768 krónur.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 4. þ.m. - Var frestað til næsta fundar málinu um leigu Eiðsgranda. Út af 2. lið fundargjörðanna var svohljóðandi tillögu vísað til íhugunar nefndarinnar: "Bæjarstjórnin ákveður að taka 2 dagsláttur af Stóra - Selstúni og búa til stakkstæði til fiskverkunar og láta efnaminni bæjarbúa sitja fyrir vinnunni við það.

3. Málinu var vísað aftur til nefndarinnar til nánari yfirvegunar.
4. tillaga nefndarinnar var samþykkt.
6. tillaga sömuleiðis.

3. Brunabótanefndargjörðir frá 5. þ.m. Samþykkt var samkvæmt tillögum nefndarinnar, að hafna öllum þeim tilboðum er komið höfðu til nefndarinnar um bygging slökkvistöðvarinnar í Tjarnargötu, en fela verkfræðingi bæjarins bygginguna fyrir reikning bæjarins, og sem hann treystir sér til að byggja eftir sinni eigin teikningu fyrir 10.600 krónur.
Nefndinni var falið, að athuga sérstaklega fyrirkomulag skilrúma uppi á efri hæð byggingarinnar.

4. Veganefndargjörðir frá 4. þ.m. voru samþykktar, þar með samþykkt að leyfa vatnssalerni allstaðar þar, sem hægt er að koma þeim í samband við holræsi þau er liggja í sjó út.

5. Lagður fram ellistyrktarsjóðsreikningur 1910. Kosnir til að endurskoða hann: Þórður Thoroddsen 7 atkv.
Jón Þorláksson 5 -

6. Borgarstjóri upplýsti, að viðvíkjandi lýsisbræðslu í Effersey hefði hann ekkert fundið í gjörðabókum bæjarstjórnar anna en þetta:
"Ár 1905, fimmtudaginn 4. maí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:
18. Bæjarstjórnin samþykkti fyrir sitt leyti að kaupm. G. Zoëga og Th. Thorsteinsson mættu næsta ár, eins og hingað til nota svæði úr Effersey til lýsisbræðslu með sömu kjörum og áður."
Málinu frestað til næsta fundar.

7. Erindi Ámunda Árnasonar, tilboð um sölu á lóðarræmu var vísað til byggingarnefndar.

8. Emil Rokstað Laugarnesi óskar byggingarlóðar við Laugaveg. Vísað til byggingarnefndar.

9. Erindi frá Aage Möller um lækkun á útsvari var vísað til umsagnar ~~xxxx~~ niðurjöfnunarnefndar.

10. Vakið máls á því, hverjar ráðstafanir auðið væri að gera til að stemma stigu fyrir útivist barna seint á kvöldin á götunum.
Til að gjöra tillögur út af þessu máli voru kosnir í nefnd:
Guðrún Björnsdóttir 13 atkv.
Tr. Gunnarsson 11 -
Bríet Bjarnhéðinsdóttir 10 -

11. Tilkynnt bréf stjórnarráðsins um, að eigi sé hægt að staðfesta frv. til samþykktar um breytingu á heilbrigðissamþykkt 30. jan. 1903, er sent var stjórnarráðinu 19. janúar 1911, - og fylgiskjöl með því.
Vísað til hlutaðeigandi nefndar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Björns Kristjánssonar, Vesturgötu 4 | 24.000.- |
| b. | - | Sam. Jónssonar, Skólavörðustíg 35 | 17.631.- |
| c. | - | Guðm. Hannessonar Hverfisgötu | 16.249.- |
| d. | - | Bjarna Einarssonar, Bræðraborgarstíg | 2.224.- |

13. Borgarstjóra gefið eftir ósk hans leyfi til siglingar til útlanda í þessum mánuði. Býst hann við 2 - 3 mánaða burtveru. Knud Zimsen bæjarfulltrúi gegnir störfum hans á meðan á hans kostnað.

Allir á fundi nema Jón Jensson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Lárus Bjarnason. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Katrín Magnússon. Guðrún Björnsdóttir. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Jón Þorláksson. Pétur G. Guðmundsson. K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Guðrún Björnsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, Mánudaginn 11. sept. var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

Út af símskeytum sem borgarstjóri hafði fengið um tilboð um lán til hafnargerðar, lét bæjarstjórn í ljósi hvað það væri, er hún óskaði að borgarstjóri gæti útvegað henni og tryggt henni þessu viðvíkjandi nú í utanferð sinni.

Allir á fundi nema Jón Jensson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Magnús Blöndahl. K.Zimsen.
Lárus Bjarnason. Pétur G. Guðmundsson. Kristján Þorgrímsson.
Jón Þorláksson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Þ.J.Thoroddsen.
Katrín Magnússon. Kl. Jónsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 21. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Í fjarvist borgarstjóra stýrði bæjarfulltrúi Klemens Jónsson fundi.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 16. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, - þar með var samþykkt að selja Rakstad 975 ferálnir byggingalóð við Laugarnesveg fyrir 50 a. feralin, og vegur þessi var ákveðinn 30 álna breiður þar inn frá. Ennfremur var samþykkt að selja Guðm. Þorleifssyni lóðina nr. 22 við Frakkastíg fyrir 1 kr. feralin, en þarf ekki að greiða kaupverðið fyrri en húsið er reist á lóðinni, en bærinn skal hafa 1. veðrétt í lóðinni, unz greitt er lóðarverðið. (. liður var orðaður á þennan hátt: Leyft eftir atvikum að hækka innsiglingarvitann við Vitastíg um 6 álnir.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 19. þ.m. 3. liður fundargjörðanna var samþykktur með þeirri viðbót: Bærinn tekur þó eigi á sig neina skyldu til, að leggja vatnsæð eða gasæð að húsi því, er þar verður byggt, né skolpræsi frá því.
Að öðru leyti voru nefndargjörðirnar samþykktar.

3. Veganefndargjörðir frá 19. þ.m. gáfu ekki tilefni til ákvarðana.

4. Fjárhagsnefndargjörðir frá 19. þ.m. voru samþykktar.

5. Skólanefndargjörðir frá 19. þ.m. voru samþykktar, þar með veitt ókeypis kennsla 100 börnum á aldrinum 7 - 10 ára. Skrá yfir börn þessi verður síðar innfærð í bók þessa.

6. Eftir tillögum nefndar þeirrar, er kosin var af bæjarstjórn 17. f.m.(til að íhuga) út af bréfi læknadeildar háskólans, samþykkti bæjarstjórn að verja allt að 1000 kr. af sjóði sjúkrahússfélags Reykjavíkur til aðgerðar á líkskurðarhúsi gamla læknaskólans.

7. Erindi frá Tr. Gunnarssyni og Ásgeiri Sigurðssyni um, að breyta erfðafestulandi þeirra Melkotstúni í byggingarlóð, var vísað til fasteignanefndar.

8. Beiðni Guðm. Thorsteinsson í Lækjarhvammi um vatn úr vatnsveitunni var vísað til vatnsnefndar.

9. Erindi frá Oddi Gíslasyni um vatnsæð í hús hans Bakka við Bakkastíg var vísað til vatnsnefndar.

10. Bæjarfulltrúi Tr. Gunnarsson hreyfði nauðsyn á aðgerðum á Effersey. Málinu vísað til hafnarnefndar.

11. Kosnir í nefnd til að gjöra tillögur út af lýsisbræðslu í Effersey:
Kn. Zimsen.
Þórður Thoroddsen.
Tr. Gunnarsson.

12. Kosnir í yfirkjörstjórn við alþingiskosningar í haust:
Magnús Stephensen, fyrrv. landshöfðingi 13 atkv.
Klemens Jónsson, bæjarfulltrúi 8 -
og til vara:
Halldór Jónsson, bæjarfulltrúi með 7 atkv.
Eggert Briem, skrifstofustjóri - 5 -

13. Kosnir brunabótavirðingamenn:
Hjörtur Hjartarson, snikkari með 11 atkv.
Sigvaldi Bjarnason - - 10 -

14. Brunabótavirðingar samþykktar:
a. Húseign Árna Eiríkssonar, Vesturgötu 18 8664.-
b. - Indr. Gottsveinssonar, Grjótagötu 14B 4548.-


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

c. Húseign Sigurjóns Sigurðssonar o.fl. 7563.-
d. Húseign Guðm. Guðmundssonar, Njálsgötu 12 4369.-
e. - Jóns Laxdal, Nýlendugötu 1980.-
f. - Reykhúsfélagsins, Klapparstíg 768.-
g. - Helga Helgasonar o.fl. Hverfisgötu 6 1056.-

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl og Guðrún Björnsdóttir.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson. Halldór Jónsson. Lárus Bjarnason. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Katrín Magnússon. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson. Jón Þorláksson. Tr. Gunnarsson. K. Zimsen. Arinbjörn Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Börn þau, sem veitt var ókeypis kennsla samkv. 5. lið í næsu. fundargjörð hér á undan, voru þessi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ástríður Runólfsdóttir, Vesturgötu 80 b. | 9 ára |
| 2. | Álfh. Jónína Jónsdóttir, Grundarstíg 5 a | 7 - |
| 3. | Ásta Ósk Finnbogadóttir, Ránargötu 24 | 8 - |
| 4. | Aron Guðmundsson, Hverfisgötu 44 | |
| 5. | Auðbjörn Laufásveg 5 | |
| 6. | Ágústa Emelía Kristjánsdóttir sótara | |
| 7. | Daníel Þorkelsson, Bræðraborgarstíg 25 | 9 - |
| 8. | Einar Guðmundsson, Nýlendugötu 15 a | 8 - |
| 9. | Elín Jóna Björnsdóttir, Nýjabæ | |
| 10. | Emelía Einarsdóttir, Brekkustíg 14 | 9 - |
| 11. | Eulalía Guðmundsdóttir, Hverfisgötu 44 | 7 - |
| 12. | Friðmey Ósk Pétursdóttir, Vesturgötu 51 A | 9 - |
| 13. | Guðm. Guðmundsson, Hverfisgötu 44 | |
| 14. | Gíslína Guðmundsdóttir, Bræðraborgarstíg 3 | |
| 15. | Guðfinna Jóhannesdóttir, Njálsgötu 42 | 8 - |
| 16. | Guðrún Guðjónsdóttir, Bergstaðastræti 17 | 7 - |
| 17. | Geir Jónsson, Rauðará | 7 - |
| 18. | Guðrún Þórðardóttir, Grettisgötu 19 a | 9 - |
| 19. | Guðm. Björnsson, Kárastíg 2 | 8 - |
| 20. | Gunnar Klapparstíg 14 | 9 - |
| 21. | Guðríður Lilja Kristjánsdóttir, sótara | 8 - |
| 22. | Helga Runólfsdóttir, Þingholtsstræti 3 | 7 - |
| 23. | Halldóra Halldórsdóttir | 8 - |
| 24. | Helga Stefánsdóttir, Lindargötu 5 | |
| 25. | Hannes Pálsson, Hafliðasonar | 8 - |
| 26. | Hrefna Guðjónsdóttir, Frakkastíg 11 | 8 - |
| 27. | Hallur Guðjónsson, Grundarstíg 5 A | 9 - |
| 28. | Hjörtur Hjartarson, Bræðraborgarstíg 22 | 9 - |
| 29. | Jónína Guðbj. Tómásdóttir, Bræðraborgarstíg 35 | 7 - |
| 30. | Jón Brynjólfsson, Frakkastíg 13 | 9 |
| 31. | Jóhanna Brynjólfsdóttir, Litluklöpp | 9 - |
| 32. | Hinrik Vilhj. Ágústsson, prentara | 6 - |
| 33. | Ingvar Guðmundsson, Grettisgötu 50 | 9 - |
| 34. | Ingólfur Ólafsson, Bergstaðastræti 11 | 9 - |
| 35. | Ingólfur, Stýrimannastíg 10 | 7 - |
| 36. | Ingimar Björnsson, Laugaveg 76 b | 7 - |
| 37. | Jón Einarsson, Bergstaðastræti 27 b | 8 - |
| 38. | Jón Björgvin Ólafsson, Bræðraborgarstíg 22a | 8 - |
| 39. | Jón Einar Guðmundsson, Hverfisgötu 44 | 9 - |
| 40. | Jóhann Guðlaugsson, Þorbergssonar | 9 - |
| 41. | Kristinn Níelsson, Nýlendugötu 17 | 9 - |
| 42. | Katrín Kr. Hallgrímsdóttir, Skála | 8 - |
| 43. | Kristmundur Guðmundsson, Hverfisgötu 44 | 8 - |
| 44. | Kristína Friðsteinsdóttir, Njálsgötu 39 | 8 - |
| 45. | Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir, Hverfisgötu 36 | 8 - |
| 46. | Katrín Gísladóttir Grettisgötu 36 | 8 - |
| 47. | Lilja Sigurðardóttir, Laufásveg 27 | 6 - |
| 48. | Laufey Njálsgötu 22 | 7 - |
| 49. | Laufey Njálsgötu 22 | 8 - |
| 50. | Marinó Magnússon, Lindargötu 9 b | 7 - |
| 51. | Magnea Pétursdóttir Grettisgötu | 8 - |
| 52. | Marínó Lindargötu 7 | |
| 53. | María Magnúsdóttir, Bræðraborgarstíg 17 | |
| 54. | María Jónsdóttir, Rauðará | 8 - |
| 55. | Marteinn Pétursson, Lindargötu 8 b | 7 - |
| 56. | Magnús Pálsson, Vatnsstíg 12 | 9 - |
| 57. | Óskar Pálsson, Bergstaðastræti 37 | 6 - |
| 58. | Ólafur R. Jónsson, Vesturgötu 59 | 8 - |
| 59. | Ólafía Bjarnadóttir, Vitastíg 17 | 7. - |
| 60. | Óskar Halldórsson, Bergstaðastræti 25 | 8 - |
| 61. | Ólöf Friðriksdóttir, Bergstaðastræti 44 | 7 - |
| 62. | Ólöf Kristjánsdóttir, Bergstaðastræti 28 | 9 - |
| 63. | Páll Einarsson, Laugaveg 54 | 9 - |
| 64. | Ragnar Pálsson, Bergstaðastræti 37 | 9 - |
| 65. | Sigríður Pétursdóttir, Bræðraborgarstíg 23 | 8 - |
| 66. | Sigurður Stefánsson, Grímsstaðaholti | 8 - |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 67. | Sigurður Stefánsson, Grímsstaðaholti | 8 ára |
| 68. | Sverrir Bjarnason, Njálsgötu 40 | 7 - |
| 69. | Sigurlilja Bjarnadóttir, Vesturgötu 24 | 9 - |
| 70. | Sveinn Óskar Ásbjörnsson, Rauðarárstíg 3 | 9 - |
| 71. | Sesselja Einarsdóttir, Bergstaðastræti 27 | 7 - |
| 72. | Sigurður Oddsson, Laugaveg 75 | 8 - |
| 73. | Salvör Jónsdóttir, Frakkastíg 25 | 8 - |
| 74. | Sigríður Jóhanna Þirleifsdóttir, Laugaveg 30 b | 8 - |
| 75. | Sigríður Palsdóttir, Hafliðasonar | 7 - |
| 76. | Sigurður Ágústsson, prentara | 8 - |
| 77. | Valgerður Gísladóttir, Hverfisgötu 32 | 9 - |
| 78. | Þórunn Þórarinsdóttir, Holtsgötu 12 | 8 - |
| 79. | Þórdís Jóhannesdóttir, Bergstaðastræti 26 | 7 - |
| 80. | Þóra Ágústa Árnadóttir, Norðurstíg | 9 - |
| 81. | Þorvaldur Ármannsson, Ránargötu | 8 - |
| 82. | Niels Pálsson, Bergstaðastræti 37 | 7 - |
| 83. | Magnús Einarsson, Bergstaðastræti 34 b | 7 - |
| 84. | Sigurjóna Magnúsdóttir, Sellandsstíg 4 | 7 - |
| 85. | Sigurður Þorbjörn Brynjólfsson, Hverfisgötu 42 | 14 - |
| 86. | Andrés Jóhannsson, Bræðraborgarstíg 35 | 9 - |
| 87. | Jónas Steinsson, Laugaveg 73 | 9 - |
| 88. | Ingibjörg Steinsdóttir - | 8 - |
| 89. | Steinþór Steinsson - | 6 - |
| 90. | Árni Matthíasson, Bröttugötu | |
| 91. | Guðrún Jóna Jónsdóttir, Hverfisgötu 45 | 9 - |
| 92. | Sigríður Jóhannsdóttir, Grettisgötu 48 | 9 - |
| 93. | Benedikt Benediktsson, Bergstaðastræti 31 | 7 - |
| 94. | Kristján Daðií Bjarnason, Laugaveg 11 | 9 - |
| 95. | Friðrik Jakob,Ólafsson, Ólafssonar, skósmiðs | |
| 96. | Guðm. Árni Þórðarson, Geirssonar | |
| 97. | Kristín Samúelsdóttir, Frakkastíg 10 | 14 - |
| 98. | Stefanía Gróa Erlendsdóttir, Bræðraborgarstíg 3 | 7 - |
| 99. | Guðrún Jóh. - - | 8 - |
| 100. | Ragnhildur Elín - - | 9 - |
| 101. | Einarsdóttir, Lindargötu 19 | 8 - |
| 102. | - - | 9 - |
| 103. | Valur Freyst. Gíslason, Helgasonar - | 9 - |
| 104. | Viggó Kristján Jóhanneswon, Bræðraborgarstíg 4 | |
| 105. | Páll Kjartan Sæmundsson, Vesturgötu 26 A | 7 - |
| 106. | Gunnlaugur J. - - | 8 - |
| 107. | Þórarinn Guðmundsson, Ánanaustum | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn hinn 5. október var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 30. f.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Veganefndargjörðir frá 3. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Vatnsnefndargjörðir frá 30. f.m. voru lesnar upp og samþykktar.

4. Fasteignanefndargjörðir frá 2. þ.m. lesnar upp og samþykktar að undanteknum 4. lið, sem er frestað að taka ákvörðun um, en vísað aftur til nefndarinnar til álita.

5. Hafnarnefndargjörðir frá 30. f.m. voru lesnar upp og samþykkt fjárveiting úr hafnarsjóði til viðgjörða á Effersey, að öðru leyti gáfu gjörðirnar ekki tilefni til tillögu.

6. Erindi Ólafs Jónssonar um endurkaup á lóðinni nr. 12 við Kárastíg, var vísað til fjárhagsnefndar til álita.

7. Samþykkt við 2. umr. (sbr. byggingarnefndargjörðir) að kaupa lóðarræmu 258 ferálnir við Hverfisgötu af Ámunda Árnasyni fyrir 1 kr. 75 a. feralin.

8. Tillögur fátækranefndar um kaup á bókum til ókeypis afnota fátækum börnum, alls 28, í barnaskólanum samþykktar.

9. Aukaútsvar A.P.Bendtsen 1909 fært niður í 25 krónur.
1910 - - - 20 -
b. Spurningu um lækkun á aukaútsvari hr. Ásg. Möller vísað til fjárhagsnefndar.
c. Aukaútsvar Magnúsar Gíslasonar ljósmyndara lækkað í 8 kr.
d. - Halldóru Bergsveinsdóttur 6 kr. fellt niður.
e.- g. Sömuleiðis aukaútsvar Dagbjartar Guðjónsdóttur 4 kr. og Jóns Vigfússonar, Grettisgötu 17 B (8 kr.) og Gísla Magnússonar Bergstaðastræti 50 (10 kr.).

10. Beiðni Runólfs Péturssonar lögregluþjóns um launahækkun vísað til fjárhagsnefndar til álita.

11. Sömuleiðis beiðni Sæmundar Einarssonar sótara um sama.

12. Beiðni Kristbj. Sæmundssonar sótara um launahækkun vísað til fjárhagsnefndar til álita. -

13. Sama og Sæmundi Einarssyni sótara veitt 50 kr. bráðabirgðarlán, er afborgist af launum þeirra mánaðarlega.

14. Ásgeir Torfason, formaður Iðnskólans, sækir um leyfi fyrir bæjarverkfræðinginn til að kenna í skólanum fagteikningu. Bæjarstjórnin vildi eigi veita leyfið.

15. Lýsisbræðsla í Effersey. Bæjarstjórnin ályktaði, að heimta 15 kr. árgjald af grútarbræðslunni í Effersey fyrir undanfarin ár, og að banna algjörlega eftirleiðis grútarbræðslu þar.

16. Bæjarstjórnin ályktaði að skipta kjósendum við Alþingiskosningarnar í haust í 6 kjördeildir og kýs 6 undirkjörstjórnir til að taka á á móti atkvæðum.
Þessir voru kosnir:
1. deild: Kn. Zimsen, Eggert Claessen, Halldór Þórðarson.
2. deild: Jón Jensson, Hannes Thorsteinson, Indriði Einarsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. deild: Kr. Þorgrímsson, Ásgeir Sigurðsson, Oddur Gíslason.
4. deild: Arinbjörn Sveinbjarnarson, Magnús Benjamínsson.
5. deild: Jes Zimsen.
6. deild: Tryggvi Gunnarsson, Sigurður Briem, Sveinn Hallgrímsson.

17. Dregnir út af mönnum í niðurjöfnunarnefnd:
Jón Brynjólfsson,
Jón Þórðarson, kaupm. (heitinn),
Kristinn Magnússon,
Guðmundur Þorkelsson,
Matthías Þórðarson,
Gunnlaugur Pétursson
Pálmar Pálsson,
og á að fara fram kosning í stað þessara manna til 6 ára.
Sömuleiðis á að kjósa til 3ja ára mann í nefndina í stað Þorsteins Þorsteinssonar fyrv. kaupm., sem er gjaldþrota.

Allir á fundi nema Lárus H. Bjarnason, Þórður Thoroddsen, Halldor Jónsson og Magnús Blöndahl auk borgarstjóra Páls Einarssonar.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson. K.Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson. Guðrún Björnsdóttir. Tr. Gunnarsson. Katrín Magnússon. Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn hinn 18. októbermán. var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 16. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

3. Holræsagjörð í Vesturgötu á kafla samþykkt við aðra umræðu (veiting á 1035 kr. til hennar) sbr. veganefndargjörðir frá 3. þ.m. samþykktar á síðasta fundi.

4. Samkvæmt tillögu fátækranefndar skyldi styrkur úr ellistyrktarsjóði úthlutaður alls 241 persónu (körlum og konum) en fé , sem til úthlutunar kom var kr. 5733.oo. Tillögurnar voru samþykktar í heild sinni nema hvað styrkur til Ólafs Ólafssonar, sem hefur eftirlaun úr bæjarsjóði, var felldur burtu. Skrá yfir þá er fengu styrk innfærist hér á eftir.

5. Samþykkt var samkvæmt tillögu formanns skólanefndarinnar að veita eftirnefndum skólum og félögum leyfi til að nota leikfimishús barnaskólans þetta ár:
Kvennaskólanum 6 stundir á viku.
Kennaraskólanum 6 stundir á viku.
Ungmennafélaginu Iðunn 2 stundir á viku.
Ungmennafélagi (pilta) - - - -
Félaginu Skarphéðni - - - -
Málleysingjaskólanum 1 - - -
Ennfremur Ingibjörgu Brands 2-3 stundir á viku.
Þessi skilyrði voru sett fyrir leyfinu:
að ekki mætti fara inn í leikfimishúsið nema á sérstökum leik-
að fimisskóm ekki opnað fyrr en 10 mín. á undan hverri kennslustund.
að húsið yrði ekki notað lengur en til kl. 10 á kvöldin.
að kennari eða annar kosinn maður fari fyrstur inn og fari síðastur úr húsinu og ábyrgist hann hús og áhöld.
að hver skóli eða félag komi sér saman við dyravörð eða borgarstjóra um ræsting og annan kostnað.

6. Skýrt frá tillögum nefndar viðvíkjandi breytingum á reglum um mjólkursölu. Málinu frestað og borgarstjóra falið að láta skjölin berast milli fulltrúanna.

7. Samþykkt að veita 210 kr. til að leggja vatnsæð niður að vörupallinum við bæjarbryggjuna og setja vatnshana við norðvesturhorn vörugeymsluhússins fyrir ofan vörupallinn.

8. Ályktað að taka til greina erindi Ólafs Jónssonar myndamálara um að borga honum fyrir lóð hans við Kárastíg 768 kr. og auk þess 75 upp í vaxtatap.

9. Ákveðið að fella burtu 125 kr. af aukaútsvari á stórkaupmanni Ásg. Möller.

10. Guðríði Guðmundsdóttur, Njálsgötu 35, gefið eftir aukaútsvar hennar þetta ár 6 krónur.

11. Stungið upp á til kosninga, sem vara sáttanefndarmenn þeim Einari Arnórssyni prófessor, Jóni Kristjánssyni prófessor og séra Sigurði Sivertsen dósent.

12. Endurskoðunarmenn ellistyrktarsjóðsreiknings kosnir Pétur Guðmundsson og Jón Jensson.

13. Tekið fyrir utan dagskrár að ræða framkomnar tillögur frá nefndinni út af félaginu "Málmur", er skipuð var 27. apríl þ.á. og var málinu frestað til næsta reglulegs fundar, eða aukafundar, ef þörf gerist.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Brunabótavirðingar samþykktar:

1. Umbætur á húsi Ingimundar Guðmundssonar, Eskihlíð virt á kr. 5181.-
2. Umbætur á húsi Guðna Símonarsonar, Óðinsgötu 8 - 2022.-

Allir á fundi nema Magnús Blöndahl, Jón Þorláksson, Þórður Thoroddsen, frú Briet Bjarnhéðinsdóttir og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Kl Jónsson. Guðrún Björnsdóttir. Halldór Jónsson. K.Zimsen.
Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson. Pétur G. Guðmundsson.
Arinbjörn Sveinbjarnarson. Lárus Bjarnason. Katrín Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 2. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 30. f.m. voru lesnar upp og samþykktar, að undanteknu 6. atriði, sem var fellt burtu, og 8. atriði, en því var afráðið að fresta og borgarstjóra falið að komast eftir því, hvort dómur væri fallinn í þar um ræddu máli, fyrir næsta fund. Ennfremur var 9. atriði samþykkt með þeirri breytingu, að þar umrætt hús megi því að eins standa, að hlutaðeigandi rífi torfþakið af.

2. Veganefndargjörðir frá 25. fyrra mánaðar voru lesnar upp.

3. Fátækranefndargjörðir frá 26. f.m. voru lesnar upp. Samkv. tillögu nefndarinnar í 6. lið, var Ólafía G. Þórðardóttur, Njálsgötu 30 B, gefið eftir útsvar manns hennar Jóh. heitins Hanssonar, er drukknaði 16. sept. þ.á., 12 kr.

4. Skólanefndargjörðir frá 27. f.m. lesnar upp.

5. Félagið Málmur: Nefndin í því máli lagði til að málsókn gegn "Málmi" eða stjórn þess félags megi falla niður ef útlent eða innlent félag fengist til að taka að sér að greiða áfallnar skuldir Málms og undirgangast skuldbindingar samkv. samningi Máls við bæjarstjórnina. Tillagan var samþykkt með breytingum þeim á samningnum er nefndin hafð i stungið upp á í nefndarálitinu og auk þess þessum breytingum: við 1. atriði í nefndarálitinu, að undan skyldu skilin yfir höfuð öll útvísuð lönd innan takmarka gullsvæðisins, eftir nánari athugun borgarstjóra, við 6. atriði að áfallin árgjöld Málms greiðist við undirskrift hins nýja samnings við væntanlegan nýjan leyfishafa. Svo bætist og við nýtt atriði svolátandi: Félagið skal hafa liggjandi í áreiðanlegum hérlendum banka 5000 króna fjárhæð, er verði til tryggingar gjöldum þeim, er á félagið yrðu dæmd fyrir brot á skyldum þess samkv. samningnum. Tilboð þetta skyldi loks standa til janúarloka 1912 , og er málinu gegn "Málmi" frestað til þess tíma.

6. Málinu um breytingu á reglugjörð um mjólkursölu frestað.

7. Brydesverzlun veitt slátrunarleyfi um 1 ár eftir tillögum heilbrigðisnefndar í húsi því, er Gunnar Einarsson hefur átt.

8. Beiðni um leyfi til lýsisbræðslu á Móakotslóð frá E. Morthens vísað til heilbrigðisnefndar til úrslita. samkv. VIII. kafla heilbrigðissamþykktarinnar.

9. Kosinn í heilbrigðisnefnd Kr. Ó. Þorgrímsson.

10. Erindi frá Páli skólastjóra Halldórssyni um vatnsæð, vísað til vatnsnefndar til álita.

11. Erindi Þórðar Þórðarsyni í Laugarnesi um sama, vísað til sömu nefndar til álita.

12. Erindi Benedikts Jónssonar um hækkun á eftirlaunum vísað til fjárhagsnefndar til álita.

13. Samþykktar nokkrar breytingar á brunastöðvarhúsinu, sem merktar eru á uppdrátt byggingarinnar með rauðum strykum.

14. Fyrri umræða um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1912.

14. Fyrsta umræða um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld Reykjavíkur 1912.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Íbúðarhús Guðm. Egilssonar, Laugavegi 42 | Kr. | 50824.- |
| 2. | H.J.Hansen bakari, viðbót, Laugavegi 61 | - | 15555.- |
| 3. | Hús Gagnúsar Guðmundssonar, Skólavörustíg 16 | - | 5740.- |
| 4. | Fjós og heyhlaða m.m. Eggerts Briem, Félagsgarði | - | 15052.- |
| 5. | Húsauki Ingimundar Øgmundssonar, Túngötu 50 | - | 8563.- |

Allir á fundi nema Jón Þorláksson, Þórður Thoroddsen, Guðrún Björnsdóttir.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson. Lárus Bjarnason. K.Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Jón Jensson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Katrín Magnússon. Pétur G. Guðmundsson. Kristján Þorgrímsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt 4. lið fundargjörðar bæjarstjórnar Reykjavíkur hinn 18. dag októbermánaðar var eftirgreindum gamalmennum veittur styrkur af Ellistyrktarsjóði 1911:

| Tala: | Fullt nafn og heimili: | Aldur: | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| 1. | Agatha Sigurðardóttir, Bergstaðastræti 27 b | 75 | 20.- |
| 2. | Arnbjörg Jónsdóttir, Hverfisgötu 25 | 70 | 23.- |
| 3. | Arnbjörg Markúsdóttir, Bræðraborgarstíg 5 | 61 | 20.- |
| 4. | Arnór Jónsson og Sigr. Jónsdóttir, Stýrimanna-/stíg 8b | 65 og 68 | 20.- |
| 5. | Auðbjörg Guðmundsdóttir, Klapparstíg 6 | 66 | 20.- |
| 6. | Árni Árnason, Njálsgötu 49B | 66 | 20.- |
| 7. | Árni Bjarnason, Holtsgötu 7 | 77 | 20.- |
| 8. | Árni Guðmundsson, Bræðraborgarstíg 14 | 69 | 50.- |
| 9. | Árni Pálsson, Hverfisgötu 26 | 62 | 20.- |
| 10. | Benedikt Jónsson, Spítalastíg 9 | 78 | 23.- |
| 11. | Bjarni Bjarnason, Ásbakki Rauðarárstíg | 69 | 20.- |
| 12. | Bjari Guðmundsson, Vesturgötu 53B | 75 | 30.- |
| 13. | Bjarni Ólafsson, Hverfisgötu 25 | 62 | 20.- |
| 14. | Björn Jónsson, Njálsgötu 13B | 61 | 20.- |
| 15. | Einar Bjarnason, Bræðraborgarstíg 24 | 50 | 35.- |
| 16. | Einar Einarsson, Oddsbæ | 73 | 20.- |
| 17. | Einar Ingimundars. Sigr. Jónsd., Laufásv. 13 | 77 og 75 | 35.- |
| 18. | Einar Magnúss., Holtsstaðir, Bergst.st. | 78 | 20.- |
| 19. | Elín Bjarnadóttir, Vesturgötu 28 | 67 | 20.- |
| 20. | Elín Ingimarsdóttir, Laugaveg 37 | 66 | 20.- |
| 21. | Elinborg Hansdottir, Stýrimannastíg 11 | 71 | 28 |
| 22. | Erlendur Þorsteinsson, Laugaveg 24 B | 80 | 23 |
| 23. | Erlingur Jónsson, Frakkastíg 17 | 75 | 20 |
| 24. | Friðrikka Friðfinnsdóttir, Laugaveg 27B | 76 | 28 |
| 25. | Friðrikka Jóhannsdóttir, Ingólfshvolti | 74 | 23 |
| 26. | Gísli Gíslason, Bræðraborgarstíg 32 | 69 | 20 |
| 27. | Gísli Jónsson, Skólavörðustíg 45 | 71 | 20 |
| 28. | Guðbjörg Gísladóttir, Ingólfshvoli 6 | 69 | 23 |
| 29. | Guðbjörg Jónsdóttir, Smiðjustíg 3 | 68 | 20 |
| 30. | Guðbjörg Sigurðardóttir, Laugaveg 27B | 63 | 23 |
| 31. | Guðbjörg Sigurðardóttir, Spítalastíg 4B | 77 | 30 |
| 32. | Guðlaug Ámundadóttir, Vatnsstíg 10 B | 72 | 20.- |
| 33. | Guðlaug Jónsdóttir, Hverfisgötu 58 | 69 | 23 |
| 34. | Guðlögur M. Jónsson, Laugavegi 46A. | 63 | 30 |
| 35. | Guðleif Björnsdóttir, Skálholtskot | 79 | 30 |
| 36. | Guðleif Pálsdóttir, Litlibær, Grimsstaðaholt | 79 | 30 |
| 37. | Guðmundur Árnason, Hverfisgötu 54 | 77 | 30 |
| 38. | Guðmundur Árnason, Ananaustum | 69 | 20 |
| 39. | Guðmundur Bjarnason, Rauðarárstíg 7 9 | 76 | 23 |
| 40. | Guðmundur Einarsson, Vatnsstíg 10B | 70 | 30 |
| 41. | Guðmundur Guðmundsson, Vesturgötu 53 B | 71 | 23.- |
| 42. | Guðmundur Halldórsson, Bergstaðastræti 17 | 63 | 20.- |
| 43. | Guðmundur Þorgilsson, Bergstaðastræti 8 | 68 | 30.- |
| 44. | Guðný Jónsdóttir, Laugaveg 22 A | 86 | 45.- |
| 45. | Guðríður Einarsdóttir, Vesturgötu 64 | 80 | 30.- |
| 46. | Guðríður Guðmundsdóttir, Laugavegi 54A. | 75 | 30.- |
| 47. | Guðríður Ingjaldsdóttir, Vesturgötu 31 | 67 | 28.- |
| 48. | Guðríður Markúsdóttir, Lindargotu 3 | 76 | 30.- |
| 49. | Guðríður Tómasdóttir, Laufásvegi 16 | 72 | 23.- |
| 50. | Guðríður Vigfúsdóttir, Njálsgötu 59 | 74 | 30.- |
| 51. | Guðríður Þorkelsdóttir, Barónsstíg 16 | 62 | 20.- |
| 52. | Guðrún Bjarnadóttir, Þingholtsstræti 16 | 70 | 23.- |
| 53. | Guðrún Bjarnasóttir, Bergstaðastræti 50 | 79 | 20.- |
| 54. | Guðrún Einarsdóttir, Brekkustíg 1 | 69 | 23.- |
| 55. | Guðrún Einarsdóttir, Nýlendugötu 20 | 80 | 28.- |
| 56. | Guðrún Friðfinnsdóttir, Miðstræti 4 | 66 | 20.- |
| 57. | Guðrún Gísladóttir, Barónsstíg 14 | 80 | 28.- |
| 58. | Guðrún Gunnarsdóttir, Laugavegi 119 | 74 | 23.- |
| 59. | Guðrún Gunnarsdóttir, Laugavegi 72 | 74 | 20.- |
| 60. | Guðrún Hákonardóttir, Vitastíg 9 | 69 | 28.- |
| 61. | Guðrun Halldórsdóttir, Nýlendugötu 17 | 70 | 23.- |
| 62. | Guðrún Halldórsdóttir, Njálsgötu 52 | 73 | 20.- |


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala: | Nöfn og heimili: | Aldur: | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| 63. | Guðrún Jónsdóttir, Laugavegi 60 | 57 | 20.- |
| 64. | Guðrún Jónsdóttir, Klöpp við Brekkustíg | 64 | 20.- |
| 65. | Guðrún Jónsdóttir, Lindargötu 10 A | 65 | 23.- |
| 66. | Guðrún Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 22A. | 72 | 23.- |
| 67. | Guðrún Magnúsdottir, 26C Vesturgötu | 84 | 23.- |
| 68. | Guðrún Marteinsdóttir, Bræðraborgarstíg 13 | 65 | 20.- |
| 69. | Guðrún Ólafsdóttir, Aðalstræti 18 | 68 | 20.- |
| 70. | Guðrún Pálsfóttir, Stýrimannastíg 10 | 69 | 20.- |
| 71. | Guð rún Pálsdottir, Grettisgötu 50 | 82 | 28.- |
| 7~~7~~2. | Guðrún Sigurðardóttir, Mjóstræti 2 | 75 | 23.- |
| 73. | Guðrún Sigurðardóttir, Bakkastíg 4 | 61 | 28.- |
| 74. | Guðrún Sigurðardóttir, Laugavegi53 | 81 | 20.- |
| 75. | Guðrún Þorgrímsdóttir, Grettisgötu 11 | 64 | 20.- |
| 76. | Guðrún Þorsteinsdóttir, Hverfisgötu 26B | 68 | 20 |
| 77. | Guðrún Þóroddsdóttir, Syðstaberg Grundarst. | 64 | 20.- |
| 78. | Guðrún Vigfúsdóttir, Lindargötu 10 | 69 | 20.- |
| 79. | Guðrún Ogmundsdóttir, Laugavegi 54A | 78 | 20.- |
| 80. | Gunnhildur Gísladóttir, Laugavegi 61 | 83 | 30.- |
| 81. | Grímur Grímsson, Bergstaðastræti 50 | 69 | 20.- |
| 82. | Gróa Björnsdóttir hjá Guðm.Hanness. lækni | 75 | 20.- |
| 83. | Gróa Guðmundsdóttir, Lindargötu 7 | 62 | 20.- |
| 84. | Gróa Ragnaldsdóttir, Grettisgötu 18 | 67 | 20.- |
| 85. | Halldór Pálsson, "Ólafs-Bakka" | 66 | 20.- |
| 86. | Halldóra Magnúsdóttir, Hverfisgata 22 | 71 | 20.- |
| 87. | Halldóra Ólafsdóttir, Bræðraborgarstíg 19 | 77 | 28.- |
| 88. | Halldóra Randversdóttir, Bráðræðisholti 47 | 78 | 2 3.- |
| 89. | Helga Nikulásdóttir, Hverfisgata ~~20~~ 22 | 65 | 20.- |
| 90. | Helga Pálsdóttir, Nýlendugötu 12 | 72 | 23.- |
| 91. | Helga Sigurðardóttir, Mjóstræti 2 | 64 | 20.- |
| 92. | Helga Sigurðardóttir, Árbæjarhús | 70 | 20.- |
| 93. | Helga Símonardóttir, Frakkastíg 20 | 75 | 23.- |
| 94. | Helga Þorkelsdóttir, Efribrekka, Brekkustíg | 79 | 28.- |
| 95. | Herdís Magnúsdóttir, Njálsgata 5 | 70 | 23.- |
| 96. | Hinrik Gíslason, Grænuborg | 68 | 20.- |
| 97. | Hólmfríður Magnúsdóttir, Þingholtsstræti 3 | 79 | 28.- |
| 98. | Hróbjartur Ólafsson, Hverfisgata 31 | 74 | 23.- |
| 199. | Ingibjörg Eiríksdóttir, Tjarnargata 6 | 61 | 20.- |
| 100. | Ingibjörg Halldórsdóttir, Bergstaðastræti 41 | 83 | 28.- |
| 101. | Ingibjörg Jónsdóttir, Laugalandi | 89 | 28.- |
| 102. | Ingimundur Jakobsson, Laufásveg 16 | 76 | 20.- |
| 103. | Ingiríður Brynjólfsdóttir, Þingholtsstræti 26 | 68 | 20.- |
| 104. | Ingiríður Einarsdóttir, Laugaveg 62B | 70 | 23.- |
| 105. | Jakob Aþonsiusson, Ránargata 23 | 84. | 25.- |
| 106. | Jarðþrúður Pétursdóttir, Óðinsgata 8 | 79 | 28.- |
| 107. | Jóhann Sakkeusson, Grímsstaðaholti | 64 | 23.- |
| 108. | Jóhanna Einarsdóttir, Lindargata 25 | 75 | 28.- |
| 109. | Jóhanna Moller, Tjarnargata 6 | 61 | 20.- |
| 110. | Jóhannes, Lindargotu 9 B | 61 | 20.- |
| 111. | Jóhannes Oddss. og Salg.Þorgrímsd. Efri - /Vegamót | 83 9t 81 | 40.- |
| 112. | Jóhannes Sveinsson, Smiðjustíg 3 | 78 | 23 |
| 113. | Jón Björnsson, Ánanaustum | 76 | 23.- |
| 114. | Jón Brynjólfsson, Laugaveg 61 | 70 | 20.- |
| 115. | Jón Helgason, Vesturgötu 33 | 71 | 23.- |
| 116. | Jón Jónsson Framnesvegi 28 | 63 | 20.- |
| 117. | Jón Jónsson, Kárastíg 2 | 74 | 20.- |
| 118. | Jón Jónsson, Ánanaustum | 67 | 30.- |
| 119. | Jón Jónsson, og Hólmfr. Magnúsdóttir /Bræðraborgarstíg 20 | 72 og 61 | 23.- |
| 120. | Jón Jónsson og Guðríður Guðm.d.Hákoti | 76 og 66 | 28.- |
| 121. | Jórunn Erlendsdóttir, Stóra-skipholti | 67 | 20.- |
| 122. | Jórunn Guðmundsdóttir, Litlu-Klöpp | 65 | 20.- |
| 123. | Jósep Jónsson, Suður-Klöpp | 75 | 20.- |
| 124. | Karitas Andrjesdóttir, Lindargata 12 | 80 | 30.- |
| 125. | Katrín Jónsdóttir, Lindargata 15 | 65 | 20.- |
| 126. | Katrín Magnúsdóttir, Nýlendu | 79 | 30.- |
| 127. | Katrín Ólafsdóttir, Framnesveg 5 | 74 | 20.- |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala: | Nafn og heimili: | Aldur: | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| 128. | Kristbjörg Hinriksdóttir, Helgastaðir | 64 | 30.- |
| 129. | Kristbjörg Jónsdóttir, Grjótagötu 10 | 78 | 23.- |
| 130. | Kristín Árnadóttir, Laufásveg | 73 | 20.- |
| 131. | Kristín Brandsdóttir, Syðsta-Bergi | 78 | 23.- |
| 132. | Kristín Filippusdóttir, Skólastræti 5 | 71 | 20.- |
| 133. | Kristín Guðmundsdóttir, Vegamót | 78 | 23.- |
| 134. | Kristín Guðmundsdóttir, Hverfisgata 31 | 75 | 20.- |
| 135. | Kristín Guðnadóttir, Njálsgata 62 | 66 | 20.- |
| 136. | Kristjana Jónsdóttir, Þingholtsstræti 7 | 69 | 20.- |
| 137. | Kristjana Kristjánsdóttir, Bergstaðastræti 17 | 80 | 28.- |
| 138. | Lárus Knúdsen, Njálsgata 23 | 70 | 23.- |
| 139. | Magnús Gunnlögsson, Njálsgata 52 | 77 | 20.- |
| 140. | Magnús Stefánsson, Lindargata 7 | 70 | 23.- |
| 141. | Málfríður Benamínsdóttir, Hverfisgata 47 | 80 | 25.- |
| 142. | Margrét Björnsdóttir, Brattagata 5 | 63 | 20.- |
| 143. | Margrét Einarsdóttir, Bjarnaborg | 63 | 20.- |
| 144. | Margrét Erlendsdóttir, Klapparstíg 36 | 73 | 23.- |
| 145. | Margrét Jonsdóttir, Veghús, Klapparstíg 2 | 69 | 20.- |
| 146. | Margrét Jónsdóttir, Kárastíg 2 | 78 | 30.- |
| 147. | Margrét Jónsdóttir, Spítalastíg 4 | 67 | 20.- |
| 148. | Margrét Ólafsdóttir, Vesturgata 26a | 70 | 23.- |
| 149. | Margrét Sigurðardóttir, Stóra-Skipholti | 65 | 20.- |
| 150. | Margrét Þórðardóttir, Þingholtsstræti 1 | 61 | 23.- |
| 151. | María Andrésdóttir, Landakotsspítali | 61 | 20.- |
| 152. | María Höskuldsdóttir, Laufásveg 35 | 73 | 20.- |
| 153. | María Ísleifsdóttir, Laugaveg 67 | 65 | 20.- |
| 154. | María Jónsdóttir, Laugaveg 26 | 72 | 28.- |
| 155. | Oddbjörg Guðlögsdóttir, Njálsgata 62 | 58 | 20.- |
| 156. | Oddný HermannsdóttirFramnesveg 25, | 78 | 23.- |
| 157. | Oddur Halldórsson, Efri-BrekkaBrekkustíg | 72 | 20.- |
| 158. | Oddur Jónsson, Laugaveg 48 | 63 | 20.- |
| 159. | Ólafur Eyjólfsson, Bræðraborgarstíg 21 | 72 | 20.- |
| 160. | Ólafur Ólafsson, Laufásveg 15 | 80 | 20.- |
| 161. | Ólöf Halldórsdóttir, Eystri-Hábær | 81 | 30.- |
| 162. | Ólöf Jónsdóttir, Hverfisgata 45 | 71 | 20.- |
| 163. | Ólöf Sigurðardóttir, Hverfisgata 22B | 62 | 20.- |
| 164. | Ólöf Tómásdóttir, Austurstræti 4 | 65 | 20.- |
| 165. | Pálína Pálsdóttir, Njálsgötu 33 | 72 | 23.- |
| 166. | Páll Hafliðason, Barónsstíg 18 | 66 | 20.- |
| 167. | Páll Jónsson, Laugaveg 69 | 66 | 23.- |
| 168. | Páll Pallsson, Kárastíg 3 | 68 | 20.- |
| 169. | Ragnheiður Þorleifsdóttir, Eystri-Hábær | 61 | 20.- |
| 170. | Ragnheiður Einarsdóttir, Hverfisgata 18A. | 75 | 20.- |
| 171. | Rannveig Gísladóttir, Kárastíg 7 | 74 | 23.- |
| 172. | Rannveig Guttormsdóttir, Vitastíg 12 | 81 | 30.- |
| 173. | Rannveig Jónsdóttir, Gilsholt, Vesturgata | 72 | 23.- |
| 174. | Rannveig Þórðardóttir, Þingholtsstræti 28 | 70 | 23.- |
| 175. | Regína Jónsdóttir, Norðurstíg 5 | 76 | 23.- |
| 176. | Rögnvaldur Teitsson, Vegamót, Kaplaskjól | 82 | 50.- |
| 177. | SalgerðurMagnúsdóttir, Bakki við Brekkust. | 81 | 25.- |
| 178. | Salvör Ögmundsdóttir, Njálsgata 51 B | 68 | 20.- |
| 179. | Sigfús Pétursson, | 81 | 25.- |
| 180. | Signý Gunnlögsdóttir, Melum, Grímsstaðah. | 70 | 20.- |
| 181. | Sigríður Auðunsdóttir, Melnum | 70 | 20.- |
| 182. | Sigríður Árnadóttir, Njálsgata 40 | 69 | 20.- |
| 183. | Sigríð ur Árnadottir, Frakkastíg 11 | 71 | 23.- |
| 184. | Sigríður Bjarnadóttir, Nýlendugata 19 | 68 | 20.- |
| 185. | Sigríður Eyjólfsdóttir, Spítalastíg | 83 | 30.- |
| 186. | Sigríður Guðmundsdóttir, Laugaveg 24 | 56 | 20.- |
| 187. | Sigríður Guðmundsdóttir, Framnesveg 28 | 50 | 45.- |
| 188. | Sigríður Jónsdóttir, Nýlendugötu 16 | 73 | 23.- |
| 189. | Sigríður Jónsdóttir, Grettisgata 28 | 78 | 20.- |
| 190. | Sigríður Jónsdóttir, Lindargata 6 | 78 | 30.- |
| 191. | Sigríður Jónsdóttir, Laugaveg 12 | 70 | 23.- |
| 192. | Sigríður Magnúsdóttir, Stýrimannastíg 8 | 71 | 20.- |
| 193. | Sigríður Ólafsdóttir, Brattagata 5 | 65 | 20.- |
| 194. | Sigríður Pálsdóttir, Bergi | 65 | 20.- |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala: | Nafn og heimil: | Aldur: | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| 195. | Sigríður Pétursdóttir Lindargata 8 B | 78 | 23.kr. |
| 196. | Sigríður Sigurðardóttir, Garðhús | 71- | 28.- |
| 197. | Sigríður Sigurðardóttir, Vesturgata 25 B | 73 | 20.- |
| 198. | Sigríður Þorkelsdóttir, Vesturgata 30 | 68 | 23.- |
| 199. | Sigurbjörg Guðmundsdóttir, Laugaveg 28 | 81 | 25.- |
| 200. | Sigurbjörg Jónsdóttir, Njálsgata 56 | 66 | 20.- |
| 201. | Sigurður Friðriksson, Laugaveg 28A | 73 | 45.- |
| 202. | Sigurður Gissursson, Laugaveg 54A. | 84 | 30.- |
| 203. | Sigurður Jónsson, Hverfisgötu 48 | 85 | 25.- |
| 204. | Sigurður Jónsson, Hverfisgata 31 | 83 | 25.- |
| 205. | Sigurður Þórðarson, Bergstaðastræti 20B | 78 | 45.- |
| 206. | Sigurður Þórðarson, Norðurstíg 9 | 78 | 30.- |
| 207. | Sigurlaug Ásgrímsdóttir, Stóra-Sel | 67 | 20.- |
| 208. | Sigurlaug Finnsdóttir, Bergstaðastræti 42 | 67 | 20.- |
| 209. | Sigurlaug Jónsdóttir, Vatnsstíg 12 | 69 | 20.- |
| 210. | Sigurlaug Sigurðardóttir, Bræðraborgarstíg 38 | 67 | 20.- |
| 211. | Sigurlaug Þorkelsdóttir, Holtsgata 16 | 74 | 28.- |
| 212. | Sigurveig Jóhannesdóttir, Grettisgata 22C | 73 | 23.- |
| 213. | Soffía Jónsdóttir, Vesturgata 15 | 63. | 20.- |
| 214. | Solveig Níelsdóttir, Laugaveg 18 C | 62 | 20.- |
| 215. | Steindór Jónsson, Klapparstíg 4 | 63 | 23.- |
| 216. | Stefanía Einarsdóttir, Lindargata 36 | 73 | 20.- |
| 217. | Teitur Hansson, Bergstaðastræti 33 | 73 | 30.- |
| 218. | Tómas Guðmundsson, Vesturgata 40 | 65 | 40.- |
| 219. | Valgerður Guðmundsdóttir, Bergstaðastræti 12 | 62 | 20.- |
| 220. | Valgerður Þorgilsdóttir, Hverfisgata 54 | 67 | 20.- |
| 221. | Vigfús Guðnason og Ingibj. Einarsd. Skólastræti 5B | 77 og 78 | 50.- |
| 222. | Vilborg Guðmundsdóttir, Vitastig 13 | 71 | 23.- |
| 223. | Vilborg Sigurðardóttir, Bergstaðastræti 7 | 68 | 23.- |
| 224. | Þorbjörg Hafliðadóttir, Hverfisgata 13 | 66 | 28.- |
| 225. | Þorbjörg Illugadóttir, Stýrimannastíg 5 | 73 | 23.- |
| 226. | Þorbjörg Þorkelsdóttir, Skólavörðustíg 11A | 71 | 28.- |
| 227. | Þorbjörn Valgarðsson, Hverfisgata 28 | 63 | 20.- |
| 228. | Þorsteinn Einarsson, Akurgerði | 62 | 23.- |
| 229. | Þóra Bjarnadóttir, Hverfisgata 20 B | 67 | 20.- |
| 230. | Þóra Einarsdóttir, Stóra-Skipholti | 68 | 20.- |
| 231. | Þóra Jónsdóttir, Nýlendugata 19 | 70 | 23.- |
| 232. | Þóra Jónsdóttir, Smiðjustíg 4 | 56 | 20.- |
| 233. | Þóra Jónsdóttir, Nýlendugötu 15 A. | 71 | 23.- |
| 234. | Þóra Magnúsdóttir, Holtastaðir | 73 | 28.- |
| 235. | Þórdís Berentsdóttir, Skólastræti 5 | 71 | 20.- |
| 236. | Þórdís Nikulásdóttir, Bræðraborgarstíg 32 | 78 | 20.- |
| 237. | Þórunn Jónsdóttir, Laugaveg 68 | 76 | 20.- |
| 238. | Þórunn Jónsdóttir, Þingholtsstræti 1 | 63 | 20.- |
| 239. | Þórunn Melkiorsdóttir, Skálabær | 63 | 20.- |
| 240. | Þuríður Hannesdóttir, Klapparstíg 11 | 71 | 20.- |
| 241. | Þuríður Höskuldsdóttir, Lindargötu 30 | 80. | 30.- |
| | | | 5733.- |
| | Hér frá gengur Ólafur Ólafsson nr. 160 með | | 20.- |
| | | Krónur | 5713.- |

K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndarálit það, sem getið er um í 5. lið á fundi 2. nóvember er svohljóðandi:

Málsókn gegn "Málmi" eða stjórn hans ætti að mega falla niður, ef útlent eða innlent ábyggilegt félag fengist til að taka að sér greiðslu skulda "Málms" til bæjarsjóðs og taki á sig sömu skuldbindingar gagnvart bæjarsjóði framvegis og á "Málmi".lágu.

Gegn því vill bæjarstjórnin heimila slíku félagi réttindi "Málms" með eftirfarandi breytingum á skilmálum fyrir námurétti félagsins "Málmur" í Reykjavíkurlandi, samkv. ályktun bæjarstjórnar á fundi 15. júní 1905.

1. Að undan allri yfirborðsnotkun leyfishafa sé þegin svæði þau, er E. Briem og E. Helgasyni hafa verið heimiluð og bænum heimil frjáls grjóttaka úr Eskihlíð og flutningur þangað, sem(mála á grjótið) nota á grjótið.

2. Prófgreftri og prófborunum skal lokið innan tveggja ára frá 1. janúar 1912.

3. Íslendingum skal gefinn jafn kostur á hluttöku í félaginu, sem öðrum þjóðum.

4. Aftan af 4. lið skilm. falli: "og bæjarstjórnarinnar hvernig hátta skal vinnunni", en í stað þess komi: "enda hafi bæjarstjórn eftirlit með því, að félagið gangi ekki á rétti bæjarfélagsins eða einstaklinga þess".

5. Í stað 5. liðs skilm. komi: "Bæjarstjórnin hefur eftirlit með reikningum félagsins og annari starfsemi að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja sér uppfyllingu á skuldbindingum félagsins gagnvart bæjarfélaginu.

6. Í stað "1. janúar 1906" komi: "1. janúar 1912" og viðbætist: "enda greiði félagið áfallin árgjöld "Málms"".

7. Aftan af 7 b falli: "upp í 50%".

8. 7. liður C falli burtu.

Lárus Bjarnason. Halldór Jónsson. K. Zimsen.

- Rétt innfært -
K.Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, hinn 15. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Fjárhagsáætlun fyrir 1912 rædd við 2. umræðu.
Eftir alllangar umræður var málinu frestað til aukafundar.
2.

2. Áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1912 var samþykkt við síðari umræðu.

3. Byggingarnefndargerðir frá 11. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu að felld var burtu síðasta klausa af 2. lið fundargerðanna: "Byggingarnefndin fellur að öðru leyti ekki frá ........... á byggingarsamþykktinni", að bæjarstjórn samþykkti, að krafan um, að Oddur Gíslason rífi burtu þakið af listihúsi sínu (en sú krafa var gerð á síðasta bæjarstjórnarfundi 1. mál) skyldi falla burtu, og að 8. lið og umræddi uppdráttur skal ganga milli bæjarfulltrúanna.

4. Veganefndargerðir frá 14. þ.m. voru lesnar upp og samþykktur töluliður 2, - hinum öðrum töluliðum frestað.

5. Skólamál:
Erindi stjórnarráðsins um að fá (hús og áhöld til skólaiðnaðar) matreiðslukennslu fyrir daufdumba í barnaskólanum var vísað til skólanefndar til úrslita.
Erindi frá barnaskólakennurunum um laun fyrir tímakennslu í maímánuði, var vísað til skólanefndar til umsagnar.

6. Dregnir út með hlutkesti til að fara úr bæjarstjórninni í janúarmánuði næstkomandi:
Magnús Th. Blöndahl,
frú Guðrún Björnsdóttir,
Knud Zimsen,
Þórður Thoroddsen,
frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

7. Ákveðið að kjósa skuli til niðurjöfnunarnefndar nú í lok þessa mánaðar í 3 deildum og kjördeildir kosnar:
Knud Zimsen, Oddur Gíslason, yfirréttarmálaflutningsmaður, og frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Pétur G. Guðmundsson, Eggert Briem skrifstofustjóri og frú Kristín Jakobsson.
Kristján Þorgrímsson, Eggert Claessen og fröken Ingibjörg Bjarnason skólastjóri.

8. Skýrt frá styrkbeiðni sjúkrasamlags Reykjavíkur.

9. Tvær beiðslur um erfðafestulönd, frá Margr. Jónsdóttur og G. Guðmundssyni Bræðraborgarstíg 18.

Var vísað til fasteignanefndar.

10. Tvö erindi um lækkun aukaútsvars vegna sjúkdóms var vísað til fátækranefndar.

11. Kosinn til að mæla þ.á. jarðabætur jarðræktarfélags Reykjavíkur - Gísli Þorbjarnarson.

12. Beiðni um endurborgun lóðargjalds frá Run. Þórðarsyni Vesturgötum 50B. var synjað.

13. Beiðni frá All-Hansen um bygging sprengiefna geymsluskúrs var vísað til brunamálanefndar og gengur svo til byggingarnefndar.

14. Beiðni Jóns Hinrikssonar um vatnsæð var vísað til vatnsnefndar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Brunabótavirðingar samþykktar:

a. Húseign Sam. Jónssonar, Skólavörðustíg 33 6589.-
b. - Kr. Jónssonar, Pósthússtræti 17331.-

Allir á fundi nema Jón Þorláksson, Þórður Thoroddsen, og Guðrún Björnsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. Magnús Blöndahl. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Katrín Magnússon. Pétur G. Guðmundsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Áætlun
um tekjur og gjöld hafnarsjóðs Reykjavíkur 1912, samþ. 15. nóv. samkv. 2. lið s.d. fundargj.

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Eftirstöðvar frá fyrra ári | Kr. | 92.000.oo |
| 2. Hafnargjöld af skipum | - | 11.000.oo |
| 3. Vextir af lánum og innstæðu í bönkum | - | 3.000.oo |
| 4. Tillag frá landssjóði til hafnargerðax | - | 50.000.oo |
| 5. Lán til hafnargerðax | - | 150.000.oo |
| | Kr. | 306.000.oo |

Gjöld:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. a. Laun Reikningshaldara | Kr. 150.oo | | | |
| b. Laun hafnarþjóns | - 120.oo | | Kr. | 270.oo |
| 2. Til vita- og hafnarstjóra: | | | | |
| a. Egneyjarvitarnir | Kr. 400.oo | | | |
| b. Innsiglingarvitinn | - 200.oo | | | |
| c. Bryggjuljósin | - 400.oo | | Kr. | 1000.oo |
| 3. Til | | | - | 250.oo |
| 4. Hafnarbryggjan | | | - | 150.oo |
| 5. Ýmisl. útgjöld, hreinsun fjörunnar ect. | | | - | 500.oo |
| 6. Til hafnargerðar | | | - | 200.000. oo |
| 7. Eftirstöðvar í árslok | | | - | 103.830.oo |
| | | | Kr. | 306.000.oo |

(Rétt innfært - vottar)

(Páll Einarsson).



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 30. nóvember var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Umræðum um fjárhagsáætlun bæjarins 1912 var lokið og atkvæði greitt um hana og fór þannig fram:
tekjuliðir 1 - 19 sþ. e.hlj.
21. liður s.þ. í e.hl.
Gjaldliður 1 - 2 sþ. e. hl.
3 a. - e. hl.
3. b. og c. sþ. eh.
Nýr liður 3. d. s.þ. e. hl.
4. liður a. sþ. e.hl.
Br. P. G. 4. b. fellt 8 atkv.
4. c. sþ. e. hl.
5. tölul. sþ. e. hl..
br. N. 6. lið (eftirlaun) sþ. e. hl.
7. tölul. sþ. e. hl.
br. N. við 8. lið samþ. með samhl. atkv.
9. tölul. a. og b. sþ. e. hl.
br. P.G.G. við 9. c. fellt 5 : 7.
9. c. 9. c. samþ. 7 samhl. atkv.
Viðauki G. Bj. cf. c. sþ.
Br. 9. d. G.B. felld e.hl.
9. liður d. sþ. e. hl.
10. - a. sþ. e. hl.
10. liður b. sþ. 8 : 1.
Br. Tr. G. þá fallin.
11. liður a. br. L.H.B. (lækki um 8480 kr.)
felld 8 : 5.
Nafnakall var haft. Já sögðu: Jón Jensson, L.H.Bjarnason, Arinbjörn Sveinbj., Kr. Þorgr., Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Nei sögðu: Halldór Jónsson, Kl. Jónsson, Katrín Magnúss., P. Guðm., M. Bl., Kn. Zimsen, Tr. G., P. Einarss., .
Br. J. Jenss. við sama lið felld 7 : 2.
Br. Tr. G. við sama lið felld 9 : 4.
11. a. óbreytt sþ. 7 : 6. Nafnakall:
Já: H. Jónss., Kl. Jónss., Katrín Magnúss., Pétur Guðmundss., M. Bl., Kn. Zimsen, P. Einarss.,. Nei sögðu: J. Jensson, L. Bjarnas., Arinbj. Sveinbjarnars., Kr. Þorgrímss., Bríet Bjarnhéðinsd., Tr. Gunnarsson.
Tölul. 11 b. br. till. Tr. G. felld 8 : 3.
- - - br. L. H. B. sþ. 7 : 6.
- - - þannig sþ. 8 atkv.
- 11.c. sþ. e. hl.
- 11. d. sþ. e. hl.
- 11. e. (hestar) viðaukatölul. Tr. Gunn. tekinn aftur.
- br. fjárh.n. sþ. e. hl.
11. d. sþ. e. hl.
- 11. f. viðaukatill. Tr. G. (mulningur) felld 9 : 1.
- 12, 13, 14, 15 sþ. e. hl.
- 16. a. s.þ. e. hl.
- 16. b. br. L.H.B. felld 5 : 5.
- 16. a. og b. sþ. 9 atkv.
- 17. og 18. sþ. 8 atkv.
- 19. a. sþ. e. hl.
- 19. b. br. fjárh. n. sþ. 8 : 1.
Viðaukagr. L.H.B. sþ. 8 atkv.
- 19. b. c. d og e. sþ. e. hl.
Viðaukatill. G.B. (5000 kr.) felld e. hl.
- 20. sþ. e. hl.
- 21. a -b sþ. e. hl.
- 21. c. br. J. Jenss. s . 8 atkv.
- 22. a. og b. sþ.
- 22. c. br. G. Bj. sþ. 7 : 4.
22. d. sþ. 9.
- 22. d. viðaukatill. G. Bj. felld 9 : 2.
- 22. e. og f. sþ. 9 atkv.
- 22. g. viðaukatill. P.G. (240 kr.) sþ. 6 : 4.
- 23. a. br. Br. Bj. felld 8 : 2.
- 23. a. - c. sþ. e. hl.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tölul. 23. f. viðaukatill. Nefnd. (200 kr.) sþ.

\- 24. 25. 26. sþ. e. hl.

Tekjuliður 20. br. fjárh.n. sþ. 9 atkv.
\- 22. br. L.H.B. / 7000 kr. sþ. 7 : 4
\- 23. afleiðing af undangengþ atkvæðagr.

2. Kosinn til að semja verðlagsskrá Eiríkur Briem.

Allir á fundi nema Jón Þorláksson, Þórður Thoroddsen og Guðrún Björnsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Tr. Gunnarsson. Magnús Blöndahl. K. Zimsen. Pétur G. Guðmundsson. Katrín Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Kl. Jónsson. Jón Jensson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Arinbjörn Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

UM TEKJUR OG GJOLD REYKJAVIKURKAUPSTAÐAR ÁRIÐ L(L":

| Tölul. | Tekjur: | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Eftirstöðvar frá fyrra ári | | 35.000.o |
| 2. | Tíund af fasteignum og lausafé | | 200.00 |
| 3. | Gjöld af byggðri og óbyggðri lóð | | 12400.00 |
| 4. | Landsskuld af jörðum | | 1450.00 |
| 5. | Leiga af erfðafestulöndum | | 3600.00 |
| 6. | Leiga af húsum, túnum, lóðum m.m. | | 500.00 |
| 7. | Tekjur af laxveiðinni í Elliðaánum | | 5700.00 |
| 8. | Hagatollur | | 1500.00 |
| 9. | Tekjur af ístöku, 25 aur. pr. tonn | | 250.00 |
| 10. | Tekjur af lóðasölu | | 1000.00 |
| 11. | Tekjur af seldum erfðafestulöndum | | 1000.00 |
| 12. | Tekjur eftir byggingarsamþykkt | | 1000.00 |
| 13. | Tekjur af vatnsveitunni: | | |
| | a. Vatnsskattur | 3900.00 | |
| | b. Vatnssala til skipa | 8000.00 | |
| | c. Endurborgun lána til húsæða | 1000.00 | 48000.00 |
| 14. | Tekjur af Gasstöðinni | | 26200.00 |
| 15. | Sótaragjöld | | 3000.00 |
| 16. | Hundaskattur | | 300.00 |
| 17. | Endurgoldinn fátækrastyrkur frá innansveitarm. | | 1600.00 |
| 18. | Endurgoldinn fátækrastyrkur frá öðrum sveitum | | 4000.00 |
| 19. | Styrkur frá landssjóðo og Thorkilliisjóði til barnaskólans og skólagjöld | | 6500.00 |
| 20. | Gjöld til holræsa og gangstétta | | 6000.00 |
| 21. | Óvissar tekjur bæjarsjóðs | | 3000.00 |
| 22. | Lán | | 62000.00 |
| 23. | Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, jafnað niður með 5 - 10% umfram | | 103284.45 |
| | | | 327484.45 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# G J O L D - - - - -

| Tölul.: | Gjöld: | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Skattar og gjöld til hins opinbera | | 250.00 |
| 2. | Árgjald til Helgafellsprestakalls fyrir Hlíðarhús og Ánanaust | | 204.45 |
| 3. | Stjórn kaupstaðarins: | | |
| | a. Kostnaður við bæjarstjórnina, nefndir o.fl. | 2000.00 | |
| | b. Laun og skrifstofufé borgarstjóra | 6000.00 | |
| | c. Laun bæjargjaldkera | 2500.00 | |
| | d. Til bæjargjaldkera, til að vera við lögtaksgerðir | 300.00 | 10800.00 |
| 4. | Til löggæzlu: | | |
| | a. Laun 4ra næturvarða | 3500.00 | |
| | b. Laun 4ra lögregluþjóna | 4100.00 | |
| | c. Önnur útgjöld | 300.00 | 7900.00 |
| ~~5.~~ | ~~Eftirlaun og ellistyrkur~~ | | |
| 5. | Laun sótara: | | |
| | a. Kristjáns Sæmundssonar | 1000.00 | |
| | b. Sæmundar Einarssonar | 900.00 | 1900.00 |
| 6. | Eftirlaun og ellistyrkur | | 1100.00 |
| 7. | Umsjón og varzla kaupstaðarlandsins | | 500.00 |
| 8. | Manntalskostnaður eftir reikningi | | 800.00 |
| 9. | Til heilbrigðisráðstafana: | | |
| | a. Laun heilbrigðisfulltrúa | 800.00 | |
| | b. Laun og persónuleg launaviðbót ljósmæðra | 700.00 | |
| | c. Styrkur til baðhúss Reykjavíkur - styrkurinn er bundinn því skilyrði, að fátæk börn í barnaskólanum fái ókeypis 2000 böð á vetri | 1000.00 | |
| | d. Önnur útgjöld | 150.00 | 2650.00 |
| 11. | Til vegagerðar og holræsa: | | |
| | a. Til vegagerða | 9950.00 | |
| | b. Til gangstétta | 3975.00 | |
| | c. Til ofaníburðar og viðhalds gatna og ræsa | 4000.00 | |
| | d. Til holræsa | 37465.00 | 55390.00 |
| 12. | Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna | | 4000.00 |
| 13. | Til götulýsingar | | 4000.00 |
| 14. | Til vatnsveitunnar: | | |
| | Afborgun og vextir | 32000.00 | |
| | b. Reksturskostnaður | 1000.00 | |
| | c. Til endurnýjunar og aukningar | 2000.00 | |
| | d. Til vatnsæðar að Grímsstaðaholti | 4000.00 | 39000.00 |
| 15. | Til slökkvitóla og slökkviliðs: | | |
| | a. Laun slökkviliðsins | 2600.00 | |
| | b. Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa | 500.00 | |
| | c. Ýms útgjöld | 300.00 | 3400.00 |
| 16. | Til gasstöðvarinnar: | | |
| | a. Afborgun og vextir | 26200.00 | |
| | b. Til aukningar | 10000.00 | 36200.00 |
| 17. | Til aukningar og endurbóta á fasteign kaupstaðarins | | 1000.00 |
| 18. | Til áhalda og viðgerða á þeim | | 9200.00 |
| 19. | Til fátækraframfæris: | | |
| | a. Til ómaga undir 16 ára | 3500.00 | |
| | b. Til þurfamanna eldri en 16 ára, af fé þessu má nota allt að 2000 kr. til að kaupa útgengileg verk af fólki, sem ella mundi þurfa að leita fátækrastyrks | 30000.00 | |
| | c. Greftrunarkostnaður þurfamanna | 700.00 | |
| | d. Lögflutningur þurfamanna | 300.00 | |
| | e. Önnur útgjöld | 600.00 | 35100.00 |
| 20. | Til þurfamanna annara sveita | | 6000.00 |
| | Flyt | | 225594.45 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjöld frh.:

| Tölul. | Gjöld: | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 225.594.45 |
| 21. | Til barnaskólans: | | |
| | a. Laun fastra kennara | 5500.oo | |
| | b. Til stundakennara | 20000.oo | |
| | c. Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | 200.oo | |
| | d. Til áhaldakaupa | 700.oo | |
| | e. Til eldiviðar og ljósa | 2200.oo | |
| | f. Til viðhalds og endurbóta á skólahúsi og lóð | 1000.oo | |
| | g. Ýms útgjöld skólans, ræsting, brunabótagjöld o. fl. | 2800.oo | |
| | h. Til matgjafar handa fátækum börnum | 700.oo | 33.100.oo |
| 22. | Ýmsir styrkir: | | |
| | a. Til kvennaskóla Reykjavíkur | 500.oo | |
| | b. Til Iðnskólans | 300.oo | |
| | c. Til Leikfélags Reykjavíkur | 500.oo | |
| | d. Til Alþýðulestrarfélags Reykjavíkur | 150.oo | |
| | e. Til skógræktarfélagsins | 200.oo | |
| | f. Til sjúkrasamlags Reykjavíkur | 240.oo | 1.890.oo |
| 23. | Ýmisleg útgjöld: | | |
| | a. Til leikvalla handa bornum | 200.oo | |
| | b. Til viðhalds á Þvottalaugunum og umsjón þar | 500.oo | |
| | c. Til viðhalds á sundlauginni og sundkennslu auk 300 kr. tillagi frá landssjóði | 700.oo | |
| | d. Til umsjónar með Elliðaánum og viðgerðar á veiðimannahúsinu | 400.oo | |
| | e. Til risnu | 500.oo | |
| | f. Til að mæla vatnsmagnið í Elliðaánum | 200.oo | 2.500.oo |
| 24. | Vextir og afborgun lána, annara en til vatnsveitu og gasstöðvar | | 28.400.oo |
| 25. | Óviss útgjöld | | 1.000.oo |
| 26. | Eftirstöðvar til næsta árs | | 35.000.oo |
| | | | 327.484.45 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 7. desember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 2. og 3. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.
Tilkynnt bréf stjórnarráðsins dags. 23. nóvember.

2. Veganefndargerðir frá 4. þ.m. voru lesnar upp.
a. Erindi frá búendum við Vesturgötu um holræsi milli Bræðraborgarstígs og Framnesvegar. Málið var falið nefndinni, er láti rannsaka það og aðrar slíkar beiðslur, er fram kunna að koma til næsta vors og leggja síðan fyrir bæjarstjórn tillögur sínar hér að lútandi.
Að öðru leyti voru gerðir nefndarinnar samþykktar.

3. Hafnarmál:
a. Borgarstjóri hafði útbýtt meðal fulltrúanna skýrslu um lántilboð til hafnargerðarinnar m.m.
b. Kosnir til að taka sæti í hafnarnefnd:
Ásgeir Sigurðsson, kaupmaður,
Geir Sigurðsson, skipstjóri.

4. Fundargerðir gasnefndarinnar frá 5. þ.m. voru lesnar upp. Út af endurskoðun rekstursreiknings gasstöðvarinnar 1910 - 1911 samþykkti bæjarstjórnin svohljóðandi tillögu:
Bæjarstjórnin kýs verkfræðing Knud Zimsen til að endurskoða gasreikninginn með þeim fyrirvara, að fjárhagsnefnd nái samkomulagi við hann um borgun fyrir verkið.
Að öðru leyti voru gerðir nefndarinnar samþykktar.

5. Fasteignanefndargjörðir frá 5. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, með þeim breytingum, að árgjaldið fyrir kálgarða, er Guðm. Einarsson, Framnesvegi 1 A. og Jón Einarsson, Bræðraborgarstíg 19 eiga að fá, skal reiknast eins og venjulegt lóðargjald(af óbyggðri lóð), og að frestað væri að taka ákvörðun um um beiðni Ól. Jónssonar um erfðafestuland.

6. Rætt var við fyrri umræðu tilboð frá Baðhúsfélaginu um sölu Baðhússins. Kosnir í nefnd til að íhuga málið:
Knud Zimsen 8 atkvæði.
Halldór Jónsson 6 atkvæði
Kristján Þorgrímsson 5 atkvæði.

7. Kröfu Ólafs kaupm. Árnasonar um burtfelling eða niðurfærzlu aukaútsvars hans þ.á. vildi bæjarstjórnin ekki taka til greina.

8. Erindi Ólafs Jónssonar lögregluþjóns um launaviðbót eða styrk til einkennisbúnings kaupa - var vísað til fjárhagsnefndar.

9. Kosnir í nefnd til að gera tillögur um salernishreinsanir:

| | |
|---|---|
| Tr. Gunnarsson | 8 atkv. |
| Kn. Zimsen | 6 - |
| Kristján Þorgrímss | 5 - |

10. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign E. Rokstað Laugarnesvegi | 5951.- |
| b. | - Finnb. Lárussonar, Brekkustíg 9 B | 1230.- |

Allir á fundi nema Lárus H. Bjarnason, Jón Þorláksson, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Þórður Thoroddsen og Guðrún Björnsdóttir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Jón Jensson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Tr. Gunnarsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson. Pétur G. Guðmundsson. Kl. Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 21. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndargerðir frá 16. og 20. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Fasteignanefndargerðir frá 19. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Ólafur Jónsson, lögregluþjónn sækir um 100 kr. styrk til einkennisbúningskaupa. Fjárhagsnefnd þótti ekki ástæða til að mæla með beiðninni. Bæjarstjórnin vill ekki taka beiðni lögregluþjónsins til greina.

4. Hafnarnefndargerðir frá 19. þ.m. voru lesnar upp og samþykkt tillaga hennar um að verja 620 kr. til að kaupa sterkari ljósbrjót í hafnarvitann.
Bæjarverkfræðing falið að útvega áreiðanlegan mann til þess, að líta eftir til bráðabirgða hafnarvitanum, frá 1. næsta mánaðar, undir einni umsjón.
Ákvörðunum um hafnarbygginguna var frestað til aukafundar næsta fimmtudag.

5. Kosnir í kjörstjórn við kosningu í bæjarstjórn í janúarmánuði:
Klemens Jónsson og Halldór Jónsson.

6. Tillaga bæjarfógeta um einkennisbúning fyrir lögregluþjóna bæjarins var vísað til fjárhagsnefndar.

7. Frumvarp til reglugerðar um mjólkursölu. Frestað, og leita skal álits heilbrigðisnefndar.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Björns Guðmundssonar, Framnesvegi 30 | 812. - |
| b. | - Slökkviliðs Reykjavíkur, Tjarnargötu | 10833. - |

Allir á fundi nema Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Pétur G. Guðmundsson.
Tr. Gunnarsson. Lárus Bjarnason. Kristján Þorgrímsson.
Kl. Jónsson. Guðrún Bjornsdóttir. Jón Þorláksson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. K. Zimsen. Jón Jensson. Magnús Blöndahl.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, fimmtudaginn 28. desember var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

Hafnarmálið var rætt og tillögur hafnarnefndar frá 27. þ.m. Svohljóðandi tillaga var fyrst borin upp:
"Bæjarstjórnin samþykkir að gjöra höfnina á grundvelli áætlunar Gabr. Smiths" og var hún samþykkt í einu hljóði.
Þessi viðauki: "og bjóði verkið út, sem allra fyrst" var samþykktur með 10 atkv. gegn 4 og var haft nafnakall. Já sögðu Halldór Jónsson, Kl. Jónsson, Katrín Magnússon, Magnús Blöndahl, Lárus Bjarnason, Jón Þorláksson, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Kn. Zimsen, Kristján Þorgrímsson og Guðrún Björnsdóttir. Nei sögðu: Jón Jensson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Tr. Gunnarsson og Páll Einarsson.
Viðaukatillaga: "Til eins manns í Danmörku, Noregi, Svíaríki, Þýzkalandi og Englandi" var borin upp og felld með nafnakalli. Sögðu allir nei, nema Tr. Gunnarsson.

Allir á fundi nema Pétur Guðmundsson og Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Lárus Bjarnason. Kl. Jónsson. Magnús Blöndahl. Tr. Gunnarss.,
Arinbj. Sveinbjarnarson. Katrín Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson. Jón Þorláksson. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudaginn 4. janúar var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni:

1. Málið um frumvarp til reglugjörðar um mjólkursölu, var eftir ósk flutningsmanns, sem ekki gat komið á fund sakir lasleika, tekið út af dagskrá.

2. Nefndarálit um ráð til að koma í veg fyrir að börn og unglingar undir fermingu séu úti á götum bæjarins á kvöldin, var tekið til umræðu og var tillaga nefndarinnar felld, en hún fór því fram, að sett væri í lögreglusamþykkt bæjarins það ákvæði, að lögregluþjónunum skyldi falið að sjá um að börn og unglingar undir fermingu færu til heimila sinna ekki seinna en kl. 10 á kvöldin, nema þau séu í fylgd með foreldrum sínum eða aðstandendum.

3. Byggingarnefndargerðir frá 30. des. fyrra ár voru lesnar upp og samþykktar.

4. Fasteignanefndargjörðir frá 2. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

5. Kosinn til að stýra fundum í forföllum borgarstjóra yfirstandandi ár Klemens Jónsson.

6. Kosnir til að semja ellistyrktarsjóðsskrá þ. á.:
Pétur Guðmundsson,
Kristján Þorgrímsson,
Lárus H. Bjarnason.

7. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Húseign | Sigurjóns Sigurðssonar | (nr. 19 í Hafnarstræti) | 6910.kr. |
| - | Sama | (nr. 21 - - ) | 31115.- |

Allir á fundi nema Halldór Jónsson, Guðrún Björnsdóttir, Þórður Thoroddsen. Magnús Blöndahl, Lárus H. Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Pétur G. Guðmundsson. Kristján Þorgrímsson.
Jón Jensson, Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Tr. Gunnarsson. K.Zimsen.
Katrín Magnússon. Arinbj. Sveinbjarnarson. Jón Þorláksson.
Kl. Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudaginn 17. janúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Frumvarp til reglugerðar um mjólkursölu. Málið hafði verið til álits heilbrigðisnefndar og hún mælti með því óbreyttu. Eftir langar umræður var málinu frestað.
Svohljóðandi tillaga var samþykkt:
Bæjarstjórnin krefst þess, að heilbrigðisnefndin framfylgi stranglega ákvæðum heilbrigðissamþykktarinnar um mjólkursölu.

2. Um útivist barna á kvöldin - var tekið út af dagskrá.

3. Byggingarnefndargerðir frá 13. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

4. Um leigu á Eiðsgranda. Samþykkt að fresta málinu og vísa til hafnarnefndar til íhugunar.

5. Ákveðið að hafa 5 deildir við kosningu bæjarstjórnar í næstu viku, og kosnir í:

1. deild:
Jón Þorláksson, verkfræðingur
Indriði Einarsson, skrifstofust.
Laufey Vilhjálmsdóttir

2. deild:
Kr. Þorgrímsson, bæjarf.
Eggert Briem, skrifstofust.
Sigurbjörg Þorláksdóttir.

3. deild:
Jón Jensson, bæjarfulltrúi.
Arinbj. Sveinbjarnarson.
Ingibjörg Brands.

4. deild:
Pétur Guðmundsson, bæjarfullt.
Magnús Guðmundsson, cand. jur.
Helga Torfason.

5. deild.
Frú Katrín Magnússon.
Guðm. Sveinbjörnsson.
Ólafur Rósenkranz.

6. Úrskurðaður Ellistyrktarsjóðsreikningur 1910 í samræmi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara.

7. Felld burtu aukaútsvör 1911 þessara manna:
a. Björns Jónssonar, Laugavegi 46, 8 kr. sakir veikinda.
b Katrínar Andrésdóttur, Njálsgötu 48, lækkað úr 25 kr í 10 kr.
c. Júlíana Sveinsdóttir, Skálholtsstíg, 10 kr.
d. Sveinbjarnar Oddssonar prentara, 1909 og 1910 25 kr. sakir veikinda.

8. Umsókn Sigurjóns Péturssonar um styrk var vísað til Brunamálanefndar.

9. Tilkynnt bréf niðurjöfnunarnefndar, þar sem skýrt er frá, að hún hafi ákveðið að halda sömu röðun nafnanna, sem verið hefur næst undanfarin ár.

10. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Jóhanns Jóhannessonar, Laugav. 19 | 4820.- |
| b. | - | Th. Thorsteinsen, Kirkjusandi | 11468.- |
| c. | - | Sig. Sigurðssonar, Suðurgötu 6 | 1807.50 |
| e. | - | 7. dags. Aðventista Spítalast.-Ingólfsst. | 6880.- |
| d. | - | Jóh. Jóhannssonar, Laufásvegi 3 | 5061.- |
| f. | - | Þorst. Ásbjarnarsonar, Njálsgötu 35 | 5158.- |

11. Frestað til næsta fundar málinu um salernishreinsun og erindi Garðars Gíslasonar um Frostastaðalóð.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. K. Zimsen. Jón Jensson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Pétur G. Guðmundsson. Jón Þorláksson.
Tr. Gunnarsson. Magnús Blöndahl. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudaginn 1. febrúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 29. f.m. voru lesnar upp og samþykktar.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 30. f.m. voru lesnar upp og samþykktar, og þar með var hafnað að nota forkaupsrétt að erfðafestulandi Péturs Ingimundarsonar í Kringlumýri, er hann ætlar að selja Jóni Zöega fyrir 450 kr.

3. Vatnsnefndargjörðir frá 29. f.m. voru lesnar upp og samþykktar tillögur hennar um, að leggja vatnsæð til húss Þórðar Þórðarsonar í Laugarnesi.

4. Brunamálanefndargjörðir frá 30. f.m. voru lesnar upp og 1. liður samþykktur með þeirri breyting til nefndarinnar, að ef til vill mætti láta þann, er slökkvitólahús vesturbæjarins byggir, fá viðinn og járnið úr gamla slökkvitólahúsinu í Templarasundi.
Tillögur nefndarinnar um útboð á bygging brunasímans var samþykkt.
Felldur var 3. liður nefndargjörðanna, og þar með málið um styrk, er Sigurjón Pétursson hafði sótt um.

5. Hafnarnefndargjörðir frá 30. f.m. Frumvarp um samning um leigu á Eiðsgranda. Eftir nokkrar umræður. Eftir nokkrar umræður var gengið til atkvæða
1. gr. sþ. óbreytt.
Við 2. gr.: Í stað "bryggjur" var samþ. "bátabryggjur". Á eftir "Heimillt er leigulíða" og í stað: "með samþykki hafnarnefndar" var samþ.: "eftir útvísun byggingarnefndar".
Fellt burtu "Hafskipabryggju . . . . . . sömu leigutaka". En í stað þess samþykkt: "Bátabryggju má þó aðeins nota til fermingar eða(affermingar) afskipunar á fiskiafurðum leigutaka".
2. gr. þannig samþ.
3. gr. Breytingartillaga. Á eftir orðunum: "úr fjörunni" komi: "fyrir leigulandinu".
3. gr. þannig samþ.
4. gr. óbreytt samþ.
6. gr. verði 5. gr. samþykkt. Við þá gr. sþ. breytingartill. (Tr. Gunnarss.): Leigutíminn er 20 ár o. s. frv.
Á eftir orðunum: "að taka burtu" komi: "á sinn kostnað" sþ.
Greinin þannig samþykkt.
6. gr. (áður 5. gr.): sþ. þannig:
Leigan er 350 kr. fyrstu 10 árin, og síðari 10 árin eftir mati dómkvaddra manna, þó lágmarkið 350 kr.
7. gr. br. till. Orðin: "ef hún vill" felld burtu.
br. till. um að fella niðurlag greinanna frá "enda hafi etc" með nafnakalli 7 : 7. Já sögðu: Kl. Jónsson, Pétur Guðmundsson, M. Bl., L.H.B., Kr. Þorg., Bríet Bj., Tr. Gunn.,
Nei sögðu: Halldór Jónsson, Jón Jensson, Katrín Magnúss., Jón Þorlákss., Arinbj. Sveinbj., Guðrún Bj., borgarstjóri.
7. gr. þannig samþykkt með nafnakalli 8 : 4. Þessir 4 voru: Kl. Jónss., M. Bl., Arinbj. Svb., og Kr. Þorgr. L.H.B. og Kn. Z. greiddu ekki atkvæði.
8. gr. sþ. óbr.
9. gr. br. viðbót: "enda fari þá um skyldur kaupanda samkv. samningnum" sþ.
Greinin þannig samþykkt.
10. gr. sþ. óbreytt.

6. Frumvarp til reglugerðar um mjólkursölu: Atkvæðagreiðsla:
1. gr. a. Samþ. br.: "fjós" í stað "fjár".
- - a. felld br. (K.Zim.)
- - c. viðbót sþ. á br. till. G.B. og Þ.Th.
- - a. b. c. sþ.
1. br. 2. gr. þeytirjómi 25% sþ.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. br. Nýmjólk í stað 3.50% s. 3.25%.
Leiðréttir desimalar.
2. gr. sþ.
4. br. 3. gr. 1. línu sþ. "N/ýmjólk" í stað "nýmjólk".
5. br. Eftir 4. lið 5. liður nýr sþ.
6. br. sþ. 6. br. við 3. gr.
7. br. sþ. 7. br. - " -
3. gr. þannig samþ.
8. br. við 3. gr. samþykkt.
4. gr. sþ. óbr.
9. br. við 5. gr. sþ. 9. gr. þannig sþ.
10. br. 7. gr. falli sþ.
Br. Kn. Z. við 8. gr. sþ.
9. gr. sþ.
10 gr. sþ. "fjós" í stað "ljós".
11. gr. sþ.
12. gr. sþ. br. : í stað "50" "200", með nafnakalli.
Í heild samþykkt.

Svohljóðandi"Samþykkt um breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík 30. jan. 1905 og 27. febr. 1908 var sþ.
39. gr. heilbrigðissamþykktarinnar orðist þannig:
Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt reglugjörð um mjólkursölu, er bæjarstjórnin hefur samið og stjórnarráðið samþykkt.

7. Erindi Garðars Gíslasonar um Frostastaðalóð.
Tillaga hluta eigandi nefndar um, að aðgjörðir bæjarstjórnarinnar frá 20. okt. 1910 skuli óbreyttar standa, var samþykkt.
Viðaukatillaga: "þó þannig að bæjarstjórnin er fús á að leggja málið í gjörð, ef Garðar Gíslason óskar þess" var felld með með 6 : 5.-

8. Um kaup á Baðhúsinu. Nefndarálit lá fyrir.
Tillaga nefndarinnar um að bærinn kaupi baðhúsið var samþykkt með 6 atkv. gegn 1.

9. Erindi Aall-Hansen um grunn undir geymsluhús fyrir tundurefni. Nefndarálit lá fyrir. Tillaga um að fresta málinu til næsta fundar var samþykkt.

10. Erindi Jes Zimsen um byggingu lifrarbræðsluhúss. Málinu vísað til fasteignanefndar.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Emil Rokstað, Laugavegi | 8470.- |
| b. | - Magnúsar Steindórss. (smíðahús nr. 798) | 2610.- |
| c. | - Stgr. og Gísla Sveinss. Sveinsstöðum | 3547.- |

12. Tilkynnt bréf brunamálastjórans um að misritun hafi orðið á brunabótavirðingarverði Ásg. Sigurðssonar Suðurgötu 6. Brunabótavirðing hússins á að vera 3462 kr. (3462 kr.).
Bæjarstjórnin samþykkti breytinguna.

13. Um lántöku til hafnargerðarinnar.
Málinu frestað til aukafundar.

Allir á fundi nema Þ. Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Magnús Blöndahl. Pétur G. Guðmundsson. Tr. Guðmundsson. Jón Þorláksson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson. Kl. Jónsson. Guðrún Björnsdóttir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SAMÞYKKT
um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík ~~1905~~ 30. jan. 1905 og 27. febr. 1908.

39. gr. heilbrigðissamþykktarinnar orðist þannig:
Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt reglugjörð um mjólkursölu, er bæjarstjórnin hefur samið og stjórnarráðið samþykkt.

REGLUGJÖRÐ

fyrir mjólkursölu í Reykjavík. -

1. gr.

a. Allir, sem vilja gjörast mjólkursalar í Reykjavík skulu sækja skriflega um það til lögreglustjóra, og skal umsókninni fylgja vottorð dýralæknis um það, að fjós og nautgripir mjólkurframleiðanda séu í góðu lagi og skal mjólkursali á hverju ári í aprílmánuði senda lögreglustjóra slíkt vottorð.

Að fengnu söluleyfi ber umsækjanda að fullnægja ákvæðum heilbrigðissamþykktar kaupstaðarins og skal hann vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar. Sérhver mjólkursali er skyldur til að tilkynna lögreglustjóra tafarlaust frá hvaða heimilum mjólkin sé, sem hann selur, hvar í bænum salan fer fram og sömuleiðis flutning sölustaðar.

b. Bæjarbúar þeir, er framleiða mjólk til sölu, skulu tilkynna það lögreglustjóra og skal þeirri tilkynningu fylgja vottorð dýralæknis um það sama, sem tekið er fram undir a lið.

Þeir skulu geyma mjólkina og selja í sæmilegum húsakynnum, sem heilbrigðisfulltrúi telur viðunandi.

c. Heimillt er áreiðanlegum mjólkursölum að kalla mjólk sína barnamjólk, en hlýta verða þeir ákvæðum væntanlegrar reglugjörðar þar að lútandi.

2. gr.

Fita skal minnst:

| | |
|---|---|
| í kaffirjóma | 15% |
| í þeytirjóma | 25% |
| í nýmjólk | 3.25% |
| í undanrennu | 1/2% |

Eðlisþungi sé við 15° C. 1.028-1.034, undanrenning 1.032-1.038.

3. gr.

Bannað er að selja mjólk, sem er :
1. Óeðlileg á lit eða lykt, beizk eða sölt á bragðið, slímkennd, blóðblandin, strinduð eða súr.
2. Úr veikum kúm, svo ástæða sé til að ætla að hún sé óholl.
3. Blönduð vatni, ís eða öðrum efnum, hvort heldur þau eru sett í mjólkina til þess hún haldi sér betur eða í öðrum tilgangi.
4. Óhrein. Óhrein er mjólkin, ef sýnilegt grugg sezt undir hana á 1 klukkutíma.
5. Nýmjólk, sem er svikin á þann hátt, að rjómi hefur verið tekinn úr henni, eða hún hefur verið blönduð með undanrennu, eða síðasta mjólkin úr júfrinu tekin frá.

Bannað getur heilbrigðisnefnd mjólkursölu ef óþrifalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti og hirðing kúnna er í svo löku lagi, að erfitt sé að forðast að mjólkin óhreinkist; sömuleiðis ef næmur sjúkdómur er á heimili mjólkurframleiðanda. eða mjólkursala. -



-(4. gr.)
Broddmjólk má ekki setja saman við aðra mjólk.

4. gr.
Kæla skal mjólkina strax eftir að búið er að mjólka, þannig

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Broddmjólk má ekki setja saman við aðra mjólk.

4. gr.

Kæla skal mjólkina strax eftir að búið er að mjólka, þannig að á veturnar séu ílátin sett út, meðan mjólkin kólnar, og á sumrin séu mjólkurílátin sett ofan í kalt vatn hæfilegan tíma. Í sölubúðum skal hafa útbúnað til að kæla mjólkina þegar þörf gerist.

5. gr.

Öll mjólk skal flutt til bæjarins og um hann í lokuðum, þrifalegum vögnum. Þó skal leyfilegt að tjalda yfir mjólkurílátin með segldúk í opnum vögnum, enda sé sá útbúnaður svo, að ílátin sé varin ryki og óþverra. Við allan flutning mjólkur og mjólkuríláta skal gæta ítrasta hreinlætis. Skylt skal að búa svo um mjólkurílátin að frost nái ekki mjólkinni.

6. gr.

Ekki má flytja, geyma eða selja mjólk í ílátum úr eir, messing eða sinki, nema tinuð sé að innan, né öðrum ílátum, sem spilla mjólkinni, sérstaklega ryðguðum. Sama gildir um krana í mjólkurílátum.

Öll mjólkurílát, sem mjólk er flutt í til útsölustaðanna, skulu vera með svo víðu opi, að hendi fullorðins manns komist ofan í þau. Undanskildar eru þó glærar flöskur. Mjólkurmál skulu vera með handfangi og fullnægja að efninu til sömu skilyrðum og önnur mjólkurílát. Mjólkurílát má aldrei hafa undir annað en mjólk, nema heilbrigðisfulltrúi leyfi.

Ef þétta þarf lok mjólkuríláts, sem mjólk er flutt í til útsölustaða, skal það gjört með togleðurshring. Sérhver mjólkurframleiðandi, sem hefur útsölu á mjólk í Reykjavík, er skyldur til að merkja mjólkurílát sín með glöggu eignarnefni og senda þau innsigluð til útsölustaðanna. -

Öll mjólkurílát skulu vandlega hreinsuð.

7. gr.

Öll mjólkursala á götum úti er bönnuð nema í lokuðum ílátum óáteknum.

8. gr.

Mjólkursölubúðir skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum. -

1. Búðin skal björt, loftgóð og auðvelt að hreinsa. Veggir skulu annað hvort málaðir ljósir eða kalkaðir og séu þá kalklitaðir árlega. Loftið skal fyllilega þétt, rykhelt, gólfið vatnsþétt, hellulagt, þakið linoleum, vandlega málað eða gjört svo ~~[illegible]~~ jafngildi þessu.

2. Bekkir eða hyllur skulu vera fyrir mjólkurílátin og bakkar undir málin.

3. Búð og ílátum skal halda vandlega hreinum, gólf þvegin daglega, en aldrei sópuð.

Í mjólkurbúðum má ekki án leyfis heilbrigðisnefndar selja annað en brauð, kökur, mjólk, grjón, smjör, smjörlíki og egg.

Sölumaður skal laus við næma og viðbjóðslega kvilla, vera hreinlegur til fara, helzt í hvítum ytri klæðum.

Í mjólkurbúðum má hvorki sofa né matast. Liggi svefnherbergi eða eldhús að búðinni, skal vel felld hurð á milli, sem jafnaðarlega sé læst. -

9. gr.

Sýkist maður á heimili mjólkursala, í því húsi er mjólkin er seld, skal það tafarlaust tilkynnt heilbrigðisfulltrúa.

10. gr.

Heimillt skal heilbrigðisfulltrúa hvenær sem vera skal að athuga sölubúðir, ílát, mjólk, fjós og annað, sem að mjólkursölu eða þrifnaði lýtur. Skylt skal að láta honum í té endurgjaldslaust mjólk til rannsóknar. Heilbrigðisfulltrúi skal skyldur til að rannsaka mjólk, ef mjólkursalar óska þess. -



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. gr.

Heimilt skal heilbrigðisfulltrúa að ónýta mjólk, sem sala er bönnuð á samkvæmt reglugjörð þessari. Sé hún grunsöm, má kyrsetja hana. Skylt skal að láta rannsaka nýmjólk á efnarannsóknastofu,(heil) ef heilbrigðisfulltrúi telur það þörf, og greiðir bæjarsjóður kostnaðinn við þá rannsókn.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum allt að 200 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, mánudaginn 5. febrúar , var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni heima hjá borgarstjóra.

Hinir nýkosnu bæjarfulltrúar:

Sveinn Björnsson, cand. jur.

Þorv. Þorvarðarson, prentsmiðjustjóri.

Kn. Zimsen, verkfræðingur.

Guðrún Lárusdóttir, húsfrú og

Hannes Hafliðason, skipstjóri mættu (allir) á fundinum í fyrsta sinn.

Á dagskrá var hafnarlánið.

Dönsku og íslenzku bankarnir 6 hafa tilkynnt skriflega, að bæjarstjórn fái frest til, með svar sitt upp á tilnoð þeirra til 1. maí þ.á. Ákveðið var að fresta öllum ákvörðunum um lánið til hafnargerðarinnar fyrst um sinn til 20. þ.m.

Allir á fundi nema Kn. Zimsen og Klemens Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Katrín Magnússon. Guðrún Lárusdóttir. Lárus Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Tr. Gunnarsson. Jón Jensson. Sveinn Björnsson. Hannes Hafliðason. Arinbj.Sveinbjarnarson. Þorvarður Þorvarðsson. Pétur G. Guðmundsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudaginn 15. febrúar var reglulegu fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Konar nefndir í bæjarstjórn:

Fjárhagsnefnd:

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Jónsson | 14 | atkv. |
| L. H. Bjarnason | 9 | - |

Fasteignanefnd:

| | | |
|---|---|---|
| Arinbj. Sveinbjarnars. | 10 | atkv. |
| Kn. Zimsen | 10 | - |

Fátækranefnd:

| | | |
|---|---|---|
| Katrín Magnússon | 15 | atkv. |
| Kristján Þorgrímsson | 15 | - |
| Pétur G. Guðmundsson | 15 | - |
| Guðrún Lárusdóttir | 12 | - |

Byggingarnefnd:

| | | |
|---|---|---|
| Kn. Zimsen | 14 | atkv. |
| Þorv. Þorvarðarson | 6 | - |
| Rögnv. Ólafsson | 15 | - |
| Sigv. Bjarnason | 9 | - |

Veganefnd:

| | | |
|---|---|---|
| Jón Þorláksson | 14 | atkv. |
| Klemens Jónsson | 12 | - |
| Kristján Þorgrímsson | 12 | - |
| Tr. Gunnarsson | 10 | - |

Brunamálanefnd:

| | | |
|---|---|---|
| Arinbjörn Sveinbjarnar | 12 | atkv. |
| Jón Þorláksson | 8 | - |
| Hannes Hafliðason | 8 | - |

Skattanefnd:

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Jónsson | 12 | atkv. |
| Klemens Jónsson | 12 | - |

Heilbrigðisnefnd:

| | | |
|---|---|---|
| Sveinn Björnsson | 11 | atkv. |

Stjórn Fiskimannasjóðs:

| | | |
|---|---|---|
| Tryggvi Gunnarsson | 11 | atkv. |

Vatnsnefnd:

| | | |
|---|---|---|
| Þorv. Þorvarðarson | 9 | atkv. |
| L. H. Bjarnason | 8 | - |

Gasnefnd:

| | | |
|---|---|---|
| Borgarstjórinn | 11 | atkv. |
| Kn. Zimsen | 11 | - |
| Pétur G. Guðmundsson | 12 | - |
| Jón Jensson | 11 | - |
| Kl. Jónsson | 9 | - |

Frestað að kjósa hafnarnefnd til næsta fundar. Tilkynnt bréf stjórnarráðs er úrskurðar, að borgarstjóri eigi ekki að sitja í nefndinni.

Kosnir skrifarar bæjarstjórnar:

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Jónsson | 12 | atkv. |
| Kn. Zimsen | 7 | - |

2. Byggingarnefndargjörðir frá 10. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Fasteignanefndargjörðir frá 6. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót:við leyfi Jes Zimsen fyrir landi á að a. eftir orðunum "gjald af byggðri lóð" komi "þó fái hann ekki rétt til lýsisbræðslu lengur en til 15 ára. Að þeim tíma liðnum getur bæjarstjórnin bannað þar lýsisbræðslu með eins árs fyrirvara eftir tillögum heilbrigðisnefndar".

Frestað að taka ákvörðun um síðara atr. nefndargjörðarinnar (beiðni Vilhj. Bjarnasonar um, a, breyta 300 ferálnum úr Rauðarártúni í byggingarlóð).

4. Um salernahreinsun:

Nefndarálitið var til umræðu, dags. 18. f. m. "Bæjarstjórnin samþykkir að taka að sér hreinsun salerna í bænum, svo fljótt, sem því verður við komið og felir nefndinni að leita samninga við þá, er kynnu að vilja taka að sér verkið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og koma síðan fram með tillögur um hvort endurgjald húseiganda skuli greiða" - var samþykkt.

5. Framlagðir reikningar Sjúkrhúsfélags Reykjavíkur, Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur og Sjúkrasjóðs hins íslenzka kvenfélags, og kosnir til að endurskoða þá: Halldór Jónsson og Jón Jensson.

6. Alþingiskjörskrá lögð fram til undirskrifar og kosnir til að taka á móti og gera tilllögur um væntanlegar kærur: Halldór Jónsson og Jón Jensson.

7. Kæra frá Friðrik Magnússyni um niðurfærzlu á aukaútsvari. Kærunni var vísað frá sem allt of seint fram kominni.

8. Beiðni frá Páli Halldórssyni um burtfelling aukaútsvara 1908-1909 og 1911, samtals 32 kr. Bæjarstjórn samþykkti beiðnina.

9. Erindi G. Zöega um lýsisbræðslu í Orfirisey var vísað til hafnarnefndar.

10. Út af bréfi verkfræðings C. Monbergs í Khöfn til borgarstjóra dags. 25. f.m. samþykkti bæjarstjórn svohljóðandi tillögu: Samþykkt að tilkynna N.C.Monberg, að bæjarstjórnin taki á móti tilboði í(höfnina) hafnargerðina frá honum, með þeim breytingum frá hinum fyrirliggjandi áætlun~~um~~, er hann telur æskilega, enda þótt þær breytingar séu svo verulegar, að telja megi, að haus hafnargerð arfyrirkomulags sé allt annað en hið fyrirliggjandi.

11. Erindi frá Þór. B. Þorlákssyni og Jóni Jónssyni um lóðarkaup var vísað til ~~fasteignanefndar/// fást~~ byggingarnefndar.

1 . Erindi frá Emil Strand um um leigu á lóð var vísað til fasteignanefndar.

13. Tilboð Þorbjörns Finnssonar um að gerast vörður Elliðaánna var vísa til fasteignanefndar til úrslita.

14. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign H. Hannessonar, Bankastræti 12 | 3410.- |
| b. | - Jóns Sigurðssonar o.fl., Laugavegi 12 | 899.- |
| c. | - Carólína Jónassen, Þingholtsstræti 35 | 1365.- |

15. Samþykkt að taka á dagskrá bréf frá P.J.Thorsteinsen & Co. dags. í dag. Málinu frestað til næsta fundar.

Allir á fundi 6 fyrstu málin, en þá var fundi frestað. Eftir það og við afgreiðslu málanna 7 - 15 vantaði á fund: Kl. Jónsson, Katrínu Magnússon, L.H.Bjarnason, og Arinbjörn Sveinbjarnarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson.
Jón Jensson. Sveinn Björnsson. K.Zimsen. Pétur G. Guðmundss.
Guðrún Lárusdóttir. Tr. Gunnarsson. Þorvarður Þorvarðarson.
Hannes Hafliðason. Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, föstudaginn 23. febrúar var aukafundur haldinn kl. 5 e.h. á venjulegum stað.

1. Leiga Eiðsgranda:
Eftir langar umræður var gengið til atkv.
Viðaukatillaga við 2. gr. svohljóðandi:
"Greiða skal leigutaki samkv. ákvæðum hafnarreglugerðar Reykjavíkur öll hafnargjöld af skipum sínum, sem þar er skipað upp eða út, öðrum en afla og áhöldum". Var samþ. í e. h.
Viðaukatillaga við 2. gr. svohljóðandi: Á eftir orðunum "til fermingar eða uppskipunar af fiskiafurðum leiguliða" komi: og annars, er með þarf handa skipum þeim er leggja upp afla þar, svo og þess er brúkast á á sjálfri stöðinni til að hagnýta aflann" var samþykkt.
Breytingartillaga Sveins Björnssonar um, að leigu skuli meta á hverjum 5 árum, var felld með nafnakalli. Já sögðu: Kl. Jónsson, Katrín Magnússon, Guðrún Lárusdóttir, Pétur G. Guðmundsson, Kr. Þorgrímsson, Sveinn Björnsson. Nei sögðu: Halldór JónssonL.H.Bjarnason, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Jón Jensson, Þorv. Þorvarðarson, Hannes Hafliðason, Tr. Gunnarsson,
Breytingartill. um að leigutiminn skuli vera 30 ár (5. gr.) var felld með 7 atkv. gegn 6 með nafnakalli. Já sögðu: Halldór Jónsson, Pétur Guðmundsson, Arinbj.Sveinbjarnarson, Jón Jensson, Þorv. Þorvarðarson, Hannes Hafliðason. Nei sögðu: Klemens Jónsson, Katrín Magnússon, Guðrún Lárusdóttir, L.H. Bjarnason, Kr. Þorgrímsson, Sveinn Björnsson, Tr. Gunnarsson.

2. Samþykkt tillaga hafnarnefndar um að leyfa G. Zöega lýsisbræðslu í Orfirisey yfirstandandi ár, með sömu skilyrðum sem hingað til að því viðbættu, að bræðslustöðin skal tekin burtu bænum að kostnaðarlausu þegar árið er liðið.

Allir á fundi nema Kn. Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Tryggvi Gunnarsson.
Katrín Magnússon. Lárus Bjarnason. Pétur G. Guðmundsson.
Þorvarður Þorvarðarson. Jón Þorláksson. Hannes Hafliðason.
Kl. Jónsson. Sveinn Björnsson. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Breytingartillaga Sveins Björnssonar bæjarfulltrúa, er getur um á bls. 155 að vera felld og hann hefur óskað að færð væri inn í gjörðabókin, var svohljóðandi:

"Leigan er 400 kr. fyrstu 5 árin; fyrir næstu 5 árin skal leigan ákveðin með mati dómkvaddra manna, þannig að matið sé byggt á verðmæti landsins sjálfs, að frádregnu verði þeirra mannvirkja, sem gerð hafa verið og aukið hafa verðmæti hins leigða og skal leigan ákveðin á sama hátt á hverjum 5 ára fresti, en lágmarkið sé jafnan 400 kr."

(Rétt innfært vottar

Páll Einarsson).



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudaginn 7. marz var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 2. marz voru lesnar upp og samþykktar með þeim viðauka við 9. lið, að sneitt skal af horninu við Skólavörðustíg og Bergstaðastræti.

Sérstaklega var samþykkt að selja Magnúsi Vigfússyni, Miðseli byggingarlóð við Framnesveg 400 fermetra á kr. 3.75 hvern fermetra.

Í tilefni af B lið var samþykkt að kjósa þriggja manna nefnd til að íhuga "Skemmtigarðs" málið og koma fram með tillögur um, hvernig haga skuli bygging austan - og sunnanvert við Tjörnina..

Í nefndin voru kosnir Jón Þorláksson (9 atkv.), Kn. Zimsen (7 atkv.) og Kl. Jónsson (6 atkv.).

2. Fasteignanefndargjörðir frá 5. marz lesnar upp og samþykktar að undanteknum 3. lið, er var frestað vegna vantandi uppdráttar.

3. Brunamálanefndargjörðir lesnar upp og samþykktur 1. liðurinn. 2. liðurinn var og samþykktur og ákveðin leigan 25 kr. á mánuði.

4. Eftir tillögu fjárhagsnefndar var samþykkt að taka 62 þús. króna reikningslán í Íslandsbanka samkvæmt tilboði bankans dags. 4. marz og var borgarstjóra falið að undirskrifa skuldabréfið í umboði bæjarstjórnar.

5. Kosnir í hafnarnefnd:

| | |
|---|---|
| Tryggvi Gunnarsson, bæjarfulltrúi | (11 atkv.) |
| Jón Þorláksson, bæjarfulltrúi | (14 atkv.) |
| Klemens Jónsson, bæjarfulltrúi | (10 atkv.) |
| Ásgeir Sigurðsson, kaupmaður | (15 atkv.) |
| Jón Ólafsson, skipstjóri | (9 atkv.). |

6. Frestað kosningu í landsdóm til næsta fundar.

7. Tilkynnt staðfesting stjórnarráðsins á frumvarpi til breytinga á heilbrigðissamþykkt og frumvarp til reglugerðar fyrir mjólkursölu samþ. af bæjarstjórn 1. febr. þ.á., til að öðlast gildi 1. apríl næstkomandi.

8. Tilkynnt samþykki stjórnarráðsins til að kaupa Baðhús Reykjavíkur. Kosnir í nefnd til að taka við baðhúsinu og gjöra tillögur um tilhögun á stjórn þess:

| | |
|---|---|
| Kristján Þorgrímsson | (6 atkv.) |
| Klemens Jónsson | (5 atkv.) |
| Sveinn Björnsson | (5 atkv.). |

9. Lárus Bjarnason bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin skorar, að gefnu tilefni, á borgarstjóra að gæta þess framvegis, að kjörskráin til Alþingis verði lögð fram á lögmætum tíma.

Eftir nokkrar umræður var borin upp svohljóðandi tillaga frá Sveini Björnssyni:

"Með því að borgarstjóri hefur lýst yfir því, að hann muni framvegis sjá um undirbúning kjörskrár í tæka tíð, tekur bæjarstjórnin fyrir næsta mál á dagskrá".

Var tillagan felld með 7 atkv. gegn 6.

Því næst var borin upp tillaga Lárusar Bjarnasonar að viðhöfðu nafnakalli: Já sögðu: Kn. Zimsen, Lárus Bjarnason, Jón Þorláksson, Arinbj. Sveinbjarnarson, Kristján Þorgrímsson, Þorv. Þorvarðarson og Kl. Jónsson. Nei sögðu: Katrín Magnússon, Guðrún Lárusdóttir, Pétur Guðmundsson, Jón Jensson, Hannes Hafliðason og Sveinn Björnsson. Tryggvi Gunnarsson greiddi ekki atkvæði en var talinn með meiri hlutanum og var tillagan þannig samþykkt með 8 atkv. gegn 6.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Samþykktar tillögur hafnarnefndar um hafnarlánið frá fundi nefndarinnar frá 5. marz og er þetta trúnaðarmál.

Á fund vantaði Halldór Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Pétur G. Guðmundsson. Jón Jensson. Lárus Bjarnason. Kl. Jónsson. Kn.Zimsen. Sveinn Björnsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Kristján Þorgrímsson. Þorvarður Þorvarðarson. Hannes Hafliðason. Tryggvi Gunnarsson. Jón Þorláksson. Guðrún Lárusdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, 21. marz var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 16. marz voru lesnar upp og samþykktar.

2. Lagt fram álit frá nefnd þeirri, er kosin var á fundi 3. marz til að athuga byggingarleyfisbeiðni Björns Jónssonar fyrrv. ráðherra og gjöra tillögur um, hvernig haga skuli byggingum austan og sunnanvert við Tjörnina. Tillögur nefndarinnar og voru þær þessar:

a. að leyft verði að byggja í túni Björns Jónssonar allt að því niður í stefnu við húalínu þá, er markast af Barnaskólanum og húsi Thors Jensens, þó þannig, að stefna húsalínunnar þar suðurfrá verði ákveðin nánar af byggingarnefnd í samræmi við þá götustefnu, sem ákveðin verður þar suður frá. Ennfremur má láta fylgja byggingarlóðunum til notkunar fyrir garðstæði svo sem 10 álna breiða ræmu neðan við húsalínuna.

b. að breytt verði stefnu götu þeirra, er takmarka garðsvæði að norðanverðu á uppdrætti K. Zimsen og Kjörboes (af skemmtigarði), þannig að sú gata komi upp frá Fríkirkjuveginum, sem næst suðurmörkum erfðafestulands ´erfingja A. Thorsteinsson, og upp á Laufásveg, þar sem mætist Þingholtsstræti og Laufásvegur, og sé svo breikkuð gatan þar, sem nú er frá Laufásvegi upp á Bergstaðastræti.

c. að bærinn kaupi nú þegar svæðið frá Tjörninni upp að fyrirhuguðum byggingarlóðum í túni Björns Jónssonar, og bjóði 20 aur. fyrir hverja feralin að undanteknum þeim hluta svæðisins sem tekinn verður ókeypis undir götu, og sé kaupverðið greitt með því að breyta í byggingarlóð jafnmörgum ferálnum úr erfðafestulandinu (verðið gert 1 kr. fyrir feralin og 20% þar af í bæjarsjóð verða 20 aur. fyrir hverja feralin).

d. að byggingarleyfið verði því skilyrði bundið að hann, Björn Jónsson, annaðhvort sjái fyrir vatnsæð, gasæð, holræsi og vegi á sinn kostnað, eða nái samkomulagi við bæjarstjórnina um það.

3. **Fasteignanefndargjörðir frá 19. marz lagðar fram.**

a. **2. liður fundargjörðarinnar samþykktur.**

b. **3. liður samþykktur þannig, að lóðin verði minnst 25 1/2 alin á dýpt frá fyrirhuguðum jaðri Laugavegar.**

c. **5. liður samþykktur.**

d. Út af beiðni H.P.Duus um að mega breyta Bráðræðisholti og Melstaðabletti í fiskþurrkunarreiti, var samþykkt svohljóðandi tillaga: "Bæjarstjórnin leyfir að á landinu verði gjörður fiskþurrkunarreitur; að öðru leyti haldast erfðafestuskilmálar fyrir landinu óbreyttir með öllu. Um leyfi til byggingar á landinu verður ákveðið síðar, er tillögur frá byggingarnefnd liggja fyrir samkvæmt nýrri ákvörðun umsókn beiðanda þar að lútandi.

4. Lagðar fram hafnarnefndargjörðir frá 13. marz. Ákveðið að fresta að taka ákvörðun um tillögu nefndarinnar um að samið verði frumvarp til breytinga á hafnarlögunum.

5. Lagðar fram hafnarnefndargjörðir frá 19. marz og samþykktar.

6. Um salernahreinsun:
Nefndarálit dags. 19. marz var til umræðu og var eftir nokkrar umræður samþykkt að slíta umræðum og fresta málinu til næsta fundar.

7. Kosnir 6(menn í) varamenn í landsdóm eftir hlutfallskosningu. Fram komu 2 listar, er merktir voru A-listi og B-listi.
Voru á þeim nöfn þessara manna:

A. listinn:

1. Jón Gunnarsson, samábyrgðarstjóri
2. Guðmundur Magnússon, prófessor,



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Þorleifur Jónsson, póstafgreiðslumaður.
4. Einar Hjörleifsson, skáld.
5. Páll Halldórsson, skólastjóri,
6. Sighvatur Bjarnason, bankastjóri.

B-listinn:
1. Sighvatur Bjarnason, bankastjóri,
2. Sigurður Briem, póstmeistari,
3. Þorleifur H. Bjarnason, adjúnkt,
4. Thor Jensen, kaupmaður,
5. Guðmundur Björnsson, landlæknir,
6. Karl Nikulásson, verzlunarmaður.

A-listinn fékk 6 atkvæði, B-listinn 8 atkvæði.

Voru þannig kosnir:
Nr. 1 á B-lista, Sighvatur Bjarnason,
Nr. 1 á A-lista Jón Gunnarsson,
Nr. 2 á B-lista Sigurður Briem,
Nr. 2 á A-lista Guðmundur Magnússon,
Nr. 3 á B-litsta, Þorleifur H. Bjarnason,
og með hlutkesti :
Nr. 3 á A-lista Þorleifur Jónsson.

8. Úrskurðaðar kærur yfir Alþingiskjörskrá:
Samþykkt að bæta inn á kjörskrá 9 mönnum og fella burt af skrá 24 menn. Nöfn þeirra verða síðar færð inn í gjörðabókina.

9. Kosnir til að semja aukaalþingiskjörskrá:
Páll Einarsson með 12 atkv.
Lárus Bjarnason, með 9 -
Jón Jenson með 7 -

10. Klemens Jónssyni veitt lausn úr gasnefnd samkvæmt beiðni hans. Var í hans stað kosinn Kristján Þorgrímsson með 6 atkvæðum.

11. Lesið erindi frá Páli Magnússyni og Kristófer Sigurðssyni, um leyfi til námugraftar í Vatnsmýrinni. Erindinu vísað til fasteignanefndar.

12. Samþykkt brunabótavirðing:
Áhaldahús landssjóðs við Klapparstíg 7196 krónur.

13. Erindi frá Tr. Gunnarssyni um Lækjartorg vísað til veganefndar.

Á fund vantaði Halldór Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Katrín Magnússon. Guðrún Lárusdóttir. Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Lárus Bjarnason. Jón Jensson. Tryggvi Gunnarsson. Sveinn Björnsson. Pétur G. Guðmundsson. Jón Þorláksson. Hannes Hafliðason. Þorvarður Þorvarðarson. Arinbjörn Sveinbjarnarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudaginn 11. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 30. f.m. og frá 6. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót að Þórarni málara Þorlákssyni skuli selja lóðarræmu (um 300 ferálnir) á 1 kr. 50 aur. feralin.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 9. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar með þeirri breyting, að land bæjarins skuli smalað 6 sinnum á sumri, og að felld var till. um að taka skjólgarðana í Laugarnesgirðingunni til kúabeitar.

3. Tillaga hafnarnefndar um að útvegað sé með lögum sú breyting á, hafnarlögunum, að borgarstjóri verði framvegis formaður hafnarnefndar, var samþykkt og hafnarnefnd falið að semja frumvarp til laga í þessu efni.

4. Veganefndargjörðir frá 9. þ/m. voru lesnar upp og samþykktar.

5. Úrskurðaðar kærur ellistyrktarskrárinnar, felldir burtu 13 menn, er á skránni eru, en eiga ekki þar að vera.

6. Kosnir til að endurskoða Ellistyrktarsjóðsreikning 1911 Jón Jensson og Pétur Guðmundsson.

7. Claus Nielsen sækir um leyfi til að setja tjald og veita kaffi á Batteriinu í sumar.
Bæjarstjórnin neitaði um leyfið.

8. Brunabótavirðing samþykkt:
Húseign Helga Hannessonar við Bankastræti 3568.-

9. Tilboðum um að kaupa slökkviðeluhúsið við Templarasund var vísað til brunamálanefndar til úrslita.

Allir á fundi nema L. H. Bjarnason, Jón Þorláksson, Þorv. Þorvarðsson og Sveinn Björnsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Pétur G. Guðmundsson.
Katrín Magnússon. Kl. Jónsson. Jón Jensson. Tr. Gunnarsson.
Hannes Hafliðason. Guðrún Lárusdóttir. K. Zimsen. Kristján Þorgrímsson. Arinbj. Sveinbjarnarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudaginn 18. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 13. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, sérstaklega samþykkt að mæla með undanþágu fyrir Jónas H. Jónsson frá ákv. 25. gr. byggingarsamþykktar um 2 stiga.

2. Fasteignanefndargerðir frá 15. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Vatnsnefndargerðir frá 15. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

4. Um salernahreinsun:
Tillaga um að fresta málinu var felld.
Tillaga um að vísa málinu til nýrrar nefndar var felld.
Samþykkt var að taka tilboði Sveins J. Einarssonar um að taka að sér hreinsunina fyrir 9 aura - þ. e. um 4.70 árl. fyrir hvert salerni.
Samþykkt frumvarp til gjaldskrár fyrir hreinsun, sú er nefndin lagði til, með þeirri breyting:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| að salerni | notað | af 4 - 10 | mönnum | kosta | á ári | 5 kr. |
| - - | - | - 3 | - | - | - - | 3.50 ? |
| - - | - | - 11 - 15 | - | - | - - | 7.50 - |

og þessum orðum var bætt við: Bæjarstjórnin getur veitt undanþágur fyrir þau hús, er standa í túni húseiganda. (Húseigandi greiði gjaldið).
Gjaldið innheimtist fyrsta sinn 1. okt. þ.á. fyrir misserið frá 1. júlí til 31. des. þ.á.

5. Úrskurður felldur á þessa reikninga er endurskoðaðir höfðu verið:
Sjúkrahússjóðs Reykjavíkur 1911 og
Blómsveigasjóðs (Reykjavíkur 1911) Þorbjargar Sveinsd. 1911 -
Sjúkrahússjóðs hins ísl. kvenfélags 1911

6. Nefnd sú er kosin hafði verið til að veita móttöku baðhúsinu, gerði grein fyrir gerðum sínum.
Samþykkt að fela umsjón baðhússins Kristjáni Þorgrímssyni bæjarfulltrúa til næsta nýjárs fyrir 200 kr. þóknun pro anno (hlutfallslega, eða 8/12 þar af).

7. Erindi kennara barnaskólans um hækkun launa fyrrihluta maímánaðar svara ði skólanefnd á þann hátt, að hún áleit ekki ástæðu til, að gjöra breytingu á fyrirkomulagi því, er fylgt hefur verið áður í þessu efni, og ákvað að svara erindinu samkvæmt því. Bæjarstjórn staðfesti þetta svar skólanefndar.

8. Frestað ákvörðun um lántöku til hafnargerðar.

Borgarstjóri kallar saman aukafund í kveld, ef símskeyti kemur, er vænzt er eftir.

Allir á fundi nema Sveinn Björnsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Jón Þorláksson. Katrín Magnússon. Guðrún Lárusdóttir. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson. Hannes Hafliðason. Arinbj. Sveinbjarnarson. Pétur G. Guðmundsson. Kristján Þorgrímsson. Þorvarður Þorvarðsson. Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## GJALDSKRÁ FYRIR HREINSUN SALERNA Í REYKJAVÍK.

Hreinsun salerna annara en vatnssalerna, fer fram vikulega á kostnað bæjarsjóðs og skal fyrir hreinsunina greiða árlega í bæjarsjóð.

Fyrir hvert venjulegt salerni, sem notað er af 4 - 10 mönnum, 5 kr.

Fyrir hvert salerni, sem 3 menn eða færri nota kr. 3.50.

Fyrir salerni, sem 11 - 15 menn nota kr. 7.50.

Fyrir vatnssalerni skal greiða það gjald, sem ákveðið er í vatnsskattskrá bæjarins.

Gjald þetta nær til allra salerna á kaupstaðarlóð Reykjavíkur og greiðist af húseigendum.

Bæjarstjórnin getur veitt undanþágur fyrir þau hús, er standa á túni húseigenda.

Skrá yfir gjöldin skal árlega semja á sama hátt og lóðagjaldaskrá og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir lóðargjöldum.

Gjaldið innheimtist í fyrsta sinn 1. október þ. á. fyrir misserið frá 1. júlí til 31. des. þ.á.

Þannig samþykkt á bæjarstjórnarfundi 18. apríl 1912.

Páll Einarsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, laugardaginn 20. apríl, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Lántaka til hafnargerðar.
Fundargerðir hafnarnefndar frá 15. þ.m. lán fyrir ásamt tilheyrandi skjölum.
Bæjarstjórnin samþykkti með 13 atkv. að taka tilboðum dönsku og íslenzku bankanna um lánveitinguna. Tilboð frá Englandi fékk 2 atkvæði.
Bæjarstjórnin samþykkti einnig, að kjósa heldur að taka lánið með 96% af ákvæðisverði, og var ályktunin í heild sinni svohljóðandi:
Bæjarstjórnin samþykkir að taka tilboði dags. 4. okt. 1911 frá Privatbanken í Kjöbenhavn, Den danske Landmandsbank Kjöbenhavns Handelsbank og Köbenhavns Laane og Discontobank um lán til hafnargerðar í Reykjavík að upphæð 800.000 kr. og þá um leið tilboði frá Landsbanka Íslands og Íslandsbanka um 200.000 kr. lán frá hvorum þeirra með sömu kjörum í sama tilgangi. Jafnframt lýsir bæjarstjórnin yfir því að hún kýs heldur að taka lánið með 96% af ákvæðisverði og endurborgun al þarí heldur en með 97% og endurborgun með 103%.

Allir á fundi nema Jón Jensson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen. Guðrún Lárusdóttir. Katrín Magnússon. Lárus H. Bjarnason. Kl. Jónsson. Hannes Hafliðason. Þorvarður Þorvarðarson. Tr.Gunnarsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Jón Þorláksson. Pétur G. Guðmundsson. Sveinn Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, föstudaginn 26. apríl var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni:

Lagðar fram tillögur hafnarnefndar til skilmála fyrir útboði á hafnarbyggingunni.

Eftir nokkrar umræður var málinu vísað til 2. umræðu.

Á fund vantaði Jón Jensson og Halldór Jónsson.

Fundi slitið.

Kristján Þorgrímsson. Páll Einarsson. K. Zimsen. Guðrún Lárusdóttir. Sveinn Björnsson. Kl. Jónsson. Arinbj. Sveinbjarnarson. Katrín Magnússon. Þorvarður Þorvarðarson. Jón Þorláksson. Hannes Hafliðason. Tryggvi Gunnarsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudaginn 2. maí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 27. apríl lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót við 12. lið að brunamálanefndin samþykkti.

2. Önnur umræða um tillögur hafnarnefndar til skilmála fyrir útboði á hafnarbyggingunni.

Þessar breytingartillögur við hið prentaða frumvarp voru samþykktar:

a. við 12. gr. Í stað orðanna "kan ifalde" komi "ifalder".
b. við 14. gr. Í stað orðsins "maa" á 2 stöðum,komi orðið "skal".
c. við 16. gr. Í stað orðsins "maa" komi orðið "skal".
d. við 19. gr. 1. málsgr.: Orðin: "som er den Bygningsbestyrelsen overordnede Myndighed" falli burtu.
e. við 19. gr. 2. málsgr.: Í stað"Minesteriet" komi "Byraadet",eventuelt med Ministeriets Samtykke".
f. við sömu málsgr.: Aftan af greininni falli: "hvis den efter sin Beskaffenhed skönnes særlig egnet dertil".
g. við sömu málsgr.: Aftan við greinina bætist: "Den samme Ret har Entreprenören".
h. við 22. gr.: Í stað "1. September 1912" komi "31. August 1912".
i. við 21. gr.: Aftan við 1. málsgrein bætist: "Islandsk Ret er afgörende for de Tvistigheder, der maatte blive bragt for Domstolene i Anledning af Kontratrentennes Mellemværende"".

Að svo búnu var frestað um stund að úkljá atkvæðagreiðslu um skilmála þessa.

3. Fasteignanefndargjörðir frá 30. apríl lagðar fram og samþykktar með þeim breytingum við 1. lið, að bæjarstjórnin samþykki að leigja H.P.Duus aðeins hluta úr Stóra-Selstúni (7877 m²) 7877.62 m² að stærð, en felldi tillögur nefndarinnar um leigu á Selsgranda og lóðarspildu við Melstaðablett. 5. atriði í skilmálunum fyrir leigu á þessu landi var fellt burtu og samþykkt var að orða 4. atriði þannig:

"Leigan sé 200 kr. á ári fyrstu 10 árin. Fyrir næstu 5 árin skal leigan ákveðin með mati dómkvaddra manna, þannig: að matið sé byggt á verðmæti landsins sjálfs, að frádregnu verði þeirra mannvirkja, sem gerð hafa verið og aukið hafa verðmæti hins leigða, og skal leigan ákveðin ákveðin á sama hátt á hverjum 5 ára fresti, en lágmarkið sé jafnan 200 kr. Árleigan greiðist 1. október ár hvert, í fyrsta sinn 1. október 1912".

Um þessa tillögu var haft nafnakall og sögðu já: K. Zimsen, Kl.Jónsson, Katr. Magnússon, Guðr. Lárusdóttir, Pétur Guðmundss., K.Þorgrímsson, H.Hafliðason og Sv. Björnsson. En nei sögðu: Lárus Bjarnason, Jón Þorláksson, Þorv. Þorvarðsson og Tryggvi Gunnarsson.

4. Umsókn Ungmennafélags Reykjavíkur um afnot sundlaugarinnar gat bæjarstjórnin ekki sinnt.

5. Hafnarmálið tekið fyrir aftur. Breytingartillaga borin fram við 19. gr. svohljóðandi:

Orðin í enda 2. málsgreinar: "Byraadet, eventuelt med Ministeriets Samtykke, er derhos i ethvert Tilfælde berettiget til at kræve Tvisten henvist til Afgörelse ved de almindelige Domstole. Den samme Ret har Entreprenören" falli burtu. Var tillagan samþykkt með 9 atkvæðum gegn 4.

Síðan var 19. gr. með áorðnum breytingum borin upp og samþykkt og síðan var frumvarpið allt með áorðnum breytingum samþykkt.

6. Klemens bæjarfulltrúi Jónsson gerði tillögur um ýmsar breytingar á byggingarsamþykktinni og var því máli vísað til byggingarnefndar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Erindi frá M. Zöega um breytingu á ákvæðum lögreglusamþykktar um lokun veitinga var vísað til 3ja manna nefndar og voru kosnir í nefndina:

Klemens Jónsson með 6 atkv.
Jón Þorláksson með 5 -
Hannes Hafliðason með hlutkesti.

8. Samþykktar þessar brunabótavirðingar:

| | | |
|---|---|---|
| Hús frú Caróline Jónassen, Þingholtsstræti 35 | Kr. | 10017.oo |
| Hús Tryggva Árnasonar, Njálsgötu 9 | - | 3994.oo |
| Fiskgeymsluhús h/f Alliance við Mýrargötu | - | 6300.oo |
| Fiskþvottahús h/f Alliance - - | - | 4890.oo |

9. Rætt um sölu á húsinu nr. 9 við Smiðjustíg, er fátækranefndin vill selja fyrir 5600 kr. Var því máli frestað.

Á fund vantaði Halldór Jónsson og þeir Jón Jensson og Arinbjörn Sveinbjarnarson voru ekki á fundi lengur en að verið var að ræða fyrstu 2 málin.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sveinn Björnsson. Pétur G. Guðmundsson. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson. Hannes Hafliðason. Þorvarður Þorvarðarson. Jón Þorláksson. Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, miðvikudaginn 15. maí var settur reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

Borgarstjóri skýrði bæjarstjórninni frá andláti konungs, Hans Hátignar Friðriks hins Áttunda með svofelldum orðum:

"Það fær mér sorgar að flytja bæjarstjórninni þá harmafregn, að hinn ásríki konungur vor, Hans Hátign Friðrik konungur hinn Áttundi andaðist í gærdag.

Engin fregn getur fengið borgurum bæjarfélagsins meiri sorgar en þessi andlátsfregn. Ást og velvilji til þegnanna lá til grundvallar fyrir öllum gjörðum hins látna konungs. Enginn hefur fremur en Friðrik konungur hinn Áttundi verið af huga og hjarta konungur Íslendinga. Hann unni af hjarta landi voru og þjóð. Og velferð bæjarfélags vors bar hann sérstaklega fyrir brjósti, og greip tækifæri þegar það gafst til að sýna það í verki, að hann vildi efla hag þess og heill. Harmur hlýtur því að grípa hjarta hvers borgara Reykjavíkur við andlátsfregn hans. Ást og virðing bæjarstjórnar og borgara Reykjavíkur fylgi honum til grafar. -

Blessuð veri minning hans".

Hlýddu bæjarfulltrúarnir standandi á orð borgarstjóra.

Borgarstjóra var falið að senda drottningu samhryggðarskeyti.

Fundi var síðan frestað til laugardags kl. 5 síðd.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Arinbj. Sveinbjarnarson. Þorvarður Þorvarðarson. K.Zimsen. Hannes Hafliðason. Pétur G. Guðmundsson. Jón Þorláksson. Tr. Gunnarsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, laugardaginn 18. maí var fundur haldinn í bæjarstjórninni:

Var fyrst samþykkt að senda hinum nýja konungi, Hans Hátign Kristjáni tíunda heillaóskaskeyti í tilefni af því að hann tók konungdóm 15. þ.m.

Síðan fór þetta fram:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 11. maí lesnar upp og samþykktar að að undanteknum 7. lið, en því máli var vísað aftur til byggingarnefndar til frekari rannsóknar.

2. Lögð fram tilboð í brunasíma og samþykkt að taka tilboði K. Zimsen verkfræðings með 6 atkv. Tilboð P. Smith fékk 4 atkv.

3. Lagður fram og samþykktur uppráttur af holræsi, sem fyrirhugað er að leggja í lækinn.

4. Fyrri umræða um byggingu "pissoirs" og 300 kr. fjárveitingu til þessa verks.

5. Fasteignanefndargjörðir frá 13. maí lesnar upp og samþykktar.

6. Í tilefni af bréfi frá M. Zöega, þar sem hún fer fram á að fá að hafa opið Hótel Reykjavík til kl. 11 1/2 á kvöldin, var samþykkt svohljóðandi breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík:

Aftan við 45. gr. (sjá auglýsingu 5. maí 1906) komi svohljóðandi ákvæði:

Svo lengi, sem eigandi "Hótel Reykjavík" heldur uppi hljómleikum í veitingahúsi sínu frá kl. 9 - 11 1/2 að kveldi, er heimillt að hafa þar vínveitingar um hönd jafn lengi fram eftir kvöldinu, svo að veitingasölum sé lokað um miðnætti. Jafnframt skulu allir vínveitingar í kjallaranum hætta kl. 10 á kvöldin mánuðina maí, júní, júlí og ágúst og kl. 9 hina mánuði ársins.

7. Tillaga fátækranefndar um sölu á húseigninni nr. 11 við Smiðjustíg fyrir 5600 kr. var til umræðu og var samþykkt að vísa málinu til fátækranefndar aftur til frekari athugunar.

8. Kosnir í nefnd til að íhuga útsvarskærur:
Borgarstjórinn,
Pétur Guðmundsson,
Katrín Magnússon.

9. Erindi P.J.Thorsteinssonar og Johansen & Kaaber viðvíkjandi vörugeymsluhúsi nr. 13 við Hafnarstræti var vísað til byggingarnefndar.

10. Brunabótavirðingar:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hús | Jóhannesar Magnússonar, Bræðraborgarstíg | 15 | Kr. | 10.368.00 |
| - | Guðmundar Breiðfjörð við Bergstaðastræti | | - | 4.534.00 |
| - | Jóns Halldórssonar & Co., Skólavörðustíg | 6B | - | 19.896.00 |
| - | Guðmundssonar, Frakkastíg 17 | | | 4.482.00 |
| - | Jóns Halldórssonar & Co. - | 6 | - | 4.449.00 |
| - | sömu - | 4A | - | 6.170.00 |

11. Erindi frá Lestrarfélagi kvenna um fjárstyrk til lesstofu handa skólabörnum vísað til 2. umr. og athugunar skólanefndar.

Á fund vantaði Jón Þorláksson, Lárus Bjarnason, Halldór Jónsson og Svein Björnsson.

Fundi slitið.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Guðrún Lárusdóttir.
K. Zimsen. Hannes Hafliðason. Katrín Magnússon. Hannes
Hafliðason. Tr. Gunnarsson. Arinbj. Sveinbjarnarson.
Pétur G. Guðmundsson. Þorvarður Þorvarðarson. Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudag 6. júní var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni:

Borgarstjóri las fyrst upp símskeyti, er honum höfðu borizt frá ekkjudrottningu og Kristjáni konungi tíunda.

Fór síðan þetta fram:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 1. júní lesnar upp og samþykktir fyrstu 9 liðirnir, þar með meðmæli með undanþágu frá 25. gr. byggingarsamþykktar handa Ara Antonssyni.
10. lið fundargjörðanna var frestað og vísað til fasteignarnefndar.
11. málinu var frestað og samþykkt að láta málsskjölin ganga á milli fulltrúanna fyrir næsta fund.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 4. júní lesnar upp og samþykktar.
Pétur G. Guðmundsson vakti máls á því, að ýmsir menn myndu nota land bæjarins í vesturbænum án leyfis og endurgjaldslaust. Kvaðst borgarstjóri láta rannsaka þetta.

3. a. Samþykkt að greiða hafnarstjóra Gabríel Smith í Kristjaníu 10 þúsund krónur, sem fullnaðar borgun fyrir uppdrætti og áætlanir um hafnargerðina í Reykjavík.
b. Samþykkt að greiða herra Geo. Copland kr. 162.40, sem hann hefur lagt út fyrir símskeyti viðvíkjandi útvegun peningaláns í London til hafnarinnar.
c. 3., 4. og 5. lið í fundargjörðum hafnarnefndar frá 31. maí var frestað og 5. lið vísað til athugunar fjárhagsnefndar.
d. Jónatan Þorsteinssyni synjað um leyfi til að byggja bryggju fram undan Frakkastíg.

4. Samþykkt að veita 300 krónur til að setja þarfahús (pissoir) nálægt bæjarbryggjunni.

5. Erindi frá Lestrarfélagi kvenna, um 200 kr. framlag úr bæjarsjóði til að stofna lesstofu handa skólabörnum var til annarar umræðu. Var erindinu vísað til fjárhagsnefndar til athugunar við samning fjárhagsáætlunar í haust.

6. Samþykkt að selja Þorláki Kr. Ófeigssyni húseignina nr. 11 við Smiðjustíg fyrir 6000 kr. - sex þúsund - með þeim skilyrðum, að hann taki að sér veðdeildarlán, er hvílir á húsinu, að upphæð kr. 3876,33; greiði 150 kr. við útgáfu afsalsbréfs og gefi út skuldabréf fyrir afganginum með 2. veðrétti í eigninni. Skal skuld sú afborgast með 150 kr. á ári og ávaxtast með 5% p.á.

7. Kosnir í nefnd til að athuga um sölu áfengis í svonefndum "Klúbbum" og eftir atvikum koma fram með tillögur, til að hefta hana:

| | |
|---|---|
| Sveinn Björnsson | (7 atkv.). |
| Knud Zimsen | (6 atkv.) |
| Þorvarður Þorvarðarson | (6 atkv.). |

8. Samkvæmt tillögum heilbrigðisnefndar var Siggeir kaupmanni Torfasyni leyfð slátrun í haust, eins og að undanförnu.

9. Brunabótavirðing þessi var samþykkt:
Viðbót við hús Lárusar G. Lúðvígssonar, Þingholtsstr. 4 1375.00

10. Útsvarsmál:
a. Árna Helgasonar úr Hvítársíðuhreppi, eftirgefið útsvar er hann skuldar frá 1910 og 1911, kr. 10.00 / 10.00 og fellt burtu útsvar hans 1912, kr. 16.00.
b. Fellt burtu útsvar Guðmundar Guðmundsdóttur, Laugaveg 119 fyrir 1912, kr. 4.00.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

c. Guðm. Magnússyni Bergstaðastræti 8, eftirgefið útsvar 1910, 1911 og 1912, alls 36 kr.
d. Erindi Sigurjóns Stefánssonar, Laugaveg 37A. um burtfelling útsvars var vísað til niðurjöfnunarnefndar.
e. Fellt burtu útsvar Steingríms Steingrímssonar(fyrir) Ingólfsstræti 4 fyrir 1912, kr. 16.00.
f. Kæru Árna Árnasonar yfir útsvari Hjartar Fjeldsted kaupmanns vildi bæjarstjórnin ekki taka til greina.
g. Kæra B.H.Bjarnasonar kaupmanns yfir útsvari hans var og ekki tekin til greina.
h. Útsvar Einars Guðmundssonar, Bakkastíg 4 lækkað um 10 kr.
i. Útsvat Timbur- og Kolaverzlunarinnar Reykjavík lækkað um 300 kr.
k. Vísað til umsagnar niðurjöfnunarnefndar erindi bæjargjaldkerans um útsvör, sem lögð hafa verið á 104 þurfamenn og 8 utanbæjarmenn.

11. Ráðinn til að hafa eftirlit með salernahreinsunum eitt ár frá 1. júlí, Árni Einarsson, heilbrigðisfulltrúi , og ákveðin ársþóknun fyrir þetta starf 300 kr.

12. Samþykkt að greiða Guðmundi Þorkelssyni, Pálshúsum 300 kr. í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir bæjarfélagsins.

Á fund vantaði Halldór Jónsson, Klemens Jónsson og Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sveinn Björnsson. Katrín Magnússon.
K. Zimsen. Guðrún Lárusdóttir. Arinbj.Sveinbjarnarson.
Þorvarður Þorvarðarson. Hannes Hafliðason. Jón Þorláksson.
Pétur G. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudaginn 20. júní, var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 15. júní lesnar upp og samþykktar. Þar með samþykkt að selja Slippfélaginu lóðarræmu meðfram Slipplóðinni að sunnan fyrir kr. 3.20 hvern fermetra. Lóðin verður síðar mæld. Ennfremur samþykkt að selja K.Zimsen lóðarþríhyrnu við Holtsgötu umhverfis Lýðslind fyrir kr. 1.50 hvern fermetir. Lóðin er 206 fermetrar að stærð.

2. Fasteignarnefndargjörðir frá 17. júní lesnar upp og samþykktar.

3. Veganefndargjörðir lesnar upp og samþykktar.

4. a. Samþykkt að greiða hr. Dines Petersen í Kaupmannahöfn kr. 500.00 fyrir aðstoð hans við útvegun hafnarlánsins.
b. Samþykkt að greiða borgarstjóra kr. 500.00 fyrir sama og ennfremur kr. 100.00 fyrir útlagðan ferðakostnað til Kristjaníu.
c. Samþykkt svohljóðandi tillaga frá Lárusi Bjarnasyni o.fl.
"Bæjarstjórnin ályktar eftir atvikum að greiða verkfræðing Krabbe eitt þúsund krónur fyrir aðstoð hans við undirbúning hafnargjörðarinnar".
Að svo búnu var fundi frestað til kl. 10 síðdegis.
Kl. 10.15 var fundurinn settur að nýju.

5. Samþykkt að bæta 7 mönnum á aukakjörskrá til Alþingis, er gildi frá 1. júlí 1912 til 30. júní 1913. Nöfn þeirra verða síðar færð inn í gjörðabókina.

6. Út af umsókn Amunda Árnasonar, kaupmanns, um slátrunarleyfi, vakti borgarstjóri athygli á því, að heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum heilbrigðissamþykktar um sláturhús væri útrunninn í árslok 1911. Hefði því ekki verið heimild til að veita Siggeir Tirfasyni slátrunarleyfi það, er bæjarstjórnin samþykkti á síðasta fundi.
Lagði borgarstjórinn fram frumvarp til breytingar á 38. gr. heilbrigðissamþykktar og var því vísað til álita heilbrigðisnefndar

7. Tilkynnt bréf Páls Magnússonar járnsmiðs viðvíkjandi eignarnámi á lóðarræmu við Skólavörðustíg og Bergstaðastræti. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

8. Eftir beiðni sóknarnefndar var samþykkt að setja frosttryggan vatnskrana í kirkjugarðinn.

9. Bæjargjaldkera leyft að flytja skrifstofu sína í húsið nr. 5 við Laufásveg.

10. Umsókn um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars Kaupm. Jónssonar vísað til umsagnar fátækranefndar.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| Húseign Páls Magnússonar, Bergstaðastræti 4, | kr. 15608.00 |
| Geymsluhús Garðars Gíslasonar & Hay á Frostastaðalóð | - 21350.00. |

Á fund vantaði Halldór Jónsson og Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. Guðrún Lárusdóttir. Hannes Hafliðason. K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Pétur G. Guðmundsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þeir 7 menn er samkvæmt 5. lið í næstu fundargjörð hér á undan eiga að takast á kjörskrá eru þessir.:

1. Chuiallon, kolakaupmaður Hafnarstræti 17.
2. Isefjær, verzlunarmaður.
3. Jónas Stephensen, Skálholtsstíg.
4. Ólafur Guðmundsson, Kárastíg 7.
5. Jón Einarsson, múrari, Frakkastíg 12.
6. Guðmundur Guðnason, trésm. Lindargötu 1 B.
7. Bjarni Símonarson, járnsmiður Laugaveg 67.

Vottar:

Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudaginn 4. júlí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 29. júní, lesnar upp og samþykktar.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 1. júlí lesnar upp og samþykktar með þeim breytingum, að Jón Tómasson á Grímsstaðaholti borgi 10 kr. afgjald fyrir það land, er honum er leyft fyrir fiskþurrkunarreit og Guðjón Ólafsson borgi 6 kr. á ári fyrir það garðstæði, sem leigist honum.
Loks var samþykkt að orða 6. lið fundargerðanna svo: "Ákveðið að banna skyldi að hafa veitingatjald í landi bæjarins, nema sérstakt leyfi bæjarstjórnar komi til, og að krefjast þess, að tjald það, er sett hefur verið í óleyfi í Elliðárhólmana, verði tekið burtu".

3. Samþykkt að fresta erindi Páls Halldórssonar, skólastjóra um endurgjald fyrir vatnsæð, og var því vísað aftur til vatnsnefndar.

4. Samþykkt svohljóðandi frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 11. júlí 1912:
6. gr. 2. málsliður orðist svo:
Í hafnarnefnd sitja 5 menn, borgarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, 2 bæjarfulltrúar og 2 utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna en hinn úr flokki sjómanna. Geta þeir ekki skorazt undan endurkosningu fyrri en þeir hafa verið í nefndinni 6 ár samfleytt.

5. Úrskurðaður reiningur yfir tekjur og gjöld brunabótasjóðs Reykjavíkur 1910. Var reikningurinn samþykktur og brunamálanefnd falið að gjöra tillögur um notkun sjóðsins framvegis.

6. Úrskurðaður reikningur yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur 1910. Tillögur fjárhagsnefndar til úrskurðar um athugasemdir endurskoðenda(og reikningurinn) samþykktar og reikningurinn í heild sinni samþykktur.

7. Vatnsveitureikningurinn ekki samþykktur, en vísað aftur til endurskoðenda, og samþykkt að láta prenta útdrátt úr honum.

8. Úrskurðaður reikningur yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1910. Reikningurinn samþykktur. Samþykkt var og að athugasemdir endurskoðenda 1.-11. gr. væru upplýstar með svörum (9. Umsögn niðurjöfnunarnefndar um bréf bæjargjaldkerans) borgarstjóra, en tillaga fjárhagsnefndar um að innheimta 200 kr. hjá Jóhanni Jónssyni væru felldar.

9. Umsögn niðurjöfnunarnefndar um bréf bæjargjaldkerans (sbr. fund 6. júní 10. lið k) lesin upp. Málinu vísað til fátækranefndar til umsagnar.

10. Tilkynntur landsyfirdómur í útsvarsmáli gegn Ólafi Árnasyni.

11. Jónasi Jónassyni, lögregluþjón, Infimundi Þórðarsyni, Holtsgötu, Einari Helgasybi Hallsbæ og Meulenberg, presti veitt undanþága frá skylduhreinsun salerna.
Öðrum beiðnum um undanþágur vísað til nefndar þeirrar, er samdi tillögurnar um salernahreinsun.

12. Vatnsnefndinni falið að sjá um byggingu vatnsþróar fyrir hesta á vegamótum Laugavegar og Hverfisgötu. Sig. Jónsson bókbindari greiðir 40 kr. upp í kostnaðinn samkv. bréfi hans 1. júlí.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Bæjarstjórnin samþykkti meðmæli borgarstjóra með umsóknum ekkna um styrk úr sjóði Hjálmars kaupm. Jónssonar.

14. Bæjarstjórnin skýtur því til athugunar hafnarnefndar að undirbúa til næsta Alþingis lög um gjald af útlendum fiskiskipum og farmi þeirra, þeirra er flytja fiskinn burt án þess að verka hann í landi.

15. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| Heyhlaða Jóns Jóhannssonar, Laugaveg 69, | Kr. | 558.oo |
| Hús Guðm. Guðmundssonar, Grettisgötu 3 | - | 2980.oo |
| - Þór. B. Þorlákssonar, Laugaveg 45 B | - | 3577.oo |

16. Borgarstjóra veitt fararleyfi í nokkra daga.

Á fund vantaði Jón Þorláksson, Lárus Bjarnason, Katrín Magnússon, Halldór Jónsson, Svein Björnsson og Jón Jensson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Tr. Gunnarsson.
K. Zimsen. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Hannes Hafliðason.
Þorvarður Þorvarðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudag 18. júlí kl. 5 e. h. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni, og var þá þetta gjört:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 13. júlí voru lesnar upp og samþykktar.

2. Samþykkt svohljóðandi breyting á heilbrygðissamþykkt Reykjavíkurkaupstaðar 30. jan. 1905 og auglýsingu um bæjarstjórn í 38. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík 30. jan. 1905:
"38. gr. heilbrigðissamþykktar Reykjavíkurkaupstaðar orðist svo:
Þeim mönnum, sem saltruðu til sölu , eða seldu kjöt, eða gerðu matvæli af kjöti til sölu á þeim tíma, er heilbrigðissamþykkt bæjarins 30. jan. 1905 öðlaðist gilldi, getur bæjarstjórnin með ráði heilbrigðisnefndar veitt undanþágu frá 31., 33. 36. og 37. gr. samþykktarinnar, enþó ekki lengur en til ársloka 1912".

3. Í tilefni af erindi Pétursc Thorsteinson og Ól. Johnsons & Kaaber viðvíkjandi vörugeymsluhúsi nr. 13 við Hafnarstræti var samþykkt svohljóðandi tillaga:
"Bæjarstjórnin felur hafnarnefnd að leita eftir kaupum á vörugeymsluhúsi P.J.Thorsteinsson og Ól. Johnson & Kaaber við vörupallinn".

4. K. Zimsen hreyfði nauðsyninni á því, að Lækjartorg væri stækkað austur undir Stjórnarráðshúsið. Eftir nokkrar umræður var samþykkt svohljóðandi tillaga:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra og byggingarnefnd málið til íhugunar, og jafnframt að grennslast eftir hjá landsstjórninni) landsstjórninni með hverjum kjörum Stjórnarráðsbletturinn fengist til stækkunar á Lækjartorgi".

5. Pétur G. Guðmundsson hreyfði því, að breyta þyrfti ákvörðun gildandi laga, að því er snertir endurgjald fyrir endurskoðun bæjarreikninga. Voru kosnir í nefnd til að undirbúa það mál fyrir næsta fund bæjarstjórnar:

| | |
|---|---|
| Pétur Guðmundsson | 8 atkv. |
| Sveinn Björnsson | 8 - |
| Jón Jensson | 6 - |

6. Samþykktur reikningur yfir tekjur og gjöld ellistyrtarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1911.

7. Fjárhagsnefndin lagði til að fella burtu úr eftirstöðvum á reikningi bæjarsjóðs fyrir 1911 ýms gjöld, er hún telur ófáanleg en samþykkt var svohljóðandi tillaga:
"Bæjarstjórnin ályktar að nema ekki að þessu sinni neitt af óinnheimtum bæjargjöldum úr eftirstöðvunum en að kjósa þriggja manna nefnd til að rannsaka hverjar ástæður séu til þess, að svo illa heimtast bæjargjöld, sem raun er á og gjöra tillögur um, hvernig bæta megi innheimtuna og eftirlitið með henni".

| | | |
|---|---|---|
| Kosnir | "Kristján Þorgrímsson | (6 atkv.) |
| | Sveinn Björnsson | (6 -) |
| | Pétur Guðmundsson | (5 - ) |

8. Tekið út af dagskrá umsóknir um undanþágu frá salernahreinsun.

9. Jörundi Brynjólfssyni barnakennara gefið eftir 10 kr. af útsvarinu 1911 og 4 kr. af útsvari hans 1912.

10. Samþykkt brunabótavirðing á skúr við húseign Jóns Sigurðssonar o.fl. Laugaveg 12 kr. 1147.00

Á fund vantaði Jón Þorláksson, Lárus Bjarnason, Katrín Magnússon, Klemens Jónsson og Halldór Jónsson.

Fundi slitið.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Páll Einarsson. Jón Jensson. Sveinn Björnsson. K. Zimsen. Pétur G. Guðmundsson. Kristján Þorgrímsson. Þorvarður Þorvarðsson. Hafliðason. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Guðrún Lárusdóttir. Tr. Gunnarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudag 1. ágúst kl. 5 síðd. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni; og var þá þetta gjört:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 27. júlí lesnar upp og samþykktar.

2. Fasteignanefndargjörðir frá 30. júlí lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu, að verðið á lóð þeirri sem samþykkt var að selja Guðmundi Jakssyni á horni Framnesvegar og Lágholtsvegar og er 320 fermetrar að stærð, skuli vera kr. 1.90 fyrir hvern fermetir.- Ennfremur var frestað að taka ákvörðun um erindi Hólmfríðar Gísladóttur og Kristjáns Guðmundssonar, 3. og 6. lið fasteignarnefndargjörðanna.

3. Vatnsnefndargjörðir frá 30 júlí lesnar upp:
a. Bæjarstjórnin vildi ekki sinna erindi Páls Halldórssonar um endurgjald fyrir vatnsæð að húsi hans í Kringlumýri.
b-. Samþykkt aðlengja vatnsæðina í Vatnsstígum 70 metra norður fyrir Lindargötu. Áætlaður kostnaður(3 5 kr.) 350 kr.
c. Erindi Þorsteins Einarssonar í Akurgerði vísaðaftur til vatnsnefndar, til þess að hún gjöri áætlun um kostnað við að leggja(vatnsæð) vatnsæð að Akurgerði.

4. Erindi Jóh. Johannessonar um endurbætur á Bröttugötu frá Aðalstræti upp að kvykmyndahúsinu var til fyrri umræðu.

5. Umsóknir um undanþágu frá salernahreinsun var tekið út af dagskrá og sömuleiðis tillagaum endurgjald fyrir fyrir endurskoðun bæjarreikninga.

6þ Ámunda Árnasyni, kaupmanni, veitt leyfi til að slátra sauðfé á þessu ári með sömu skilyrðum og að undanförnu, þó að því tilskildu að stjórnarráðið staðfesti breytingu þá við heilbrigðissamþykktina, er samþykkt var á síðasta fundi bæjarstjórnar.

7. Samþykkt við fyrri umræðu að neita hjúkrunarfélagi Reykjavíkur um 400 kr. styrk á þessu ári.

8. Erindi Kristmanns Runólfssonar um eftirgjöf á útsvari Ágústs Runólfssonar, var vísað til fátækranefndar.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| Timburgeymsluhús Jónatans Þorsteinssonar við Lindargötu | kr. | 4514.00 |
| Hús Sigf. Sveinbjarnarsonar Grímsstaðaholti | - | 3 58þ.00 |
| Hús Árna Árnasonar Mekbæ | - | 2994.þ0 |

Á fund vantaði Halldór Jónsson Svein Björnsson, Jón Jensson og Lárus Bjarnason og Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. Þorvarður Þorvarðarson. K. Zimsen. Hannes Hafliðason. Pétur G. Gunnarsson. Jón Þorláksson. Katrín Magnússon. Guðrún Lárusdóttir. Kl. Jónsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudag 15. ágúst skyldi halda reglulegan fund í bæjarstjórninni. Aðeins 7 bæjarfulltrúar mættu auk borgarstjóra. Var því ekki fundarfært, en borgarstjóra var samt falið að afgreiða byggingarnefndarmálin er á dagskrá voru.

Páll Einarsson.

Kl. Jónsson. Katrín Magnússon. K. Zimsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudag 5. september kl. 5 síðd. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni, og var þá þettað gjört:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 31. ágúst lesnar upp.- Samþykkt að fresta að gjöra ákv9rðun um beiðni Þorl. H. Bjarnasonar um fluttning geymsluhúss í Tjarnargötu. Að öðru leyti voru gjörðir byggingarnefndar samþykktar; síðasti liðurinn um stækkun Lækjartorgs og breikkunar Lækjargötu við fyrri umræðu.

2. a. Tilkynntog lögð fram tilboð, er komið haf a um hafnarbygginguna. Var tilboðunum vísað t il hafnarnefndar til álita. Krabbe verkfræðingur f er f ram á, að útkljá megi með gjörðardómi ágreining milli bæjarstjórnar og hans, um þóknun handa honum fyrir aðst oð við undirbúning hafnargjörðarinnar (sbr. fund 20. júni 4.c.). Bæjarstjórnin vildi ekki sinna þessari málaleitan, en samþykkti svohljóðandi tillögu frá Lárusi Bjarnasyni með 8 atkvæðum.
+Bæjarstjórnin vísar til fyrri samþykktar sinnar um þetta efni+.
c. Var tekið fyrir erindi P.J.Thorsteinssonar og O. Johnson & Kaaber'dags. 8. maí þ.á. viðvikjandi kvöð á vörugeymsluhúsinu við vörupallinn hjá bæjarbryggjunni. Bæjarstjórnin vildi ekki sinna þessu erindi.

3. Lagður fram reikningur, Bæjarsjóðs, Hafnarsjóðs og Brunabótasjóðs fyrir 1911 og urðu um þá nokkrar umræður.

4. Eftir tillögum fjárhagsnefndar var samþykkt að fela borgarstjóra að taka alltað því 35 þúsund kr. bráðabirgðalán í öðrum hvorum bankanum hér og undirskrifa skuldabréf fyrir láninu í umboði bæjarstjórnarinnar.

5. a. Samþykkt að fresta að taka ákvörðun um tilboð Jes Zimsens um sölu á svonefndu brunnhúsi á Lækjartorgi.
b. Erindi Jóh. Johannessonar um viðgerð á Btöttugötu var tekið út af dagskrá.

6. a. Borgarstjóra falið að gjöra samning við landssímastjórann um notkun talsímastaura fyrir brunasímann og brunasí,astaura fyrir talsíma.
b. Samþykkt að bannaValdimar Poulsen málmbræðslu í húsi hans á lóðinni nr. 6 við Hverfisgötu, þar til hann fær leyfi brunamálanefndar til þessarar(bræðslu) málmbræðslu.
Samþykkt að tilnefning brunamálanefndar á 36 mönnum, sem fastir liðsmenn í slökkviliðinu.

7/ 7. Bæjarstjórnin vildi ekki sinna Þorstein Einarssonar í Akurgerði, um að fá vatnsæð heim til sín.

8. Samþykkt við aðra umræðu að veita Hjúkrunarfélagi Reykjavíkur styrk á þessu ári, 400 krómur.

9. Tilkynnt staðfesting stjórnarráðsins á frumvarpi til breytingar á 38. gr. heilbrigðissamþykktar.

10. Ísfélaginu við Faxaflóa ogverzlun I.P.T.Bryde leyfð slátrun á fé á komandi hausti, að tilskildu samþykki heilbrigðisnefndar, að því er útbínað slátrunarstaðar snertir.

11. Nokkrum túnleigendum synjað um undanþágu frá ákvæðum gjaldskrár um salernahreinsun, þeim sem ekki hafa íbúð í túni sínu.

12. Beiðni Sighv. Brynjólfssonar um launahækkun vísað til fjárhagsnefndar til athugunar við samning næstu fjárhagsáætlunar.

13. Brunabótavirðingar samþykktar.
Hús Jóh. Jóhannssonar við Grundarstíg 4737 krþ
Húseign sama Aðalstræti 8 52064 kr.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Hús Árna Jónssonar Holtsgötu 2 | 2181 kr. |
| Húseignin +Hótel Ísland+ | 84112 - |

Á fund vantaði Svein B jörnsson og Halldór Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarssonþ Pétur G. Guðmundssonþ. Kristján Þorgrímsson. K. Zimsen. Hannes Hafliðason. Jón Þorláksson. Tr. Gunnarsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Katrín Magnússon. Jón Jensson. Guðrún Lárusdóttir. Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, laugardag 14. september var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni og lá þá fyrir álit hafnarnefndar um tilboð þau, er komið hafa um hafnarbygginguna, og sem bæjarstjórnin vísaði til hafnarnefndar á síðasta fundi sínum 5. þ.m.

Eftir talsverðar umræður var gengið til atkvæða. Var fyrst borin upp tillaga frá Jóni Þorlákssyni svohljóðandi:

"Bæjarstjórnin telur tilboð N.C.Monbergs í hafnargerðina aðgengilegast af hinum framkomnu tilboðum, en með því að ýmislegt í tilboði hans þykir ekki nægilega upplýst, er óskað eftir að hann sendi hingað umboðsmann sinn áður en samþykktarfrestur útrennur, til þess að gefa upplýsingar".

Var þessi tillaga felld með öllum atkvæðum gegn 3 (J.Þ., L.B., og K.Z.).

Þvínæst var felld svohljóðandi tillaga frá Lárusi Bjarnasyni:

"Samþykkt tilboðs sé frestað til næsta fundar".

Loks var ~~þá~~ borin upp tillaga hafnarnefndar:

"Bæjarstjórnin samþykkir tilboð herra verkfræðings N.C. Monbergs í Kaupmannahöfn dags. 17. f.m., að byggja höfn í Reykjavík fyrir 1310 þúsund krónur, þó að áskildum rétti til að taka 1540(kr. tilboði hans) þúsund króna tilboði hans í sama bréfi, ef bæjarstjórninni, að fengnum nýjum ýtarlegri upplýsingum, þætti það aðgengilegra.

Hinsvegar vill bæjarstjórnin ekki á þessu stigi málsins samþykkja tilboð hans um byggingu innri hafnar við Effersey fyri 100 þúsund krónur aukaborgun, en óskar að það tilboð standi fyrst um sinn.

Var tillaga þessi samþykkt með öllum atkvæðum. Lárus Bjarnason og K.Zimsen létu telja sig með meirihlutanum.

Á fund vantaði Pétur Guðmundsson, Svein Björnsson og Halldór ~~Guðmundsson~~. Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Guðrún Lárussdóttir. Katrín Magnússon. Kl.Jónsson. Tr. Gunnarsson. Kr. Þorgrímsson. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Þorvarður Þorvarðarson. Hannes Haflipason. Jón Jensson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudag 19. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni og var þá þetta gjört:

1. a. Byggingarnefndargjörðir frá 16. sept. voru lesnar upp og samþykktar.
Jafnframt var byggingarnefndinni falið að koma fram með tillögur um nafn á götustíg þeim, er liggur frá Framnesvegi að Liðsgranda.
b. Þorleifi Bjarnasyni~~sy~~njað um leyfi til að flytja geymsluhús (og hesthús) á lóð nr. 26 við Tjarnargötu.

2. Fasteignarnefndargjörðir frá 19. september voru lesnar upp og samþykktar að öðru leyti en því, að felld var umsókn Hólmfríðar Gísladóttur um erfðafestuland sunnanvert við Einholt (4. liður fundargjörðanna).

3. a. Samþykkt við aðra umræðu að verja allt að 400 kr. til viðgerðar á Bröttugötu frá Aðalstræti upp fyrir Bíó, gegn því, að Jóh. Jóhannesson leggi fram allt að helmingi kostnaðarins.
b. Samþykkt tillaga veganefndar í fundargjörð 16. sept. um breykkun Lækjargötu og stækkun Lækjartorgs.
c. Bæjarstjórnin vill ekki samþykkja tilboð Jes Zimsens konsúls um sölu á brunnhúsinu á Lækjartorgi með lóð fyrir 300 krónur.

4. Erindum bæjarverkfræðings og Kristjáns Sömundssonar sótara um aðstoðarmenn við störf þeirra, svo og erindi Ólafs lögregluþjóns um launahækkun var vísað til fjárhagsnefndar til athugunar við samningu fjárhagsáætlunar á þessu hausti.

5. Samþykkt að fella burt aukaútsvar Guðmundar Semingssonar kr. 4.00 fyrir þetta ár, og ½ af útsvari Elínar Stephensen, sem er flutt af landi burt.

6. Til álita fjárhagsnefndar var vísað hvort greiða skuli holræsagjald af lengd trjágarðs Halldórs Daníelssonar við Aðalstræti og Kirkjustræti.

7. Pálma Pálssyni veitt undanþága frá hreinsun salerna við hús hans á Meistaravelli og Þórhalli Bjarnasyni frá salerna hreinsun í Laufási.

8. Bæjarstjórnin samþykkti að heimila borgarstjóra að veita eiganda hússins nr. 27 við Skólavörðustíg undanþágu frá skylduhreinsun salerna í því húsi, ef húsið liggur í túni.

9. Kosnir reglulegir virðingamenn til brunabóta fyrir tímabilið frá 1. október 1912 til 1. október 1913 trésmiðirnir Hjörtur Hjartarson og Sigvaldi Bjarnason.

10. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| Vélaskúr Th. Thorsteinssonar á Kirkjusandi | kr. 9930.00 |
| Hús Guðmundar Egilssonar við Laugaveg br. 42 | - 101064.00 |
| Viðbygging við húsið nr. 3 við Baldursgötu | - 3510.00 |
| Húsið nr. 10B. við ~~Baldursgötu~~ Vesturgötu | - 12472.00 |
| Húsið nr. 14 við Tjarnargötu | - 16186.00 |

Á fund vantaði Lárus Bjarnason, Arinbjörn Sveinbjarnarson, Hannes Hafliðason, Svein Bjarnason og Halldór Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. G.G.Guðmundsson. Jón Jensson. Jón Þorláksson.
Guðrún Lárusdóttir. Þorvarður Þorvarðsson. Katrín Magnússon.
Tr. Gunnarsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ár 1912, fimmtudag 3 . október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni, og var þá þetta gjört:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 28. september lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu, að vísað var tiæ brunamálanefndar til álita, hvernigskuli framfylgja ákvæðum bygg- ingarsamþykktarinnar í 27. gr. um fjarlægð viðar frá reykháfum.

2. Tillaga veganefndar um lántöku til holræsagerðar, var vísað til 2. umræðu.

3. Skólanefnd hafði lagt til, að 179 börnum væri veitt ókeypis kennsla.
Bæjarstjæornin samþykkti að fela skólanefnd í samráði við fátækranefnd að úrskurða hver þessara barna skuliþfá ókeypis kennslu, þó því aðeins að það sé börn búsettra bæjarmanna.

4. Á sama hátt var vísað til skólanefndar umsóknum um ókeypis bækur.

5. Erindi margra búenda í Vesturbænum um veg úr Miðbænum vestur um bæjinn og frá Stýrimannastíg yfir á Túngötu var vísað til veganefndar til athugunar við undirbúning fjárhagsáætlunar.

6. Erindi Sigurðar Thoroddsen verkfræðings um mælingu bæjarins og uppdráttargerð var vísað til þriggja manna nefndar og voru kosnir:

| | |
|---|---|
| Jón Þorláksson | (8 atkv.) |
| Knud Zimsen | (6 atkv.) |
| Tryggvi Gunnarsson | (6 - ) |

7. Umsókn verkamannafélagsins Dagsbrún um kálgarðslóð var vísað til fasteignarnefndar.

8. Umsóknum Th. Thorsteinson og h/f Island um að fá leigutímann fyrir Kirkjusandi framlengdan var vísað til fasteignarnefndar.

9. Umsókn Matthías ar Matthíassonar um breytingu á ergðafestulandi í byggingarlóð var vísað til byggingarnefndar.

10. Umsókn Péturs Hjaltested um erfðafestuland var vísað til gasteignarnefndar.

11. Umspkn .unólfs Péturssonar um launahækkun var vísað til gjárhagsnefndar til athugunar.við samning fjárhagsáætlunar.

12. Brunabótavirðingar samþykktar.

| | | |
|---|---|---|
| Hús Jóns Magnússonar við Hverfisgötu / samþykkt gegn 2 atkvæðum. | | kr. 45207.00 |
| Húseignin nr. 5 við Bakkastíg | - | 9930.00 |
| - nr. 5 við Templarasund | - | 44915.00 |
| Skúrbygging í Laufási | - | 408.00 |

Á fund vantaði Svein Björnsson. Halldór Jónsson og Lárus ~~Pálsson~~ Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen. Arinbj. Sveinbjarnarson. Katrín Magnússon. Guðrún Lárusd. Hannes Hafliðason. Þorvarður Þorvarðarson. Pétur G. Guðmundsson. Jón Þorláksson. Jón Jensson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudag 12. október var reglulegur fundur haldinn í bæj_rstjórninni. Var þá þetta gjört:

1. Byggingarnefndargjörðir frá 13. okt. samþykktarm að því und_nskildu, að frestað var aðx taka ákvörðun um beiðni Ísfélagsins við Faxaflóa um leyfi til að byggja ísgeymsluhús á Brunnhúsalóð, þar til uppdráttur er fenginn.

2. Samþykkt að t aka allt að 12 þúsund króna lán til holræsagerðar á þessum vetri, og skal fyrir þessa upphæð gera holræsi í Vatnsstíg, Klapparstíg, Hverfisgötu, Skólavörðustíg, Vesturgötu, Bræðraborgarstíg, Laugaveg, Túngötu, Bjargarstíg og Grundarstíg samkvæmt áætlun bæjarverkfræðings dags. 1. október. Var þetta samþykkt við 2. umræðu (sbr. 2. lið í fundargerð 3. október).

3. Byggingarreikningur vatnsveitunnarx var aftur kominn frá endurskoðendum og var enn frestað að s_mþykkja reikninginn.

4.a.Úrskurðaður reikningur Gasstöðvarinnar fyrir reikningsárið 1910-1911. Voru tillögur gasnefndar samþykktar samþykktar að undanskildum liðunum B16, en í stað hans var samþykkt svohljóðandi tillaga:

"Eftirleiðis fylgi reikningum árlega skýrsla um seld gastæki og birgðir við ársbyrjun og árslok. Að gefnu tilefni tekur bæjarstjórnin það fram, að rekstursfirmað ber ábyrgð á midfellum þeim, sem kunna að hafa orðið hjá R attke".

b. Samþykkt að fela K. Zimsen að enddurskoða rekstursreikning Gasstöðvarinnar 1911-1912.

Með því að margir voru gengnir af fundi og ekki var lengur fundarfært var fundi frestað til kl. 5 síðdegis á morgun.

Páll Einarsson. Sveinn Björnsson. K. Zimsen. PETUR G. Guðmumdss.
Hannes Hafliðason. Jón Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, föstudag 18. október kl. 5½ síðdegis var fundur settur að nýju, og var þetta gjört:

1. Fátækranefndin hafði lagt til, að styrk úr ekkistyrktarsjóði skyldi veita 289 mönnum, en féð sem til úthlutunar(kæmi) kom v ar 63 00 (6300) krónur . Tillögurnar voru samþykktar með þeirri breytingu, að í stað Sigurðar Guðmundssonar, Haga, komi Þorvaldur Árnason. Skrá yfir þá, sem styrk fengu innfærist hér á eftir.

2. Samkvæmt tillögum skólanefndar var eftirnefndum skólum og félögum veitt leyfi yil að nota leikfimishús barnaskólans þetta skólaár: Daufdumraskólanum, Kvennaskólanum Kennaraskólanum, Ungmennafélaginu, félaginu Skarphéðinn og ennfremur Ingibjörgu Brands.
Sömu skilyrði voru sett fyrir leyfinu og síðastliðið ár á fundi síðastliðið ár á fundi 18. október.
Ennfremur var Daufdumbraskólanum veitt leyfi til að nota hús og áhöld skólans til skólaiðnaðarkennslu og til matreiðsukennslu eina stund á viku.
Skal skæolanefnd setja nánari reglur um notkun skólahúsanna.

3. Erindum séra Bjarna Hjaltesteds og nokkurra kvæntra stundakennara um launahækkun var vísað til skólanefndar.

4. Umsóknir næturvarða um ókeypis einkennisbúnimg var vísað til fjárhagsnefndar.

5. Undanþága frá skylduhreinsun salerna var veitt þessum mönnum:
Matthíasi Matthíassyni í Holti,
Þorláki Vilhjálmssyni á Rauðará,
S. A. Gíslasyni í Ási,
Kristínu Pétursdóttur í Hofi.
Aftur á móti vildi bæjarstjórnin ekki veita undanþágu verzlun I.P.T.Bryde og Sveini Þórðarsyni, Óðingötu nr. 3.

6. Tilkynnt bréf frá verkfræðing NþCþMonberg í Kaupmannahöfn, þar sem hann skýrir frá því, að umboðsmaður hans muni sennilega koma hingað fyrripart nóvembermánaðar.

7. Til að semja verðlagsskrá var kosinn Eiríkur Briem prófessor.

8. Erindi Árna Eiríkssonar kaupmanns viðvíkjandi holræsagjaldi, var vísað til veganefndar.

9. ÁSDÍS Sigurðardóttir, Bræðraborgarstíg 11, sækir um að fellt verði burtu útsvar Ara sák. Arasonar, að upphæð 14 kr. Var beiðmi þessi samþykkt.
Sömuleiðis vat fellt burtu útsvar Helga Jómssonar Litla-Skipholti samlvæmt umsókn ekkju hans.
Fellt var burtu síðari hluti útsvars Guuðm. Gr.Halldórssonar, að upphæð 8 krónur.
Erindi Páls O. Lárussonar um burtfelling nokkurs hluta útsvars hans, var vísað til borgarstjóra til umsagnar.

10. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| Húseignin nr. 19 við Pósthússtræti | Kr. | 25739.00 |
| samþykkt með 6 atkv. gegn 3 | | |
| Húsið nr. 15 við Laufásveg | - | 3101.00 |
| - - við Lpmdatgötu | - | 7244.00 |
| - - 5A við Grundarstíg | - | 2254.00 |

Frestað var að samþykkja virðingu á húsinu nr. 6B við Aðalstræti.

11. Í tilefni af því að Th. Krabbe verkfræðingur hefur stefnt bæjarstjæorninni út af ágreiningi milli hans og bæjarstjórnarinnar um borgun fyrir fyrir verk hans við útboð á hafnarvirkjunum, gaf bæjarstjórnin borgarstjóra fullt og ótakmarkað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

umboð til að mæta á sáttafundi og sættast á málið ef til kemur.

Á fund vantaði Halldór Jónsson, Lárus Bjarnason, Guðrúnu Lárusdóttir og Klemens Jónsson, en á fundinum í gæt vantaði Halldór Jónsson, Katrínu Magnússon og Arinbjörn Sveinbjörnsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Katrín Magnússon. Kristján Þorgrímsson.
Tr. Gunnarsson. Sveinn Björnsson. Pétur G. Guðmundsson. Hannes Hafliðason. K. Zimsen. Jón Þorláksson. Þorvarður Þorvarðarson.
Arinbjörn Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÚTHLUTUN

á styrk af Ellistyrktarsjóði 1912.

| Nr. | Nafn umsækjenda | Heimili: | Aldur: | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Aðalbjörg Eyjólfsdóttir, | Lindargötu 20 | 82 | 25.00 |
| 2. | Aðalbjörg Magnúsdóttir, | Grettisgötu 47 | 64 | 30.00 |
| 3. | Agata Sigurðardóttir, | Klapparh. Bergstaðastr 27B | 76 | 25.00 |
| 4. | Alfheiður Jónsdóttir | Frakkastíg 13 | 63 | 20.00 |
| 5. | Anna Gísladóttir | Lindargötu 1 | 76 | 20.00 |
| 6. | Anna Jónsdóttir | Ingófsstræti 5 | 61 | 20.00 |
| 7. | Arnbjörg Jónsdóttir | Hverfisgötu 25 | 72 | 20.00 |
| 8. | Arnbjörg Markúsdóttir | Bræðraborgarstíg 5 | 62 | 20.00 |
| 9. | Árni Árnason | Njálsgötu 49 B | 68 | 20.00 |
| 10. | Árni Bjarnason, H | Holtsgötu 7 | 71 | 20.00 |
| 11. | Árni Guðmundsson | Bræðraborg | 70. | 60.00 |
| 12. | Arnór Jónsson, | Stýrimannastíg 8 B | 66 | 20.00 |
| 13. | Árni Pálsson | Hverfisgötu 26 | 63 | 20.00 |
| 14. | Arnleif Helgadóttir | Vinaminni Mkóstræti | 60 | 20.00 |
| 15. | Benedikt Jónsson | Laugaveg 42 | 79 | 25.00 |
| 16. | Bjargey Guðmundsdóttir | Grettisgötu 42 | 75 | 20.00 |
| 17. | Njarni Bjarnason | Rauðarárstíg 10 | 70xxx | 20.00 |
| 18. | Bjarni Guðmundsson | Vesturgötu 53 B | 75 | 30.00 |
| 19. | Bjarni Olafsson | Hverfisgötu 25 | 63 | 20.00 |
| 20. | Björn Jónsson | Hjálsgötu 13 B | 63 | 20.00 |
| 21. | Einar Bjarnason | Bræðraborgarstíg 24 | 82 | 20.00 |
| 22. | Einar Einarsson | Oddsbæ | 74 | 20.00 |
| 23. | Einar Ingimundsson | Laufásveg 13 | 78 | 35.00 |
| 24. | Einar Magnússon | Holtast. Bergst.str. 62 | 79 | 20.00 |
| 25. | Elín Björnsdæottir | Grettisgötu 20 | 60. | 20.00 |
| 26. | Elín Björnsdóttir | Vesturgötu 12 | 68 | 20.00 |
| 27. | Elín Ingimundardíottir | Reykjavík | 67 | 20.00 |
| 28. | Elínborg Hansdóttir | Aðalstræti 18 | 73 | 25.00 |
| 29. | Erlendur Þorsteinsson, | Lindargötu 36 | 82 | 20.00 |
| 30. | Erlingur Jónsson | Frakkastíg 17 | 76 | 20.00 |
| 31. | Friðrika Jóhannesdóttir | Ingólfsstræti | 75 | 25.00 |
| 32. | Gísli Gíslason | ~~Skólavörðustíg 45~~ Bræðraborgarstíg 32 | 71 | 20.00 |
| 33. | Gísli Jónsson | Skólavörðustíg 45 | 71 | 20.00 |
| 34. | Gróa Björnsdóttir | Hverfisgötu 2 | 76 | 20.00 |
| 35. | Gróa Guðmundsdóttir | Lindargötu 7 | 63 | 20.00 |
| 26. | Gróa Rögnvaldsdóttir | Bergstaðastræti 21 | 68 | 20.00 |
| 37. | Grímur Grímsson | Bergstaðastræti 50 | 72 | 20.00 |
| 38. | Guðlaug Amundadóttir | Vatnsstíg 10A. | 72 | 20.00 |
| 39. | Guðlaug Einarsdóttir | Njálsgötu 13 a | 71 | 20.00 |
| 40. | Guðlaug Kónsdóttir | Hverfisgötu 58 | 70 | 25.00 |
| 41. | Guðlaugur M. Jónsson | Laugaveg 46a | 64 | 25.00 |
| 42. | Guðleif Bj9rnsdóttir | Laugaveg 17 | 80 | 30.00 |
| 43. | Guðleif Pálsdóttir | Litlabæ, Grímsst.holti | 79 | 30.00 |
| 44. | Guðbjörg Ingólfsstræti 5 | Gísladóttir | 70 | 25.00 |
| 45. | Guðbjörg Jónsdóttir | Smiðjustíg 3 | 70 | 20.00 |
| 46. | Guðbjörg Marteinsdóttir | Bræðraborgarstíg 21B | 65 | 20.00 |
| 47. | Guðbjörg Sigurðardóttir | Spítalastiig 4B | 78 | 30.00 |
| 48, | Guðbjörg Sigurðardóttir | Laugaveg27B | 64 | 25.00 |
| 49. | Guðfinna Olafsdóttir | Vesturgötu 46 | 67 | 20.00 |
| 50. | Guðfinna Þórarinsdóttir | Ananaustum | 74 | 20.00 |
| 51. | Guðbrandur Árnason | Hverfisgötu 54 | 78 | 30.00 |
| 53. | Guðmundur Einarsson | Vatnsstíg 10B | 71, | 30.00 |
| 53. | Guðmundur Guðmundsson | Vesturgötu 53B | 72 | 25.00 |
| 54. | Guðmundur Halldórsson | Bergstaðastræti 17 | 64 | 20.00 |
| 55. | Guðmundur Þorgilsson | Bergstaðastræti 8 | 69 | 30.00 |
| 56. | Guðmundur Þorsteinsson | Stóra Skipholti | 62 | 20.00 |
| 57. | Guðný Björnsdóttir | Laugaveg 22B | 87 | 45.00 |
| 58. | Guðný Loftsdóttir | Laugaveg 30 | 60 | 20.00 |
| 59. | Guðríður Guðlaugsdóttir | Laugaveg 18C | 67 | 20.00 |
| 60. | Guðríður Markúsdóttir | Lindarg.34 (Laugav.37) | 78 | 30.00 |
| 61. | Guðríður Tómasdóttir | Laufásveg 5 | 72 | 25.00 |
| 62. | Guðríður Þorkelsdóttir | Barónsstíg 16 | 63 | 20.00 |
| 63. | Guðríður Vigfúsdóttir | Njálsgötu 39 | 75 | 30.00 |
| 64. | Guðríður Vigfúsfóttir | Sjáfarborg | 69 | 20.00 |
| 65. | Guðrún Bjarnadóttir | Þingholtsstræti k6 | 70. | 25.00 |
| 66. | Guðrún Bjarnadóttir | Bergstaðastræti 50 | 79 | 25.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nrþ | Nöfn Umsækjenda: | Heimili: | Aldur: | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|
| 67. | Guðrún Einarsdóttir | Brekkustíg 1 | 70 | 25.002 |
| 68. | Guðrún Einarsdóttir | Kárastíg 2 | 68 | 20.00 |
| 69. | Guðrún Friðfinnsdóttir | Miðstræti 4 | 67 | 20.00 |
| 70. | Guðrún Gísladóttir | Barónsstíg 14 | 82 | 30.00 |
| 71. | Guðrún Gunnarsdóttir, | Bergstaðastræti 30 | 75 | 25.00 |
| 72. | Guðrún Gunnarsdóttir | Laugaveg 119 | 75 | 20.00 |
| 73. | Guðrún Halldórsdóttir | Njálsgötu 52 | 78 | 20.00 |
| 74. | Guðrún Halldórsdóttir | Nýlendugötu 17 | 71 | 25.00 |
| 75. | Guðrún Hákonardóttir | Hverfisgötu 47 | 69 | 25.00 |
| 76. | Guðrún Jónsdóttir | Laugaveg 60 | 59 | 20þ00 |
| 77. | Guðrún Jónsdóttir | Bræðraborgarstíg 22 | 72 | 25.00 |
| 78. | Guðrún Jónsdóttir | Klöpp, Brekkustíg | 64 | 20.00 |
| 79. | Guðrún Jóndóttir | Lindargötu 5 | 66 | 20.00 |
| 80þ | Guðrún Magnúsdóttir | Vesturgötu 26c | 85 | 30.00 |
| 81. | Guðrún Magnúsdóttir | Njálsgötu 16 | 78 | 20.00 |
| 82. | Guðrún Ólafsdóttir | Aðalstræti 18 | 69 | 20.00 |
| 93. | Guðrún Pálsdóttir | Grettisgötu 50 | 83 | 25.00 |
| 94. | Guðrún Pálsdóttir | Stýrimannastíg 10 | 70 | 20.00 |
| 85. | Guðrún Sigurðardóttir, | Laugaveg 53 | 83 | 20.00 |
| 86. | Guðrún Sigurðardóttir, | Mjóstræti 2 | 76 | 25.00 |
| 87. | Guðrún Sigurðardóttir | Bakkastíg 4 | 62 | 20.00 |
| 88. | Guðrún Þórðardóttir | Óðinsdötuclo | 67 | 20.00 |
| 89. | Guðrún Þorgrímsdóttir | Grettisgötu 11 | 65 | 20.00 |
| 90. | Guðrún Þorsteinsdóttir | Hverfisgötu 26 | 70. | 20.00 |
| 91. | Guðrún Þóroddsdóttir | Syðsta Bergi | 65 | 20.00 |
| 92. | Guðrún Þórólfsdóttir | Vesturgötu 52 | 62 | 20.00 |
| 93. | Guðrún Vigfúsdóttir | Lindargötu 10 | 70 | 20.00 |
| 94. | Guðrún Ögmundsdóttir | Laufaveg 54a | 80 | 25.00 |
| 95. | Gunnhildur Gísladóttir | Laugaveg 61 | 84 | 30.00 |
| 96. | Halldóra Magnúsdóttir | Hverfisgötu 22 | 72 | 20.00 |
| 97. | Halldóra Ólafsdóttir | Miðdal Bræðraborgarstíg | 78 | 30.00 |
| 98. | Halldóra Randversdóttir | Laugaveg 5 | 79 | 25.00 |
| 99. | Halldór Pálsson | Ólafsbakka | 67 | 20.00 |
| 100. | Helga Þorkelsdóttir | Efri Brekku | 80 | 30.00 |
| 101. | Helga Símonardóttir | Frakkastíg 20 | 76 | 25.00 |
| 102. | Helga Pétursdóttir | Grettisgötu 35 | 60 | 20.00 |
| 103. | Helga Pálsdóttir | Nýlendugötu 12 | 72 | 25.00 |
| 104. | Helga Nikulásdóttir | Hverfisgötu 22 | 66 | 20.00 |
| 105. | Helga Sigr. Auðunsdóttir | Suðurgötu 13 | 59 | 20.00 |
| 106. | Herdís Magnúsdóttir | Njálsgötu 5 | 72 | 25.00 |
| 107. | Hildur Arnfinnsdóttir | Brekku Brekkustíg | 70 | 20.00 |
| 108. | Hildur Jóndóttir | Brunnstíg 9 | 75 | 20.00 |
| 109. | Hindrik Gíslason | Grænuborg | 70. | 20.00 |
| 110. | Hólmfríður Magnúsdóttir | Þingholtsstræti 3 | 80 | 30.00 |
| 111. | Hróbjartur Ólafsson | Hverfisgötu 31 | 76 | 25.00 |
| 112. | Ingibjörg Einarsdóttir | Bergstaðastræti 39 | 78 | 20.00 |
| 113. | Ingibjörg Eiríksdóttir | Bókhlöðustíg 11 | 60 | 20.00 |
| 114. | Ingibjörg Halldórsdóttir | Bergstaðastræti 41 | 83 | 30.00 |
| 115. | Ingibjörg Hjaltadóttir | Grettisgötu 47 | 62 | 20.00 |
| 116. | Ingibjörg Jóndóttir | Laugalandi | 80 | 30.00 |
| 117. | Ingimundur Jakobsson | Laufásvegi 5 | 77 | 20.00 |
| 118. | Ingiríður Brynjólfsdóttir | Þingholtsstræti 28 | 69 | 20.00 |
| 119. | Ingibjörg Einarsdóttir | Laugaveg 76B | 72 | 25.00 |
| 120. | Ingiríður Sigmundsdóttir | Grettisgötu 18 | 75 | 20.00 |
| 121. | Jakob Alhanasíusson | Ránargötu 23 | 86 | 25.00 |
| 122. | Jarþrúður Pétursdóttir | Óðinsgötu 8 | 80 | 30.00 |
| 123. | Jóhanna Einarsdóttir | Bakkabúð Lindargötu | 76 | 30.00 |
| 124. | Jóhanna Möller | Tjarnargötu 6 | 62 | 20.00 |
| 125. | Jóhannes Oddsson og kona | Efri-Vegamótum | 84 | 40.00 |
| 126. | Jóhannes Sveinsson | Smiðjustíg 9 | 74 | 25.00 |
| 127. | Jón Bjarnason | Njálsgötu 37 | 64 | 20.00 |
| 128. | Jón Brynjólfsson | Laugaveg 61 | 71 | 20.00 |
| 129. | Jón Helgason | Vesturgötu 33 | 72 | 25.00 |
| 130. | Jón Jóhannesson og kona | Aðalstræti 18 | 73 | 30.00 |
| 131. | Jón Jónsson | Ánanaustum | 70/00 | 30.00 |
| 132. | Jón Jónsson | Framnesveg 28 | 65 | 20.00 |
| 133. | Jón jónsson | Bræðraborgarstíg 20 | 73 | 20.00 |
| 134. | Jón Vigfússon | Hákoti | 77 | 30.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 135. | Jósef Jónsson | Suður-Klöpp | 76 | 20.00 |
| 136. | Jórunn Erlindsdóttir | Bakka v Bakkastíg | 68 | 20þ00 |
| 137. | Jórunn Guðmundsdóttir | Litlu-Klöpp | 65 | 20.00 |
| 138. | Jórunn Hannesdóttir | Laugaveg 76B | 62 | 20.00 |
| 139. | Karítas Andrésdóttir | Lindargötu 12 | 81 | 30.00 |
| 140. | Katrín Jónsdóttir | Laugaveg 5o | 67 | 20.00 |
| 141. | Katrín Magnúsdóttir | Nýlendu | 81 | 30.00 |
| 142. | Katrín Ólafsdóttir | Framnesveg 5 | 75 | 20.00 |
| 143. | Kristbjörg Hinriksdaottir | Helgast. Lindargötu | 65 | 30.00 |
| 144. | Kristbjörg Jónsdóttir | Grjótagötu 1o | 73 | 25.00 |
| 145. | Kristjana S. Jónsdóttir | Þinghlltsstræti 7 | 7o | 20.00 |
| 146. | Kristjana Kristjánsdóttir | Brennu v. Bergst.str. | 8o | 25þ00 |
| 147. | Kristín Árnadóttir | Laufásveg 31 | 74 | 20.00 |
| 148. | Kristín Brandsdóttir | Vitastíg 8 | 77 | 25.00 |
| 149. | Kristín Filippusdóttir | Skólastræti 5 | 73 | 20.00 |
| 15o. | Kristín Gísladóttir | Ánananaustum | 61 | 20.00 |
| 151. | Kristín Gísladóttir | Bræðraborgarstíg 24 | 77 | 30.00 |
| 152. | Kritín Guðmundsdóttir | Hverfisgötu 45 | 69 | 20.00 |
| 153. | Kristín Guðmundsdóttir | Hverfisgötu 31 | 75 | 20.00 |
| 154. | Kristín Guðmundsdóttir | Vegamótum | 79 | 25.00 |
| 155. | Kristín Guðmundsdóttir | Njálsgötu 62 | 67 | 20.00 |
| 156. | Kristín Magnúsdóttir | Skólavörðustíg 41 | 63 | 20.00 |
| 157. | Kristín Oddsdóttir | Laugaveg 36 | 87 | 25.00 |
| 158. | Lárus Knudsen | Njálsgötu 23 | 71 | 25.00 |
| 159. | Magnús Gunnlaugsson | Njálsgötu 62 | 78 | 20.00 |
| 16o. | Málfríður Benjamínsdóttir | Hverfisgötu 47 | 81 | 25.00 |
| 161. | Málfríður Halldórsdóttir | Reykjavík | 65 | 20.00 |
| 162. | Margrét Björnsdóttir | Bröttugötu 5 | 65 | 20.00 |
| 163. | Margrét Einarsdóttir | Hverfisgötu 45 | 63 | 20.00 |
| 164. | Margrét Einarsdóttir | Bergsta-astræti 8 | 67 | 20.00 |
| 165. | Margrét Erlendsdóttir | Klapparstíg 17 | 74 | 25.00 |
| 166. | Margrét Gestsdóttir | Miðstræti 5 | 75 | 20.00 |
| 167. | Margrét Jónsdóttir | Laugaveg 24 | 79 | 20.00 |
| 168. | Margrét Jónsdóttir | Grettisgötu 24 | 79 | 20.00 |
| 169. | Margrét Jónsdóttir | Spítalastíg 4 | 68 | 20.00 |
| 17o. | Margrét Kláusdóttir | Suðurgötu 8a | 63 | 20.00 |
| 171. | Margrét Th. Pálsdóttir | L augavegi 17 | 72 | 20.00 |
| 172. | Margrét S igurðardóttir | Stóra-Ripholti | 66 | 20.00 |
| 173. | Margrét Þórðardóttir | Þingholtsstræti 1 | 62 | 20.00 |
| 174. | María Jónsdóttir | Laugaveg 26 | 74 | 30.00 |
| 175. | María Ísleifsdóttir | Laugavegi 66 | 68 | 20.00 |
| 176. | María Höskuldsdóttir | Laufásveg 35 | 74 | 20.00 |
| 177. | María Andrésdóttir | Brunnstíg 9 | 62 | 20.00 |
| 178. | Marta Lárusdóttir | Rvík | 60. | 20.00 |
| 179. | Oddbjörg Guðlaugsdóttir | Grettisgötu 43 | 68 | 20.00 |
| 18o. | Oddur Halldórsson | Efri-Brekku | 73 | 20.00 |
| 181. | Oddur Jónsson | Laugaveg 48 | 64 | 20.00 |
| 182. | OddnýHannesdóttir | Framnesveg 25 | 79 | 25.00 |
| 183. | Ólafur Eykólfssom | Bræðra borgarstíg 3 | 73 | 20.00 |
| 184. | Ólöf Halldórsdótt r | Efri-Vegamótum | 82 | 30.00 |
| 185. | Ólöf Jónsdóttir | Hverfisgötu 45 | 72 | 20.00 |
| 186. | Ólöf Tómasdóttor | Rvík | 66 | 20.00 |
| 187. | Ólöf Sigurðardóttir | Hverfisgötu 22B | 63 | 20.00 |
| 188. | Pálína Pálsdóttir | Njálsgötu 33 | 73 | 25.00 |
| 189. | Pálmi Pálmason | Ránargötu 29 | 66 | 20.00 |
| 19o. | Páll Hafliðason | Barónsstíg 18 | 67 | 20.00 |
| 191. | Páll Jónsson | Frakkastíg 17 | 67 | 20.00 |
| 192. | Páll Pál son | Kárastíg 3 | 69. | 20.00 |
| 193. | Ragnheiður Guðmundsdóttir | Laugavegi2oa | 63 | 30.00 |
| 194. | Ragnheiður Þorleifsdóttir | Efri-Vegamótum | 63 | 20.00 |
| 195. | Ragnhildur Einarsdóttir | Hverfisgötu 28 B | 76 | 20.00 |
| 196. | Ragnhildur Einarsdóttir | Vesturgötu 59 | 76 | 20.00 |
| 197. | Rannveig Gísladóttir | Hverfisgötu 19 | 75 | 25.00 |
| 198. | Rannveig Guttormsdóttir | Vitastíg 12 | 82 | 30.00 |
| 199. | Rannveig Jónsdóttir | Gíslh. v/Vesturgötu | 73 | 25.00 |
| 2oo. | Rannveig Þórðardóttir | Þingholtsstræti 28 | 71 | 25.00 |
| 2o1. | Regína Magd. Jónsdóttir | Norðurstíg 5 | 77 | 25.00 |
| 2o2. | Regína Petrína Möoller | Bjarnaborg | 84 | 20.00 |
| 2o3. | Rósamunda Guðmundsdóttir | Laugaveg 78 | 63 | 20.00 |
| 2o4. | Rögnvaldur Teitsson | Vegamót v/Kaplaskjól | 84 | 25.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nr. | Nöfn umsækjenda: | Heimili: | Aldur: | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|
| 205. | Ögmundsdóttir Salvör | Njálsgötu 41 | 70 | 20.00 |
| 206. | Sigfús Pétursson Laugalandi | Laugalandi | 81 | 25.00 |
| 207. | Signý Gunnlögsdóttir | Melar á/Grímsstaðaholti | | |
| 208. | Sigríður Auðunsdóttir | Melnum | 72 | 20.00 |
| 209. | Sigríður Árnadóttir | Frakkastíg 11 | 71 | 20.00 |
| 210. | Sigríður Árnadóttir | Frakkastíg 10 | 72 | 25.00 |
| 211. | Sigríður Bjarnadóttir | Nýlendugötu 19 | 70 | 20.00 |
| 212. | Sigríður Guðmunddsdóttir | Bókhkööustíg 11 | 69 | 20.00 |
| 213. | Sigríður Guðmundsdóttir | Laugaveg 62 | 70. | 20.00 |
| 214. | Sigríur Guðmundsdóttit | Pálshúsum | 72 | 45.00 |
| 215. | Sigríður Guðmundsdóttit | Vesturgötu 26 | 87 | 45.00 |
| 216. | Sigríður Jónsdóttir | Laugaveg 40 B | 60 | 20.00 |
| 217. | Sigríður Jónsdóttir | Bergstaðastræti-23 | 79 | 20.00 |
| 218. | Sigríður Jæonsdóttir | Nýlendugötu 16 | 72 | 20.00 |
| 219. | Sigríður Jónsdóttir | Laugaveg 12 | 75 | 25.00 |
| 220. | Sigríður Jónsdóttir | Stýrim.Stíg 8B | 71. | 25.00 |
| 221. | Sigríður Jónsdóttir | Lindargötu 6 | 69 | 20.00 |
| 222. | Sigríður Magnúsdóttir | Stýrim.stíg 8 | 79 | 30.00 |
| 223. | Sigríður Matthíasdóttir | Njálsgötu 34 | 73 | 20.00 |
| 224. | Sigríður Olafsdóttir | Bröttugötu 5 | 62 | 20.00 |
| 225. | Sigtíður Pálsdóttir | Ingólfsstræti 23 | 67 | 20.00 |
| 226. | Sigríður Rósa Pálsdóttir | Lindargötu 7 | 65 | 20.00 |
| 227. | Sigríður Pétursdóttir | Lindargöti 8 B | 66 | 20.00 |
| 228. | Sigríður Þorkelsdóttir | Vesturgötu 20. | 74 | 25.00 |
| 229. | Sigurbjörg Guðmundsdóttir | Laugaveg 28B | 68 | 20.00 |
| 230. | Sigurbjörg Jónsdóttir | Laugaveg 46a | 82 | 25.00 |
| 231. | Sigurbjörg Björnsdóttir | Njálsgötu 56 | 67 | 20.00 |
| 232. | Sigurbjörg Þorkelsdóttir | Vesturgötu 15 | 67 | 20.00 |
| 233. | Sigurður Ámundason | Vatnsstíg 11 | 74 | 20.00 |
| 234. | Sigurður Egilsson | Njálsgötu 58 | 62 | 20.00 |
| 235. | Sigurður Einarsson | Grettisgötu 33B | 83 | 20.00 |
| 236. | Sigurður Friðriksson | Laugaveg 28 | 71 | 20.00 |
| 237. | Sigurður Jónsson | Hverfisfötu 48 | 74 | 25.00 |
| 238. | Sigurður Þórðarson ogkona | Norðurstæig 9 | 86 | 25.00 |
| 239. | Sigurlaug Finnsdóttir | Tæung9tu 50 | 79 | 35.00 |
| 240. | Sigurlaug Jónsdóttir | Vatnsstíg 12 | 69 | 20.00 |
| 241. | Sigurlaug Sigurðardóttir | Bræðraborgarstíg-38 | 70 | 20.00 |
| 242. | Sigurveig Jóhannesdóttir | Grettisgötu 22c | 68 | 20.00 |
| 243. | Sigurveig Pálsdóttir | Óðinsgötu 13 | 74 | 25.00 |
| 244. | Soffía Jónsdóttir | Vesturg9tu 15 | 68 | 20.00 |
| 245. | Solveig Níelsdóttir | Kaugav.18 (bakh) | 66 | 20.00 |
| 246. | Stefán Brynjólfsson | Lindargötu 16 | 62 | 20.00 |
| 247. | Steindór Jónsson | Klapparstíg 4 | 65 | 20.00 |
| 248. | Ste inÞóra Einardóttir | Haga Grímssth. | 64 | 25.00 |
| 249. | Sveinbjörg Árnadóttir | Njálsgötu 34 | 73 | 20.00 |
| 250. | Sverrir Magnússon | Njálsgötu 37 | 67 | 20.00 |
| 251. | Tómas Guðmundsson | Vesturgötu 40 | 77 | 20.00 |
| 252. | Teitur Hansson | Bergstaðastræti 33 | 66 | 40.00 |
| 253. | Valgerður Guðmundsdóttir | Bergstaðastræti 12 | 75 | 30.00 |
| 254. | Valgerður Þorgilsdóttir | Hverfisgötu 54 | 63 | 20.00 |
| 255. | Vigfús Guðnason og kona | Skólastræti 5 | 68 | 20.00 |
| 256. | Vilborg Guðmundsdóttir | Grettishötu 27 | 78 | 75.00 |
| 257. | Vilborg Ólafsdóttir | Þimgjoltsstr. 26 | 72 | 25.00 |
| 258. | Vilborg Sigurðardóttir | Bergst.str.7 | 64 | 25.00 |
| 259. | Þóra B jarnadóttir | Grettisgötu 43 | 69 | 20.00 |
| 260. | Þóra Einarsdóttir | Grundarstíg 5 a | 68 | 20.00 |
| 261. | Þóra Jónsdóttir | Næylendugötu 19 | 68 | 20.00 |
| 262. | Þóra Jónsdóttir | Smiðjustíg 4 | 71 | 25.00 |
| 273 | Þóra Jónsdóttir | Næylendugötu 15B | 57 | 20.00 |
| 264. | Þóra Magnúsdóttir | Bergst.str.62 | 74 | 25.00 |
| 265. | Þóra Stefánsdóttir | Skóæavörðustíg 15a | 76 | 25.00 |
| 266. | Þorbjörg Hafloðadóttir | Hverfisg. 13 | 63 | 20.00 |
| 267. | Þorbjörg Illugadóttir | Stýrim.stíg 5 | 67 | 30.00 |
| 268. | Þorbjörg Sveinsdóttir | Befgst.str. 22a. | 73 | 20.00 |
| 269. | Þorbjörg Þorkelsdóttir | Brekkustíg 4 | 62 | 20.00 |
| 270. | Þórlaug Jónsdóttir | Lindargötu 30 | 72 | 20.00 |
| 271. | Þorsteimn Einarsson Akurgerði | | 64 | 20.00 |
| 272. | Þorvaldur Árnason | Bræðraborgarstíg 17 | 63 | 20.00 |
| 273. | Þórunn Jónsdóttir f.Skiph. | Þingjoltsstr.1 | 60 | 20.00 |
| 274. | Þórunn Jónsdóttir | Klapparstæig 4 | 64 | 20.00 |
| 275. | Þórunn Melkjörsd. | Skólabænum | 71 | 20.00 |
| 276. | Þórunn Hannesdóttir | Klaðarstíg 11 | 64 | 20.00 |
| 277. | Þuríður Sigurðardóttir | Laugaveg 7a | 75 | 20.00 |
| | | | 71 | 20.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudag 7. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundinum stýrði Klemens Jónsson í sjúkdómsforföllum borgarstjóra. Var þetta gjört:

1. Frumvarp fjárhagsnefndar til áætlunar um tekjur og gjöld árið 1913 var til fyrri umræðu. Eftir talsverðar umræður var frumvarpinu vísað til annarar umræðu.
Kosnir í nefnd til að íhuga fyrirkomulag á væntanlegri ráðningarskrifstofu fyrir verkamenn:
Pétur Guðmundsson með 6 atkv.
Sveinn Björnsson - 5 -
Knud Zimsen - 4 -

2, a. Frumvarp hafnarnefndar til áætlunar yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1913 var til fyrri umræðu.
b..Samþykkt að láta skjöl viðvíkjandi lántökunni til hafnarinnar ganga á milli bæjarfulltrúanna til næsta fundar.

3. Samþykkt að fresta að svara erindi Jóns Björnssonar kaupmanns og Björns Kristjánssonar bankastjóra um leyfi til að breikka stíg fyrir norðan hús þeirra nr. 4 við Vesturgötu.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 2. nóv. lesnar upp og samþykktarað öðru leyti en því, að 8. lið var frestað og 14. lið var vísað til brunamálanefndar til álita.

5. Sæmundur Einarsson sótari sagði upp starfi sínu frá næsta nýjári og var uppsögnin tekin gild.

6. Beiðnum um undanþágu frá skylduhreinsun salerna var vísað til eftirlitsmannsins með salernahreinsun.

7. Fellt burtu íútsvar Eiríks Jómssonar, Brekkugötu 3 .

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| Hús Arngríms Egilssonar á erfðafestulandi í Kirkjumýri | kr. | 1782.oo |
| Húseignin nr.31 við Þingholtsstræti | - | 7182.oo |
| - - 19 við Frakkastíg | - | 22559.oo |
| - -- 4 við Vesturgötu | - | 25450.oo |
| - - 1 - Baldursgötu | - | 5084.oo |

Á fund vantaði Pál Einarsson borgarstjóra, Halldór Jónsson, Hannes Hafliðason, Kristján Þorgrímsson, Jóm Þorláksson.

Fundi slitið.

Kl. Jómsson. Katfín Magnússon. K. Zimsen. Sveinn Björnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Tr. Gunnarsson. Pétur G. Guðmundsson. Jóm Jemsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, fimmtudag 21. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni og var þetta þá gjört:
Samkvæmt tillögu frá Kristjáni Þorgrímssyni var samþykkt að gjöra þá breytingu á(bæjarstjórninn) dagskránni, að taka ekki fyrir 1. og 2. mál fyrr en síðast á fundinum, að hinum málunum afloknum.

1. Samþykkt að bæjarstjórnin í heild sinni skuli undirskrifa samning við dönsku bankana um 800 þúsund króna lán til hafnargerðarinnar, en borgarstjóra hinsvegar falið að undirskrifa handhafa-skuldabréf fyrir láninu.

2. B jörn Kristjánsson og Jón Björnsson sækja um leyfi til að mega gjöra gang meðfram norðurhlið húss þeirra, nr. 4 við Vesturgötu, 3 álnum breiðari en áður hefur leyft verið (16. jan. 1897), alls 6 1/4 alin. Bæjarstjornin samþykkti að veita leyfið, þó þannig að bærinn haldi eignarrétti sínum yfir hinni uppfylltu ræmu, og geti bæjarstjórnin tekið hana til afnota endurgjaldslaust hvenær sem hún vill.

3. Frestað að taka ákvörðun um tillögu hafnarnefndar um ávöxtun hafnarlánsins meðan á hafnarbyggingunni stendur.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 16. nóvember lesnar uðð og samþykktár liðirnir 1 til 5.
Frestað að taka ákvörðun um kröfu Jóns Kristjánssonar prófessors um endurgjald fyrir lóðarræmu.
Út af erindi stjórnarráðsins, er getur um í 7. lið fundargjörðanna samþykkti bæjarstjornin að svara stjórnarráðinu því, að hún geti ekki gefið neinar nýjar upplýsingar í því máli.
8. lið var frestað þar til síðar á fundinum.

5. Fasteignanefndargjörðir frá 18. nóvember lesnar upp og samþykktár fyrstu 18 liðirnir.
Erindum Th. Thorsteinssonar og h/f Island um framlengingu leigutímans fyrir Kirkjusandi var vísað aftur til fasteignarnefndar.
Samþykkt tillaga fasteignarnefndar um leigu á Elliðaánum.

6. Tillaga viðvíkjandi mælongu kaupstaðarlóðar og kortgjörð tekin út úr dagskrá.

7. Tillaga viðvíkjandi Bústaálandi tekin aftur.

8. Erindi Matthíasar Matthíassonar um sölu byggingarlóðar vísað til byggingarnefndar.

9. Samþykkt að ræða erindin undir 11. og 12. lið dagskrárinnar með fjárhagsáætlun.

10. Erindum Valdimars Jónssonar og Helga Jónssonar um makaskiðti á erfðafestulöndum / vísað til fasteignanefndar.

11. Sigurði Þórðarsyni við Norðurstíg og Jóni Gíslasyni Laugaveg 115 synjað um undanþágu frá greiðslu gjalds fyrir salernahreinsun.
Umsókn Sigríðar Jónsdóttur um samskonar undanþágu vísað til umsagnar eftirlitsmanns með salernahreinsun.

12. Erindi Sigurðar Sívertsens um endurborgun á útsvari vísað til fjárhagsnefndar og erindi Þorláks Þorlákssonar um eftirgjöf á útsvari vísað til fátækranefndar.

13. Erindi Þórarins Arórssonar Þormóðsstöðum um afnot vatnsveitunnar vísað til vatnsnefndar.

14. Samþykkt að endurgreiða Kristni Brynjæolfssyni 16 kr., en hann hefur ofgreitt útsvarsgjald með þeirri upphæð



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Beiðni um framlengingu Lágholtsvegar vísað til veganefndar.

16. Áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðs fyrir árið 1913 var til 2, umræðu. Er klukkan var(12/á4/miðnætti) á) 12 á miðnætti var umræðum ekki lokið rn frestað til næsta fundar (aukafundar).

Á fund vantaði Halldór Jónsson og Arinbjörn Sveinbjarnararson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Lárus Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen. Katrín Magnússon. Guðrún Lárusdóttir. Pétur G. Guðmundsson. Hannes Hafliðason. Jón Þorláksson. Tryggvi Gunnarsson. Þorvarður Þorvarðarson. Sveinn Björnsson. Klemens Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, mánudag 25. nóvember var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni kl. 5 síðdegis.

1. Lokið umræðum yfir tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar 1913 og greitt atkvæði um hana þannig:
1-6. samþykkt óbreytt í einu hljóði.
Samþykkt breytingartillaga frá borgarstjóra við 7. lið. hækkun 800 krónur.
8. liður samþykktur. Felld br.till. frá Tr. Gunnarssyni.
9. liður hækkaður upp í 400 krónur.
10. - 20. liður samþykktur.
21. liður samþykktur. Br.till. Tr. G. Felld.
Nýr liður. Tillaga frá K.Z. samþ. Sundkennslustyrkur 30 krónur.
22. liður samþykktur. Röð breytist.

<u>Gjaldliðir:</u>
1. 2. og 3. a - c samþykktir.
Breytingartill. frá K. z. við 3.d samþykkt.
4. a. samþykkt.
4. b. Br.till. frá borgarstjóra samþ. Hækkun 200 krónur.
4. c. samþykkt.
5. Br. till. brunamálanefndar samþ. Hækkun 300krónur.
6. og 7. samþ.
8. Br.till. frá P.G. samþ. Niðurfærsla 200 kr.
9. liður samþ.
10. a. samþ.
10. b. Till. Tr. G. samþ. Niðurfærzla 900 kr.
11a. Br.till. veganefndar samþ. Uppfærsla 300 kr.
11 b. Br,till. sömu nefndar samþ. - 3275 -
11 c og d samþ.
11. e. Nýr liður. Till. frá K.Z. sþ. Þarfahús 1000 kr.
12.-19. liður og 20 a-d samþ.
20e felldur. Lækkun 1000 kr.
20 f. samþ.
21. samþ.
22 a Br.till. frá borgarst. sþ. Hækkun 200 kr. (Laun Bjarna Hjaltesteds hækki um 200 kr. frá 1. jan. 1913.).
22 b. Samþ. með viðaukatill. frá Kl.J.
22c-i samþ.
23a-e samþ.
23f. Br.till. frá P.G. samþ. Hækkun 60 kr.
23g. samþ.
23 h. Br.till. frá G.L. Samþ. Hækkun 50 kr.
21. i. Felld. Br.till. einnig felld. Lækkun 800 kr.
23i. Nýr liður 400 kr. til skóla í Bergstaðastræti samþ.
24 a-b, c, d-g, allur liðurinn samþ.
25. 26. 27. samþ. Br.till. frá J.Þ. felld.

Tekjuliður 24 breytist samkvæmt þessu.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt.

2. Áætlun yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1913 var til 2. umræðu.
Samþ. br.till. K.Z. við 6.7.og 8. gjaldlið. Áætlunin samþ. með þeirri breytingu.

3. Ólafi vélstjóra Jónssyni veitt leyfi til að byggja íbúðarhúsá erfðafestulandi hans fyrir austan Laugalækinn með því skilyrði, að hann breyti íbúðarhúsinu, sem nú er, í hlöðu eða peningshús. Ella greiði hann í bæjarsjóð 1/5 andvirðis lóðar undan húsinu og kring um það (sbr. byggingarnefndargjörðir 2. nóv. 8. lið.).

4. Brunabótavirðingar samþykktar: kr. 9532.00
Húseignin Grettisgötu 44 B - 12715.00
Vélahús Lindargötu 14 - 4863 .00
Húseignin Hverfisgötu 52 - 42316.00
- Lindargötu 44 - 6251.00
- Bjargarstíg 5 23=3.00
Hús Guðmþ. Pálssonar við Grandaveg(íBráðræðistúni) - 6228.00
Húsið nr. 6B við Aðalstræti



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Halldór Jónsson og Arinbjörn Sveinbjarnarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Þorláksson. Hannes Hafliðason. K.Zimsen.
Lárus Bjarnason. Þorvarður Þorvarðarson. Sveinn Björnsson.
Pétur G. Guðmundsson. Kl. Jónsson. Kristján Þorgrímsson.
Katrín Magnússon. Tryggvi Gunnarsson.

Við breytingartillöfu við 23 i var viðhaft nafnakall:
Já sögðu: Knud Zimsen, Pétur G. Guðmundsson, Þorvarður Þorvarðarsom og Sveinn Björnsson.
Nei sögðu: Jón Þorláksson, Hannes Hafliðason, Lárus H. Bjarnason. Kl. Jónsson, Katrín Magnússon, Guðrún Lárusdóttir. Kr. Þorgrímsson, Tryggvi Gunnarsson og Jón Jensson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## ÁÆTLUN

### YFI. TEKJUR GJÖLD HAFNARSJOÐS ARIÐ 1913.

~~1. Eftirstöðvar frá f. a.~~ Tekjur:

| | | Kr. au. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Eftirstöðvar frá f. á. | | 90.000.00 |
| 2, | Hafnargjöld af skipum | | 12.000.00 |
| 3. | Vextir af eldri hafnarsjóðnum | | 3.500.00 |
| 4. | Vextir af byggingarláninu | | 40.000.00 |
| 5. | Tillag úr landssjóði | | 100,000.00 |
| 6. | Lán til hafnarbyggingarinnar | | 1200.000.00 |
| 7. | Óvissar tekjur | | 100.00 |
| | | Samtals kr. | 1445.600.00 |

GJÖLD :

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | a. Laun reikningshaldara | 150.00 | |
| ~~2~~ | b. Laun hafnarþjóns | 120.00 | 270.00 |
| 2. | ~~a.~~ Til vita og hafnarljósa: | | |
| | a. Engeyjarvitarnir | 400.00 | |
| | b. Hafnarvitinn | 200.00 | |
| | c. Bryggjuljósin | 400.00 | 1000.00 |
| 3. | Til sæmerkja | | 250.00 |
| 4. | Til hafnarbryggjunnar | | 150.00 |
| 5. | Ýmisleg útgjöld, hreinsun fjörunnar o.fl. | | 500.00 |
| 6. | Til Hafnargerðar: | | |
| | a. Bygging hafnarvirkja | 400.000.00 | |
| | b. Vextir lána og kostnaður | 58.000.00 | |
| | c. Afföll á lánum | 48.000.00 | 50.600.00 |
| 7. | Afborgun lána | | 24.000.00 |
| 8. | Eftirstöðvar | | 913.430.00 |
| | | Samtals kr. | 1.445.600þoo |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Á Æ T L U N
### yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur 1913.

| Tölul. | Tekjur: | kr. | kr.aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Eftirstöðvar frá fyrra ári | | 35.000.00 |
| 2. | Tíun af fasyeignum og lausafé | | 200.00 |
| 3. | Tekjur af byggðri og óbyggðri lóð | | 12.400.00 |
| 4. | Landskuld af jörðum | | 1.250.00 |
| 5. | Leiga af erfðafestulöndum | | 4.300.00 |
| 6. | Leiga af húsum, túnum, lóðum m.m. | | 1.200.00 |
| 7. | Tekjur af laxveiðinni í Elliðaánum | | 6.500.00 |
| 8. | Hagatollur | | 1.500.00 |
| 9. | Tekjur af ístöku 25 a. pr. ton | | 400.00 |
| 10. | - - lóðasölu | | 1.000.00 |
| 11. | - - - seldum erfðafestulöndum | | 1.000.00 |
| 12. | - - eftir byggingarsamþykkt | | 1.000.00 |
| 13. | - - vatnsveitunni: | | |
| | a. Vatnsskattur | 40.000.00 ~~40/000/00~~ | |
| | b. Vatnssala til skipa | 9.000.00 | |
| | c. Endurborgun lána til húsæða | 1.000.00 | 50.000.00 |
| 14. | Tekjur af Gasstöðinni | | 30.000.00 |
| 15. | Sótaragjald | | 3.000.00 |
| 16. | Hundaskattur | | 300.00 |
| 17. | Endurgoldinn fátækrastyrkur fræa innansveitarmönnum | | 1.200.00 |
| 18. | Endurgoldinn fátækrastyrkur frá öðrum sveitum | | 4.800.00 |
| 19. | Styrkur frá landssjóði og Thorkilliisjóði til barnaskólans og skólagjöld | | 6.500.00 |
| 20. | Tekjur frá grunneigendum til holræsa og gangstétta | | 6.000.00 |
| 21. | Salernahreinsunargjald | | 7.500.00 |
| 22. | Sundkennslustyrkur úr landsdjóði | | 300.00 |
| 23. | Óvissar tekjur | | 3.000.00 |
| 24. | Lán: | | |
| | a. Til holræsagjörðar | 19.000.00 | |
| | b. Til aukningar gasstöðvarinnar | 35.000.00 | 54.000.00 |
| 25. | Niðurjöfnun eftir ednum og ástæðum með 5 - 10% umfram | | 117.253.07 |
| | | Samtals kr. | 3.49.603.07 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tölul. | Gjöld: | Kr. au. | Kr. au. |
|---|---|---|---|
| 1. | Skattar og gjöld til hins opinbera | | 250.00 |
| 2. | Argjöld til Helgafellsprestakalls fyrir Hlíðarhús og Ánanaust | | 204.45 |
| 3. | Stjórn kaupstaðarins: | | |
| | a. Kostnaður við bæjarstjórnina, nefndir, kosningar o. fl. | 2000.00 | |
| | b. Laun og skrifstofufé borgarstjóra | 6000.00 | |
| | c. Laun bæjargjaldkera | 2500.00 | |
| | d. Til bæjargjaldkera: Til aðstoðar og fyrir að vera við lögtaksgjörðir eftir ráðstöfun fjárhagsnefndar og eftir reikningi allt að auk 500 kr. samkv. gjaldalið 15 B | 1000.00 | 11.500.00 |
| 4. | Til löggæzlu: | | |
| | a. Laun 4. lögregluþjóna | 4200.00 | |
| | b. Laun 4. næturvarða | 3900.00 | |
| | c. Önnur útgjöld | 200.00 | 8.300.00 |
| 5. | Til hreinsunar reykháfa | | 2200.00 |
| 6. | Eftirlaun og ellistyrkur | | 700.00 |
| 7. | Umsjón og varzla kaupstaðarins | | 800.00 |
| 8. | Manntalskostnaður eftir reikningi | | 600.00 |
| 9. | Til heilbrigðisráðstafana: | | |
| | a. Laun heilbrigðisfulltrúa | 800.00 | |
| | b. Laun og persónuleg launaviðbót ljósmæðra | 700.00 | |
| | c. Til baðhúss Reykjavíkur | 700.00 | |
| | d. Önnur útgjöld | 150.00 | 2350.00 |
| 10. | Til verkfræðings: | | |
| | a. Laun | 2700.00 | |
| | b. Skrifstofukostnaður | 300.00 | 3000.00 |
| 11. | Til vegagjörða og holræsa: | | |
| | a. Til vegagjörða | 3985.00 | |
| | b. Til gangstétta | 5015.00 | |
| | c. Til ofaníburðar og viðhalds gatna og ræsa | 4000.00 | |
| | d. Til holræsa | 25000.00 | |
| | e. Til þarfahúsa | 10000.00 | 39000.00 |
| 12. | Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs o. fl. | | 5000.00 |
| 13. | Til götulýsingar | | 7000.00 |
| 14. | Til salernahreinsunar | | 7500.00 |
| 15. | Til vatnsveitunnar: | | |
| | a. Afborgunar og vaxta | 32.000.00 | |
| | b. Reksturskostnaður, þar af 500 kr. til bæjargjaldkera fyrir innheimtu og reikningshald | 1.000.00 | |
| | c. Til endurnýjunar og aukningar | 2.000.00 | 35.000.00 |
| 16. | Til slökkvitóla og slökkviliðs: | | |
| | a. Laun slökkviliðsins | 2.600.00 | |
| | b. Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa | 500.00 | |
| | c. Ýms útgjöld | 300.00 | 3.400.00 |
| 17. | Til Gassyöðvarinnar: | | |
| | a. Afborgun og vextir | 30.000.00 | |
| | b. Til aukningar | 35.000.00 | 65.000.00 |
| 18. | Til aukningar og endurbóta á fasteign kaupstaðarins | | 1.500.00 |
| 19. | Til áhalda og aðgerða á þeim | | 500.00 |
| 20. | Til fátlkraframfæris: | | |
| | a. Til ómaga undir 16 árum | 3.500.00 | |
| | b. Til þurfamanna eldri en 16 ára. Af fé þessu má nota allt að 2000 kr. til að kaupa útgengileg verkaf fólki, sem ella mundi þurfa að leita fátækra styrks | 33.000.00 | |
| | c. Greftrunarkostnaður þurfamanna | 600.00 | |
| | d. Lögflutningur þurfamanna | 300.00 | |
| | e. Önnur útgjöld | 600.00 | 38.000.00 |
| | Flyt: | | 231.804.45 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

G J Ö L D.

| Tölul. | | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 231..804.45 |
| 21. | Til þurfamanna annara sveita | | 7,200.00 |
| 22. | Til barnaskólans: | | |
| | a. Laun fastra kennara<br>Laun Bjarna Hjaltesteds kennara hækki um 200 kr. frá 1/1 1943 að telja. | 5.700.00 | |
| | b. Til stundakennara<br>þar af 750 króna launahækkun til 5 kvongaðra kennara, 15 a. fyrir hverja kennslustund. | 24.000.00 | |
| | c. Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | 200.00 | |
| | d. Til áhaldahaupa og bóka | 800.00 | |
| | e. Til eldiviðar og ljósa | 2.500.00 | |
| | f. Til viðhalds og endurbóta á skólahúsi og lóð | 1.500.00 | |
| | g. Til ræstingar | 1.600.00 | |
| | h. Ýms útgjöld skólans, vatnsskattur, bunabótagjald, kostnaður við skólaeldhús o. fl. | 1.400.00 | |
| | í. Til matgjafa handa fátækum börnum | 800.00 | 38.500.00 |
| 23. | Ýmsir styrkir: | | |
| | a. Til kvennaskóla Reykjavíkur | 500.00 | |
| | b. Til Iðnskólans | 500.00 | |
| | c. Til Leikfélags Reykjavíkur | 500.00 | |
| | d. Til Alþýðulestrarfélags Reykjavíkur | 150.00 | |
| | e. Til skóggræðslufél. Reykjavíkur | 200.00 | |
| | f. Til Sjúkrasamlags Reykjavíkur | 300.00 | |
| | g. Til Hjúkrunarfélags Reykjavíkur | 400.00 | |
| | h. Til lesstofu handa börnum | 200.00 | |
| | i. Til skólans í Bergstaðastræti 3 | 400.00 | 3.150.00 |
| 24. | Ýmisleg útgjöld : | | |
| | a. Til leikvallar handa börnum | 200.00 | |
| | b. Tuk viðhalds á þvottalaugunum og umsjónar þar | 500.00 | |
| | c. Til viðhalds sundlauginni og sundkennslu | 1.000.00 | |
| | d. Til umsjónar með Elliðaánum og viðgerðar á veiðimannahúsinu | 5.00.00 | |
| | e, Til risnu | 300.00 | |
| | f. Til að mæla vatnsmagn í Elliðaánum | 200.00 | |
| | g. Til aðgerða á Skólavörðunni o. fl. | 500.00 | 3.200.00 |
| 25. | Vextir og afborgun lána, annara en til vatnsveitu, gasstöðvar og baðhúss | | 29.248.62 |
| 26. | Óviss útgjöld | | 1.500.00 |
| 27. | Eftirstöðvar til næsta árs | | 35.000.00 |
| | Samtals | | 349.600.07 |

-Rétt innfært-

Páll Einarsson.

K. Zimsen.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur